

Maí 2025



Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2024

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið





Ávarp ráðherra



Því er þannig háttað með margt það mikilvægasta í lífinu að við leiðum ekki hugann að því á meðan allt leikur í lyndi. Öryggi ástvina okkar, tími með þeim sem við elskum, góð heilsa, frelsi til að gera það sem hugurinn

stendur til og lifa því lífi sem við kjósum - allt þetta er sjálfsagt þegar við njótum þess en við finnum vel mikilvægi þess þegar því er ógnað eða það er tekið frá okkur.

Undanfarið hafa atburðir í alþjóðakerfinu vakið spurningar um grundvallaratriði um öryggi, mannréttindi, virðingu fyrir alþjóðalögum og um frjáls viðskipti. Jafnframt kvikna spurningar um stöðu Íslands. Þetta eru spurningar sem við viljum ef til vill helst forðast en við tökumst á við engu að síður, ekki vegna þess að þær eru auðveldar, heldur einmitt vegna þess að þær eru erfiðar.

Við höfum horft upp á grimmilegt árásarstríð í álfunni okkar síðustu þrjú árin þar sem saklaust fólk hefur látið lífið í þúsundatali. Vonandi næst réttlátur friður sem fyrst, sem tryggir frelsi og öryggi til uppbyggingar.

Við höfum horft upp á skelfilegan harmleik fyrir botni Miðjarðarhafs þar sem tala saklausra barna og borgara sem hafa verið drepin hækkað með hverjum degi og mannúð má sín lítils.

Við upplifum að alþjóðalög og alþjóðastofnanir sem voru byggðar upp til að styrkja frið og velsæld eftir seinni heimsstyrjöldina eiga undir högg að sækja.

Við sjáum hrikta í stoðum viðskiptakerfisins þar sem ríki og ríkjasambönd, jafnvel rötgrónar vinabjóðir, takast á í tollastríði þar sem enginn er sigurvegari og öll tapa.

Við höfum einnig horft upp á sjálfsögð réttindi til að vera og lifa eins og við kjósum hverfa á einu augabragði.

Þessir atburðir kalla á endurmat og við sjáum það eiga sér stað allt í kringum okkur. Í Danmörku samþykktu kjósendur með yfirgnæfandi meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu að draga til baka

undanþágu Dana við þátttöku í varnarsamstarfi Evrópusambandsins. Bæði Finnar og Svíar hurfu frá rötgróinni hlutleysisstefnu og gengu í Atlantshafsbandalagið.

Á Íslandi þarf einnig að eiga sér stað endurmat. Við þurfum meðal annars að endurmeta öryggis- og varnarstefnu okkar. Ekki til að skapa ótta eða óöryggi heldur þvert á móti til að verja friðinn og frelsið sem okkur er svo annat um og til að tryggja mikilvæga innviði samfélagsins.


Í óvissu leitum við til fjölskyldu okkar og vina. Það sama á við um samfélög. Þess vegna drögum við okkur ekki í skel heldur styrkjum enn frekar samstarfið við okkar bandalagsríki beggja vegna Atlantshafsins og vinnum náð með nágranna-löndum okkar, sem deila sömu gildum og við um lýðræði, frelsi og mannréttindi. Við erum og viljum vera verðugt bandalagsríki annarra lýðræðisríkja. Í mínum huga hefur virkt alþjóðlegt samstarf sjaldan eða aldrei verið mikilvægara. Það á sérstaklega við um samstarf og samstöðu með öðrum Evrópuríkjum.

Um áramótin tók Ísland sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Það er um margt táknrænt þegar við sjáum að sótt er að mannréttindum víða um heim. Við þurfum ekki að líta langt til að sjá sorglega atlögu að réttindum fólks út frá kyni, kynhneigð eða kynvitund. Ísland mun tala hátt og skýrt á vettvangi mannréttindaráðsins um réttindi hinsegin fólks og annarra jaðarsettra hópa. Við setjum mannréttindi fremst enda eru þau grundvallarforsenda þess að við fáum öll að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi á okkar eigin forsendum.

Í þeim aðstæðum sem við sjáum í alþjóðakerfinu veltum við fyrir okkur hvernig við getum sem best tryggt stöðu okkar í samfélagi þjóðanna. Um þær ákvarðanir þarf virkt samtal og samstarf í stjórnmálum og samfélaginu öllu. Ég hygg að það gagnist okkur vel að horfa til þeirra gilda sem við byggjum samfélagið á og hafa reynst okkur best. Með skýrri sýn á mikilvægi lýðræðis, frelsis, jafnréttis, mannhelgi og mannréttinda og með samstöðu, getum við tekið markviss skref bæði til að styrkja stöðu okkar í samfélagi þjóðanna og til þess að leggja góðu lið.

*Borgerður Katrín Gunnarsdóttir
utanríkisráðherra*

Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



- CoE ■ Evrópuráðið
- ÖSE ■ Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu
- SCHENGEN ■ Schengen-svæðið
- EFTA ■ Fríverslunarsamtök Evrópu
- EES ■ Evrópska efnahagssvæðið
- ESB ■ Evrópusambandið
- EVRUSVÆÐIÐ ■ Evrópsk lönd sem eru í efnahags- og gjaldmiðilssambandi
- OECD ■ Efnahags- og framfarastofnunin
- NATO ■ Atlantshafsbandalagið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	3	Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa	28
Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2024 í myndum	8	Fjármögnunarstofnun um kerfisbundnar veðurathuganir	28
1 Alþjóðastjórnsmál	10	Norræni þróunarsjóðurinn	29
1.1 Áherslur Íslands	11	1.8 Svæðisbundið samstarf	29
1.2 Úkraína	11	Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	29
Stuðningur Íslands við Úkraínu	12	Norðurslóðir	30
Efnahags- og mannúðaraðstoð	13	Annað svæðisbundið samstarf	31
Varnartengdur stuðningur	14	1.9 Tvíhliða samvinna	32
Þátttaka í þvingunaraðgerðum	15	Norðurlöndin	32
Ábyrgðarskylda	16	Evrópusambandið og aðildarríki þess	35
1.3 Átök fyrir botni Miðjarðarhafs	16	Bandaríkin	37
1.4 Alþjóðlegt samstarf um mannréttindi og frelsi	17	Bretland	38
Mannréttindi og lýðræðisleg gildi	17	Kína	39
Alþjóðlegt kynjajafnréttisstarf	18	Indland	40
1.5 Starfið hjá alþjóðastofnunum	19	Japan	40
Sameinuðu þjóðirnar	19	Kanada	41
Ísland kjörið í mannréttindaráð		1.10 Þjóðréttarmál	42
Sameinuðu þjóðanna	21	Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn	42
Mennta-, vísinda- og menningarmála- stofnun Sameinuðu þjóðanna	22	Þátttaka í dómsmálum fyrir EFTA-dómstólnum	42
Evrópuráðið	23	Þátttaka í dómsmálum fyrir dómstól Evrópusambandsins	43
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	24	Samningar við erlend ríki	43
1.6 Málefni hafsins og fiskveiðisamningar	25	2 Öryggis- og varnarmál	45
Hafréttarmál	25	2.1 Áherslur Íslands	46
Landgrunnsból	25	2.2 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi	46
Fiskveiðisamningar	26	Loftrýmisgæsla	46
Nýr sjóður gegn ríkisstyrkjum í sjávarútvegi	26	Varnaráætlanir og æfingar	47
Bláfæðubandalagið	26	Önnur viðvera erlends liðsafla	47
Samtök strandríkja við Atlantshaf	26	Gistiríkjastuðningur og innviðir	47
Alþjóðahaffræðinefnd Mennta-, vísinda-, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna	26	Útsendir sérfræðingar	48
1.7 Umhverfis-, loftslags- og orkumál	27	Efling innlands samstarfs og þekkingar	49
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar	27	2.3 Atlantshafsbandalagið	49
Græni loftslagssjóðurinn	27	Afmælisfundur í Washington D.C.	50
Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna	27	Þéttari tengsl við samstarfsríki	51
Sjálfbær orka fyrir alla	28	Öryggi borgara og samþætting jafnréttissjónarmiða	52
		Nýr framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins	52

2.4 Varnarsamstarf við Bandaríkin	52	3.5 GRÓ	74
2.5 Svæðisbundið og annað tvíhliða varnarsamstarf	54	Samstarf GRÓ við útskrifaða nemendur eftl	75
Norræna varnarsamstarfið	54	3.6 Frjáls félagasamtök	75
Sameiginlega viðbragðssveitin	55	3.7 Atvinnulífið	77
Norðurhópurinn	56	Heimsmarkmiðasjóður	77
Norðurslóðir	56	Nýsköpun	77
Tvíhliða grannríkjasamstarf	57	Aðgerðabandalag um örvun fjárfestinga í þróunarríkjum	77
2.6 Afvopnunarmál	58	Tæknileg ráðgjöf	77
Útflutningseftirlit	59	3.8 Þróunarsamvinnunefnd	78
Hergagnaflutningar	59	4 Utanríkisviðskipti og Evrópusamstarf	79
2.7 Fjölpáttáðgnir	60	4.1 Áherslur Íslands	80
Netöryggi	60	4.2 Vöru- og þjónustuviðskipti – helstu tölur	80
Áfallapol	60	4.3 Evrópska efnahagssvæðið	84
Öryggi neðansjávarinnviða	61	4.4 Fríverslunarsamtök Evrópu	85
Upplýsingaóreiða	61	4.5 Samningur um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun	86
3 Þróunarsamvinna	62	4.6 Aðrir samningar	86
3.1 Áherslur Íslands	63	Loftferðasamningar	86
3.2 Tvíhliða þróunarsamvinna	64	Tvísköttunarsamningar	86
Malaví	64	Fjárfestingasamningar	86
Síerra Leóne	66	Samningar um vinnudvöl	86
Úganda	67	4.7 Schengen-samstarfið	86
3.3 Fjölpjöldleg þróunarsamvinna	68	4.8 Fjölpjöldlegt viðskiptasamstarf	87
Alþjóðabankinn	69	Alþjóðaviðskiptastofnunin	87
Alþjóðaframfarastofnunin	69	Efnahags- og framfarastofnunin	88
Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna	70	Alþjóðahugverkastofnunin	88
Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna	70	Alþjóðaflugmálastofnunin	89
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna	71	Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu	89
Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar	71	Viðskiptaviðburðir	89
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna	71	4.9 Menningarmál	90
Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna	72	Menningarviðburðir	90
Ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna	72		
3.4 Mannúðaraðstoð	72		

5 Borgarþjónusta og upplýsingamál	93	6.3 Ræðismannaráðstefna	118
5.1 Borgarþjónusta og áritanamál	94	6.4 Samskipti við sendiskrifstofur erlendra ríkja	119
5.2 Borgarþjónustumál	94	Afhending trúnaðarbréfa	119
5.3 Áritanamál	95	Ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi	119
Metár í fjölda umsókna	95	6.5 Heiðursmerki utanríkisþjónustunnar	120
5.4 Upplýsingamál	96	6.6 Rekstrarmál	121
6 Rekstur utanríkisráðuneytisins	97	Húsnæðismál	121
6.1 Utanríkisráðuneytið	98	Skjalastjórn	121
6.2 Sendiskrifstofur Íslands	99	Tölvu-, tækni- og öryggismál	122
Sendiráð í Berlín	100	6.7 Skipurit utanríkisráðuneytisins	122
Sendiráð í Brussel	100	Skammstafanir	123
Sendiráð í Freetown	101	Atriðisorðaskrá	126
Sendiráð í Helsinkí	102		
Sendiráð í Kampala	103		
Sendiráð í Kaupmannahöfn	103		
Sendiráð í Lilongwe	104		
Sendiráð í Lundúnum	105		
Sendiráð í Nýju Delí	106		
Sendiráð í Osló	106		
Sendiráð í Ottawa	107		
Sendiráð í París	108		
Sendiráð í Peking	109		
Sendiráð í Stokkhólmi	109		
Sendiráð í Tókýó	110		
Sendiráð í Varsjá	111		
Sendiráð/fastanefnd í Vín	111		
Sendiráð í Washington	112		
Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu	113		
Fastanefnd/sendiráð í Genf	114		
Fastanefnd í New York	114		
Fastanefnd í Róm	115		
Fastanefnd í Strassborg	116		
Aðalræðisskrifstofa í Nuuk	116		
Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg	117		
Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn	118		

Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2024 í myndum

Samráð við Alþingi

20



Fulltrúar utanríkisráðuneytisins komu fyrir utanríkismálanefnd í **20** skipti.

4



Utanríkisráðherra kom fyrir utanríkismálanefnd í **fjögur** skipti.

54



54 minnisblöðum var skilað til utanríkismálanefndar á árinu.

22



22 skriflegar þingfyrirspurnir til utanríkisráðherra.

Fundir ráðherra

53



53 tvíhliða fundir með ráðherrum og leiðtogum ríkja.

7



7 fundir með forsvarsmönnum alþjóðastofnana.

32



32 utanríkis-, þróunar-, samvinnu-, varnarmálaráðherra- og leiðtogafundir.

Alþjóðleg þróunarsamvinna

3.779



Tvíhliða þróunarsamvinna til samstarfslanda Íslands, Malaví, Síerra Leóne og Úganda nam **3.779** m.kr.

50



Staðið var að **50** jafnréttisverkefnum í þróunarsamvinnu árið 2024.

18.600



18.600 konur fengu meðferð vegna fæðingarfistils í sameiginlegu verkefni Íslands og UNFPA.

679



Stuðningur við fátækustu ríki heims í gegnum Alþjóðaframfarastofnunina (IDA) nam **679** m.kr.

Norrænt samstarf

20



Samtals **20** fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja til viðbótar við fjölmarga tvíhliða fundi.

6

NB8

6 fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8), þar af fjórir með öðrum ríkjum og ríkjahópum. Einn fundur ráðuneytisstjóra.

15

N5

15 fundir norrænna utanríkisráðherra og þróunarmálaráðherra (N5), þar af átta með öðrum ríkjum, ríkjahópum eða stofnunum. Einn fundur ráðuneytisstjóra.

Viðskiptasamningar

75



Fríverslunarsamningar við **75** ríki og landsvæði þar sem fleiri en 2/3 mannkyns búa.

1,3



Fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við þriðju ríki, þar á meðal Kanada, Hong Kong og Tyrkland, skiluðu íslenskum útflytjendum **1,3** milljörðum kr. í beinan tollsparnað árið 2023.

130



Löftferðasamningar og samkomulög sem heimila flug til tæplega **130** ríkja og landsvæða.

47



Tvísköttunarsamningar við **47** ríki.

Stuðningur við Úkraínu

2.400



Á árinu 2024 námu varnartengd framlög Íslands til Úkraínu rúmlega **2,4** milljörðum króna.

600



600 m.kr. framlag í sjóð ríkjahópsins um sprenguleit og -eyðingu sem Ísland og Litáen leiða.

423



423 m.kr. framlag í sjóð Atlants-hafsbandalagsins til stuðnings Úkraínu (Comprehensive Assistance Package, CAP).

1.300



Efnahags- og mannúðar-aðstoð til Úkraínu nam um **1.300** m.kr. árið 2024.

Vörður í varnarmálum

2,4



2,4 milljarðar króna í varnartengdan stuðning við Úkraínu og þátttöku í þjálfunarverkefnum.

14



14 útsendir borgaralegir sérfræðingar á sviði öryggis- og varnarmála, átta konur og sex karlar.

50



50 nemendur útskrifaðir af námskeiði utanríkis- og dómsmálaráðuneytisins um öryggis- og varnarmál.

Borgarþjónusta

10.000



Um **10.000** erindi bárust borgarþjónustunni 2024.

3.939



Vegabréfsumsóknir voru **3.939** talsins, þar af voru **433** neyðarvegabréf.

9.000



Um **nú þúsund** Íslendingar kusu utan kjörfunda 2024.

7.000



Tæplega **sjö þúsund** skjöl voru keðjustimpluð eða Apostille-vottuð.

1 Alþjóðastjórnsmál

Utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins
á ráðherrafundi í byrjun desember.



1.1 Áherslur Íslands


Á liðnu ári hefur töluvert reynt á gildi alþjóðlegra skuldbindinga og virðingu ríkja fyrir þeim. Átök eru viðvarandi og hafa mörg hver stig-magnast. Víða hallar verulega á mannréttindi og mannúð.

Ísland hefur mikilla hagsmuna að gæta á alþjóðasviðinu og á allt sitt undir því að staðið sé við þjóðréttarlegar skuldbindingar og að alþjóðalög séu virt í hvívetna. Kjarnahagsmunir Íslands liggja í því að alþjóðakerfið, sem sett var á laggirnar í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar til að efla samvinnu ríkja um frið og framþróun og byggist á grunngildum mannréttinda og frelsis, haldi sér.

Í ljósi breytts öryggisumhverfis í Evrópu og aukinna áskorana í alþjóðaviðskiptum hlúir Ísland að þessum hagsmunum og gildum á alþjóðavettvangi í nánú samráði við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin, með virkum tvíhliða samskiptum við nánustu bandalagsríki og öflugri málafylgju á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og annarra alþjóðastofnana og leggur þannig sín lóð á vogarskálarnar til að efla og skapa sátt um alþjóðakerfið meðal allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna.


Þetta er enn mikilvægara nú þegar alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir fjölmörgum áskorunum ófriðar, loftslagsbreytinga og aðförs að alþjóðalögum, lýðræði, frelsi og mannréttindum.

Finnst þér skipta miklu eða litlu máli að Ísland hafi gott orðspor í alþjóðasamfélaginu?



Heildarfjöldi svarenda: 981. Svöruðu ekki: 1. Heimild: Maskína (apríl, 2025)

Hefur þú meiri eða minni áhyggjur af þróun alþjóðamála nú en þú hafðir fyrir ári síðan?



Heildarfjöldi svarenda: 981. Svöruðu ekki: 8. Heimild: Maskína (apríl, 2025)

1.2 Úkraína

Landvinningastríð Rússlands sem hófst með allsherjarinnrás í Úkraínu í febrúar 2022 er alvarlegasta öryggisógn í Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Framferði Rússlands og stuðningsríkja þess undirstrikar mikilvægi þess að standa vörð um alþjóðalög og stofnanir sem stuðla að friði og öryggi á alþjóðavísu. Ísland hefur frá fyrsta degi innrásarinnar verið samstíga bandalags- og samstarfsríkjum í stuðningi við Úkraínu og tekið virkan þátt í pólitísku samráði og samstöðuaðgerðum, þar á meðal með varnartengdum stuðningi, mannúðar- og efna-hagsstuðningi, þátttöku í þvingunaraðgerðum og áherslu á ábyrgð Rússlands. Stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu er barátta fyrir alþjóðalögum, fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti allra ríkja, þar með talið Íslands.

Volodómír Selenski, forseti Úkraínu, heimsótti Ísland síðastliðið haust. Tilefni heimsóknarinnar var fjórði leiðtogafundur Norðurlandanna og Úkraínu sem fór fram á Þingvöllum hinn 28. október. Selenski átti fund með þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra og sótti forseta Íslands heim á Bessastaði. Þá fundaði hann með utanríkismálanefnd og ávarpaði Norðurlandaráðsþing. Selenski lagði þunga áherslu á aðstoð við úkraínska framleiðslu á hergögnum og öðrum varnartengdum búnaði. Í yfirlýsingu Þingvallafundarins hétu Norðurlöndin áframhaldandi stuðningi eins lengi og þörf krefði, lýstu yfir fullum stuðningi við siguráætlun Úkraínu og ítrekuðu að framtíð landsins lægi í aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Framvinda stríðsins á árinu 2024 var krefjandi fyrir Úkraínu. Þrátt fyrir þrautseigju og mikinn baráttuanda gætti vaxandi stríðspreytu meðal

Þjóðarinnar. Á alþjóðavettvangi fjölgaði þeim röddum sem kölluðu eftir vopnahléi og friðar-umleitunum en engar vísbendingar voru um að Pútín Rússlandsforseti væri til viðræðna um varanlegt friðarsamkomulag. Grundvallaratriði þess yrðu öryggistryggingar sem kæmu í veg fyrir að Rússland réðist til atlögu á nýjan leik. Þrátt fyrir ýmsar hrakfarir innrásarliðsins, vaxandi mannfall og að það hrikti í stoðum rússnesks efnahagslífs eru markmið stjórnarherra í Kreml með stríðrekstrinum óbreytt. Rússar hyggjast brjóta her Úkraínu á bak aftur og gera þá kröfu að landið verði til framtíðar hlutlaust ríki með svo veikburða herafla að það geti ekki tryggt öryggi sitt. Þannig krefjast Rússar þess að Úkraína afsali sér réttinum til að bindast öðrum ríkjum bandalagi í varnarmálum. Enn er notuð sú orðræða að Úkraína verði „afnasistavædd“ og koma verði stjórnvöldum sem eru hliðholl Rússlandi til valda í Kænugarði. Þá er full innlimun austurhéraðanna Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia eftir sem áður eitt af markmiðum Rússa.



Forseti Úkraínu, Volodómír Selenski, ávarpar þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 29. október 2024.

Allt árið 2023 hélt víglínan lítið breytt og framan af ári 2024 varð rússneska innrásarliðinu lítið ágengt. Þegar leið á árið jókst sóknarþungi Rússlandshers og er talið að hann hafi sótt fram um tæplega 4.200 ferkílómetra fyrir árslok. Takmarkaðir landvinningar Rússa samsvara því að hernum landsvæði hafi stækkað úr 18,0 í 18,6 prósent af heildarflatarmáli Úkraínu á tólf mánaða tímabili. Þá mistókst Rússum að endurheimta landsvæði í Kúrsk-héraði eftir að Úkraínuher gerði þar óvænta gagnsókn í ágústmánuði. Í ljósi mikils mannfalls var sókn Rússa dýru verði keypt og hernaðarlegur ávinningur þeirra lítill. Sókn þeirra snerist meira um pólitíska þýðingu hennar þar sem hún gróf undan tiltrú á varnargetu og baráttuprek Úkraínu.

Auk mikils mannfalls á vígvellinum hefur stríðsrekstur Rússlands valdið ómældum hörmungum fyrir almenna borgara í Úkraínu. Samkvæmt staðfestum tölum mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna höfðu 12.456 almennir borgarar látist og 28.382 særst í stríðinu í lok árs 2024. Telja Sameinuðu þjóðirnar að raunverulegar tölur séu hærri. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna áætlaði að 6,8 milljónir Úkraínubúa væru á flótta í öðrum löndum, fjórar milljónir á vergangi innanlands og 12,7 milljónir þyrftu á mannúðaraðstoð að halda. Um þrettán prósent af öllu íbúðarhúsnæði í landinu hafa orðið fyrir skemmdum eða eyðilagst. Gríðarleg umhverfisspjöll hafa verið unnin af innrásarliðinu og í lok árs 2024 var áætlað að um 140 þúsund ferkílómetra landsvæði væri mengað af jarðsprengjum. Samkvæmt sameiginlegu mati Alþjóðabankans, Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins og úkraínskra stjórnvalda er áætlað að kostnaður við endurreisn landsins verði um 506 milljarðar evra á næstu tíu árum.

Árásir á orkuinnviði eru ein grimmilegasta birtingarmynd stríðsreksturs Rússa og er ætlað að lama baráttuanda úkraínsku þjóðarinnar og efnahagslíf landsins. Árið 2024 fjölgaði árásum og er það mat Alþjóðaorkumálastofnunarinnar að frá upphafi stríðsins hafi nær tveir-þriðju hlutar af framleiðslugetu landsins orðið fyrir skemmdum, eyðilagst eða verið á hernumdum svæðum. Með útsjónarsemi og stuðningi annarra ríkja hefur úkraínskum yfirvöldum tekist að halda orkukerfinu í rekstri en þrátt fyrir það var áætlað að rúmlega 30 prósent vantaði upp á nauðsynlega framleiðslugetu þess þegar vetur gekk í garð í fyrra.

Stuðningur Íslands við Úkraínu

Þann 31. maí 2024 undirrituðu þáverandi forsætisráðherra og forseti Úkraínu tvíhliða samning sem formgerir stuðning Íslands við Úkraínu í samræmi við þingsályktun Alþingis frá 29. apríl 2024 um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu 2024–2028. Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin voru á meðal þeirra 28 ríkja sem undirrituðu tvíhliða samninga við Úkraínu á árinu.

Frá upphafi allsherjarinnrásarinnar í febrúar 2022 til loka árs 2024 nam heildarstuðningur Íslands við Úkraínu 9,4 milljörðum króna. Á árinu 2023 námu framlögin 3,4 milljörðum króna og á árinu 2024 námu þau 3,7 milljörðum króna. Gera má ráð fyrir að stuðningur ársins 2025 verði töluvert umfram þá fjóra milljarða króna sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Stuðningur við Úkraínu 2024

2.400



Á árinu 2024 námu varnartengd framlög Íslands til Úkraínu rúmlega 2,4 milljörðum króna.

600



600 m.kr. framlag í sjóð ríkjahópsins um sprengju-leit og -eyðingu sem Ísland og Litáen leiða.

423



423 m.kr. framlag í sjóð Atlants-hafsbandalagsins til stuðnings Úkraínu (Comprehensive Assistance Package, CAP).

1.300



Efnahags- og mannúðar-aðstoð til Úkraínu nam um 1.300 m.kr. árið 2024.

Í þingsályktun Alþingis segir að heildarframlög vegna Úkraínu á tímabilinu 2024–2028 skuli taka mið af stuðningi Norðurlandanna og koma til viðbótar öðrum framlögum til utanríkis-, varnar- og þróunarmála.

Til viðbótar þeim markmiðum sem fram koma í þingsályktun Alþingis var samþykkt á leiðtoga-fundi Atlants-hafsbandalagsins í júlí síðastliðnum að bandalagsríki veiti samtals 40 milljörðum evra, hið minnsta, á ári í varnartengdan stuðning til Úkraínu. Þessum byrðum verði dreift í hlutfalli við verga landsframleiðslu bandalagsríkjanna og nemur hlutur Íslands 0,06 prósentum sem svarar til um það bil 3,6 milljarða króna.

Efnahags- og mannúðaraðstoð

Í efnahags- og mannúðaraðstoð við Úkraínu var sem fyrr lögð áhersla á að veita bæði mannúðaraðstoð og stuðning við að viðhalda grunnþjónustu, efnahag og innviðum landsins. Stuðningurinn tekur mið af stefnu Íslands á sviði þróunarsamvinnu og byggist á þörfum og forgangsriðun úkraínskra stjórnvalda.

Alls námu framlögin 1,3 milljörðum króna á árinu 2024 þar sem 870 m.kr. var varið til efnahags- og uppbyggingarverkefna og 430 m.kr. til mannúðaraðstoðar. Þannig héldu íslensk stjórnvöld áfram stuðningi við Úkraínu í gegnum Alþjóðabankann, sem gegnir lykilhlutverki við uppbyggingu innviða og viðhald grunnþjónustu og efnahagskerfis landsins. Stórum hluta alþjóð-legra framlaga til Úkraínu, annarra en til varnarmála, hefur verið veitt í gegnum bankann, sem hefur mjög náið samráð við úkraínsk stjórnvöld um að skilgreina hvar þörfin er brýnst hverju sinni, auka gagnsæi og vinna að umbótum.

Samningur Íslands og Úkraínu um öryggissamstarf og langtíma stuðning

Samningur Íslands og Úkraínu um öryggis-samstarf og langtíma stuðning er í eðli sínu pólitísk viljayfirlýsing og er ekki formlega skuldbindandi að þjóðarétti. Samningurinn fjallar um I) langtíma stuðning og áherslur Íslands sem fylgi þingsályktun Alþingis meðal annars er varðar árleg fjárframlög; II) pólitískt samstarf, þar með talið um aukna diplómatiska viðveru af Íslands hálfu í Kænugarði, ábyrgðarskyldu Rússlands og áframhaldandi stuðning Íslands við þving-unaraðgerðir; III) varnartengdan stuðning, eflingu getu og viðbúnaðar Úkraínu, þróun varnariðnaðar landsins, framlög til alþjóð-legra sjóða, þjálfun, flutninga á varnar-búnaði, upplýsingamiðlun, netöryggismál og öryggi á hafi; IV) borgaralegan stuðning, meðal annars mannúðarframlög í gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna, alþjóðaráð Rauða krossins og önnur félagasamtök, efnahagsstuðning til að sinna grunnþörfum Úkraínubúa og endurreisn samfélagsins með áherslu á nýtingu íslenskrar þekk-ingar og reynslu, öryggi innviða, orkumál og menntun, og umbætur á sviði lýðræðis-próunar, mannréttinda og jafnréttismála; V) umbætur á stjórnarháttum í Úkraínu, aðgerðir gegn spillingu, eflingu mann-réttinda, kynjajafnrétti og réttarríkið og vegferð landsins í átt til aðildar að Atlants-hafsbandalaginu og ESB; VI–VIII) samráð ríkjanna, endurmat og ýmis önnur fram-kvæmdaratriði samningsins. Gildistími samningsins er til tíu ára frá undirritun og er uppsegjanlegur af hálfu hvors aðila um sig með sex mánaða fyrirvara.

Þá héldu íslensk stjórnvöld áfram, í samræmi við þarfir og óskir úkraínskra stjórnvalda, öflugum stuðningi við enduruppbyggingu orkuinnviða sem sætt hafa kerfisbundnum árásum af hendi Rússa. Þar var um að ræða sérstakan orkusjóð fyrir Úkraínu sem fjárfestir í búnaði til að halda orkuinnviðum landsins í rekstri og orkuverkefni þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) í Úkraínu.

Mannúðaraðstoð var veitt í gegnum stofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna, þar með talið til úkraínskra félagasamtaka. Samstarf við félagasamtök er í forgangi hjá körfusjóði sem

Samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA) heldur utan um og er Úkraína dæmi um vel heppnað samstarf við innlend félagasamtök. Þá studdi Ísland við Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (WFP) til að auka fæðuöryggi og við kaup á úkraínsku korni til útflutnings til þróunarríkja, sem og við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) vegna aðstoðar við flóttafólk bæði í Úkraínu og Moldóvu. Loks var stutt við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) vegna þjónustu á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda þar að lútandi, en til þeirra heyrir meðal annars aðgengi að mæðra-, ungbarna- og smábarna-vernd, auk aðgerða gegn kynbundnu ofbeldi.

Varnartengdur stuðningur

Ísland hélt áfram að styðja dyggilega við Úkraínu með varnartengdum stuðningi á árinu 2024. Stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu til að tryggja öryggi borgara og mikilvægra innviða er einn af fimm áherslupáttum sem tilgreindir eru í stefnunni og þar kemur fram að þunginn í varnartengdum stuðningi Íslands muni áfram liggja í framlögum í fjölþjóðlega sjóði sem kaupa hergögn og birgðir og tvíhliða verkefnum sem grundvallast á beiðnum úkraínskra stjórnvalda eða bandalagsríkja um sértækan stuðning.

Einn helsti vettvangur samstarfs um varnartengdan stuðning við Úkraínu hefur verið hópur rúmlega fimmtíu ríkja, Ukraine Defense Contact Group (UDCG), sem undir forystu Bandaríkjanna, og nú Bretlands, hefur unnið ötullega að því að útvega hergögn, þjálfun og margvíslegan búnað. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi ríkjahópsins og brugðist við óskum og þörfum Úkraínumannna með fjárframlögum og öðrum stuðningi. Innan ramma ríkjahópsins UDCG eru starfandi undirhópar sem hafa það að markmiði að veita sérhæfðan stuðning á afmörkuðum sviðum og Ísland hefur ásamt Litáen leitt slíkan hóp um sprengjuleit og -eyðingu (Demining Capability Coalition). Sú aðstoð kemur í góðar þarfir því í Úkraínu hefur trúlega verið komið fyrir fleiri jarðsprengjum en á nokkru öðru svæði í heiminum en þær ógna lífi og limum óbreyttra borgara og hamla landbúnaðarframleiðslu.

Á árinu 2024 námu varnartengd framlög Íslands til Úkraínu um það bil 2,4 milljörðum króna. Meginhluti fjárframlaganna fór í sameiginlega sjóði sem leggja úkraínska hernum til hergögn, búnað og þjálfun. Stærsta einstaka framlagið, 600 m.kr., rann í sjóð fyrrnefnds ríkjahóps um

sprengjuleit og -eyðingu. Fyrsta sendingin af búnaði sem fjármögnuð var af sjóðnum var afhent Úkraínunönnum í nóvember og innihélt meðal annars pallbíla, sprengjuleitartæki og persónulegan hlífðarbúnað eins og sprengjuheld vesti. Þar næst kom 423 m.kr. framlag í sjóð Atlantshafsbandalagsins til stuðnings Úkraínu (Comprehensive Assistance Package, CAP). Enn fremur voru lagðar 400 m.kr. í danskan sjóð sem styður eflingu hergagnaiðnaðar í Úkraínu og 200 m.kr. í breskan sjóð (International Fund for Ukraine) sem styður við bráðaparfir Úkraínuhers. Að auki voru lagðar 300 m.kr. til tékknesks frumkvæðis til kaupa á skotfærum og 75 m.kr. til ríkjahóps um upplýsingatækni (IT Capability Coalition).

Mikilvægi stuðnings við Úkraínu fyrir öryggishagsmuni Íslands

Innrásarstríð Rússlands gegn Úkraínu er alvarlegasta öryggisógn sem steðjað hefur að Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins líta á stuðninginn við varnarbaráttu Úkraínu sem forgangsmál fyrir öryggi, varnir og velsæld í Evrópu og sem hluta af eigin viðbúnaði og aðgerðum í öryggis- og varnarmálum.

Allsherjarinnrásin er ekki aðeins gróft brot gegn fullveldi Úkraínu heldur einnig skýr atlaða að lýðræðislegum gildum og grunnstöðum friðsamlegra alþjóðasamskipta, þar með talið stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafsdögum innrásarinnar lagt sig fram við að styðja Úkraínu og standa þannig vörð um öryggishagsmuni Íslands og það alþjóðakerfi sem fullveldið byggist á, þar sem alþjóðalög, friðhelgi landamæra og landhelgi ríkja eru virt.

Þjálfun úkraínskra hermanna í sprengjuleit og -eyðingu, sem Ísland átti frumkvæði að í samstarfi Norðurlanda og Litáen, hófst í mars 2023 og hélt áfram í Litáen á árinu 2024. Sprengju-sérfræðingar séraðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar önnuðust undirbúning og framkvæmd þjálfunarinnar í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Samhliða þjálfuninni lagði Ísland til grunnbúnað fyrir þátttakendur að andvirði um 140 m.kr. sem fylgir þeim til Úkraínu að loknu hverju námskeiði. Tæplega fimmtíu úkraínskir hermenn voru þjálfaðir á síðasta ári en haldin voru þrjú námskeið sem stóðu yfir í fimm vikur hvert.

Í samvinnu við utanríkisráðuneytið og breska herinn tóku bráðaliðar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins þátt í þjálfun úkraínskra hermanna í fyrstu hjálp á vígvellinum. Sú þjálfun fór fram í Bretlandi undir stjórn Breta í samstarfi við Ísland og Holland. Þá tók Ísland að sér þjálfun úkraínskra sjóliðsforingjaefna síðasta vor. Fengu þeir verklega þjálfun við Ísland í siglingafræði, eftirliti og aðgerðum á hafi, meðal annars leit og björgun. Verkefnið er hluti af þjálfunarverkefni Atlantshafsbandalagsins en þjálfunin fór að stærstum hluta fram um borð í varðskipum Landhelgisgæslunnar. Ísland hefur einnig stutt aðgerðir Atlantshafsbandalagsins til að auðvelda innkaup og flutninga fyrir Úkraínu.



Bráðaliðar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hafa tekið þátt í þjálfun úkraínskra hermanna í fyrstu hjálp í Bretlandi.

Þátttaka í þvingunaraðgerðum

Á árinu 2024 tók Ísland undir allar pólitískar yfirlýsingar ESB varðandi þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi og Belarús vegna innrásarinnar í Úkraínu. Við þá tólf þvingunaraðgerðapakka ESB sem samþykktir hafa verið síðustu ár, bættust við þrír nýir þvingunaraðgerðapakkar á árinu 2024. Auk þess voru gerðar ýmsar minni breytingar á gildandi þvingunaraðgerðum.

Á árinu hefur áhersla í alþjóðlegu samstarfi um þvingunaraðgerðir verið á svokallaðan skuggaflota Rússlands, sem er floti skipa sem skráð eru í þriðju ríkjum sem Rússar nota til að flytja olíu yfir verðpaki sem G7-ríkin hafa komið sér saman um, í trássi við gildandi þvingunaraðgerðir. Jafnframt eru þetta gömul og úrsérgengin skip og hefur alþjóðasamfélagið miklar áhyggjur af siglingaöryggi og mögulegum umhverfisslysum á hafi þeirra vegna. Evrópusambandið hefur sett 79 slík skip á lista yfir skip sem sæta hafnarbanni innan sambandsins og hefur Ísland þegar innleitt

gerðirnar sem innihalda þá lista. Alls sæta nú rúmlega 2.300 aðilar beinum þvingunaraðgerðum vegna innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu, aðallega rússneskir aðilar en þó einnig aðilar frá þriðju ríkjum, meðal annars Kína. Markmiðið með öllum þessum þvingunaraðgerðum er að draga úr hernaðarmætti og árárargetu Rússa. Ísland leggur áherslu á að standa með Úkraínu í varnarbaráttunni gegn Rússlandi og eru þvingunaraðgerðir mikilvægur þáttur í þeim stuðningi.

Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart þriðju ríkjum, en auk þess eru sérstakar aðgerðir vegna hryðjuverkasamtaka, netárása, efnavopna og alvarlegra mannréttindabrota. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Ísland hefur þannig heimildir til þess að bregðast við og samhæfa aðgerðir þegar ákveðið er að grípa til þvingunaraðgerða af líkt þenkjandi samstarfsríkjum í því skyni að bregðast við brotum og standa vörð um sameiginleg gildi á alþjóðavettvangi.

Á árinu var jafnframt sett ein ný stofnreglugerð, það er reglugerð nr. 893/2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi. Reglugerðin er innleiðing á þvingunaraðgerðum Evrópusambandsins sem samþykktar voru í maí 2024 og beinast gegn aðgerðum rússneskra stjórnvalda innanlands. Rússnesk stjórnvöld hafa allt frá allsherjarinnrásinni í Úkraínu 24. febrúar 2022 bælt niður andóf gegn stjórnvöldum og stríðsrekstrinum í Úkraínu með ofbeldi og pyntingum. Þessi bæling hefur beinst gegn stjórnarandstæðingum, málsvörum mannréttinda og almennum borgurum. Þá hafa rússnesk stjórnvöld einnig í auknum mæli beitt hinsegin fólk ofbeldi og Hæstiréttur Rússlands skilgreint hinsegin hreyfinguna sem ólöglega og öfgasinnaða starfsemi. Þvingunaraðgerðirnar fela meðal annars í sér frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, landgöngubann, bann við sölu á búnaði, tækni og hugbúnaði til vöktunar og hlerunar og bælingu innanlands.

Ábyrgðarskylda

Ábyrgðarskylda Rússlands er lykilatriði ef tryggja á varanlegan og réttlátan frið í Úkraínu og tekur Ísland þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Kjarninn í ábyrgðarskyldu er að það umfangsmikla tjón sem orðið hefur í Úkraínu vegna stríðsins verði skráð og síðar bætt. Fyrsta skrefið var stofnun tjónaskrár sem ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna kallaði eftir í september 2022 og varð að veruleika á leið-togafundi Evrópuráðsins í Reykjavík í maí 2023. Tjónaskráin tók til starfa árið 2024 og er Róbert Spanó formaður stjórnar skrárinnar. Nú er einnig unnið að stofnun bótakerfis en gert er ráð fyrir að frystar eigur rússneska ríkisins, rússneskra fyrirtækja og ríkisborgara verði nýttar til þess að bæta það tjón sem skráð hefur verið í tjónaskrána.

Annar liður í að tryggja ábyrgðarskyldu er stofnun sérstaks dómstóls sem hefði það hlutverk að draga til ábyrgðar þá sem framið hafa glæpi gegn friði í Úkraínu. Stofnun sérstaks dómstóls er lagalega flókið og tímafrekt ferli, en ákveðin skref í þá átt voru tekin á árinu og standa vonir til þess að ferlinu ljúki á þessu ári. Þá lauk Úkraína fullgildingarferli fyrir Rómarsamþykkt Alþjóðlega sakamáladómstólsins síðastliðið haust og varð 125. aðildarríki dómstólsins 1. janúar 2025. Sakamáladómstólinn skortir lögsögu til að rannsaka glæpi gegn friði í Úkraínu en þrátt fyrir það var þetta mikilvægur áfangi því úkraínsk stjórnvöld hafa þar með tekist á hendur þær skuldbindingar sem aðild að dómstólnum fela í sér.

1.3 Átök fyrir botni Miðjarðarhafs

Ljóst er að atburðarásin sem hrundið var af stað með hrottalegri hryðjuverkaárás Hamas-samtakanna á Ísrael 7. október 2023 markaði vatnaskil í langri sögu átaka fyrir botni Miðjarðarhafs. Ástandið er enn skelfilegt og óljóst hvort, og þá hvernig, hægt verði að tryggja varanlegan frið á svæðinu.

Áherslur íslenskra stjórnvalda grundvallast á efni ályktunar Alþingis frá 9. nóvember 2023 um afstöðu Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs. Fordæmingu á árás Hamas hefur verið haldið á lofti og réttur Ísraels til sjálfsvarnar áréttaður en jafnframt kallað eftir því að Ísrael fylgi alþjóðalögum í hvívetna í viðbrögðum sínum. Staðfest er að um 48 þúsund manns á Gaza, þar af yfir 13 þúsund börn, hafi týnt lífi í átökunum

frá upphafi þeirra og til ársloka 2024. Líklegt þykir þó að talan verði á endanum hærri. Ísland kallaði ítrekað eftir vopnahléi og krafðist lausnar gísla sem í haldi voru á Gaza og talaði fyrir tafarlausu aðgengi fyrir mannúðaraðstoð á svæðið þar sem algjört neyðarástand ríkti. Í þingsályktuninni er meðal annars kveðið á um neyðaraðstoð og námu heildarframlög til Palestínu alls 450 milljónum á árinu 2023 og 510 milljónum á árinu 2024. Framlögin runnu að stærstum hluta til starfsemi Palestínuflóttamannaáðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) sem var háð umtalsverðum takmörkunum af hálfu Ísraels, sérstaklega á síðari hluta ársins.

Hryðjuverkaárásin olli miklum umskiptum í ísraelskum stjórnámum og þjóðlífi. Háværar raddir hafa talað fyrir því að ganga á milli bols og höfuðs á Hamas-samtökunum og öðrum hryðjuverkahópum sem hafa átt í vopnaskaki við Ísrael. Ísraelski herinn hóf síðsumars 2024 loftárásir á Hezbollah-samtökin í Líbanon en fleiri en þrjú þúsund féllu áður en vopnahlé náðist þar undir lok nóvember. Spenna í samskiptum Ísraels og Írans hefur að sama skapi aukist enda hafa Íranir um langt skeið fjármagnað og stutt Hamas, Hezbollah og Húta í Jemen sem gert hafa samstöðuárásir með Hamas á Rauðahafi. Skyndileg endalok valdatíðar Assad-ættarinnar í Sýrlandi má eflaust rekja til takmarkaðrar getu Írans og Hezbollah til að leggja henni lið.

Á Vesturbakkanum hefur sömuleiðis verið róstu-samt og hafa sumir stjórnmalaleiðtogar í Ísrael ljáð máls á innlimun hans sem myndi brjóta í bága við alþjóðalög og gera tveggja ríkja lausnina óraunhæfa með öllu. Ísland innleiddi þvingun-araðgerðir Evrópusambandsins gegn ísraelskum landnemum sem hafa gerst sekir um ofbeldis-glæpi gegn Palestínumönnum á Vesturbakkanum. Eftir linnulausar árásir Ísraels áætla Sameinuðu þjóðirnar að sjö af hverjum tíu byggingum á Gaza séu gjörónýtar og langstærstur hluti íbúa þar er því á vergangi. Hungursneyð hefur ítrekað verið við það að brjótast út. Ef og þegar vopnahléi verður aftur náð liggur fyrir að enduruppbygging á Gaza og endurhæfing íbúanna, meðal annars hundrað þúsund særðra og ríflega 17 þúsund munaðarleysingja, verði umfangsmikið og flókið verkefni. Erfitt er að segja til um hvernig málin muni þróast og ekki hægt að útiloka áframhaldandi, jafnvel stigvaxandi öldu ágreinings og átaka. Ómögulegt er sömuleiðis að spá fyrir um þróun í Sýrlandi til lengri tíma, eftir fall stjórnar Bashars al-Assad, hvort stöðugleiki kemst þar á eða hvort undiralda verði áfram mjög þung.

Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hafa haft áhrif víða og meðal annars dýpkað gjána milli Vesturlanda og þróunarrikja í alþjóðakerfinu. Þau síðarnefndu saka Vesturlönd um hræsní þegar kemur að kröfum um framfylgd alþjóðalaga og þykir viðbrögðin bera vott um að sum ríki virðist yfir þau hafin. Raunar hafa Vesturlönd verið nokkuð ósamstíga í afstöðu sinni til átakanna og framfylgd alþjóðalaga, sem endurspeglast meðal annars í viðbrögðum þeirra við handtöku-skipun Alþjóðlega sakamáladómstólsins á hendur Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels.

Íslensk stjórnvöld hafa haft sjálfstæði Palestínu, alþjóðalög og sjálfstæði dómstóla að leiðarljósi. Ísland viðurkenndi sjálfstæði og fullveldi Palestínu 2011 á grundvelli ályktunar Alþingis frá 29. nóvember sama ár. Á þessum grundvelli, ásamt áherslu á mikilvægi alþjóðalaga og mannúðar, kaus Ísland með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þann 10. maí 2024 um aukinn rétt Palestínu til þátttöku í störfum þingsins sem var samþykkt með 143 atkvæðum gegn níu. Ísland hefur ítrekað kallað eftir rannsókn á öllum brotum á alþjóðalögum og hvatt Ísrael til að lúta bráðabirgðaráðstöfunum sem Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur gefið út í tengslum við málshöfðun Suður-Afríku á hendur Ísrael. Ísland greiddi atkvæði í allsherjarþinginu með framfylgd ráðgefandi álits dómstólsins um lagalegar afleiðingar stefnu og framkvæmdar Ísraels á herteknum svæðum í Palestínu, þar með talið í Austur-Jerúsalem. Í ályktuninni er þess krafist að stjórnvöld í Ísrael bindi enda á hernám sitt á svæðum Palestínumannna í samræmi við álit. Ísland studdi einnig ályktun allsherjarþingsins þar sem kallað var eftir ráðgefandi áliti dómstólsins um skyldur Ísraels gagnvart stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur Ísland sagst munu skilyrðislaust uppfylla skyldur sínar samkvæmt Rómarsamningnum við Alþjóðlega sakamáladómstólinn í kjölfar útgáfu handtökuskipunarinnar.¹

1.4 Alþjóðlegt samstarf um mannréttindi og frelsi

Mannréttindi og lýðræðisleg gildi

Ísland lætur ekki sitt eftir liggja í málsvarastarfi um eflingu mannréttinda og lýðræðislegra gilda um allan heim, hvort sem er á vettvangi alþjóðastofnana eða í öðru ríkjasamstarfi. Þá leggur Ísland áherslu á mikilvægi þess að mannréttindi séu höfð að leiðarljósi í allri þróunarsamvinnu.

Nýr rammasamningur við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights, OHCHR) var undirritaður í upphafi árs 2024, sem er leiðandi stofnun um verndun mannréttinda í heiminum. Með nýjum rammasamningi er árlegt framlag Íslands til stofnunarinnar meira en tvöfaldað og nemur nú samtals 95 milljónum á ári, þar af 80 milljónir króna í formi kjarnaframlaga. Samningurinn er til fimm ára (2024–2028) sem er til marks um staðfastan stuðning Íslands við starfsemi Sameinuðu þjóðanna fyrir mannréttindum í heiminum.

Ísland er eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi og rétt fjölmiðlafólks (Media Freedom Coalition) sem samanstendur af 51 ríki sem beita sér fyrir öryggi blaðamanna og auknu fjölmiðlafrelsi. Ísland tók undir sameiginlegar yfirlýsingar bandalagsins á síðastliðnu ári, meðal annars vegna takmörkunar á starfsemi ákveðinna fjölmiðla í Ísrael, árása á fjölmiðlafólk í Rússlandi, nýrrar fjölmiðlalöggjafar í Georgíu, og áframhaldandi skerðingar á fjölmiðlafrelsi í Hong Kong. Þá er Ísland jafnframt eitt 42 ríkja í bandalagi um vernd mannréttinda á netinu (Freedom Online Coalition) sem beitir sér fyrir opnu, frjálsum og öruggu interneti og mikilvægi þess að mannréttindi skuli virt á netinu til jafns við raunheima.

Auk þess er Ísland aðili að bandalagi 45 ríkja sem stendur vörð um réttindi hinsegin fólks (Equal Rights Coalition) og vinnur að því að tryggja að það fái notið allra mannréttinda hvarvetna. Ísland tók undir allar sameiginlegar yfirlýsingar bandalagsins árið 2024 þar sem meðal annars ný löggjöf sem takmarkar verulega réttindi hinsegin fólks í Georgíu var gagnrýnd. Ísland sótti aðalfund bandalagsins í Berlín í desember 2024 en Þýskaland og Mexíkó hafa leitt bandalagið síðan árið 2022.

1 Nánari upplýsingar um framlög Íslands til mannúðaraðstoðar eru í kafla 3.4

Staða Íslands á völdum mannréttindavísu 2024

Freedom House - Freedom in the world 2024	1.
Freedom House - Freedom on the net 2024	1.
Gender Inequality Index 2024	1.
Global Gender Gap 2024 - World Economic Forum	1.
Global Peace Index 2024 - IEP	1.
Human Development Index 2024	3.
ILGA-Europe - Rainbow Europe 2024	2.
KidsRights Index 2024	2.
Social Progress Index 2024	4.
The Economist - Democracy Index 2024	3.
The Economist - Glass-ceiling Index 2024	1.
Women, Business and the Law 2024 Index	1.-14.
World Happiness Report 2024	4.
World Press Freedom Index - RSF 2024	18.

Alþjóðlegt kynjajafnréttisstarf

Á liðnu ári lögðu íslensk stjórnvöld áfram áherslu á að halda jafnréttismálum á lofti og sporna gegn víðtæku bakslagi á því sviði. Kynjajafnréttismál voru meðal helstu áhersluatriða framboðs Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og í ávarpi sínu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september beindi þáverandi utanríkisráðherra sjónum að jafnréttismálum og bágrí stöðu kvenna og stúlkna í Afganistan.

Á þingi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna var lögð áhersla á að skoða leiðir til að draga úr fátækt með valdeflingu kvenna og stúlkna, samþættingu kynjasjónarmiða í starfi stofnana og fjármögnun verkefna. Félags- og vinnumarkaðsráðherra leiddi sendinefnd Íslands á kvennanefndarþingið og tók þátt í norrænni ráðherradagskrá og hliðarviðburðum. Í opunarávarpi sínu lagði ráðherrann áherslu á nauðsyn samfélags- og kerfisbreytinga til að draga úr fátækt og stuðla að kynjajafnrétti. Ísland stóð fyrir þremur hliðarviðburðum á þinginu: Á vegum Jafnréttisskóla GRÓ var efnt til viðburðar um kynjasamþættingu á sviði loftslagsmála, á vegum BSRB um mikilvægi sterkrar grasrótar í jafnréttisbaráttunni með tilvísun í kvennaverkfallið á Íslandi í október 2023 og á vegum utanríkisráðuneytisins og samtakanna Equimundo um mikilvægi þess að

karlar og drengir taki virkan þátt í baráttunni. Í opunarávarpi sínu á þinginu hvatti forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna til aukinnar þátttöku karla í jafnréttisbaráttunni. Vísaði hann þar til rakarastofuviðburðar (Barbershop) sem hann hafði efnt til í samstarfi við Ísland þar sem karlkyns fastafulltrúar víða að komu saman til að ræða hvernig þeir gætu lagst á árar í jafnréttisbaráttunni.

Ísland tók einnig virkan þátt í aðgerðabandalögum gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi og kynjaðri upplýsingaóreiðu og valdeflingu kvenna til þátttöku í stjórnmalastarfi og hélt á lofti þátttöku karla og drengja í jafnréttisbaráttunni.

Framkvæmd nýrrar alþjóðlegrar þróunarsamvinnustefnu Íslands hófst á árinu með áherslu á kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna en um tveir-þriðju hlutar þróunarframlaga Íslands á árinu runnu til verkefna sem stuðluðu að kynjajafnrétti. Ísland hefur einnig verið leiðandi í umræðu um kynjasamþættingu og efnahagslega valdeflingu kvenna í alþjóðaviðskiptum á árinu.

Jafnréttisstarf sendiskrifstofa 2024

292



Skipulagning og þátttaka í 292 jafnréttisverkefnum og -viðburðum um víða veröld.

172



Tóku þátt í 172 jafnréttisráðstefnum, -málþingum, -kynningum og -fyrirlestrum.

18



18 sendiskrifstofur tóku þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi "Orange the world".

50



50 jafnréttisverkefni á sviði þróunarsamvinnu.

267



267 viðtöl, greinar og tíst um jafnréttismál.

46



46 jafnréttisverkefni á sviði efnahags- og viðskiptamála.

16



16 jafnréttisverkefni og viðburðir til að virkja karlmenn og drengi í þágu jafnréttismála.

105




105 viðburðir fyrir vitunarvakningu um kynjajafnrétti og fordóma gegn hinsegin fólki.

1.5 Starfið hjá alþjóðastofnunum

Sameinuðu þjóðirnar

Almenn skautun í alþjóðastjórnámum og á vettvangi fjölþjóðastofnana hefur í vaxandi mæli haft áhrif á störf Sameinuðu þjóðanna, á vettvangi allsherjarþingsins og víðar. Mannskæð átök fyrir botni Miðjarðarhafs og sérstaklega ástandið á Gaza, til viðbótar við áframhaldandi innrásarstríð Rússlands í Úkraínu, lituðu allt starf á árinu. Vaxandi tortryggni gætti í samskiptum Vesturlanda og þróunarríkja sem meðal annars má rekja til upplýsingaóreiðu og falsfrétta. Átakalínur um mannréttindamál hafa harðnað, samningaviðræður um efnahags- og félagslegar framfarir orðið erfiðari sem og umfjöllun um nýjar áskoranir á borð við netglæpi og gervigreind. Umræðan um glæpi gegn mannúð hefur strandað af sömu ástæðum. Á sama tíma hefur öryggisráðið ekki getað tekist á við þessi tvö átakamál sökum neitunarvaldsins.

Telur þú að þátttaka Íslands í alþjóðasamvinnu veiki eða styrki fullveldi Íslands?



Heildarfjöldi svarenda: 981. Svöruðu ekki: 12. Heimild: Maskína (apríl, 2025)

Þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra sóttu að venju ráðherraviku allsherjarþingsins í september. Á leiðtogafundi um framtíðina var samþykktur framtíðarsáttmáli (Pact for the Future) ásamt sáttmála um stafræna þróun (Global Digital Compact) og yfirlýsing um komandi kynslóðir (Declaration on Future Generations). Meginmarkmið sáttmálans eru tvö: Annars vegar að flýta því að heimsmarkmiðunum verði náð, og hins vegar að bregðast við þeim miklu áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir í ljósi vaxandi átaka og heimsfaraldra. Samningaviðræður um sáttmálann höfðu staðið yfir í rúmt ár og gengið erfiðlega enda ágreiningur víða, og

á leiðtogafundinum um framtíðina í september sögðu Rússland og Argentína sig frá sáttmálanum. Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður var sáttmálinn samþykktur án atkvæðagreiðslu en Rússland og Argentína gerðu fyrirvara við samþykki hans.

Um mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf var sett á fót árið 2006 og tók við hlutverki mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem starfaði frá 1946. Hlutverk ráðsins er að efla og vernda mannréttindi í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, fjalla um mannréttindabrot, beina tilmælum til einstakra ríkja um úrbætur í mannréttindamálum og fjalla um einstök þematísk réttindamál.

Alls sitja 47 ríki í mannréttindaráðinu hverju sinni, þar af tilheyra sjö hópi Vestur-Evrópu og annarra ríkja (WEOG), þrettán koma frá Afríku, þrettán úr hópi Asíu- og Kyrrahafsríkja, átta úr hópi ríkja Rómönsku Ameríku og Karíbahafseyja og loks sex úr hópi Austur-Evrópuríkja.

Mannréttindaráðið fundar að jafnaði í þremur reglubundnum fundalotum á ári sem standa yfir í nokkrar vikur í senn. Auk þess fjallar ráðið um ástand mannréttinda og framfylgd alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga í einstökum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna með svokallaðri allsherjarúttekt (UPR) sem fer fram í þremur lotum á ári hverju.

Á vegum mannréttindaráðsins starfa einnig sérstakir skýrslugjafar og vinnuhópar sem heimsækja ríki, skoða stöðu mannréttinda og veita ríkjum tilmæli í kjölfarið.

Skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (Office of the High Commissioner for Human Rights, OHCHR) skipuleggur fundi mannréttindaráðsins og annast framkvæmd þeirra, jafnframt því sem hún sinnir vettvangsvinnu. Ísland styður starf skrifstofu mannréttindafulltrúans með fjárframlögum samkvæmt gildandi rammasamningi.

Í ræðu þáverandi utanríkisráðherra á allsherjarþinginu voru virðing fyrir mannréttindum, einstaklingsfrelsi og alþjóðalögum leiðarstef en þær áskoranir sem alþjóðasamfélagið stendur

frammi fyrir voru sömuleiðis ofarlega á baugi. Á sama tíma og stríð geisa víða um heim væri nýrri tækni beitt til að grafa undan trausti á lýðræðislegum stofnunum samfélagsins, dreifa tortryggni og kynda undir örvæntingu og reiði almennings. Ráðherra ítrekaði einnig framboð Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2025–2027 sem knúið væri áfram af þeim boðskap að virðing fyrir mannréttindum og réttarríkinu, réttlæti og sanngirni séu undirstöðuatriði í velmegunarsamfélögum.

Þáverandi utanríkisráðherra tók einnig þátt í sérstökum viðburði um brot talibana í Afganistan á samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum. Á fundi um mannúðarástand í Súdan tilkynnti ráðherra um 70 milljóna króna viðbótarframlag Íslands til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations High Commissioner for Refugees, UNHCR) vegna þess hörmulega ástands sem ríkir í landinu af völdum átaka sem þar geisa. Utanríkisráðherra ávarpaði einnig fund um ógnina sem felst í hækkun sjávarmáls en málefni hafsins eru sem fyrr forgangsmál í íslenskri utanríkisstefnu.

Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs og skelfilegt ástand óbreyttra borgara á Gaza og í Líbanon settu sterkan svip á starf öryggisráðsins á árinu. Jafnframt voru haldnir margir fundir um Úkraínu. Þrátt fyrir þennan fjölda funda reyndist ráðinu erfitt að sameinast um aðgerðir. Þrjú af fimm fastaríkjum öryggisráðsins, Bandaríkin, Kína og Rússland, beittu neitunarvaldi átta sinnum á árinu, samanborið við fimm skipti árið 2023, fjögur árið 2022 og eitt skipti árið 2021, en neitunarvaldinu hefur ekki verið beitt svo oft síðan 1986. Þau tíu ríki sem kjörin eru til tveggja ára setu í öryggisráðinu í senn lögðu mikið á sig til að koma ráðinu saman um aðgerðir, til dæmis um Súdan og Palestínu. Ráðinu tókst að samþykkja 38 ályktanir, 13 færri en á árinu 2023, margar hverjar um framlengingu friðargæsluverkefna og þvingunaraðgerðir.

Vaxandi ópolinmæði meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna vegna máttleysis öryggisráðsins við að gegna lykilhlutverki sínu um að varðveita frið og öryggi í heiminum hefur leitt til virkara hlutverks allsherjarþingsins. Boðað var til neyðarfunda í allsherjarþinginu á grundvelli ályktunar frá 1950 sem fjallar um tilfelli þar sem ráðið er ekki talið hafa staðið sig sem skyldi. Efnt var til þriggja slíkra funda um Palestínu á árinu 2024, meðal annars til að samþykkja ályktun til stuðnings ráðgefandi álits Alþjóðadómstólsins

sem Ísland studdi. Samskonar fundur var einnig haldinn um Úkraínu í febrúar 2023. Ályktun allsherjarþingsins frá 2022 kveður svo á um að vísa megí málum, þar sem neitunarvaldi hefur verið beitt í öryggisráðinu, til allsherjarþingsins til umræðu og mögulegrar framlagningar samhljóða ályktunar. Á þann hátt var ályktun um aukinn rétt Palestínu í störfum allsherjarþingsins, sem Bandaríkin höfðu hafnað, samþykkt með 143 atkvæðum, þar á meðal Íslands. Níu ríki kusu gegn og 25 sátu hjá. Ísland beitti sér sem fyrr með virkri þátttöku í samningaviðræðum allsherjarþingsins og samráði um mannréttinda- og jafnréttismál, þróunarsamvinnu og mannúðarástand, alþjóðalög, málefni hafsins, sjálfbæra orkunýtingu, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.

Ísland leiddi í fimmta skipti ályktun í þriðju nefnd, nefnd allsherjarþingsins um mannréttindamál, um styrkingu mannréttindanefnda Sameinuðu þjóðanna í Genf. Ályktunin, sem er lögð fram annað hvert ár og miðar að því að styrkja starf mannréttindanefndanna og gera þær skilvirkari, var samþykkt án atkvæðagreiðslu og 74 ríki gerðust meðflutningsaðilar.

Fulltrúi Íslands gegndi varaformennsku í annarri nefnd Sameinuðu þjóðanna um efnahags- og þróunarmál og leiddi samningaviðræður um landgræðsluályktun ásamt fulltrúa fastanefndar Namibíu. Þetta er í tíunda skipti sem Ísland tekur að sér slíkt hlutverk í samningaviðræðum um þessa tilteknu ályktun. Með ályktuninni er lögð sérstök áhersla á ríki Afríku og fjallað um samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í ríkjum sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar. Lögð er áhersla á landgræðslu þar sem markmiðið er að vernda og endurheimta gróður og jarðveg ásamt því að tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Störf fyrstu nefndar allsherjarþingsins, afvopunarnefndar, endurspegluðu mikla spennu milli Rússlands annars vegar og Bandaríkjanna og bandalagsríkja þeirra hins vegar. Auk þess mátti greina vaxandi gjá milli norðurs og suðurs, sérstaklega í tengslum við átökin fyrir botni Miðjarðarhafs. Þó að nefndin hafi samþykkt fleiri ályktanir á árinu 2024, 77 miðað við 61 á fyrra ári, var langt frá því samstaða um þær allar. Metfjöldi atkvæðagreiðslna fór fram og fluttur var metfjöldi ræðna, atkvæðaskýringa og andsvara.

Ísland kjörið í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Ísland hlaut kjör til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 9. október 2024 í kosningum sem fóru fram á allsherjarþinginu í New York. Alls voru 19 ríki í framboði fyrir 18 laus sæti fyrir þriggja ára kjörtímabil, sem er frá byrjun árs 2025 og til ársloka 2027. Ísland hlaut 174 af 183 greiddum atkvæðum í kosningunum en auk Íslands voru Spánn og Sviss í framboði um þrjú sæti hóps vestrænna ríkja. Norðurlöndin skiptast á að sækjast eftir setu í ráðinu og var framboð Íslands því norrænt framboð. Ísland tók við sæti í ráðinu af Finnlandi og Noregur fer síðan næst í framboð fyrir hönd Norðurlandanna fyrir tímabilið 2028 til 2030.

Framboð Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna er hluti af langtímastefnu íslenskra stjórnvalda um að leggja sitt af mörkum til að vernda og efla mannréttindi um allan heim. Þá hefur áhersla verið lögð á samlegð og samfellu í viðamiklum verkefnum sem Ísland hefur tekið að sér á sviði mannréttinda þannig að styrkur Íslands og reynsla í vissum málaflokkum nýtist. Helstu áherslur Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna eru að efla samstöðu um grundvallargildi mannréttinda sem eiga víða undir högg að sækja, jafnréttismál, réttindi hinsegin fólks, réttindi barna, og tengsl mannréttinda og umhverfismála.

Þetta er í annað sinn sem Ísland er kosið til setu í mannréttindaráðinu en Ísland tók síðast sæti með skömmum fyrirvara um átján mánaða skeið árið 2018 þegar Bandaríkin sögðu sig úr ráðinu.




Fastafulltrúi Íslands greiðir atkvæði í kosningum um setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Þáverandi utanríkisráðherra flutti stefnuræðu Íslands um alþjóðleg mannréttindamál í árlegri ráðherraviku mannréttindaráðsins í febrúar. Í ræðunni var lögð áhersla á mikilvægi þess að standa vörð um mannréttindi allra einstaklinga og efla samstöðu um lýðræði og frelsi. Ráðherra fordæmdi árásarstríð Rússlands í Úkraínu, ræddi átökin fyrir botni Miðjarðarhafs og lýsti auk þess yfir áhyggjum af vaxandi skautun og versnandi stöðu mannréttinda víða um heim.

Ísland hefur farið fyrir árlegri ályktun um umboð sérstaks skýrslugjafa um stöðu mannréttinda í Íran frá því 2021. Í kjölfar mótmælanna í Íran haustið 2022, þar sem konur og stúlkur voru í broddi fylkingar, kölluðu Ísland og Þýskaland eftir sérstakri umræðu í ráðinu og leiddu nýja ályktun um stofnun rannsóknarnefndar til að safna saman sönnunargögnum sem nýst gætu til að draga gerendur til ábyrgðar. Í vetrarlotu ársins í febrúar 2024 fór Ísland fyrir ríkjahópi sem lagði fram breytta ályktun sem tryggði áframhaldandi umboð sérstaks skýrslugjafa til þess að vakta og gefa reglubundna skýrslu um stöðu mannréttinda í Íran og framlengdi um eitt ár umboð tímabundinnar óháðrar rannsóknarnefndar sem safnar upplýsingum og gögnum vegna grófra mannréttindabrota íranskra stjórnvalda í kjölfar mótmælanna haustið 2022. Var ályktunin samþykkt í atkvæðagreiðslu í apríl 2024.

Í tengslum við framboð Íslands til mannréttindaráðsins heimsótti þáverandi utanríkisráðherra Genf í sumarlotu ráðsins og flutti þar ávarp ásamt því að funda með stofnunum á sviði mannréttinda, mannúðar og alþjóðaviðskipta. Jafnframt átti ráðherra fund með frjálsum félaga-samtökum en þau gegna mikilvægu hlutverki í starfi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna vegna sérþekkingar sinnar. Haustlota mannréttindaráðsins var sú síðasta áður en Ísland tók sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna um áramótin. Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu héldu áfram að setja mark sitt á starfið í ráðinu. Staða mannréttinda í Afganistan, Belarús, Sýrlandi og Súdan var jafnframt til umræðu þar sem Norðurlönd og Eystrasaltsríki fluttu sameiginleg ávörp.

Hversu jákvæð(ur/tt) eða neikvæð(ur/tt) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í störfum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna?



Heildarfjöldi svarenda: 981. Svöruðu ekki: 24. Heimild: Maskína (apríl, 2025)

Ísland tekur virkan þátt í jafningjarýni mannréttindaráðsins (Universal Periodic Review, UPR) en hún felst í því að farið er yfir stöðu mannréttinda í hverju aðildarríki fyrir sig á fimm ára fresti og lagðar til úrbætur. Í tilmælum Íslands til annarra ríkja er lögð sérstök áhersla á afnám dauðarefsinga, kynjajafnrétti og réttarstöðu hinsegin fólks.

Sjötta skýrsla Íslands um samninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (International Covenant on Civil and Political Rights, ICCPR) var tekin fyrir á fundi mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf 15. og 16. október 2024. Í fyrirtökunni var fjallað um stöðu mannréttinda í íslensku samfélagi og hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að því að koma lokaathugasemdum nefndarinnar frá árinu 2012 í framkvæmd.

Að auki fór fram fyrirtaka fimmtu skýrslu Íslands um samninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi á fundi nefndar Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (Committee on Economic, Social and Cultural Rights, CESCR) í Genf 9. og 10. september. Í fyrirtökunni var fjallað um stöðu mannréttinda á Íslandi og aðgerðir stjórnvalda í því sambandi, sérstaklega frá síðustu fyrirtöku árið 2012. Jafnframt var horft til framtíðar varðandi ýmsa þætti sem fyrirhugað er að vinna að á sviði efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda.

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna

Ísland situr í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (The United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, UNESCO) fyrir tímabilið 2021–2025 og leiðir norræna samræmingu meðan á stjórnarsetu stendur. Stofnunin hefur forystu um heimsmarkmið númer fjögur um menntun.

Ísland situr einnig í stjórnarnefnd UNESCO um mannréttindi og framkvæmd samninga og tilmæla fyrir tímabilið 2023–2025. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að fjalla um mál þar sem grunur leikur á um mannréttindabrot sem falla undir málefna svið stofnunarinnar, það er fjölmiðlafrelsi, rétt til menntunar og menningarleg réttindi. Þá situr Ísland í framkvæmdastjórn alþjóðahaffræðinefndarinnar (The Intergovernmental Oceanographic Commission of UNESCO, IOC/UNESCO) fyrir tímabilið 2023–2025 og hefur gefið kost á sér til áframhaldandi setu fyrir næsta kjörtímabil, eða til ársins 2027.²

Audrey Azoulay, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, heimsótti Ísland á árinu í tengslum við Hringborð norðurslóða og sótti jafnframt heim Reykjanes jarðvanginn og hitti nemendur Jarðhitaskóla GRÓ³. Þá heimsóttu tveir aðstoðarframkvæmdastjórar UNESCO Ísland á árinu. Gabriela Ramos, sem fer fyrir félags- og hugvísindasviði stofnunarinnar, tók þátt í Velsældarþingi í Hörpu og fundaði einnig með þáverandi utanríkisráðherra um málefni gervigreindar, taugatækni og kynjajafnréttis.

Á árinu 2024 tók Ísland virkan þátt í reglulegum framkvæmdastjórnarfundum auk sérstaks framkvæmdastjórnarfundar um samstarf UNESCO við Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (The United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East, UNRWA). Í framkvæmdastjórn hefur Ísland lagt áherslu á framkvæmd heimsmarkmiðanna, jafnrétti, mannréttindi, mennta- og menningarmál og pólitísk málefni – þar með talin viðbrögð UNESCO við málum sem eru á ábyrgðarsviði stofnunarinnar í Afganistan, Líbanon, á Gaza og í Úkraínu. Ísland gegnir formennsku í vinahópi um jafnréttismál og heldur reglulega fundi fyrir aðildarríki UNESCO um jafnréttistengd málefni. Ísland tekur

² Fjallað um nefndina í kaflanum Alþjóðahaffræðinefnd Mennta-, vísinda-, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á bls. 26.

³ Sérstaklega er fjallað um GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem starfar undir merkjum UNESCO á bls. 74.

einnig virkan þátt í vinahópi Úkraínu, sem lætur mikið að sér kveða á vettvangi UNESCO, og styður ótullga við starf stofnunarinnar þar í landi.

Fastanefnd Íslands leiddi í fjórða sinn vinnu og samningaviðræður í tengslum við stöðu kvenna og stúlkna í Afganistan þar sem yfir 40 ríki gerðust meðflutningsaðilar. Ísland styður einnig við starf UNESCO í Afganistan með fjárframlögum.

Með samstarfssamningi Íslands við UNESCO um stuðning við þróunarsamvinnuverkefni á vegum stofnunarinnar fyrir tímabilið 2024–2028 er veittur stuðningur við fjögur verkefni; eflingu menntakerfa í fátækustu ríkjum (CapED), tjáningarfrelsi og öryggi blaðamanna, frjálsa fjölmiðlun í þróunar-ríkjum (IPDC) og þróunarverkefni á vegum alþjóða-haffræðinefndarinnar IOC. Auk þess styður Ísland við verkefni um sálrænan stuðning við börn á Gaza.

Árlegur samráðsfundur norrænna lands- og fastanefnda UNESCO var haldinn í Hveragerði í september. Forseti Íslands og þáverandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ávörpuðu fundinn.

Evrópuráðið

Innleiðing Reykjavíkurfirlýsingarinnar, sem samþykkt var á leiðtogafundi Evrópuráðsins í maí 2023, var áfram til umfjöllunar á öllum helstu sviðum Evrópuráðsins árið 2024 og ákvarðanir leiðtogafundarins voru á meðal áherslumála í formennsku Litáen og Lúxemborgar á árinu 2024. Fastafulltrúi Íslands lauk samkvæmt hefð setu í yfirstjórn ráðherranefndar Evrópuráðsins í maí 2024.

Alain Berset, fyrrverandi forseti Sviss, tók við embætti framkvæmdastjóra á árinu 2024. Berset leggur höfuðáherslu á að innleiða þær meginreglur um lýðræði sem afgreiddar voru á fundinum og kenndar eru við Reykjavík (Reykjavík Principles for Democracy) og hyggst láta vinna aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra. Starfsemi tjónaskrár fyrir Úkraínu, sem komið var á fót í formennsku Íslands í Evrópuráðinu, er hafin og vinnur Evrópuráðið áfram að næstu skrefum í átt að ábyrgðarskyldu í kjölfar allsherjarinnrásar Rússa í Úkraínu. Reykjavíkurfirlýsingin fjallaði einnig um stofnun sérstakrar bótanefndar (Claims Commission) og sérstaks dómstóls (Special Tribunal) sem hluta af ábyrgðarskyldunni. Horft er til þess að Evrópuráðið gegni hlutverki gagnvart þessum stofnunum líkt og það gerir fyrir tjónaskrána. Þá er áfram unnið að því að innleiða aðra þætti Reykjavíkurfirlýsingarinnar.

Verðlaun Vigdísar fyrir valdeflingu kvenna

Í júní 2024 voru í fyrsta sinn á vettvangi Evrópuráðsþingsins í Strassborg veitt árleg alþjóðleg jafnréttisverðlaun í nafni Vigdísar Finnbogadóttur, Vigdís Prize for Women's Empowerment. Að verðlaununum standa ríkisstjórn Íslands og Evrópuráðsþingið og voru þau veitt að viðstöddum forseta Íslands og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Alls bárust 123 tilnefningar frá öllum heimshlutum en verðlaunin hlutu grísku grasrótarsamtökin Irida Women's Center. Tákn jafnréttisverðlaunanna er glerlistaverkið Kvika eftir listakonuna Brynhildi Þorgeirsdóttur sem íslensk stjórnvöld gáfu.



Þróunarbanki Evrópuráðsins (The Council of Europe Development Bank, CEB) hélt ársfund sinn á Íslandi í júní 2024. Í samræmi við formennsku-áherslu Íslands á mannréttindi og umhverfismál var meginþema fundarins hlutverk bankans í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og í þágu sjálfbærrar þróunar.

Á árinu 2024 var sjönum Evrópuráðsins meðal annars beint að viðkvæmri stöðu í Georgíu, þar sem grundvallargildi Evrópuráðsins, lýðræði, réttarríkið og mannréttindi, eiga undir högg að sækja. Þá hafa stjórnvöld í Aserbaísjan verið gagnrýnd á vettvangi Evrópuráðsins fyrir framgöngu sína gagnvart Armenum. Evrópuráðsþingið hefur frá því í janúar 2024 ekki viðurkennt kjörbréf þingmanna frá Aserbaísjan, með vísan til mannréttindabrota og þess að Evrópuráðsþinginu hefur verið meinað að framkvæma kosningaeftirlit í landinu. Stjórnvöld í Aserbaísjan hafa á móti meinað þingmönnum á Evrópuráðsþinginu, þar á meðal íslenskum, að heimsækja landið.

Kósovó sótti um aðild að Evrópuráðinu vorið 2022 en nýtur ekki fulls stuðnings aðildarríkja stofnunarinnar. Aðildarumsókn Kósovó fór í formlegan farveg í formennskutíð Íslands 2023 eftir víðtækt samráð við aðildarríkin 46 en tólf þeirra viðurkenna ekki Kósovó sem sjálfstætt ríki. Lítil hreyfing var á umsóknarferlinu árið 2024 og er málið nú á borði formennskuríkisins Lúxemborgar

sem mun halda árlegan ráðherrafund Evrópu-ráðsins vorið 2025. Talið er ólíklegt að Kósovo verði veitt aðild á þeim fundi.

Forseti Íslands, ráðherrar, þingmenn og sveitarstjórnarfolk heimsóttu Strassborg á síðasta ári og tóku þar þátt í viðburðum og fundum tengdum sveitarstjórnar- og jafnréttismálum og málefnum hinsegin fólks. Evrópuráðið gaf á árinu 2024 út skýrslu um íslenska sveitarstjórnarstigið þar sem það fékk góða einkunn og væri að ýmsu leyti til fyrirmyndar innan Evrópu.

Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Guðmundar Gunnarssonar og Magnúsar Davíðs Norðdahl gegn Íslandi, „kjörbréfamálið“ svonefnda, féll í apríl 2024. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að annmarkar hefðu verið á málsmeðferð og ferlum í tengslum við talningu atkvæða í kosningum til Alþingis árið 2021. Ráðherranefnd Evrópuráðsins ber ábyrgð á eftirfylgni dómsins og mun íslenska ríkið senda greinargerð um viðbrögð við dóminum og tillögur um úrbætur árið 2025.

Um 200 alþjóðasamningar gilda á vettvangi Evrópuráðsins og á árinu var Ísland á meðal fyrstu tíu ríkjanna sem undirrituðu fyrsta bindandi alþjóðasamninginn um meðhöndlun gervigreindar með vísan til mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins. Þá fullgilti Ísland árið 2024 endurskoðaðan félagsmálasáttmála Evrópu. Sáttmálinn er af ýmsum álitinn hliðstæða við mannréttinda-sáttmála Evrópu á sviði efnahagslegra og félagslegra réttinda.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Meginhlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) er að viðhalda friði og byggja upp traust á ÖSE-svæðinu sem nær yfir gríðarlega stórt landsvæði – frá Vancouver í Kanada í vestri til Vladivostok í Rússlandi í austri. Stofnunin sérhæfir sig í lausn ágreiningsmála, friðaruppbyggingu og liðsinni við ríki sem eru að festa lýðræði í sessi. Á vettvangi hennar er fjallað um öryggi aðildarríkjanna 57 á heildstæðan hátt í þremur meginvæddum sem allar eru jafngildar. Í fyrstu vidd er fjallað um pólitískt og hernaðarlegt öryggi, í annarri vidd um umhverfisógnir og efnahagslegt öryggi og þriðja vidd stendur vörð um meginreglur mannréttinda og lýðræðis.

Lýðræði, mannréttindi og jafnréttismál eru gegnumgangandi þættir í málflutningi Íslands á vettvangi ÖSE. ÖSE var stofnað til að skapa vettvang fyrir ríki sem eru mjög ólík til að eiga

hreinskiptin skoðanaskipti um öryggi og stöðugleika innan Evrópu og á ÖSE-svæðinu. Í nærri 50 ár hefur samstarfið á þessum vettvangi verið í samræmi við markmiðin, en ÖSE stendur nú á krossgötum. Á sama tíma og aðildarríkin sýna flest ríkan vilja til að halda stofnuninni gangandi og stuðla þannig að viðræðum milli ríkja við allar aðstæður í samræmi við Helsinki-lokaskjalið, stofnsáttmála ÖSE, varpar stríðið í Úkraínu skugga á allt starf stofnunarinnar.

Frá allsherjarinnrás Rússlands hefur afdráttarlaus stuðningur við Úkraínu og fordæming á henni verið þungamiðjan í málflutningi Íslands á vettvangi ÖSE. Jafnframt hefur Ísland gagnrýnt og lýst áhyggjum af stöðu mála á öðrum átaka-svæðum sem ÖSE fjallar um, það er Belarús, Georgíu, Ngorno-Karabakh og Transnistríu. Ísland er einnig aðili að vinahópum Belarús og Georgíu.

Þá hefur Ísland verið meðal þeirra ríkja sem staðið hafa að virkjun Vínar- og Moskvuferlanna til að fjalla um mannréttindabrot í Rússlandi og Belarús. Undir lok árs 2024 var Vínarferlið jafnframt virkjað gagnvart Georgíu í kjölfar ákvörðunar þarlendrar stjórnvalda um að slá viðræðum um aðild að ESB á frest til loka árs 2028, sem og umdeildra þingkosninga þar í landi í október síðastliðnum, sem skrifstofa ÖSE fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (ODIHR) gerði margvíslegar athugasemdir við. Vínar- og Moskvuferlin eru úrræði sem aðildarríki ÖSE geta beitt þegar grunur leikur á um alvarleg brot á skuldbindingum á sviði mannréttinda- og lýðræðis. Ferlin hafa verið virkjuð alls sjö sinnum á undanförunum þremur árum og eru mikilvægur liður í því að láta ríki sem vanvirðir alþjóðlegar skuldbindingar sínar sæta ábyrgð.

Þrátt fyrir vandasama stöðu innan ÖSE eru aðildarríkin nær öll einhuga um að standa vörð um öryggi og fjölþjóðasamvinnu í Evrópu á þeim vettvangi. Mikilvægur liður í því er að tryggja virðingu allra aðildarríkja fyrir þjóðréttarskuldbindingum, enda er það forsenda þess að hægt sé að byggja upp traust að nýju til heiðarlegra samskipta og samtals. Þetta markmið er í fullu samræmi við stefnu Íslands og er samstarfið á vettvangi ÖSE því Íslandi afar mikilvægt.

Þann 1. ágúst 2025 verða liðin 50 ár frá samþykkt Helsinki-lokaskjalsins. Þessum tímamótum er haldið á lofti á árinu undir stjórn Finnlands sem tók við formenskukeflinu af Möltu um áramótin. Ráðherrafundur ÖSE verður haldinn í Vínarborg

4.–5. desember næstkomandi. Líkt og undanfarin ár er þess að vænta að Úkraína verði meginum-ræðuefni ráðherrafundarins.

1.6 Málefni hafsins og fiskveiðisamningar

Hafréttarmál

Hafréttarmál hafa ávallt verið í forgangi í hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar. Sameinuðu þjóðirnar eru sérstaklega mikilvægur vettvangur fyrir umræður um málefni hafsins og þróun reglna hafréttarins, ekki síst árlegar samningaviðræður um ályktanir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um hafrétt og sjálfbærar fiskveiðar.

Í september 2023 undirritaði þáverandi utanríkisráðherra nýjan samning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (Agreement under the United Nations Convention on the Law of the Sea on the conservation and sustainable use of marine biological diversity of areas beyond national jurisdiction, BBNJ).


Samningurinn skiptist efnislega í fjóra meginhluta; nýtingu erfðaauðlinda, svæðisbundnar ráðstafanir, þar með talin verndarsvæði, umhverfismat á úthafinu og færniuppbyggingu eða tilfærslu á sjávertengdri tækni svo hún nýtist líka í þróunarríkjum. Þá hefur samningurinn að geyma mikilvæg ákvæði um umhverfisvernd á úthafinu sem og regluverk sem styður við ríki heims að ná markmiði sínu um verndun 30% hafsvæða fyrir árið 2030. Unnið er að undirbúningi fullgildingar samningsins og kortlagningu nauðsynlegra lagabreytinga í samráði við önnur ráðuneyti og stofnanir, en samningurinn tekur gildi þegar sextíu ríki hafa fullgilt hann.

Landgrunnsmál

Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum, sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, eins og Ísland, eiga hins vegar sökum náttúrulegra aðstæðna viðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Viðkomandi ríki eiga að senda landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna

ítarlega greinargerð um ytri mörk landgrunnsins utan tvö hundruð sjómílna og nefndin fer yfir greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um landgrunnsmörkin.

Endurskoðuð greinargerð Íslands vegna vestur- og suðurhluta Reykjanes hryggjar var tekin til meðferðar hjá landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna sumarið 2023 og átti sendinefnd Íslands reglulega fundi með landgrunnsnefndinni, og sérstakri undirnefnd hennar, frá ágúst 2023 til mars 2025, en lokaniðurstaða landgrunnsnefndarinnar barst íslenskum stjórnvöldum 14. mars síðastliðinn. Landgrunnssvæðið sem samþykkt var af nefndinni er töluvert víðfeðmt og nær rúmar 570 sjómílar frá grunnlínunum. Niðurstaða landgrunnsnefndarinnar er því Íslandi mjög hagfelld og um að ræða farsæla niðurstöðu í mikilvægu ferli sem staðið hefur yfir í tvo og hálfan áratug.



Landgrunnssvæðið sem var samþykkt er töluvert víðfeðmt og nær rúmar 570 sjómílar frá grunnlínunum.

Einnig er stefnt að því á árinu 2025 að ljúka vinnu við greinargerð vegna norðausturhluta Reykjanes hryggjar og hins umdeilda Hatton-Rockall-svæðis, sem er hluti af íslenska landgrunninu og Bretland, Írland og Danmörk/Færeyjar gera einnig tilkall til.

Náttúruauðlindir sem tilheyra landgrunninu eru jarðefnaauðlindir á borð við olíu, gas og málma, aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna, til dæmis jarðhiti, og lífverur í flokki botnsetutegunda og erfðaeðni þeirra. Réttindi strandríkis yfir landgrunninu utan efnahagslögsögunnar hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins þar fyrir ofan, sem telst úthaf, og ná ekki til fiskistofna né annarra auðlinda þess.

Fiskveiðisamningar

Viðræður standa yfir um þrjá fiskistofna á meðal strandríkja og veiðiríkja, það er makríl, síld og kolmunna. Enginn samningur hefur verið í gildi um þessa þrjá stofna í nokkurn tíma og ber staða síldar- og makrílstofnsins til að mynda þess merki. Sendinefnd Íslands í viðræðunum er samansett af fulltrúum atvinnuvegaráðuneytisins og fulltrúa utanríkisráðuneytisins og fór Ísland með formennsku í viðræðum um kolmunna fram til loka mars 2025. Reglulegt tvíhliða samráð á sér einnig stað við Færeyjar, Noreg, Grænland og ESB um fleiri fiskistofna og málefni hafsins í víðara samhengi.

Nýr sjóður gegn ríkisstyrkjum í sjávarútvegi

Alþjóðaviðskiptastofnunin kom árið 2024 á fót nýjum sjóð gegn ríkisstyrkjum í sjávarútvegi (WTO Fish Fund) sem er reistur á grunni samnings stofnunarinnar um ríkisstyrki í sjávarútvegi frá árinu 2022. Sjóðurinn á að styðja þróunarríki við innleiðingu ákvæða samningsins og stöðva skaðlega ríkisstyrki í sjávarútvegi. Nærri 90 ríki hafa fullgilt samninginn en 24 ríki eiga það eftir svo sjóðurinn geti tekið formlega til starfa. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins tók virkan þátt í undirbúningi sjóðsins og situr í stjórn hans en Ísland lagði sjóðnum til stofnframlag.

Bláfæðubandalagið

Ísland gegnir formennsku í Bláfæðubandalaginu (Aquatic Blue Food Coalition) sem er vinnuhópur ríkja, alþjóðlegra stofnana, félagasamtaka, einkafyrirtækja og fræðastofnana sem vilja auka veg fæðu sem er unnin úr sjó eða ferskvatni. Markmið bandalagsins er að fylgja eftir ályktunum leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um fæðukerfi heimsins árið 2021. Á árinu 2024 var hleypt af stokkunum sérstöku átaksverkefni um stuðning við þróunarríki sem vilja fjárfesta í og samþætta bláfæðu í fæðuöryggisáætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar. Bandalagið aðstoðar stjórnvöld í þróunarríkjum við stefnumótun og áætlanagerð sem er frumforsenda þess að ríki geri bláfæðu að hluta af fæðuöryggi og fjárfesti svo í samræmi við það.

Árið 2024 tók bandalagið virkan þátt í mörgum alþjóðlegum viðburðum og ríkjaráðstefnum og stóð fyrir hliðarviðburðum á ríkjaráðstefnum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (COP29) og líffræðilega fjölbreytni (COP16), á fundi

Fiskimálanefndar FAO (COFI) og á fundi Fæðuöryggisnefndar FAO (CFS52). Auk viðburðanna útbjuggu aðilar innan bandalagsins leiðbeiningar um hvernig fella megi bláfæðu inn í landsáætl-anir ríkja (NDC) um aðgerðir í loftslagsmálum.

Samtök strandríkja við Atlantshaf

Samtök strandríkja við Atlantshaf (Partnership for Atlantic Cooperation - PAC) voru stofnuð að frumkvæði Bandaríkjanna með sameiginlegri yfirlýsingu í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 2023. Samstarfsríkjum fjölgaði á árinu úr rúmlega þrjátíu í rúmlega fjörutíu. Þrír vinnuhópar starfa undir hatti samstarfsins. Sá fyrsti er um miðlun rannsókna og þekkingar (Science Capacity Building and Exchange), annar um hafskipulag (Marine Spatial Planning) og sá þriðji fjallar um fæðuöryggi (Ocean-based Food Security). Reglubundið samráð PAC fer fram á fjarfundum en efnt var til tveggja viðburða á árinu um fjármögnun verkefna og málþings um drauganet, auk ráðherrafundar til hliðar við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í tilefni eins árs afmælis samstarfsins. Ísland hefur mest látið að sér kveða í starfi hópsins um fæðu úr höfum og vötnum.

Alþjóðahaffræðinefnd Mennta-, vísinda-, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna

Ísland situr í framkvæmdastjórn alþjóðahaffræðinefndar Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (IOC UNESCO) fyrir tímabilið 2023-2025 og hefur gefið kost á sér til áframhaldandi setu fyrir tímabilið 2025-2027. Fulltrúi Hafrannsóknastofnunar situr í stjórn fyrir Íslands hönd. Á vettvangi IOC er unnið grundvallarstarf á hafmálasviðinu sem varðar hagsmunum Íslands, svo sem efling rannsókna og nýsköpunar með áherslu á stuðning við framfylgd heimsmarkmiðs fjórtán um hafið og að ákvarðanir þar að lútandi séu teknar á vísindalegum grunni.

Nefndin er einnig í forystu fyrir Áratug hafsins 2021-2030 (Ocean Decade) á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Vidar Helgesen, nýr yfirmaður IOC og aðstoðarframkvæmdastjóri UNESCO heimsótti Ísland í júní og tók þátt í opnum fundi í tilefni af útgáfu nýrrar skýrslu á vegum IOC um ástand hafsins (State of the Ocean Report 2024) sem gefin var út með stuðningi íslenskra stjórnvalda. Peter Thomson, sérstakur erindreki hafsins hjá

Sameinuðu þjóðunum, ávarpaði einnig fundinn. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að hitastig sjávar hefur aldrei mælst hærra á heimsvísu en á síðasta ári og hraði hækkunar sjávarborðs hefur tvöfaldast síðustu tvo áratugi.



Hrönn Egilsdóttir, fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórn IOC og sviðsstjóri umhverfissviðs hjá Hafrannsóknarstofnun, Vidar Helgesen, framkvæmdastjóri IOC, Stefán Jón Hafstein, sendifulltrúi í utanríkisráðuneytinu, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir þáverandi utanríkisráðherra, Peter Thomson, sérstakur erindreki hafsins hjá Sameinuðu þjóðunum, og Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

1.7 Umhverfis-, loftslags- og orkumál

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

Hin árlega ríkjaráðstefna loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) (COP29) fór fram í Bakú, Aserbaísjan, í nóvember síðastliðnum. Á fundinum náðist samkomulag um að iðnríkin leggi sameiginlega fram 300 milljarða bandaríkjadala ár hvert til loftslagsaðgerða til ársins 2035. Auk þess voru teknar ákvarðanir sem snúa að miðstýrðum kolefnismarkaði og skráningarkerfi honum tengdum undir Parísarsamningnum. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið leiddi sendinefnd Íslands á ríkjaráðstefnunni, en fulltrúar utanríkisráðuneytis tóku þátt í henni og funduðu auk þess með fulltrúum samstarfsstofnana Íslands og loftslagerindrekum Norðurlandanna, Bretlands, Sviss og Atlantshafsbandalagsins.

Aðlögunarsjóðurinn (Adaptation Fund) fjármagnar verkefni og verkefnaáætlanir í þeim þróunarríkjum sem eru aðilar að Kyoto-bókuninni undir Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um

loftslagsbreytingar og eru sérstaklega útsett fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga. Samstarfssamningur við sjóðinn var endurnýjaður á árinu til næstu þriggja ára.

Sérstakur loftslagshamfararsjóður (Fund for Responding to Loss and Damage) var formlega virkjaður í Bakú en honum er ætlað að bregðast við því tapi og tjóni sem þróunarríki, sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, verða fyrir. Þar með er talið tjón vegna veðurhamfara og hægvirkra áhrifa loftslagsbreytinga, til að mynda vegna aukinnar hnattrænnar hlýnunar, eyðimerkurmyndunar og minnkandi líffræðilegs fjölbreytileika. Unnið er að undirbúningi samnings um frekari stuðning við sjóðinn til næstu ára.

Græni loftslagssjóðurinn

Græni loftslagssjóðurinn (Green Climate Fund) er stærsti samstarfsaðili Íslands á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála í þróunarsamvinnu. Sjóðurinn styður við þróunarríki og fjármagnar verkefni sem stuðla að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta getu ríkjanna til að laga sig að loftslagsbreytingum og ná þannig markmiðum sínum um landsbundin framlög (Nationally Determined Contributions – NDCs) í samræmi við Parísarsamninginn. Síðastliðið haust var samstarfssamningur við sjóðinn endurnýjaður til næstu fimm ára.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna

Samstarf Íslands og Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) hefur lengst af snúið að framgangi jarðhitanýtingar í Afríku en einnig að eflingu landgræðslu og endurheimt vistkerfa í þróunarríkjum. Á árinu 2024 var unnið að eflingu samstarfs við UNEP með áherslu á beina nýtingu jarðvarma í matvælaframleiðslu, endurheimt vistkerfa á landi og í hafi og styrkingu bláa hagkerfisins. Einnig var unnið að eflingu samstarfs á milli UNEP og alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orku (IRENA) en töluverð samlegð er á milli stofnananna og áherslna Íslands um sjálfbæra nýtingu endurnýjanlegrar orku sem hluti af aðlögunaraðgerðum og til efnahagsuppbyggingar í þróunarríkjum.



| Stýrinfundarfundur SOFF í Reykjavík, júní 2024.

Alþjóðlegir samningar um plastmengun

Á árinu voru haldnar tvær samningalotur vegna alþjóðlegs lagalega bindandi samnings um plast og plastmengun, þar með talið í hafinu. Seinni samningalotu ársins, og þeirri fimmtu á síðustu tveimur árum, lauk í byrjun desember án niðurstöðu.

Ísland hefur frá upphafi lagt áherslu á viðbrögð gegn plastmengun í hafinu og verið eitt örfárra ríkja sem hefur vakið athygli á plastmengun á norðurslóðum og mikilvægi átaks vegna tapaðra veiðarfæra í sjó.

Sjálfbær orka fyrir alla

Ísland hefur átt aðild að SEforALL frá stofnun árið 2011. Stofnunin vinnur í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar, ríki, fjármálastofnanir, félagasamtök, góðgerðarsamtök og einka-geirann til að knýja fram hraðari aðgerðir til að ná sjöunda heimsmarkmiðinu og binda endi á orkufátækt. Á árinu 2024 var samstarfs-samningur við stofnunina endurnýjaður og nær sá samningur til ársins 2026. Einnig var undirritaður samstarfssamningur við SEforALL um stuðning við sérstakt jafnréttisverkefni á vegum samtakanna, en verkefnið, sem ber heitið Women and Youth at the Forefront, hefur að markmiði að efla kynjajafnrétti og réttindi ungmenna þegar kemur að orkuskiptum, minnka kynjabilið og þroska hæfileika kvenna og ungmenna í sjálfbæra orkuveirum.

Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa

Ísland hefur starfað með Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa (IRENA), frá árinu 2010, en stofnunin hefur að meginmarkmiði að stuðla að þróun nýtingar sjálfbærra orkugjafa í þróunarríkjum. Íslenskur jarðhitasérfræðingur, fjármagn-aður af íslenskum stjórnvöldum, er nú að störfum hjá stofnuninni og vinnur að framgangi jarðhit-anýtingar í aðildarríkjum IRENA og að samstarfi UNEP og IRENA um nýtingu lághita í Afríku til framleiðslu matvæla. Samstarfinu er ætlað að verða við ákalli um stuðning við loftslagsaðlögun-araðgerðir í þróunarríkjum sem stuðla að auknu fæðuöryggi en um leið efnahagslegri valdeflingu bænda, en meirihluti sjálfsþurftarbænda eru konur. Ísland á einnig í samstarfi við IRENA um þróun og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og bætta orkunýtni í Úkraínu.

Fjármögnunarstofnun um kerfisbundnar veðurathuganir

Ísland er einn af stofnaðilum sérstakrar fjármögnunarstofnunar á vegum Alþjóðaveðurmála-stofnunarinnar um kerfisbundnar veðurathuganir í þróunarríkjunum (Systematic Observations Financing Facility, SOFF), en fulltrúi utan-ríkisráðuneytisins situr jafnframt í stýrinfund stofnunarinnar. SOFF hefur það að markmiði að efla veðurathuganir í þróunarríkjunum með betri veðurgögnum og betri aðgangi að þeim með það að markmiði að bæta spá- og viðbragðs-getu þróunarríkjanna til að bregðast við veður-breytingum vegna loftslagsbreytinga. Áttundi

stýrinefndarfundur SOFF var haldinn á Íslandi í júní. Þar voru samþykktar umsóknir um styrki og fallað um fjármögnunarþörf SOFF en mikil eftirspurn er eftir styrkjum úr sjóðnum. Veðurstofa Íslands tekur virkan þátt í starfi SOFF og veitir sérfræðiráðgjöf til veðurstofu Malaví í samstarfi við veðurstofu Noregs og Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP).

Norræni þróunarsjóðurinn

Norræni þróunarsjóðurinn (Nordic Development Fund, NDF) er sjóður í eigu Norðurlandanna sem veitir lán og styrki til loftslagstengdra verkefna í þróunarríkjum. Ísland er stofnaðili sjóðsins og á fulltrúa í stjórn. Innan NDF er sérstakur sjóður, Africa Energy and Environment Trust Fund, sem styður nýsköpun og frumkvöðla innan orku-geirans í löndum í Afríku sunnan Sahara. Ísland hefur lagt framlag til sjóðsins frá árinu 2022 og er áhersla lögð á að bæta aðgang að endurnýjanlegri orku, ekki síst kvenna og stúlkna sem hluta af réttlátum orkuskiptum.

1.8 Svæðisbundið samstarf

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja


Utanríkisþólitískt samstarf Norðurlandanna (N5) og samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja (NB8) hefur aukist á undanföllum árum, ekki síst eftir allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu sem undirstrikað hefur mikilvægi samstöðu ríkja. Samstarfið styrkir rödd ríkja og hefur samlegðaráhrif í störfum og stefnumótun á alþjóðavettvangi.

Svíþjóð leiddi Norræna ráðherraráðið 2024 og sá um samhæfingu og hafði því einnig umsjón með skipulagningu á N5- og NB8-samstarfinu. Alls voru haldnir tuttugu fundir utanríkisráðherra á tímabilinu. Á öllum fundunum var allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu á dagskrá, ásamt öðrum málefnum sem voru ofarlega á baugi í alþjóðamálum.

Í maí fóru utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkja og Íslands í sameiginlega vinnuheimsókn til Georgíu þar sem rætt var við forseta Georgíu, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, þingforseta, stjórnarandstöðuflokka og frjáls félagasamtök. Með ferðinni vildu ráðherrarnir sýna stjórnvöldum í Georgíu og íbúum landsins stuðning á vegferð þeirra í átt að frekari aðild að vestrænu samstarfi, bæði Evrópusamstarfi sem og á

vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Í október fóru ráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja til Moldóvu og Úkraínu. Þá fóru utanríkisráðherrar Norðurlanda í sameiginlega heimsókn til Nígeríu og Gana í ágúst og til Kanada í lok september. Árið 2023 fóru utanríkisráðherrarnir í fyrsta sinn í sameiginlegar ferðir og eitt af markmiðum sænsku formennskunnar var að fjölga slíkum ferðum enda veita þær kjörið tækifæri fyrir ríkin að senda sameiginleg og skýr skilaboð, sérstaklega hvað varðar málstað Úkraínu.

Hversu jákvæð(ur/tt) eða neikvæð(ur/tt) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í norrænu samstarfi?



Heildarfjöldi svarenda: 981. Svöruðu ekki: 19. Heimild: Maskína (apríl, 2025)

Þá funduðu utanríkisráðherrar vestnorrænu landanna, Íslands, Færeyja og Grænlands, samhliða Hringborði norðurslóða. Hefð er fyrir því að ráðherrar landanna hittist einu sinni á ári til að ræða samvinnu og sameiginlegar áskoranir.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna gáfu út fjölmargar sameiginlegar yfirlýsingar á árinu um helstu mál í brennidepli. Fjórar yfirlýsingar lutu að átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs, meðal annars í júlí þar sem farið var fram á að Ísrael léti af hendi þær skatttekjur sem landið innheimtir fyrir Palestínu (clearance revenues) og að starfsemi millibankaþjónustu (correspondent banking services) milli banka í Ísrael og Palestínu yrði tryggð. Í ágúst var gefin út samnorræn yfirlýsing í ljósi þess að grundvöllur fyrir starfsemi sendiskrifstofu Noregs í Palestínu var ekki lengur til staðar vegna afstöðu ísraelskra stjórnvalda. Eins áréttuðu ráðherrarnir áframhaldandi stuðning við lýðræðisöfl í Belarús í sameiginlegri fréttatilkynningu eftir fund sinn með Sviatlönu Tsikhanouskayu í lok október og aðra slíka um svipað leyti þar sem áhyggjum var lýst af framkvæmd þingkosninganna í Georgíu. Áður höfðu utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja gefið út yfirlýsingu þar sem áhyggjum var lýst af

frumvarpi þarlendrar stjórnvalda um erlend áhrif sem beindust gegn frjálsum félagasamtökum. Ríkin sameinast einnig iðulega um málflutning á vettvangi alþjóðastofnana en N5 samstarfið er lykilþáttur í starfi sendiskrifstofa Íslands, sérstaklega innan alþjóðastofnanna. NB8 samstarfið er ekki síður mikilvægt og þess ber að geta að nær allir starfsmenn utanríkisráðuneytisins eru í virkum samstarfshópum undir formerkjum N5 og NB8 samstarfs.

Norrænt samstarf 2024

20



Samtals **20** fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja til viðbótar við fjölmarga tvíhliða fundi.

15

N5

15 fundir norrænna utanríkisráðherra og þróunarmálaráðherra (N5), þar af átta með öðrum ríkjum, ríkjahópum eða stofnunum. Einn fundur ráðuneytisstjóra.

6

NB8

6 fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8), þar af fjórir með öðrum ríkjum og ríkjahópum. Einn fundur ráðuneytisstjóra.

Þing Norðurlandaráðs í Reykjavík


Í lok október var þing Norðurlandaráðs haldið í Reykjavík undir formennsku Íslands. Norðurlandaráð er vettvangur þjóðþinga Norðurlandanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja, Grænlands, Færeyja og Álandseyja, til að eiga samstarf með markvissri hugmyndavinnu og tilmælum sem beint er til Norrænu ráðherranefndarinnar í sumum tilfellum og til ríkisstjórna landanna í öðrum. Volodómír Selenski forseti Úkraínu ávarpaði þingið í eigin persónu og sérstakur gestur þess var leiðtogi lýðræðisafila í Belarús, Sviatlana Tsikhanouskaya. Svíþjóð mun gegna formennsku í Norðurlandaráði 2025.

Norðurslóðir

Þróun mála á norðurslóðum er í brennidepli á alþjóðavettvangi og þær viðsjár sem eru í heiminum og í okkar heimshluta vegna hátternis Rússlands og takmarkalausrar vanvirðingar þess á alþjóðalögum og grundvallargildum Sameinuðu þjóðanna. Helmingur landssvæðis norðurslóða heyrir undir Rússland og uppbygging og hervæðing Rússa á svæðinu veldur ugg meðal hinna ríkjanna sjö sem svæðið byggja. Þá veldur

vaxandi samstarf Rússlands og Kína töluverðum áhyggjum, en Kína er mjög áhugasamt um norðurslóðir.

Skilgreiningar á norðurslóðum⁴



Í ljósi þessa hefur samstarf norðurskautsríkjanna sjö, sem nú eru öll aðilar að Atlantshafsbandalaginu, aukist mjög á norðurslóðum hvort sem horft er til eftirlits, loftslagsbreytinga, sjálfbærrar þróunar eða auðlindanýtingar. Vægi öryggis- og varnarmála í umræðunni um norðurslóðir hefur einnig stóruaust að undanförunu en varnarmálaráðherrar ríkjanna hittast nú reglulega og ræða þessi mál, og nýverið var haldinn fundur yfirmanna herliða norðurskautsríkjanna á Íslandi. Kanada hafði frumkvæði að því að utanríkisráðherrar hittist einnig til að ræða knýjandi mál norðurslóða þegar tækifæri gefst, meðal annars í tengslum við utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins.

Ísland á ríkra hagsmuna að gæta og hefur sem norðurskautsríki veigamikla rödd í þessum málaflokki sem endurspeglast í áhuga fjölmargra ríkja á virku samtali við Ísland um málefni norðurslóða. Öryggi á svæðinu, sjálfbærni og samfélagsleg og efnahagsleg þróun eru stór hagsmunamál fyrir Ísland. Alþingi samþykkti stefnu Íslands í málefnum norðurslóða árið 2021 og liggur hún til grundvallar starfi Íslands, hvort sem er innanlands eða í alþjóðlegu samhengi.

Allt til ársins 2022 var Norðurskautsráðið (Arctic Council) meginvettvangur pólitískrar umræðu meðal norðurskautsríkjanna en það breyttist með allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu í febrúar sama ár. Ráðið var stofnað árið 1996 og aðild að því eiga norðurskautsríkin átta, Ísland, Kanada, Konungsríkið Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð,

⁴ AMAP - Starfshópur Norðurskautsráðsins um umhverfissvöktun og mat á mengunarhættu og áhrifa loftslagsbreytinga á norðurslóðum. / AHDR - Skýrsla um mannlífsþróun á norðurslóðum.

Bandaríkin og Rússland. Ráðið er fyrst og fremst mikilvægasti vettvangur vísindasamstarfs á svæðinu og innan þess starfa sex vinnuhópar sem sinna verkefnum í þágu umhverfisins og íbúa á svæðinu. Fastaskrifstofur tveggja vinnuhópa eru á Akureyri. Fjöldmargir koma að norðurslóðasamstarfi á Íslandi og gegnir utanríkisráðuneytið samræmingarhlutverki milli ráðuneyta og stofnana innanlands um málefni norðurslóða, auk þess að eiga samráð við viðskiptalífið, háskólastofnanir, félagasamtök og Norðurslóðanet Íslands á Akureyri.

Aðildarríki Norðurskautsráðsins




Eftir allsherjarinnrás Rússlands tóku ríkin sjö þá ákvörðun að hætta allri þátttöku í störfum ráðsins sem var þá undir formennsku Rússlands. Þrátt fyrir töluvert óformlegt samstarf ríkjanna sjö lá starfsemi ráðsins að miklu leyti í dvala þar til Noregur tók við formennskunni í maí 2023. Þá var ákveðið að hefja á ný vísindalegt samstarf vinnuhópa ráðsins með aðild Rússlands sem nú fer fram á fjarfundum. Pólitískt samráð innan ráðsins er hins vegar ekkert og ólíklegt er að breyting verði á því á næstunni. Afstaða Íslands, eins og annarra norðurskautsríkja, er þó sú að þegar réttar aðstæður skapast verði Norðurskautsráðið ákjósanlegasti vettvangur samstarfs um málefni norðurslóða. Mikilvægt er að enginn vafi leiki á forræði ríkjanna átta yfir málefnum svæðisins.

Árlegt þing Hringborðs norðurslóða (Arctic Circle Assembly), sem fyrrverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, kom á fót hefur skapað

sér sess sem einn helsti vettvangur umræðu um norðurslóðamál á heimsvísu. Hringborðið hefur ekki hlutverki að gegna þegar kemur að mótun stefnu í málefnum norðurslóða en er mikilvægur vettvangur til umræðu og skoðanaskipta haghafa á svæðinu sem og á heimsvísu.⁵

Svæðasamstarf 2024



Annað svæðisbundið samstarf

Í Eyrstrasaltsráðinu (Council of the Baltic Sea States, CBSS) fer fram samstarf aðildarríkjanna um fjölbreytt málefni á borð við barnavernd, málefni ungmenna, mansal og almannavarnir. Á utanríkisráðherrafundi ráðsins í Porvoo í Finnlandi 13.–14. júní voru viðbrögð við fjölpáttáðgnum og málefni Úkraínu ofarlega á baugi. Þá var ákveðið að hefja endurskoðun á allri starfsemi Eyrstrasaltsráðsins til framtíðar. Ísland tekur við formennsku í ráðinu 1. júlí 2026 til eins árs.

Verulega hefur dregið úr starfi á vettvangi Barentsráðsins (Barents Euro-Arctic Council, BEAC) eftir úrsögn Rússlands. Ísland og Danmörk gegna ekki formennsku í ráðinu né borga til þess. Finnland hefur sagt sig úr ráðinu frá og með næstu áramótum 2025 og framtíð ráðsins því óljós. Hið sama gildir um starfsemi Norðlægu víddarinnar (Northern Dimension) sem er samráðsvettvangur um málefni Norðvestur-Evrópu.

5 Sérstaklega er fjallað um samstarf í öryggis- og varnarmálum á norðurslóðum í kaflanum Norðurslóðir á bls. 56.

1.9 Tvíhliða samvinna

Tvíhliða samskipti við erlend ríki og stofnanir eru mikilvægur þáttur í hagsmunagæslu og málsvarastarfi Íslands. Líkt og í öðru starfi utanríkisþjónustunnar hefur árásarstríð Rússlands haft mikil áhrif, sem og ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Öryggis- og varnarsamstarf hefur enda aukist talsvert við Norðurlöndin og önnur líkt þenkjandi ríki. Reglulegt pólitískt samráð á sér stað við Bretland, Kanada og Spán og þá á sér stað árlegt samráð um öryggis- og varnarmál við Bandaríkin, Evrópusamráð við Frakkland, og eftir atvikum við önnur ríki sem eftir því leitast. Áfram er unnið að því að tryggja íslenskum fyrirtækjum sem besta samkeppnisstöðu og auka bein samskipti milli ríkja. Mikilvægur þáttur í þeirri samvinnu er menningarstarfið sem sendiráð Íslands standa fyrir. Norðurlöndin eru sem fyrr segir nánustu samstarfsríki Íslands og samráðið við Eystrasaltsríkin hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Norðurlöndin

Tvíhliða samskipti Íslands við Norðurlöndin eru lykilþáttur í hagsmunagæslu utanríkisráðuneytisins og ná til alþjóðastjórn mála, öryggis- og varnarsamstarfs, viðskipta og menningarmála. Síðasta ár einkenndist af vaxandi samvinnu, meðal annars í kjölfar inngöngu Svíþjóðar í Atlantshafsbandalagið en þá voru öll fimm Norðurlöndin orðin aðilar.

Samstarfið er mun víðtækara en við önnur ríki og hefur utanríkisráðuneytið í samráði við Íslandsstofu lagt áherslu á að styðja við fimm geira atvinnulífsins; orku og grænar lausnir, hugvit og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónustu og sjávarútveg og matvæli. Jafnframt hefur aukin áhersla verið lögð á samráð og samstarf við Eystrasaltsríkin, sem skipa sífellt stærra hlutverk í norrænu samstarfi.

Ísland sinnti formennsku í Nordic+ samstarfshópi líkt þenkjandi ríkja í þróunarsamvinnu fyrri hluta árs 2024. Auk Norðurlandanna eru Bretland, Holland og Írland í hópnum. Á þeim vettvangi var meðal annars rætt um málefni Úkraínu og Palestínu. Bretland tók við formennsku af Íslandi.

Eins og hefið er fyrir fór forseti Íslands í sína fyrstu opinberu heimsókn til **Danmerkur** í október 2024. Forseti var jafnframt fyrsti gestur dönsku konungshjónanna eftir embættistöku konungs.

Þáverandi utanríkisráðherra fundaði við það tækifæri með utanríkisráðherra Danmerkur um áherslur Danmerkur í ESB-formennsku 2025, sameiginleg öryggis- og varnarmál, stuðninginn við Úkraínu og samstarf við Afríkuríki. Ísland og Danmörk stóðu fyrir vinnustofu í NORDEFCO-varnarsamstarfinu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í mars. Viðskipti á milli Íslands og Danmerkur hvíla á sterkum grunni en til marks um það voru um 50 íslensk fyrirtæki og samtök hluti af viðskiptasendinefnd í tilefni heimsóknar forseta Íslands þangað. Sendiráðið hefur einnig, í samstarfi við Íslandsstofu, lagt áherslu á tengslamyndun fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki, meðal annars með þátttöku 40 fyrirtækja í TechBBQ-nýsköpunarviðburðinum.

Noregur er einn stærsti viðskiptamarkaður Íslands og gagnkvæmir hagsmunir meðal annars í viðskiptamálum, Evrópumálum, öryggis- og varnarmálum, utanríkispólitísku samstarfi og norðurslóðamálum. Íslandskynningar voru haldnar í Osló fyrir lykilaðila í norska ferðaiðnaðinum, auk þess sem íslensk fyrirtæki tóku þátt í Nýsköpunarviku Oslóar og ferðaþjónustusýningunni Antor Norway Press. Tíð samskipti eru milli ráðherra og embættismanna og í tengslum við loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins, sem norsk flugherinn sinnti í janúar 2024, kom yfirmaður hermála Noregs, Eirik Kristoffersen, í heimsókn til landsins og átti tvíhliða samráð með utanríkisráðuneytinu og kynnti sér aðstæður hér á landi.


Utanríkisráðherrar Íslands og **Svíþjóðar** áttu tvo tvíhliða fundi árið 2024. Sá fyrri var á hliðarlínunum óformlegs utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins í Prag í maí og sá seinni á Norðurlandaráðsþingi á Íslandi í lok október. Þar var rætt um sterk tvíhliða samskipti ríkjanna, svæðisbundið samstarf, málefni norðurslóða og stuðninginn við Úkraínu. Rík hefið er fyrir norrænu samstarfi í þróunarsamvinnu og hélt Svíþjóð fund norrænu þróunarsamvinnuráðherranna í Stokkhólmi í september 2024. Var hann liður í formennsku Svíþjóðar í norrænu samstarfi. Nýsköpun í þróunarsamvinnu, stuðningur við enduruppbyggingu Úkraínu, græn orkuskipti í þróunarríkjum og lýðræðisþróun í Austur-Evrópu voru meðal viðfangsefna. Viðskiptatengsl Íslands og Svíþjóðar hafa styrkst, þar sem útflutningur frá Íslandi til Svíþjóðar hefur tvöfaldast á síðustu fimm árum. Þrátt fyrir að sænski markaðurinn sé stærri, er útflutningur til Svíþjóðar minni en til Danmerkur og Noregs.

Öryggis- og varnarsamstarf Íslands og Finnlands jókst í kjölfar aðildar Finnlands að Atlantshafsbandalaginu en tengsl Finnlands og Eystrasaltsríkjanna eru einnig sterk, sem hefur meðal annars leitt til þess að samstarfið milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hefur aukist enn frekar. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fundaði með forseta Finnlands í Þýskalandi í októberlok þegar haldið var upp á afmæli Fellehsus í Berlín, þar sem sendiráð Norðurlandanna fimm hafa aðsetur. Íslenskir embættismenn sóttu fjölda funda í Finnlandi árið 2024, meðal annars vegna íslenskrar formennsku í Norðurlandaráði. Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands, heimsótti Eistland og Finnland, fundaði með forseta Finnlands og hlaut heiðursdoktorsnafnbót frá Háskólanum í Oulu. Íslensk fyrirtæki voru einnig sýnileg á finnskum markaði með þátttöku í Slush-tækniráðstefnunni og kynningum á vörum eins og Bioeffect og Collab.


Síðar á árinu fundaði þáverandi utanríkisráðherra óformlega með forsætisráðherra Litáen á Íslandi en umræðuefnin þar sneru að öryggis- og varnarmálum og samstarfinu í Atlantshafsbandalaginu.

Hlutdeild Norðurlandanna, þar með talið **Færeyja, Grænlands og Álandseyja**, var 16% af heildarútflutningi á vöru og þjónustu frá Íslandi árið 2023. Þetta er aukning frá árinu 2021, þegar hlutdeild Norðurlandanna var 13,9%. Vöruviðskiptin 2023 námu alls 415 milljörðum króna og þjónustuviðskipti 206 milljörðum króna. Undanfarinn áratug hafa Norðurlöndin verið á meðal helstu viðskiptalanda Íslands. Árið 2023 röðuðust Noregur og Danmörk í 5. og 8. sæti yfir stærstu viðskiptalöndin, en Svíþjóð var í 15. sæti. Norðurlöndin gegna því lykilhlutverki í utanríkisverslun Íslands.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Danmörku⁶




Vöru- og þjónustuviðskipti við Finnland⁶




6 Upphæðir í milljónum króna. / Tölur um þjónustuviðskipti frá 2024 eru bráðabirgðatölur frá Hagstofunni, sóttar 6.5.2025.


Vöru- og þjónustuviðskipti við Noreg⁶




Vöru- og þjónustuviðskipti við Svíþjóð⁶



Vöru- og þjónustuviðskipti við Grænland⁶



Vöru- og þjónustuviðskipti við Færeyjar⁶



Evrópusambandið og aðildarríki þess

Innri markaður Evrópu er mikilvægasta markaðssvæði Íslands og samskiptin við Evrópu-sambandið (ESB) veigamikill þáttur í utanríkis-málum Íslands. Ísland leitast við að eiga náið samstarf við stofnanir ESB og aðildarríki þess um sameiginlega stefnu sambandsins á sviði utan-ríkismála. Á grundvelli EES-samningsins tekur Ísland þátt í þvingunaraðgerðum ESB og tekur undir fjölda yfirlýsinga sambandsins á vettvangi alþjóðastofnana. Þáverandi utanríkisráðherra átti einnig fund með Josep Borrell, þáverandi utan-ríkismálastjóra Evrópusambandsins á ráðstefnu þess um öryggis- og varnarmál, Schuman Forum, í maí 2024. Formlegt og reglubundið samráð við Evrópusambandið (ESB) hefur verið sett á lagg-irnar og eftt en æðsti embættismaður utanríkis-þjónustu ESB, Stefano Sannino, átti fund með ráðuneytisstjóra sumarið 2024.⁷

Samstarfið við ESB hefur aukist verulega í varnar- og öryggismálum og nú er fundað reglulega um öryggis- og varnarmál. Schengen-samstarfið stuðlar að auknu öryggi og auðveldar á sama tíma ferðalög á milli aðildarríkja þess.⁸ Ísland á einnig reglulega tvíhliða samráðsfundi með ýmsum aðildarríkjum ESB.

Þýskaland hefur lengi verið traust samstarfs-ríki Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, í Evrópu og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í febrúar tók þáverandi utanríkisráðherra þátt í árlegri ráðstefnu um öryggismál í München í Þýskalandi, þar sem vaxandi áhyggjur af þróun alþjóðamála og mikilvægi áframhaldandi stuðn-ings við Úkraínu voru efst á baugi. Ráðuneytis-stjóri átti tvíhliða fundi með ráðuneytisstjóra varnarmálaráðuneytis Þýskalands á fyrri hluta ársins en á fundinum voru ræddir möguleikar á auknu samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála en það hefur farið vaxandi. Því til staðfestingar hefur staðgengill sendiherra Íslands í Berlín verið skipaður varnarmálafulltrúi gagnvart Þýskalandi. Á seinni hluta ársins fundaði ráðuneytisstjóri með forseta Þýskalands og tók þar þátt í hátíðar-dagskrá vegna afmælis Fellehus, sameiginlegs sendiráðsbústaðar Norðurlandanna í Þýskalandi. Á fundinum með forsetanum var farið yfir tvíhliða samband ríkjanna, orku og loftslagsmál, jafn-réttismál, málefni Úkraínu og stöðuna fyrir botni Miðjarðarhafs, svo fátt eitt sé nefnt.

Reglubundið samráð við **Frakkland** á sviði Evrópusamvinnu og efnahags- og alþjóðapólit-ískra málefna fór fram í Reykjavík í júní og á sviði öryggis- og varnarmála í París í desember en þá var Atlantshafsherstjórn Frakklands í Brest einnig heimsótt. Skip franska sjóhersins koma reglulega í hafnarheimsóknir til Íslands og eru virkir þátt-takendur í varnaræfingum og eftirlitsaðgerðum á hafsvæðinu í kringum Ísland. Þá er sendiráðið í París jafnframt sendiráð gagnvart **Spáni** en fyrsta tvíhliða samráðið við Spán fór fram í nóvember síðastliðnum. Umræðuefnin voru meðal annars sterk tengsl vegna fjölda Íslendinga búsettra á Spáni, viðskiptatengsl, möguleikar á samstarfi í öryggis- og varnarmálum og orkumálum. Spánn er með aðalræðismann á Íslandi en Ísland hefur tíu kjöræðismenn á Spáni. Unnið er að opnun sendiráðs á Spáni.

Sendiráðið í Varsjá hefur aukið umsvif sín umtalsvert undanfarið en **Úkraína** er eitt af umdæmisríkjum þess. Þá gegnir **Pólland** lykil-hlutverki í bæði Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu og leiðir ráðherraráð þess síðarnefnda á fyrri hluta árs 2025. Þá hafa pólskar flugsveitir tekið þátt í loftrýmisgæslu við Ísland. Í júní 2024 fundaði þáverandi utanríkisráðherra með pólskum kollega sínum þar sem helst var rætt um málefni Úkraínu.


Í október tók þáverandi utanríkisráðherra þátt í Warsaw Security Forum, alþjóðlegri ráðstefnu um öryggismál sem haldin er árlega í Varsjá í Póllandi. Ráðherra sat í pallborði um öryggi og varnir í Evrópu og lagði í innleggi sínu áherslu á aukinn varnarviðbúnað og áframhaldandi stuðning við Úkraínu, ekki síst til að standa vörð um alþjóðalög og þau gildi sem hafa tryggt hagsæld, frið og öryggi í álfunni. Þá tók ráðherra þátt í morgunverðarfundi kvenna í öryggismálum og undirstrikaði þar mikilvægi virkrar þátttöku kvenna í stefnumótun og aðgerðum í öryggis- og varnarmálum.

Viðskipti við Pólland hafa líka aukist jafnt og þétt, eins og sést á meðfylgjandi tölum, en árið 2024 nam útflutningur til Póllands nærri 23 millj-örðum króna. Á sama tíma var innflutningur frá Póllandi að verðmæti tæpir 33 milljarðar króna.


7 Fjallað er um þvingunaraðgerðir í kaflanum Stuðningur Íslands við Úkraínu á bls. 12, útflutningseftirlit á bls. 59 og Evrópska efnahagssvæðið á bls. 84.

8 Fjallað er um Schengen-samstarfið á bls. 86.


Vöru- og þjónustuviðskipti við Þýskaland⁶




Vöru- og þjónustuviðskipti við Frakkland⁶




Vöru- og þjónustuviðskipti við Spán⁶



Vöru- og þjónustuviðskipti við Pólland⁶



Vöru- og þjónustuviðskipti við Úkraínu⁶




Bandaríkin

80 ára afmæli stjórnmálasambands Bandaríkjanna við Ísland var fagnað árið 2024. Þau voru fyrst til að viðurkenna fullveldisyfirlýsingu Íslands og hefur samstarf ríkjanna vaxið og dafnað æ síðan, ekki síst á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu. Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins fór einmitt fram í Washington á 75 ára afmæli bandalagsins.

Samstarf í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á undanförunum árum vegna aukinna áskorana í öryggisumhverfinu og í byrjun árs tók

sérstakur varnarmálafulltrúi til starfa í sendiráði Íslands í Washington. Árlegt tvíhliða samráð um öryggis- og varnarmál fór fram á Íslandi í maí og var aukin varnarsamvinna, stuðningur við Úkraínu, Mið-Austurlönd og öryggi á norðurslóðum í brennidepli.⁹ Utanríkisráðherra fundaði í tvígang með Kurt Campbell, varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, og voru málefni Indó-Kyrrahafssvæðisins, tækni, nýsköpun og tvíhliða samskipti efst á baugi. Ráðherra fundaði einnig með þingmönnum í Íslandsvinahópi fulltrúadeildar Bandaríkjaþings sem stofnsettur var 2023 og formönnum hans, Chellie Pingree frá Maine og Greg Murphy frá Norður-Karólínu.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bandaríkin⁶



Reglubundið samráð um efnahagsmál, sem fór fram í Washington í apríl, er vettvangur til að skiptast á upplýsingum, skilgreina sameiginlega hagsmuni og efla tvíhliða samskipti á þessu sviði. Bandaríkin eru áherslusvæði í útflutningsstefnu Íslands og snemma árs hóf viðskiptafulltrúi á vegum sendiráðsins og Íslandsstofu störf í New York. Eimskip fluttu höfuðstöðvar sínar í Bandaríkjunum til Portland árið 2013. Starfsemin hefur skipt sköpum við að efla tengsl á fjölmörgum sviðum sem áhugi er á að styrkja enn frekar.

Sendiráðið hefur undanfarin ár unnið að því að efla tengsl við fulltrúa á Bandaríkjaþingi og starfsfólk þeirra. Slík tengsl hafa þjónað hagsmunum Íslands og má þar nefna frumvörp í fulltrúa- og öldungadeild sem lögð voru fram á yfirstandandi þingi um að heimila útgáfu E1 og E2 vegabréfsáritana fyrir íslenska fjárfesta og viðskiptaaðila. Sendiráðið hefur jafnframt unnið að því undanfarin misseri að efla tengsl og samstarf við einstök ríki Bandaríkjanna og verður sú vinna áfram í forgrunni.

⁹ Frekar er fjallað um varnarsamstarfið við Bandaríkin á bls. 52.

Sendiráðið hefur markvisst unnið að því að koma íslenskum orku- og loftslagslausnum á framfæri og í febrúar 2024 var komið á samráði háttsettra embættismanna um orkumál. Eftir var til ráðstefnu um orkuskipti og sjálfbæra auðlindanýtingu í Colorado með öflugri þátttöku frá Íslandi og grunnur lagður að samstarfi við fleiri ríki í vesturhluta Bandaríkjanna. Áfanga var náð þegar þáverandi orkumálaráðherra Bandaríkjanna, og þáverandi umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra Íslands, ýttu úr vör samstarfi ríkjanna í orku- og loftslagsmálum.

Bretland

Líkt og undanfarin ár hefur samstarf á sviði öryggis- og varnarmála verið áberandi í starfsemi ríkjanna tveggja, ekki síst í tengslum við þátttöku Íslands í Sameiginlegu viðbragðssveitinni (Joint Expeditionary Force, JEF) sem Bretland leiðir.¹⁰ Síðastliðið sumar sóttu leiðtogar 44 Evrópuríkja fund hins pólitíska bandalags Evrópuríkja (European Political Community, EPC) sem haldinn var í Blenheim-höll í júlí en öryggismál voru þar í brennidepli. Þáverandi forsætisráðherra sótti fundinn fyrir hönd Íslands.

Forseti Alþingis fundaði um vorið með forsetum beggja deilda breska þingsins þar sem sterk tengsl ríkjanna voru rædd. Í lok maí opnaði þáverandi fjármálaráðherra fyrir viðskipti á verðbréfamarkaðnum í London en hann var staddur í Bretlandi til að kynna útgáfu grænna ríkisskuldabréfa. Í nóvember tók þáverandi utanríkisráðherra þátt í hringborðsumræðum um öryggisáskoranir

á norðurslóðum ásamt því að funda með tveimur breskum ráðherrum, Evrópumálaráðherra Bretlands og varnarmálaráðherra Bretlands.


Skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu sótti Bretland heim í mars og átti þar tvíhliða samráð við bresk hermálafirvöld, þar á meðal sjó- og flugher Bretlands. Grannríkjasamráð við Breta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirrar miklu getu sem Bretland býr yfir og víðtækra sameiginlegra hagsmuna ríkjanna.

Sameiginleg nefnd fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna í EES við Bretland fundaði í London í desember á árlegum fundi sínum, þar sem meðal annars var staðfest gagnkvæm viðurkenning Íslands og Bretlands á afurðaheimum. Með þessu var sérstaða íslenska lambsins staðfest og því veitt vernd sem íslenskt afurðaheiti. Árið 2024 fóru fram fjárfundir í undirnefndum samningsins um heilbrigðismál, vöruviðskipti og tollamál, sem og þjónustuviðskipti, fjárfestingar og viðurkenningu starfsréttinda.

Árlegur fundur nefndar um aðskilnaðarsamninginn var haldinn í London í júní. Þá var nefnd um almannatryggingasamninginn stofnuð í apríl og hafa fulltrúar ríkjanna hist á fjárfundum.

Utanríkisráðuneytið vinnur eftir sem áður í góðu samstarfi við önnur ráðuneyti og stofnanir sem koma að framfylgd samninganna, þar á meðal félags- og húsnæðismálaráðuneytið, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið, Matvælastofnun, Skattinn, Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bretland⁶



¹⁰ Nánar er fjallað um JEF samstarfið í kaflanum Sameiginlega viðbragðssveitin á bls. 55.

Helstu samningar Íslands, Noregs og Liechtenstein sem gerðir voru við Bretland eftir útgöngu Bretlands úr ESB og þar með af EES-svæðinu

Aðskilnaðarsamningurinn: Í gildi frá 1. janúar 2021. Samningurinn tryggir Íslendingum sem bjuggu í Bretlandi við útgöngu landsins úr ESB áframhaldandi réttindi. Einnig nær samningurinn til Breta sem búsettir voru á Íslandi fyrir upphaf árs 2021.

Fríverslunarsamningurinn: Í gildi frá 1. febrúar 2023 (beitt til bráðabirgða frá september 2022). Markmið samningsins er að tryggja eins náin viðskiptatengsl og unnt er. Samningurinn kveður meðal annars á um markaðsaðgang fyrir vörur og þjónustu, fjármagnsflutninga og fjárfestingar, opinber innkaup, hugverkaréttindi, samkeppni, stafræn viðskipti, samstarf um reglusetningu og viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Samningur um almannatryggingar: Í gildi frá 1. janúar 2024. Miðar að því að tryggja Íslendingum sem ferðast eða flytjast til Bretlands réttindi á sviði lífeyris- og sjúkratrygginga. Samningurinn tryggir meðal annars viðurkenningu í Bretlandi á evrópskum sjúkratryggingakortum.

viðskiptajöfnuðurinn því talsvert hagstæðari. Útflutningur til Kína er að langstærstum hluta í formi sjávarafurða og hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Útflutningsverðmæti nam tæplega 20 milljörðum kr. árið 2023. Innflutningur frá Kína er þeim mun umfangsmeiri og fjölbreyttari. Ísland var fyrsta ríki Evrópu til að gera tvíhliða fríverslunarsamning við Kína en viðskiptin eru þó takmörkuð í samanburði við mörg okkar helstu samstarfsríki.

Í tilefni tíu ára afmælis fríverslunarsamningsins sótti skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu Peking heim í desember. Þar átti hann samtöl við fulltrúa viðskiptaráðuneytis Kína um framkvæmd samningsins og reynsluna af honum. Hafa bæði viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og sendiráðið í Peking átt samskipti við íslensk fyrirtæki í viðskiptum við Kína, til að kanna reynslu þeirra af samningnum og hvort þörf sé á breytingum eða uppfærslu á honum.


Íslensk stjórnvöld hafa aðstoðað fyrirtæki við að greiða úr vandamálum við innflutning til Kína og átt samtöl við kínversk tollfyrirvöld um þá hnökra sem komið hafa upp við skráningar á vörum. Einnig á utanríkisráðuneytið í góðu samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið og Matvælastofnun, auk fulltrúa íslenskra útflytjenda. Í upphafi árs hélt viðskiptafulltrúi sendiráðsins í Peking sérstaka kynningu á kínverska tollskráningarkerfinu fyrir íslensk fyrirtæki. Talsvert hefur verið um heimsóknir frá Kína til Íslands til þess að kynna sér jarðhitanotkun og hefur sendiráðið aðstoðað við tengslamyndun á því sviði, en þess ber einnig að geta að alþjóðlega jarðvarmapingið fór fram í Kína 2023 og virðist því sem þátttaka helstu orku-fyrirtækja Íslands þar hafi skilað góðum árangri.

Ísland hefur því ásamt öðrum ríkjum hvatt Kína til að taka afgerandi afstöðu með alþjóðalögum, ekki síst hvað varðar allsherjarinnrás Rússlands

Kína

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína fagnaði tíu ára afmæli sínu þann 1. júlí á síðasta ári. Viðskipti á milli ríkjanna hafa rúmlega tvöfaldast á þessum tíu árum, þó enn megi leggja meiri áherslu á markaðssetningu og stuðning við íslenskan útflutning til Kína, enda

Vöru- og þjónustuviðskipti við Kína⁶



í Úkraínu og á sama tíma viðhaldið jákvæðum samskiptum á öðrum sviðum, þar með talið viðskipta og jarðhitasamstarfs.

Strumur ferðamanna frá Kína til Íslands hefur aftur náð sér á strik eftir heimsfaraldurinn. Rúmlega 100 þúsund Kínverjar sóttu Ísland heim 2024, sem er álíka því sem var mest fyrir faraldurinn og búist er við frekari aukningu á komandi ári.

Indland

Mikilvægir áfangar náðust í samskiptum Íslands og Indlands á síðasta ári og ber þar án efa hæst undirritun fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna við Indland. Samningurinn var undirritaður þann 24. mars af þáverandi utanríkisráðherra en reiknað er með fullgildingu samningsins af Íslands hálfu fyrir mitt ár 2025. Samningurinn kemur til framkvæmda þegar öll ríkin hafa tilkynnt um fullgildingu samningsins. Staða Indlands hefur tekið hröðum breytingum undanfarin ár. Indland er í dag fimmta stærsta hagkerfi veraldar og má fastlega gera ráð fyrir að það yfirtaki næstu ríki á komandi árum. Hagvöxtur er sá mesti í ríkjum sem eru gjarnan nefnd „Emerging Markets“.

Indverskum ferðamönnum til Íslands fjölgaði mikið 2024 en um tíu þúsund ferðamenn komu þá frá Indlandi og er því unnið að styrkingu starfsemi


áritunardeildar sendiráðsins. Mikil von er bundin við þennan vöxt en unnið er að gerð tillagna um aukna markaðssetningu á Indlandi á næsta ári í samstarfi við Íslandsstofu og umboðsfyrirtæki Icelandair á Indlandi.

Önnur verkefni sem mikilvægt er að nefna er samstarf ríkjanna á sviði orku- og loftslagsmála. Um er að ræða tvö verkefni sem eru bæði í Himalajafjallgarðinum, annað í Puga, Ladakh og hitt í Kinnaur, Himachal Pradesh. Það fyrra snýr að borunum eftir háhita til raforkuframleiðslu og hitt um lághitanýtingu til þurrkunar og kælingar á eplum, en verkefnið er í eigu Geotrophy og naut í upphafi stuðnings Heimsmarkmiðasjóðs utanríkisráðuneytisins. Bæði verkefnin njóta velvildar indverskra yfirvalda.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystra-saltsríkjanna voru sérstakir gestir indverskra stjórnvalda á Raisina Dialogue-ráðstefnunni í Nýju Delí 21.–23. febrúar 2024. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sótti ráðstefnuna fyrir Íslands hönd og tók meðal annars þátt í pallborðsumræðu um áhrif síbreytilegs alþjóðapolítíks landslags, loftslagsbreytinga og tækniþróunar á aðfangakeðjur.

Þáverandi sendiherra heimsótti Nepal í júní 2024 og átti fundi með International Centre for Integrated Mountain Development (ICIMOD).

Vöru- og þjónustuviðskipti við Indland⁶



Japan

Japan er eitt helsta samstarfsríki Íslands í Asíu. Ísland tekur þátt í heimssýningunni í Osaka 2025 og verður þar hluti af norræna skálanum. Reiknað er með því að nærri þrjátíu milljónir gesta eigi eftir að heimsækja sýninguna. Sendiráðið hefur unnið að undirbúningi viðburða á næsta ári í tengslum við heimssýninguna í samstarfi við Íslandsstofu og utanríkisráðuneytið en þjóðardagur Íslands á sýningunni verður 29. maí.


Enn hefur lítið gengið að fá japönsk stjórnvöld til viðræðna um fríverslunarsamning en Japansmarkaður er sérlega mikilvægur fyrir frosnar sjávarafurðir. Hátæknivörur eru einnig mikilvægur hluti viðskipta við Japan en stefna íslenskra stjórnvalda hefur verið að byggja upp tengsl á því sviði. Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna tók fyrrum orkumálastjóri Íslands þátt í sérstökum viðburði í sendiráðinu með japönskum

konum og konum af ýmsu þjóðerni um jafnréttismál auk þess að eiga fundi með lykilaðilum í orkumálum.


Stjórnmalasamráð landanna tveggja fór fram á Íslandi í lok júní en Japan er náið samstarfsríki Atlantshafsbandalagsins og sameiginlegir hagsmunir talsverðir. Tvíhliða samskipti, fjölbjóðleg samvinna og alþjóðamál voru efst á baugi, einkum allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu, staðan fyrir botni Miðjarðarhafs og ástandið á Indó-Kyrrahafssvæðinu. Sérstaklega var komið inn á efnahags- og viðskiptamál á fundinum.

Shinako Tsuchiya, þáverandi ráðherra enduruppbyggingar, heimsótti Ísland í júlí en til umræðu var samstarf þjóðþinganna, jafnréttismál, jarðhræringar á Reykjanesskaga og staðan í Grindavík. Tsuchiya, sem er formaður vinahóps Íslands á japanska þinginu, hitti forseta Alþingis, heimsótti Vigdísí Finnbogadóttur, fékk kynningu hjá Almannavörnum og heimsótti Grindavík, enda var hún ábyrg fyrir enduruppbyggingu Tohoku-svæðisins sem fór mjög illa út úr jarðskjálftanum mikla árið 2011.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Japan⁶



Vöru- og þjónustuviðskipti við Kanada⁶



Kanada

Kanada og Ísland áttu pólitískt samráð í annað sinn í Ottawa í byrjun árs 2024. Sneri það meðal annars að öryggis- og varnarmálum, viðskiptum, samstarfi á alþjóðavettvangi og vísindasamstarfi.

Öryggis- og varnarmál hafa fengið aukið vægi í öllum samskiptum undanfarna mánuði og eru samskipti við Kanada þar ekki undanskilin. Sendiráð Íslands í Kanada stóð í fyrra fyrir málþingi í Ottawa um öryggis- og varnarmál á norðurslóðum en á meðal þátttakenda voru fulltrúar frá strandgæslum ríkjanna og varnarmála-, utanríkis- og sjávarútvegsráðuneytum Kanada. Þá

tók utanríkisráðherra Kanada á móti utanríkisráðherrum Norðurlandanna í september síðastliðnum til að ræða málefni norðurslóða (Canada-Nordic Strategic Dialogue) og aukið samstarf milli ríkjanna.

Í viðskiptatengslum er lögð áhersla á bláa hagkerfið, endurnýjanlega orku, tækni og nýsköpun og samvinnu við norðurhéruð Kanada. Þá hafa kanadísk fyrirtæki heimsótt Ísland og tóku meðal annars þátt í Nýsköpunarviku í maí 2024. Sendiráðið hefur einnig staðið fyrir viðburðum til þess að kynna íslenska sérþekkingu, meðal annars á sviði kolefnisföngunar,

endurnýjanlegrar orku, sjávarútvegs og sjávar-tækni, heilsugæslu og tvínota tækni í varnar-málum víðsvegar um Kanada.

1.10 Þjóðréttarmál

Samkvæmt stjórnarskrá og forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna fer utanríkisráðherra með fyrirvar samningagerðar á alþjóðavettvangi. Fullgilding, staðfesting eða samþykkt slíkra samninga, auk frágangs þeirra til birtingar, er eitt af grunnverkefnum ráðuneytisins. Samráð um alþjóðalög, alþjóðlega dómstóla og úrlausnar-aðila eru viðvarandi verkefni utanríkisráðuneytisins í samstarfi við önnur ríki og á vettvangi alþjóðastofnana. Utanríkisráðuneytið fer með hagsmunagæslu Íslands á vettvangi hafréttarmála, meðal annars fyrirvar í alþjóðlegum samningaviðræðum, landgrunnsmálum og varðandi sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins í samræmi við fjórtánda heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ísland leggur áherslu á staðbundið eða svæðisbundið samráð og ákvarðanatöku þegar kemur að málefnum hafsins.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Eitt af meginmarkmiðum alþjóðakerfis ríkja er að standa í vegi fyrir að alvarlegustu glæpir mannkyns séu framdir í skjóli refsileysis. Á öllum ríkjum hvílir sú ábyrgð að sækja þá sem fremja alþjóðaglæpi til saka, en Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefur það hlutverk að skerast í leikinn þegar ríki skortir vilja eða getu til að rækta þá skyldu sína. Ísland hefur ávallt beitt rödd sinni á alþjóðavettvangi til að styðja við dómstóllinn og hafa íslensk stjórnvöld verið ötull bakhjarl hans allt frá stofnun hans. Í harðnandi heimsmynd þar sem útbreiðsla vopnaðra átaka fer vaxandi verður hlutverk dómstólsins enn mikilvægara. Jafnframt stendur dómstóllinn frammi fyrir utanaðkomandi ógnum af hálfu ríkja og aðila sem vilja hindra starfsemi hans.

Ísland er í hópi vinaríkja dómstólsins sem beita sér sameiginlega fyrir því að varðveita og styrkja stöðu hans. Nýlega greiddu íslensk stjórnvöld óeyrnamerkt 30 milljóna króna viðbótarframlag til dómstólsins. Þá hefur Ísland einnig haldið áfram að greiða í styrktarsjóð þolenda alþjóðaglæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins (Trust Fund for Victims). Sjóðurinn styrkir einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem hafa orðið fórnarlömb glæpa

gegn mannúð og stríðsglæpa. Sjóðurinn hefur lagt sérstaka áherslu á stuðning við þolendur kynferðisofbeldis og kynbundins ofbeldis.

Árið 2025 fer fram endurskoðunarráðstefna Rómarsamþykktarinnar þar sem fjallað verður um svonefndar Kampala-breytingar sem færðu dómstólnum takmarkaða lögsögu yfir glæpum gegn friði. Ísland er meðal þeirra ríkja sem tala fyrir því að styrkja lögsögu dómstólsins til þess að tryggja að hann geti sinnt hlutverki sínu að fullu.

Sameiginlegur málarekstur fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag

Alþjóðadómstóllinn í Haag er æðsti dómstóll alþjóðakerfisins sem hefur það hlutverk að skera úr um þjóðréttarlegan ágreining milli ríkja og að skýra ákvæði alþjóðalaga. Vorið 2023 ákvað allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að leita ráðgefandi álits Alþjóðadómstólsins um lagalegar skyldur ríkja til að bregðast við loftslagsbreytingum og þáðu tugir ríkja og alþjóðastofnana boð dómsins um að gera grein fyrir afstöðu sinni til umfjöllunarefnisins.

Á vettvangi Norðurlandanna var ákveðið að koma sjónarmiðum ríkjanna á framfæri við dómstóllinn í sameiningu á öllum stigum málsins. Sameiginleg greinargerð var send inn til dómstólsins á vordögum 2024 og þann 5. desember 2024 fór fram samnorrænn málflutningur.

Þátttaka Íslands í málinu var eigi að síður söguleg, enda í fyrsta skipti sem íslensk stjórnvöld taka þátt í málarekstri fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag, en Ísland byggir utanríkisstefnu sína á að virðing sé borin fyrir alþjóðalögum og gegna sjálfstæðir alþjóðlegir dómstólar mikilvægu hlutverki í þeim efnum.

Þátttaka í dómsmálum fyrir EFTA-dómstólnum

EFTA-dómstóllinn gegnir mikilvægu hlutverki við að skýra ákvæði EES-samningsins og skera úr um þegar Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur að EFTA-ríkin innan EES (Ísland, Liechtenstein og Noregur) hafi farið á svig við skuldbindingar sínar.

Á árinu 2024 kom Ísland að rekstri 24 mála fyrir dómstólnum og voru fjögur þeirra til komin að beiðni innlendra dómstóla EFTA-ríkjanna um



| Frá samnorrænum málflutningi við Alþjóðadómstólinn í Haag.

ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. Sérstaklega má nefna þátttöku Íslands í máli E-12/23 milli norska flugfélagsins Norwegian og norska ríkisins þar sem málsaðila greindi á um hvernig mætti standa skil á losunarheimildum þegar kæmi til endurskipulagningar eða gjaldþrots félags. Í máli E-8/24 deildu norska lagareldisfyrirtækið Nordsjø Fjordbruk og norska ríkið um heimild innlendrar stjórnvalda til að beita varúðarráðstöfunum sem ætlað er að stjórna sjúkdómahættu í lagareldi. Íslensk stjórnvöld töluðu þar máli þess að EES-ríki hafi ríkar heimildir til að setja ráðstafanir sem ætlað er að fyrirbyggja útbreiðslu dýrasjúkdóma, svo sem með því að takmarka flutning á lifandi fiski milli eldisstöðva. Í máli E-15/24 var EFTA-dómstóllinn beðinn um að veita álit sitt á því hvort ákvæði norskra barnalaga sem takmarka getu annars forsjáforeldris til að flytja með barn til annars ríkis án samþykkis hins foreldrisins samræmist rétti til frjálsrar farar innan EES. Málflutningur íslenskra stjórnvalda var á þann veg að takmarkanir af þessu tagi væru nauðsynlegar svo ríki gæti rækt skyldu sína til að tryggja að gætt sé að hagsmunum barnsins.

ESA höfðaði einnig 17 samningsbrotamál gegn Íslandi á árinu, í flestum tilvikum vegna þess að íslensk stjórnvöld innleiddu ekki í íslensk lög gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, með þeim hætti sem samningurinn kveður á um.

Þátttaka í dómsmálum fyrir dómstól Evrópusambandsins

Tveggja stöða kerfi EES-samningsins felur tveimur dómstólum það hlutverk að skýra ákvæði hans. Fyrir EFTA-ríkin er það EFTA-dómstóllinn en fyrir aðildarríki Evrópusambandsins er það dómstóll Evrópusambandsins. Fyrir vikið hafa EES-ríki rétt til þess að taka þátt í málum fyrir báðum dómstólum og íslensk

stjórnvöld nýta þennan rétt þegar Ísland hefur hagsmuni af einstökum málum fyrir dómstóli Evrópusambandsins.

Á árinu 2024 steig Ísland ásamt Noregi inn í mál C-482/23 sem framkvæmdastjórn ESB hefur höfðað gegn Danmörku þar sem tekist er á um heimild ríkis til að útfæra hámarks lengd tíma-bundinna gestaflutninga erlendra rútufyrirtækja innan annars EES-ríkis. Íslensk stjórnvöld hafa einnig stefnt sér inn í mál T-8/24 Meta Platforms Ireland gegn Evrópska persónuverndarráðinu, en Meta sækist þar eftir því að ógilda ákvörðun ráðsins sem varðaði vinnslu fyrirtækisins á persónuupplýsingum fyrir atferlismiðaðar auglýsingar.

Íslensk stjórnvöld hafa um árábil tekið þátt í málarekstri vegna skráningar hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins sem Iceland Foods Ltd. fékk árið 2014 á orðmerkinu „Iceland“. Árið 2022 tók áfrýjunarnefnd stofnunarinnar ákvörðun um að ógilda skráninguna og í kjölfar þess höfðaði Iceland Foods mál fyrir Almenna dómstól Evrópusambandsins um að fella þá ákvörðun úr gildi. Í október 2024 fór fram munnlegur málflutningur í málinu og tóku íslensk stjórnvöld í samstarfi við Íslandsstofu og Samtök atvinnulífsins þátt í málarekstrinum til stuðnings Hugverkastofu Evrópusambandsins. Búist er við að dómur liggi fyrir í málinu á árinu 2025.

Samningar við erlend ríki

Á árinu 2024 hefur Ísland fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðili að eftirfarandi þjóðréttarsamningum:


- Samningur milli Íslands og Evrópusambandsins um viðbótarreglur í tengslum við fjármögnunarleiðina til fjárstuðnings við landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum, sem hluta af sjóðnum fyrir samþætta landamærastjórnun fyrir tímabilið 2021 til 2027.

- Sameiginleg bókun um fiskveiðiviðræður milli Íslands og Grænlands varðandi aðgang til makrílveiða á Norðaustur-Atlantshafi.
- Breytingar á 1. gr. og 12.1. gr. á stofnsamningi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.
- Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Moldóvu.
- Rammasamkomulag milli Íslands og Grænlands um verndun loðnustofnsins og stjórnun veiða úr honum.
- Samningur milli Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, Noregs og Íslands um aðild Noregs og Íslands að loftferðasamningi Bandaríkjanna og Evrópusambandsins.
- Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands í kjölfar aðildar Króatíu að Evrópusambandinu.
- Alþjóðasamningur varðandi samstarf um öryggi flugleiðsögu, Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol), ásamt bókunum.
- Marghliða samningur um leiðarflugsgjöld.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Antígva og Barbúda.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Barbados.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Dóminíska lýðveldisins.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Indlands.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Kúveit.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Seychelles-eyja.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Sameinuðu arabísku furstadæmanna.
- Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands um tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir íslenskar sjávarafurðir inn á markað ESB fyrir tímabilið maí 2021–apríl 2028.
- Ákvörðun nr. 1/2023 um breytingu á aðskilnaðarsamningi Íslands, Liechtenstein og Noregs við Bretland.
- Félagsmálasáttmáli Evrópu (endurskoðaður).
- Samningur milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES fyrir tímabilið maí 2021 til apríl 2028.
- Tvíhliða samningur við Úkraínu um öryggissamstarf og langtímastuðning.


Sumir af framangreindum þjóðréttarsamningum hafa öðlast gildi eða gera það á árinu 2025. Tvíhliða samningar milli ríkja öðlast yfirleitt gildi þegar báðir aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið. Er því í einhverjum tilvikum beðið eftir að gagnaðili tilkynni um lok sinnar málsmeðferðar til að samningarnir öðlist gildi.

Þá ber að nefna að utanríkisráðuneytið vinnur nú sem endranær, ásamt öðrum ráðuneytum, að fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild að ýmsum samningum við erlend ríki og alþjóðastofnanir. Utanríkisráðuneytið sendir reglulega til birtingar í Stjórnartíðindum þá þjóðréttarsamninga sem fullgiltir eru og hefur frá 2007 birt samhliða á heimasíðu ráðuneytisins heildstæða samningaskrá með leitanlegu yfirliti en síðan er uppfærð reglulega.

Heimshluti samningsaðila 2024



Alþjóðasamningar 2024



² Öryggis- og varnarmál

Af vettvangi varnaræfingar Íslands og Bandaríkjanna, Norður-Víkingi 2024,
sem fram fór hér á landi um mánaðarmótin ágúst-september.



2.1 Áherslur Íslands

Í ljósi herleysis og fámennis verða varnir Íslands, öryggi og fullveldi einungis tryggð með virku samstarfi og samningum við önnur ríki og innan alþjóðastofnana. Þar eru aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningurinn við Bandaríkin grunnstoðir en svæðisbundið varnarsamstarf skipar einnig mikilvægan og vaxandi sess, einkum norrænt varnarsamstarf. Með virkri þátttöku í varnarsamstarfi er hagsmuna Íslands gætt og sameiginlegar varnar-skuldbindingar áréttaðar, sem er mikilvægasti liðurinn í fælingar- og varnarstefnu Íslands. Þá er áframhaldandi stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu forgangsmál til að tryggja öryggi, varnir og velsæld Evrópu og bandalagsríkja, þar á meðal Íslands.

Meðal helstu verkefna utanríkisráðuneytisins á sviði öryggis- og varnarmála á árinu 2024 voru hefðbundin þátttaka í störfum Atlantshafsbandalagsins, stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu og þátttaka í svæðisbundnu varnarsamstarfi, svo sem á vettvangi norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO) og Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF). Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna hefur verið eftt með nánara samráði og aukinni viðveru og framkvæmdum. Unnið var að því að efla samstarf við Evrópusambandið og helstu grannríki um öryggisþólitísk og varnartengd málefni og styrkja samstarf norðurskautsríkjanna sjö, utan Rússlands, um öryggismál á norðurslóðum. Þá var unnið að eflingu netöryggis og áfallapóls gagnvart bæði hefðbundnum hernaðarógnum og fjölþáttaógnum. Markvisst hefur verið unnið að því að efla innlendan viðbúnað og varnir, ekki síst með auknu samstarfi lykilstofnana heima fyrir og þekkingaruppbýggingu í málaflokknum.

Vörður í varnarmálum

- 2,4



2,4 milljarðar fóru í varnartengdan stuðning við Úkraínu og þátttöku í þjálfunarverkefnum.
- 14



14 útsendir borgaralegir sérfræðingar á sviði öryggis- og varnarmála, átta konur og sex karlar.
- 50



50 nemendur útskrifaðir af námskeiði utanríkis- og dómsmálaráðuneytisins um öryggis- og varnarmál.

2.2 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi


Loftrýmisgæsla

Reglubundinni loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland er ætlað að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins með kerfisbundnu rauntímaeftirliti og auðkenningu loftfara. Loftrýmisgæslan fer að jafnaði fram þrisvar á ári og er sinnt af Atlantshafsbandalaginu með flug-sveitum frá aðildarríkjum bandalagsins. Í byrjun árs 2024 komu Norðmenn með fjórar F-35 orustubotur og rúmlega hundrað liðsmenn. Bandaríski flugherinn fylgdi á eftir í júní og þá kom breski flugherinn með fjórar F-35 orustubotur til landsins í ágúst.



Bandaríski flugherinn sinnti loftrýmisgæslu í júní með fjórum F-15 herþotum.

Loftrýmisgæsla við Ísland 2009-2024



Varnaráætlanir og æfingar

Ráðist hefur verið í uppfærslu á varnaráætlunum fyrir Ísland, með þátttöku lykilstofnana og ráðuneyta, og þær tengdar með skýrum hætti inn í áætlanir Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna. Áætlanagerð og æfingar eru mikilvægur liður í að meta og prófa nauðsynlegan varnarviðbúnað á Íslandi fyrir stjórnvöld, Atlantshafsbandalagið og aðildarríki þess og Bandaríkin. Lögð hefur verið áhersla á virka þátttöku stofnana og viðbragðsaðila í þessari vinnu og sviðsmyndir úr áætlunum hafa verið prófaðar á skrifborðsæfingum og á varnaræfingunni Norður-Víkingi 2024.

Þátttaka Íslands í varnaræfingum, bæði vegna hefðbundinna hernaðarógnna og fjölþáttaógnna, hefur verið aukin. Leitast hefur verið við að tengja betur íslenska viðbragðsaðila og stofnanir inn í þær æfingar þar sem það á við. Unnið hefur verið að því að fjölga æfingum á Íslandi og í nágrenni landsins, enda eru þær mikilvægur liður í fælingarstefnu og árétta getu og vilja samstarfsríkja til að bregðast við þegar á reynir.

Tvíhliða varnaræfing Íslands og Bandaríkjanna, Norður-Víkingur, fór fram hér á landi og á hafsvæðinu kringum landið um mánaðamótin ágúst-september.¹¹

Northern Challenge, árleg æfing sprengjusérfræðinga, var haldin á Íslandi um mánaðamótin september-október. Um er að ræða alþjóðlega æfingu Atlantshafsbandalagsins sem séraðgerðasveit Landhelgisgæslunnar annast og skipuleggur. Sprengjusérfræðingar frá sautján ríkjum æfðu viðbrögð við atvikum sem kunna að koma upp en á æfingunni er líkt eftir sprengjum sem fundist hafa víða um heim og þurfa þátttakendur að meðhöndla þær og aftengja. Var þetta í tuttugasta og þriðja sinn sem Northern Challenge er haldin hér á landi en hún hefur skipað sér sess sem ein mikilvægasta æfing sprengjusérfræðinga úr röðum bandalagsríkja.

Önnur viðvera erlends liðsafla

Bandaríski sjóherinn hefur frá 2014 haft aðstöðu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli til eftirlits með umferð kafbáta og herskipa um Norður-Atlantshafið og til þátttöku í æfingum. Eftirlitsflugvélar frá kanadíska og breska flughernum taka einnig þátt í verkefninu. Liðsmenn bandaríska sjóhersins sem sinna þessu verkefni eru

bróðurparturinn af þeim liðsafla sem hér dvelur, en á heildina litið var dagleg viðvera erlends liðsafla á árinu 2024 mjög sambærileg því sem verið hefur undanfarin ár, og var að meðaltali rúmlega 260 einstaklingar dag hvern.

Herstjórnir Atlantshafsbandalagsins voru með aukinn viðbúnað á Norður-Atlantshafinu, í lofti og á sjó, annars vegar í júlí vegna leiðtogafundar bandalagsins í Washington og hins vegar vegna æfinga Rússa á svæðinu í september. Verkefnin voru framkvæmd í samvinnu stjórnstöðva bandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, í Evrópu og Norður-Ameríku. Á Keflavíkurflugvelli voru staðsettar eftirlitsflugvélar frá Frakklandi, Ítalíu og Svíþjóð. Einnig tóku þátt í verkefninu eldsneytisflugvélar frá bandaríska flughernum, ratsjárflugvélar bandalagsins og RQ-9 ómönnuð eftirlitsflugvél bandalagsins sem var í sínu fyrsta verkefni við Ísland.

Gistiríkjastuðningur og innviðir

Áfram er unnið að því að efla gistiríkjastuðning íslenska ríkisins með því að bæta aðbúnað erlends liðsafla. Nýr gistiskáli var tekinn í notkun í ársbyrjun 2024 og eru gistiskálarnir nú samtals tíu með yfir fjögur hundruð gistirými. Þá var æfð notkun sérhannaðs svæðis innan öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli fyrir færanlega neyðargistiaðstöðu fyrir erlendan liðsafla sem hluti af æfingunni Norður-Víkingi 2024.

Stöðugt er unnið að endurbótum á mannvirkjum á öryggissvæðunum á Keflavíkurflugvelli, Miðnesheiði, Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi. Áfallapol öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli var eftl á liðnu ári, að hluta til vegna eldgosa-hættu á Reykjanesi. Svæðið er nú nær sjálfbært um raforku, vatn og húshitun. Verið er að ljúka við byggingu á nýju öryggis- og aðgangshliði inn á svæðið og tekin var í notkun ný gervihnatta-fjarskiptastöð sem er samstarfsverkefni Íslands, Atlantshafsbandalagsins og Lúxemborgar. Þá var byggður hraunvarnargarður í samvinnu við dómsmálaráðuneytið til að tryggja órofa rekstur fjarskiptastöðvar bandaríska sjóhersins í Grindavík.

Framkvæmdir voru hafnar við byggingu birgðastöðvar fyrir bandaríska flugherinn á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða sjö byggingar, samtals um 12.700 fermetrar. Verklok eru áætluð í árslok 2026. Í undirbúningi er bygging birgðastöðvar Atlantshafsbandalagsins fyrir skipaeldsneyti í Helguvík ásamt viðlegukanti.

11 Æfingunni Norður-Víkingi er gerð nánari skil í kaflanum Varnarsamstarf við Bandaríkin á bls. 52.

Í Helguvík er einnig eldsneytisbirgðastöð bandalagsins fyrir flugvélaeldsneyti. Unnið var að undirbúningi endurnýjunar á þotugildrum á Keflavíkurflugvelli, en samtals eru fjórar þotugildir á flugbrautunum á vellinum. Verkefnið er samþykkt og fjármagnað af Atlantshafsbandalaginu. Þá er verið að undirbúa í samvinnu við stofnanir bandalagsins frekari styrkingu varnarinnviða, nýframkvæmdir, viðhald og endurbætur til að viðhalda og auka viðbúnaðargetu hér á landi og á Norður-Atlantshafinu.



Nýr gistiskáli var tekinn í notkun á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í ársbyrjun 2024.

Útsendir sérfræðingar

Í samræmi við ákall um aukin framlög og eflingu sameiginlegra varna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins heldur Ísland áfram að leggja til borgaralega sérfræðinga í verkefni og sérfræðisstörf. Er þetta mikilvægur hluti af framlagi Íslands til starfsemi bandalagsins, sem stuðlar jafnframt að aukinni þekkingu og þjálfun á sviði öryggis- og varnarmála hér á landi.

Á liðnu ári tóku fjórtán borgaralegir sérfræðingar þátt í langtímaverkefnum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, átta konur og sex karlar. Þannig störfuðu Íslendingar á starfsstöðvum Atlantshafsbandalagsins í öllum Eystrasaltsríkjunum, í höfuðstöðvum þess í Brussel, í Evrópuherstjórninni í Mons í Belgíu, hjá flotaherstjórninni í Bretlandi og herstjórninni í Norfolk í Bandaríkjunum. Auk þess er útsendur sérfræðingur við störf í höfuðstöðvum Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar, JEF, í Englandi, einn hjá Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki í Finnlandi og annar hjá Öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netvarnir í Tallinn, Eistlandi. Er þetta fjölgun frá fyrri árum en markvisst er unnið að því að efla þátttöku Íslands í herstjórnnum bandalagsins til að auka upplýsingamiðlun um aðgerðir þeirra og þróun mála í nágrenni Íslands.

Við val á viðfangsefnum útsendra borgaralegra sérfræðinga er haft í huga á hvaða sviðum Ísland hafi sérþekkingu, en einnig er horft til þess hvar viðkomandi sérfræðingar geti stuðlað að framgangi hagsmuna Íslands. Sérfræðingar varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins ásamt fulltrúum ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslunnar, CERT-IS og annarra ráðuneyta hafa tekið þátt í þessari vinnu.

Útsendir sérfræðingar

14 Árið 2024 störfuðu fjórtán borgaralegir sérfræðingar erlendis við fjölbreytt verkefni á sviði öryggis- og varnarmála.



Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins

Framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins felst fyrst og fremst í þátttöku í samþættu loftrýmiseftirliti bandalagsins, loftrýmisgæslu, æfingum og aðgerðum bandalagsins og bandalagsríkja. Ísland veitir liðsafla bandalagsríkja aðstöðu og gistiríkjastuðning og tryggir að hér á landi sé fyrir hendi nauðsynleg geta, varnarmannvirki, eftirlits-, stjórn- og samskiptakerfi og búnaður svo að bandalagsríki geti tryggt sameiginlegt öryggi sitt.

Á grundvelli þjónustusamnings við utanríkisráðuneytið sér varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands um daglega framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna, þar með talið rekstur ratsjár-, fjarskipta- og samskiptakerfa, rekstur stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli ásamt stjórnkerfisbúnaði fyrir loftrýmiseftirlit og aðgerðir, og rekstur allra öryggissvæða og varnarinnviða hér á landi. Náið daglegt samstarf er milli varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins um skipulag og framkvæmd verkefna sem undir þjónustusamninginn falla en stefnumótun og ákvarðanatökuvald er í höndum ráðuneytisins.




Nemendur á námskeiði um öryggis- og varnarmál sem varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og skrifstofa almanna- og réttaröryggis dómsmálaráðuneytisins standa að.

Efling innlands samstarfs og þekkingar

Búið er að efla starf varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og starfar þar öflugur hópur sérfræðinga í öryggis- og varnarmálum ásamt föstum tengiliðum frá Landhelgisgæslu Íslands, ríkislögreglustjóra og netvarnarteymi stjórnvalda, CERT-IS. Náið samráð og samstarf er milli fyrrgreindra stofnana um stöðumat, verkefni og greiningar. Í lok árs 2024 höfðu um fimmtíu manns útskrifast af ítarlegu námskeiði um öryggis- og varnarmál, sem varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og skrifstofa almanna- og réttaröryggis dómsmálaráðuneytisins standa að í sameiningu. Nú hafa verið haldið fjögur slík námskeið, en tilgangur þeirra er að efla þekkingu og skilning á málaflöknum meðal fagraðuneyta, stofnana, háskóla og fyrirtækja eða samtaka sem tengjast öryggis- og varnarmálum á einn eða annan hátt.

Framlög til varnarmála 2017-2024



Upphæðir í milljónum króna

¹ Fjárheimildir málaflöksins voru 5.062 m.kr. á fjárlögum 2024 og þar af var gert ráð fyrir 750 m.kr. varnartengdum stuðningi við Úkraínu. Í fjárlögum 2024 bættist við 1.500 m.kr. til aukins varnartengds stuðnings við Úkraínu. Þá voru 188 m.kr. af svigrúmi málaflöksins undir lok árs nýtt í frekari stuðningi við Úkraínu.

² Fjárheimildir málaflöksins voru 4.461 m.kr. í fjárlögum 2023, þar af var gert ráð fyrir 750 m.kr. varnartengdum stuðningi við Úkraínu. Í fjárlögum 2023 bættist við 1.087 m.kr. heimild til kaupa á færanlegu neyðarsjúkrahúsi fyrir Úkraínu.

³ Fjárheimildir málaflöksins voru 2.923 m.kr. á fjárlögum 2022. Í fjárlögum 2022 bættist við 650 m.kr. til varnartengds stuðnings við Úkraínu.

2.3 Atlantshafsbandalagið

Ísland tók virkan þátt í starfi Atlantshafsbandalagsins á liðnu ári og hefur þátttaka Íslands í starfi bandalagsins verið aukin, jafnt í höfuðstöðvum og herstjórnunum, til að leggja meira af mörkum til sameiginlegra varna, gæta betur að varnarhagsmunum Íslands og tryggja upplýsingaflæði. Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins er mikils metið og hefur vaxið undanfarin ár samhliða auknum skuldbindingum og framlögum til varnarmála. Varnarskuldbindingar Íslands felast meðal annars í rekstri ratsjárkerfisins og varnartengdra innviða á Íslandi. Þá leggur Ísland áfram sitt af mörkum í stuðningi við Úkraínu.


Atlantshafsbandalagið er meginvettvangur pólitíks samráðs bandalagsríkjanna um Úkraínu og önnur öryggisþólitísk málefni. Samstaða bandalagsríkja hefur verið lykilþáttur í stuðningi við Úkraínu.

Meginviðfangsefni Atlantshafsbandalagsins á árinu 2024 voru áframhaldandi efling á fælingar- og varnarstöðu bandalagsins og stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu. Þessi mál voru efst á baugi á þremur fundum utanríkisráðherra og jafnmörgum fundum varnarmálaráðherra bandalagsríkja á árinu, sem og á leiðtogafundi bandalagsins sem haldinn var í Washington í júlí.

Þess var minnst á síðasta ári að 75 ár voru liðin frá stofnun Atlantshafsbandalagsins með undirritun Atlantshafssáttmálans í Washington í apríl 1949. Utanríkisráðuneytið efndi af því tilefni til málþings í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Varðberg – samtök um vest-ræna samvinnu og alþjóðamál. Þáverandi utanríkisráðherra lagði í opunarárvarpi sínu áherslu á

grunnildin sem Atlantshafsbandalaginu er ætlað að verja, tengsl friðar og varna, auk framlags Íslands til bandalagsins.

Hversu jákvæð (ur/tt) eða neikvæð (ur/tt) ert þú gagnvart aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO)?



Heildarfjöldi svarenda: 981. Svöruðu ekki: 20. Heimild: Maskína (apríl, 2025)

Afmælisfundur í Washington D.C.

Á 75 ára afmælisfundinum voru málefni Úkraínu í brennidepli og áréttuðu bandalagsríkin þar samstöðu um áframhaldandi og einarðan stuðning við varnarbaráttu landsins. Þá var farið yfir framkvæmd ákvarðana síðustu leiðtogafunda um aðlögun og styrkingu á fælingar- og varnarstöðu bandalagsins og rík áhersla var lögð á aukin framlög bandalagsríkja til varnarmála.

Fyrir leiðtogafundinn höfðu 23 af 32 aðildarríkjum bandalagsins náð því markmiði að verja 2% af vergri landsframleiðslu til varnarmála eða lagt fram áætlun um að ná því marki fyrir lok ársins. Samhliða versnandi öryggisástandi hafa Evrópuríkin og Kanada verulega aukið í framlög sín til varnarmála, en á leiðtogafundinum í Madrid tveimur árum áður höfðu aðeins níu bandalagsríki náð 2% markinu og þau voru einungis þrjú árið 2014 þegar markmiðið var fyrst fært í letur. Ljóst þykir að þörf sé á enn frekari aukningu til að renna stöðum undir öryggi og varnir á mestu óvissutímum í Evrópu í áratugi.

Unnið er að því að efla ýmsa þætti í aflstöðu Atlantshafsbandalagsins, meðal annars á sviði eldflauga- og loftvarna, varnaráætlana, getu og búnaðar liðsafla bandalagsríkja, auk vaxandi áherslu á netöryggi og fjölþáttaógnir. Herstjórnarskipulagi bandalagsins hefur verið breytt og Norður-Atlantshaf og norðurslóðir fengið aukið vægi. Svíþjóð fékk fulla aðild að bandalaginu í

mars á síðasta ári og eru því öll Norðurlöndin nú innan vébanda þess, sem og sjö af norðurskautsríkjunum átta.

Á leiðtogafundinum var festur í sessi langtíma-stuðningur Atlantshafsbandalagsins við Úkraínu. Samþykkt var að setja á fót nýja aðgerð, NATO Security Assistance and Training for Ukraine (NSATU), sem samræmir hergagnaaðstoð og þjálfun. Höfuðstöðvar aðgerðarinnar eru í Wiesbaden í Þýskalandi og hefur fulltrúi á vegum íslenskra stjórnvalda starfað þar frá mars 2025. Gert er ráð fyrir að bandalagsríkin verji samanlagt að lágmarki fjörutíu milljörðum evra til varnarstuðnings við Úkraínu á þessu ári. Þá ítrekuðu leiðtogarnir að vegferð Úkraínu í átt að aðild að Atlantshafsbandalaginu yrði fram haldið.

Bandalagsríki samþykktu tillögur til að mæta fjandsamlegum fjölþáttaaðgerðum Rússlands gegn Atlantshafsbandalaginu, sem eru til þess gerðar að hafa áhrif á ákvarðanatöku, valda sundrunu í samfélögum og grafa undan pólitískum og efnahagslegum stöðugleika. Hafa Rússar í þeim tilgangi beitt skemmdar- og ofbeldisverkum, njósnum, íhlutun í lýðræðislegum kosningum, árásum á net- og raforkukerfi, auk þess að vopnvæða óreglulega fólksflutninga, til að mynda í gegnum Belarús. Þá vinnur bandalagið að nýrri Rússlandsstefnu sem á að tryggja betur getu bandalagsins til að bregðast við langtímaógn frá Rússlandi og er ráðgert að hún verði lögð fyrir leiðtogafundinn í Haag í lok júní næstkomandi.

Þáverandi forsætisráðherra og þáverandi utanríkisráðherra sóttu leiðtogafundinn í Washington fyrir Íslands hönd. Í málflutningi Íslands var lögð áhersla á að landvinningastríð Rússlands væri ekki aðeins alvarleg og bein ógn við tilveru Úkraínu heldur einnig öryggi Evrópu, alþjóðalög og fjölþjóðakerfið í heild. Ófriður í Evrópu kallaði á áframhaldandi eflingu varna og viðbúnaðar bandalagsins. Ísland væri staðfast bandalagsríki og myndi leggja sitt af mörkum til fælingar og sameiginlegra varna, og gegndi mikilvægu hlutverki í starfsemi bandalagsins á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum, meðal annars með loftrýmiseftirliti og gistiríkjastuðningi vegna liðsflutninga, aukinnar viðveru og kaþbátaleitar. Íslensk stjórnvöld höfðu stóraukið framlög til málaflokksins undanfarinn áratug og haldið yrið áfram á þeirri vegferð. Veigamikill þáttur í að tryggja öryggi bandalagsins væri að veita Úkraínu nauðsynlegan stuðning og Ísland myndi standa við sínar skuldbindingar í þeim efnum. Í tengslum



| Leiðtogar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins á 75 ára afmælisfundi bandalagsins í Washington í júlí.

við leiðtogafundinn tóku forsætisráðherra og utanríkisráðherra einnig þátt í fjölmörgum hliðarviðburðum og fundum, meðal annars um öryggismál á norðurslóðum, norræna varnarsamvinnu og konur, frið og öryggi.

Þéttari tengsl við samstarfsríki

Rússland er mesta ógnin við öryggi bandalagsríkja, frið og stöðugleika á Evró-Atlantshafssvæðinu. Allsherjarinnrás Rússlands gegn Úkraínu hefur gjörbreytt öryggisumhverfi álfunnar og grafið undan hnattrænu öryggi. Stjórnvöld í Moskvu hafa beislað gervallt efnahagslíf Rússlands í þágu stríðsrekstursins og rússneski herinn verður líklega öflugri eftir stríðið en hann er í dag. Við blasir að ógn muni stafa af Rússlandi til langframa, óháð endalokum stríðsins í Úkraínu.

Ófriður og óstöðugleiki í öðrum heims- hlutum hafa viðtæk áhrif á öryggi beggja vegna Atlantsála, þar á meðal átök í Mið-Austurlöndum og aukin fyrirferð Kína á alþjóðavettvangi. Dýpra og þéttara samstarf Kína og Rússlands og stuðningur Kína, Norður-Kóreu, Írans og Belarús við stríðsrekstur Rússa í Úkraínu hefur aukið á ógnina sem bandalagsríkjum stafa af Rússlandi. Kína er ótvírætt langöflugasti bakhjarl Rússa, en Norður-Kórea hefur síðustu misseri aukið hernaðarlegt framlag sitt til stríðsrekstursins í Evrópu með því að senda Rússum þúsundir gáma af vopnum og skotfærum auk hermanna til beinnar þátttöku í stríðinu við hlið Rússa. Í staðinn er talið að Rússland veiti Norður-Kóreu aðgang að þekkingu og tækni á sviði eldflauga og kjarnavopna.

Samstarfsríki Atlantshafsbandalagsins á Indó-Kyrrahafssvæðinu – Ástralía, Nýja-Sjáland, Japan og Suður-Kórea – hafa gengið í takt við vestræn ríki hvað varðar gagnrýni á framferði Rússlands,

þvingunaraðgerðir og samstöðu með Úkraínu, sem þau hafa veitt fjárhagslegan og efnislegan stuðning. Samvinna bandalagsins við þessi fjögur ríki hefur verið eflað til muna til að bregðast við sameiginlegum áskorunum, ekki síst í ljósi vaxandi tengsla milli öryggis Evró-Atlantshafssvæðisins og Indó-Kyrrahafssvæðisins.

Bandalagið hefur um árabíl veitt þjálfun og ráðgjöf til að styrkja getu samstarfsríkja við suðurjaðar þess til að sinna betur eigin öryggi og vörnum. Þannig er stutt við stöðugleika í ríkjum og um leið öryggi bandalagsins. Umfangsmesta verkefnið er stuðningsaðgerð bandalagsins í Írak og er nú að beiðni þarlendrar stjórnvalda unnið að því að útvíkka hana enn frekar.

Á leiðtogafundinum í Washington var samþykkt áætlun um að styrkja samstarf við ríkin við suðurjaðar bandalagsins, með það fyrir augum að efla pólitískt samtal og þátttöku samstarfsríkja. Liður í því var tilnefning á sérstökum fulltrúa framkvæmdastjóra í málefnum svæðisins. Þá tók konungur Jórdaníu þátt í utanríkisráðherra-fundi bandalagsins í desember þar sem átökin í Mið-Austurlöndum og leiðir til að styðja við stöðugleika á svæðinu voru til umræðu. Jórdaníu-konungur hefur verið öflugur málsvari samstarfs við Atlantshafsbandalagið og stefnt er að opnun tengiliðaskrifstofu bandalagsins í Amman á þessu ári, þeirri fyrstu á svæðinu.

Öryggisástandið á Vestur-Balkanskaga er ennþá viðkvæmt, bæði vegna pólitískra átaka í innan-ríkismálum og skaðlegra afskipta utanaðkomandi aðila, einkum Rússlands en einnig Kína. Til að mynda hefur gætt aukinnar spennu í Kósovó á síðustu árum og nefna má langvarandi pólitíska krísu í Bosnía og Hersegóvínu. Viðkvæmar þjóð-ernisdeilur, skipulögð glæpastarfsemi, skortur á sjálfstæði dómstóla og viðtæk spilling eru meðal

áskorana á svæðinu. Atlantshafsbandalagið leitast við að stuðla að stöðugleika og öryggi á Vestur-Balkanskaga og hvetur til umbóta í tengslum við viðleitni einstakra ríkja til að gerast aðilar að bandalaginu og Evrópusambandinu. Síðastliðin ár hefur bandalagið aukið pólitískan sýnileika sinn, meðal annars með heimsóknum framkvæmdastjóra og fastaráðs til ríkja á svæðinu. Auk þess hefur pólitísk viðvera bandalagsins aukist með opnun skrifstofu í Sarajevó. Þá hefur KFOR friðargæsluaðgerð Atlantshafsbandalagsins staðið vörð um stöðugleika í Kósovo í 25 ár og er stærsta aðgerð bandalagsins með um 4.500 manna lið.

Öryggi borgara og samþætting jafnréttissjónarmiða

Öryggi borgara hefur verið í deigluinni innan bandalagsins þar sem samþykktar hafa verið nýjar stefnur um vernd barna í vopnuðum átökum, um baráttuna gegn kynferðisofbeldi í átökum og baráttuna gegn mansali. Í nýrri stefnu um konur, frið og öryggi sem var samþykkt á síðasta ári er kveðið á um að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið í fælingu og varnir bandalagsins, enda varðar það grundvallargildi bandalagsríkja og hefur hernaðarlegt vægi. Þá styrkir aukin þátttaka kvenna pólitíska ákvarðanatöku og stuðlar að árangri í starfi. Stefnan felur einnig í sér að kynjasjónarmið séu samþættuð í ýmis verkefni og málaflokka innan bandalagsins sem hafa á undanförunum árum fengið aukið vægi, svo sem efling viðnámspols, nýsköpun og tækniþróun.

Nýr framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins

Mark Rutte, fyrrverandi forsætisráðherra Hollands, tók við embætti framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins 1. október síðastliðinn þegar Jens Stoltenberg lét af störfum en hann hafði gegnt stöðunni frá 2014. Rutte hefur lagt mikla áherslu á áframhaldandi stuðning við Úkraínu og aukin framlög til varnarmála. Hann skipaði undir lok árs nýjan varaframkvæmdastjóra, en fyrir valinu varð Radmila Shekerinska, fyrrverandi varnarmálaráðherra Norður-Makedóníu.

Í maí sótti nýr yfirmaður svæðisherstjórnar Atlantshafsbandalagsins í Norfolk (Joint Force Command Norfolk, JFCNF) Ísland heim. Átti hann fund með skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu

þar sem varnarviðbúnaður, nýjar varnaráætlanir bandalagsins og þróun öryggismála á Norður-Atlantshafi voru til umræðu. Þá fékk hann tækifæri til að kynna sér aðstæður og starfsemi á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Svæðisherstjórn Atlantshafsbandalagsins í Norfolk

Svæðisherstjórn Atlantshafsbandalagsins í Norfolk (Joint Force Command Norfolk, JFCNF) er nýjasta svæðisbundna herstjórn bandalagsins og er staðsett í Norfolk í Virginíu-ríki í Bandaríkjunum. Stjórnstöðin var sett á laggirnar árið 2018 í tengslum við endurskoðun á herstjórnarkerfi bandalagsins. JFCNF heyrir undir SACEUR, yfirhershöfðingja Atlantshafsbandalagsins, og ber ábyrgð á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum, þar á meðal svæðinu í kringum Ísland. Á næstu árum er gert ráð fyrir að ábyrgðarsvæðið muni einnig ná yfir öll Norðurlöndin. JFCNF sinnir á sínu ábyrgðarsvæði varnaráætlanagerð, samhæfingu á eftirlits- og fælingaraðgerðum, og varnar- aðgerðum ef þörf krefur.

Mikilvægt er fyrir Ísland að vera virkur þátttakandi í starfsemi JFCNF og gæta þar að varnarhagsmunum landsins. Nú starfa um 150 manns hjá JFCNF og eru tveir Íslendingar þar á meðal, en sá þriðji mun bætast í hópin á árinu. Auk þeirra er útsendur sérfræðingur í Norfolk sem sinnir tvíþættu hlutverki sem fulltrúi Íslands gagnvart umbreytingaherstjórn bandalagsins (ACT) og JFCNF, en báðar herstjórnir eru staðsettar í Norfolk.

Aðgerðaáætlun Atlantshafsbandalagsins um loftslagsbreytingar og öryggismál var samþykkt árið 2021 og var fyrsti fundur sérstakra erindreka bandalagsríkja um loftslagsmál haldinn í Hörpu í Reykjavík í júní 2024. Tengsl loftslagsbreytinga og öryggismála og áhrif þeirra á sameiginlegt öryggi og varnir bandalagsins voru til umræðu.

2.4 Varnarsamstarf við Bandaríkin

Samstarfið við Bandaríkin um öryggis- og varnarmál hefur ekki verið eins náð og frá brotthvarfi varnarliðsins árið 2006, að því er varðar samráð við hermálafyrvöld, aðgerðir, upplýsingaskipti


og framkvæmdir á varnarsvæðum. Ekkert bendir til annars en að varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951 standi traustum fótum, enda hafa ríkin skýra sameiginlega hagsmuni af því að tryggja öryggi á Norður-Atlantshafi, sem skiptir sköpum fyrir varnir Norður-Ameríku og Evrópu. Til marks um þetta nána samstarf tók sérstakur varnarmálafulltrúi til starfa í sendiráði Íslands í Washington í byrjun árs.

Árlegt samráð Íslands og Bandaríkjanna um öryggis- og varnarmál fór fram í Keflavík í maí og voru aukin varnarsamvinna ríkjanna, stuðningur við Úkraínu, ástandið í Mið-Austurlöndum og öryggi á norðurslóðum meðal helstu umræðuefna. Fulltrúar ríkjanna áréttuðu mikilvægi gagnkvæmra varnarskuldbindinga og vaxandi samstarfs um eftirlit og aðgerðir á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum, svo sem í tengslum við kafbátaleit, þjónustuheimsóknir bandarískra kafbáta, uppbyggingu á varnarinnviðum og varnaræfingar. Auk utanríkisráðuneytisins tóku fulltrúar forsætisráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra þátt í samráðinu, en af hálfu Bandaríkjanna voru það fulltrúar utanríkisráðuneytisins og varnarmálaráðuneytisins sem sóttu Ísland heim.

Traust varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna var áréttað á fundi utanríkisráðherra með formanni bandaríska herráðsins, Charles Q. Brown, í Reykjavík í október. Um var að ræða fyrstu heimsókn æðsta herforingja Bandaríkjanna til Íslands í áraraðir en hann var staddur á landinu í tengslum við fund yfirmanna hermála norðurskautsríkjanna sjö, utan Rússlands.

Varnaræfing Íslands og Bandaríkjanna, Norður-Víkingur, fór fram um mánaðamótin ágúst-september. Æfingin er haldin á grundvelli tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, að jafnaði á tveggja ára fresti. Að þessu sinni var lögð áhersla á öflugar varnir lykilinnviða, skjótan flutning á mannafla og búnaði til landsins og samhæfingu bandalagsþjóða. Meginþungi æfingarinnar var á og við öryggissvæðið á Keflavíkurlugvelli og þá sinnti fjöldi herskipa, meðal annars úr fastaflota Atlantshafsbandalagsins, æfingunni á sjó, auk starfsmanna Landhelgisgæslunnar um borð í varðskipunum Freyju og Þór. Lykilstofnanir á Íslandi með aðkomu að öryggis- og varnarmálum, það er varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Landhelgisgæslan, embætti ríkislögreglustjóra og Landspítalinn,

nýttu æfinguna til að þjálfra eigin samhæfingu sem og samvinnu við heri bandalagsríkja. Alls tóku um 1.200 manns þátt í æfingunni, þar af um tvö hundruð Íslendingar, en auk Íslands og Bandaríkjanna komu þátttakendur frá Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Noregi, Póllandi, Portúgal og Þýskalandi.



Séraðgerðasveitir frá Íslandi og Bandaríkjunum æfðu uppgöngu í skip á varnaræfingunni Norður-Víkingi 2024.

Þá sinnti bandarískir flugherinn loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland í júní, líkt og fyrr segir.

Þrír kjarnorkuknúnir kafbátar bandaríska sjóhersins komu í stuttar þjónustuheimsóknir á liðnu ári til að skipta um áhafnarmedlimi, taka kost og fá aðra þjónustu. Landhelgisgæsla Íslands leiðir framkvæmd heimsóknanna í nánu samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra, Geisla-varnir ríkisins og utanríkisráðuneytið í samræmi við settar verklagsreglur. Alls hafa bandarískir kjarnorkuknúnir kafbátar komið fimm sinnum í þjónustuheimsóknir í íslenska landhelgi frá því að utanríkisráðherra tilkynnti í apríl 2023 að slíkum kafbátum yrði heimilað að hafa stutta viðkomu úti fyrir ströndum Íslands til að taka kost og skipta út hluta áhafnar. Um er að ræða orrustu-kafbáta af Virginia-gerð en slíkir kafbátar bera ekki kjarnavopn.



Bandaríski kafbáturinn USS California úti fyrir ströndum Íslands.

2.5 Svæðisbundið og annað tvíhliða varnarsamstarf

Á liðnu ári var lögð rækt við samstarf við grannríki og þau ríki sem deila sameiginlegum öryggishagsmunum á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum, sem skiptir miklu máli fyrir skjótvirkni viðbragð og fælingu í nágrenni Íslands.

Styrkur svæðisbundins varnarsamstarfs felst í því að þátttökuríkin eru grannríki sem deila sameiginlegum öryggisáskorunum, þekkja vel til aðstæðna og getu hvers annars og geta gjarnan brugðist hratt við spennuástandi eða hvers kyns áskorunum. Samhliða breyttu öryggisumhverfi hefur svæðisbundnu varnarsamstarfi vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum, sérstaklega á vettvangi norræna samstarfsins (NORDEFECO) og Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF). Einnig má nefna aukið samráð meðal norðurskautsríkja að Rússlandi undanskildu, auk tvíhliða samstarfs við helstu grannríki. Fyrir Ísland er þetta mikilvæg viðbót við varnarsamstarfið við Bandaríkin og samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins.

Norræna varnarsamstarfið

Varnarsamstarf Norðurlandanna (NORDEFECO) hefur verið í stöðugri þróun og öryggispolítískt vægi þess aukist vegna hernaðarumsvifa Rússlands og inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Atlantshafsbandalagið. Aðild þeirra að bandalaginu markaði tímamót fyrir samstarfið, en segja má að NORDEFECO hafi stökkt breyst á undanförunum árum. Utanríkisráðuneytið hefur tekið virkan þátt í þessari eflingu samstarfsins, gætt þar hagsmuna Íslands og haft áhrif á stefnumörkun NORDEFECO. Þátttaka Íslands í hermálahlið samstarfsins hefur farið vaxandi, þar á meðal í gerð varnaráætlana NORDEFECO og áætlana um sameiginleg verkefni á ýmsum sviðum.

Varnarmálaráðherrar Norðurlandanna undirrituðu nýja langtímastefnu (Vision 2030) fyrir samstarfið í Þórshöfn í Færeyjum í apríl 2024. Leiðarstef hennar er að norrænt varnarsamstarf styrki Atlantshafsbandalagið, fælingu þess og varnir og geri Norðurlöndin að traustari bandamönnum. Stefnunni er ætlað að mæta nýjum öryggisáskorunum og efla sameiginlega varnargetu og öryggi ríkjanna.

Norræna varnarsamstarfið – NORDEFECO

Stofnað var til norræna varnarsamstarfsins árið 2009 og er um að ræða samstarfsvettvang varnarmálaráðuneyta og herstjórna Norðurlandanna. Ísland hefur verið aðili að NORDEFECO frá upphafi og tekur virkan þátt í hermálahlið samstarfsins til jafns við hið pólitíska samráð. Með inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Atlantshafsbandalagið hefur NORDEFECO-samstarfið stórauðist og öðlast meira vægi. Endurspeglast það í nýrri langtímastefnu (Vision 2030), sem samþykkt var í apríl 2024, og í stefnuramma fyrir norrænt varnarsamstarf (Nordic Defence Concept) sem yfirmenn hermála Norðurlandanna tilkynntu um í september.

Meginþungi samstarfsins á vettvangi NORDEFECO miðar að því að efla getu Norðurlandanna til að mæta sameiginlegum áskorunum í öryggismálum, hvort sem er á tímum friðar, spennu eða átaka, og að auka framlag Norðurlandanna til sameiginlegra varna og fælingar Atlantshafsbandalagsins.



Yfirmenn hermála norrænu ríkjanna og innkaupastjórar herja á Norðurlöndunum fengu kynningu á Rafnar bátum.

Yfirmenn hermála norrænu ríkjanna tilkynntu í september um undirritun tillagna að frekari útfærslu á ramma fyrir viðbúnað og varnaráætlanagerð Norðurlandanna (Nordic Defence Concept) frá 2022. Stefnuramminn snýr að sameiginlegri norrænni viðbragðsgetu, þannig að Norðurlöndin geti veitt hvert öðru stuðning á óvissutíma ef þörf krefur. Áhersla er lögð á ógnir eða áskoranir sem eru ekki til þess fallnar að leiða til þess að 5. gr. Atlantshafssáttmálans um sameiginlegar varnir verði virkjuð. Samþykkt stefnurammans og útfærsla á honum markar mikilvægan áfanga í norrænni varnarsamvinnu



Leiðtogar ríkja Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (Joint Expeditionary Force). Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir þáverandi utanríkisráðherra sótti fundinn í fjarveru forsætisráðherra.

sem verður sífellt aðgerðamiðaðri. Þá er markvisst unnið að því að varnir Norðurlandanna verði samþættar og falli undir sama herstjórnarskipulag og varnaráætlanir innan Atlantshafsbandalagsins, það er svæðisherstjórnina í Norfolk. Á grundvelli stefnurammans er vinna hafin við gerð sameiginlegra viðbragðsáætlana Norðurlandanna og í nóvember var haldin umfangsmikil skrifborðsæfing í Kaupmannahöfn. Ísland hefur verið virkur þátttakandi í þessari vinnu og lagt áherslu á að tekið sé tillit til Norður-Atlantshafs og norðurslóða.

Helsta verkefnið í formennskutíð Danmerkur á árinu 2024 var að leggja grunn að innleiðingu og framkvæmd langtímastefnunnar. Ísland bauðst til að halda vinnustofu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í mars til að styðja við vinnu að vegvísi fyrir langtímastefnuna. Því fylgdi einnig endurskoðun á uppsetningu samstarfsins, verkefnum og starfshópum, með það fyrir augum að gera norrænt varnarsamstarf skilvirkara og afkastameira. Þróun öryggismála á norðurslóðum og Norður-Atlantshafi var jafnframt á oddinum í formennsku Danmerkur en svæðið hefur vaxandi öryggispolítískt vægi fyrir Evrópu og Norður-Ameríku. Ísland var gestgjafi á fundi yfirmanna hermála Norðurlandanna í október en þeir funduðu einnig með innkaupastjórum norrænu herjanna. Fundurinn var haldinn í samstarfi við dönsku formennskuna.

Haustfundur varnarmálaráðherra NORDEFCO fór fram í Kaupmannahöfn í nóvember en þar áttu ráðherrarnir fimm sömuleiðis fund með Eystrasaltsríkjunum annars vegar og hins vegar með Norðrhópnum (sem samanstendur af Bretlandi,

Hollandi, Póllandi og Þýskalandi auk Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna). Þá tók Rustem Umerov, varnarmálaráðherra Úkraínu, einnig þátt í hluta fundanna. Á fundinum í norræna varnarsamstarfinu var undirrituð viljayfirlýsing um að samræma flutningsleiðir milli Norðurlandanna til að greiða fyrir flutningi og för herafla á milli ríkjanna. Þá voru þarfir Úkraínuranna og stuðningur Norðurlandanna við varnarbaráttu þeirra einnig til umræðu.

Finnar tóku við formennsku í NORDEFCO um áramótin, en þeir stefna í formennskutíð sinni á að reka smiðshöggjöð á skipulag samstarfsins og taka næstu skref í átt að sameiginlegum aðgerðum á ýmsum sviðum. Finnland mun einnig takast á hendur það verkefni að stýra uppfærslu á stofnsamkomulagi NORDEFCO frá 2009, í samræmi við breyttar aðstæður og umfang samstarfsins, og tekur Ísland þátt í þeirri vinnu.

Sameiginlega viðbragðssveitin

Samstarfsríkin í Sameiginlegu viðbragðssveitinni (JEF) fögnuðu tíu ára afmæli samstarfsins á árinu 2024 en Ísland gerðist aðili 2021. Á liðnu ári tóku Íslendingar þátt í eftirlitsaðgerðinni Nordic Warden, sem fólst í virku eftirliti með neðansjávarinnviðum aðildarríkja JEF. Þá æfði viðbragðssveitin flutning á færanlegri herstöð til Lettlands í nóvember, þar sem varnaræfingin Joint Protector 2024 fór fram. Þar var æfð áætlana-gerð um viðbrögð við stigvaxandi ógn í Norður- og Austur-Evrópu, með þátttöku fulltrúa allra JEF-ríkjanna. Þau hafa einnig verið í fararbroddi þeirra ríkja sem veitt hafa Úkraínu stuðning, bæði fjárhagslegan og pólitískan, en einnig hvað

varðar þjálfun, búnað, hergögn og fleira. Þá var áheyrnarfulltrúum frá Úkraínu boðið að taka þátt í Joint Protector-æfingunni.

Útsendur starfsmaður ráðuneytisins starfar í höfuðstöðvum JEF í Northwood á Englandi auk þess sem sérfræðingar hafa tekið að sér einstaka verkefni í aðgerðum, einkum á sviði upplýsingamála.

Í september kom hingað til lands nýr yfirmaður bresku aðgerðastjórnarinnar Standing Joint Force (SJFHQ) sem stýrir hernaðarstarfi JEF. Nýttist heimsóknin vel til að kynna aðstæður á Íslandi, varnir landsins og auka stöðuvitund.

Í desember var leiðtogafundur JEF haldinn í Tallinn í Eistlandi. Kom þar saman forystufólk ríkisstjórna samstarfsríkjanna tíu og Volodómír Selenski, forseti Úkraínu, ávarpaði fundinn um fjarfundabúnað. Í lokayfirlýsingu fundarins áréttuðu ríkin tíu mikilvægi þess fyrir öryggi í Evrópu að Úkraína ynni sigur gegn innrásarher Rússa. Þáverandi utanríkisráðherra sótti fundinn fyrir Íslands hönd.

Sameiginlega viðbragðssveitin

Sameiginlega viðbragðssveitin (Joint Expeditionary Force, JEF) er vettvangur tíu líkt þenkjandi ríkja sem Bretland leiðir, með áherslu á öryggis- og varnarmál á norður-slóðum, Norður-Atlantshafi og Eystrasalti. Samstarfið er mikilvægur vettvangur grannríkja í Norður-Evrópu sem tryggja á skjót viðbrögð við hvers kyns aðstæðum á spennu- og ófriðartímum og styður við annað fjölþjóðasamstarf, svo sem á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þátttökuríkin eiga einnig reglubundið og virkt pólitískt samráð. Aðild að viðbragðssveitinni eiga, auk Breta, Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin og Holland. Hvert þátttökuríki, þar á meðal Ísland, er með fulltrúa í höfuðstöðvum JEF í Northwood á Englandi.

Einn mikilvægasti ávinningur samstarfsins er að þar koma saman líkt þenkjandi ríki í Norður-Evrópu sem hafa bæði þekkingu og getu til að mæta öryggisáskorunum á svæðinu. Þannig geta þau, með skömmum fyrirvara, brugðist við og sent pólitísk og hernaðarleg skilaboð um samstöðu og viðbragðsgetu gagnvart fjölþáttaógnum eða skyndilegum öryggisáskorunum.

Samvinna Íslands og Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum

Samvinna Íslands við ESB á sviði öryggis- og varnarmála hefur eflst, sérstaklega í tengslum við stefnumótun og aðgerðir gegn fjölþáttaógnum og í netöryggismálum, en annar samráðsfundur Íslands og ESB um öryggis- og varnarmál fór fram í september. Þá hefur Ísland nýtt sér samstarfið við ESB í tengslum við stuðningsverkefni og framlög til Úkraínu.

Í maí tók utanríkisráðherra þátt í ráðstefnu Evrópusambandsins um öryggis- og varnarmál, Schuman Forum, sem þá var haldin í annað sinn með þátttöku yfir sextíu varnarmálaráðherra frá ríkjum innan og utan Evrópu auk fulltrúa alþjóðastofnana. Meðal umræðuefna voru mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu um uppbyggingu í öryggis- og varnarmálum, viðbrögð við fjölþáttaógnum, netöryggi og jafnrétti á sviði öryggis- og varnarmála.

Norðurhópurinn

Norðurhópurinn er vettvangur reglubundins samráðs Norðurlanda, Eystrasaltsríkja, Bretlands, Hollands, Póllands og Þýskalands og funda varnarmálaráðherrar ríkjanna jafnan tvisvar á ári. Fyrri hluta árs 2024 fór Litáen með formennsku og bauð til varnarmálaráðherrafundar í maí. Á þeim fundi var aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttu öryggisumhverfi í brennidepli en einnig starf ríkjahóps um sprengjuleit og -eyðingu í Úkraínu sem Ísland leiðir ásamt Litáen. Danmörk tók við formennskukeflinu seinni hluta árs og boðaði til ráðherrafundar í Kaupmannahöfn í nóvember, þar sem viðbrögð við versnandi öryggisástandi í heiminum voru efst á baugi og Norðurhópsríkin áréttuðu skuldbindingar sínar um varnartengdan stuðning við Úkraínu. Á báðum fundum varnarmálaráðherranna tók starfsbróðir þeirra frá Úkraínu einnig þátt að hluta.

Norðurslóðir

Eftir allsherjarinnrás Rússa í Úkraínu árið 2022 og inngöngu Finna og Svía í Atlantshafsbandalagið hefur samstarf norðurskautsríkja á sviði öryggis- og varnarmála tekið á sig nýja mynd. Rússar hafa ekki átt aðkomu að slíku samstarfi síðan 2014, eftir innrás þeirra í Úkraínu

og ólöglega innlimun þeirra á Krímskaga, en undanfarin ár hefur samstarf hinna norðurskautsríkjanna orðið markvissara. Ísland hefur verið þar virkur þátttakandi og beitt sér fyrir því að líkt þenkjandi norðurskautsríkin sjö taki forystu í stefnumótun og umræðu um öryggis- og varnarmál á norðurslóðum á alþjóðavettvangi, til samræmis við þjóðréttarlegar skyldur og réttindi. Samstarf ríkjanna sjö á sviði öryggis- og varnarmála hefur stuðlað að gagnsæi, fyrirsjáanleika og skýrum skilaboðum, sem fela í sér fælingarmátt og eru til þess fallin að draga úr spennu á svæðinu.

Í tengslum við varnarmálaráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í október fór fram hliðarfundur varnarmálaráðherra norðurskautsríkjanna ásamt fulltrúum frá Grænlandi og Færeyjum þar sem loftslagsbreytingar, öryggismál og viðbragðsgeta á norðurslóðum voru til umræðu. Þá var gefin út sameiginleg yfirlýsing þar sem ríkin áréttu vilja sinn til að auka varnarsamstarf á norðurslóðum.



Yfirmenn hermála norðurskautsríkjanna sjö skoðuðu hraunvarnargarðana við Grindavík í tengslum við fund sinn í Keflavík í október.

Í október bauð Ísland yfirmönnum hermála norðurskautsríkjanna sjö, það er án Rússlands, til fundar á öryggissvæðinu í Keflavík. Var það í þriðja sinn sem fundað var með þessu sniði eftir að Kanada boðaði til slíks fundar árið 2022. Á árum áður var fundað með þátttöku Rússa en það samstarf var lagt niður í kjölfar innlimunar þeirra á Krímskaga. Var þetta fyrsti fundur yfirmanna hermála ríkjanna sjö eftir að þau voru öll orðin aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Ræddu þeir um leiðir til að efla samvinnu ríkjanna á svæðinu og um mikilvægi þess að fylgjast vel með ástandinu á norðurslóðum í ljósi hernaðaruppbyggingar Rússa. Með því að eiga frumkvæði að því að halda fund af þessu tagi er Ísland að sýna fram á virka þátttöku í varnarsamstarfi á norðurslóðum. Þá

gaf fundurinn færi á að varpa ljósi á mikilvægi Íslands fyrir sameiginlegar varnir Atlantshafsbandalagsins og viðbúnað á svæðinu.

Tvíhliða grannríkjasamstarf

Reglubundið samráð og samstarf við helstu nágrannaríki um öryggisþólitísk og varnartengd málefni hefur verið aukið til að tryggja sameiginlega varnarsamstarf, stöðuvitund og upplýsingaflæði. Ísland hefur gert tvíhliða samkomulag um grannríkjasamstarf við Bretland, Kanada og öll norrænu ríkin nema Finnland, en 2024 hófst vinna með Finnum að undirbúningi slíks samkomulags sem stefnt er á að ljúka við árið 2025. Öryggis- og varnarsamstarf við Frakkland og Þýskaland hefur einnig verið styrkt.¹²

Tvíhliða samráð með fulltrúum frá utanríkis- og varnarmálaráðuneytum Kanada fór fram í Ottawa í janúar 2024 og í maí stóð sendiráð Íslands ásamt kanadíska utanríkisráðuneytinu og fleirum fyrir málþingi um öryggismál á norðurhöfum. Í mars átti skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu tvíhliða samráð við bresk hermálafyrirvöld, þar á meðal sjó- og flugher Bretlands. Grannríkjasamráð við Breta er sérstaklega mikilvægt í ljósi mikillar getu þeirra og viðtækra sameiginlegra hagsmuna ríkjanna og því gegnir staðgengill sendiherra Íslands í London jafnframt hlutverki varnarmála-fulltrúa. Í febrúar tók þáverandi utanríkisráðherra þátt í árlegri ráðstefnu um öryggismál í München í Þýskalandi þar sem vaxandi áhyggjur af þróun alþjóðamála og mikilvægi áframhaldandi stuðnings við Úkraínu voru efst á baugi. Ráðuneytisstjóri átti tvíhliða fund með ráðuneytisstjóra varnarmálaráðuneytis Þýskalands á fyrri hluta ársins en á fundinum voru ræddir möguleikar á auknu samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála en það hefur farið vaxandi. Því til staðfestingar hefur staðgengill sendiherra Íslands í Berlín verið skipaður varnarmálafulltrúi gagnvart Þýskalandi.

Tvíhliða samráð við Frakkland var styrkt og fór reglubundið samráð fram í París í desember en þá var Atlantshafsherstjórn Frakklands í Brest einnig heimsótt. Skip franska sjóhersins koma reglulega í hafnarheimsóknir til Íslands og eru virkir þátttakendur í varnaræfingum og eftirlitsaðgerðum á hafsvæðinu í kringum Ísland. Í tengslum við loft-rýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins sem norsk flugherinn sinnti í janúar, kom yfirmaður hermála Noregs, Eirik Kristoffersen, í heimsókn til landsins og átti hér tvíhliða samráð með utanríkisráðuneytinu og kynnti sér aðstæður á Íslandi. Líkt og í

¹² Einnig er fjallað um tvíhliða samstarf í samnefndum kafla Tvíhliða samvinna á bls. 32.

Bretlandi og Þýskalandi er staðgengill sendiherra Íslands í Osló einnig varnarmálafulltrúi gagnvart Noregi. Í október tók þáverandi utanríkisráðherra þátt í Warsaw Security Forum, alþjóðlegri ráðstefnu um öryggismál sem haldin er árlega í Varsjá í Póllandi. Ráðherra sat í pallborði um öryggi og varnir í Evrópu og lagði í innleggi sínu áherslu á aukinn varnarviðbúnað og áframhaldandi stuðning við Úkraínu. Þá tók ráðherra þátt í morgunverðarfundum kvenna í öryggismálum og undirstrikaði þar mikilvægi virkrar þátttöku kvenna í stefnumótun og aðgerðum í öryggis- og varnarmálum.

2.6 Afvopnunarmál

Samhliða versnandi öryggisástandi í heiminum hefur vaxandi erfiðleika gætt í alþjóðlegu samstarfi um afvopnunarmál. Hið margslungna regluverk á sviði afvopnunar og vígbúnaðartakmarkana hefur átt undir högg að sækja, sem birtist til dæmis í brotthvarfi frá samningum, samningsbrotum, dvínandi trausti, deilum um framkvæmd og tregðu við framþróun og fjármögnun. Eðli málsins samkvæmt fylgir átökum einnig hætta á notkun og útbreiðslu vopna í bága við ákvæði afvopnunar-samninga. Aukinn þungi hefur því fæst í umræður um afvopnunarmál á síðustu árum og mikilvægt er að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að styðja við gildandi regluverk, í samræmi við stefnu og hagsmuni Íslands.

Rússar hafa í ólöglegu innrásarstríði sínu haldið áfram að ógna öryggi kjarnorkuvera í Úkraínu og sýnt vítavert skeytingarleysi um hættuna á kjarnorkuslysi. Rússnesk stjórnvöld færðu óvarlegan málflutning sinn um kjarnavopn á nýtt stig með formlegri stefnubreytingu sem lækkaði þröskuldinn fyrir notkun þeirra, en Rússlandsforseti skrifaði undir tilskipun þess efnis í nóvember síðastliðnum þegar þúsund dagar voru liðnir frá allsherjarinnrásinni í Úkraínu. Þá er notkun Rússa á ólöglegum efnavopnum í Úkraínu mikið áhyggjuefni. Í kjölfar ítrekaðra fregna þess efnis óskuðu stjórnvöld í Kænugarði á síðasta ári eftir aðstoð Efnavopnastofnunarinnar (OPCW) og við rannsókn á sýnum úr skotgröfum við víglínuna komu í ljós leifar af tãragasi, sem er bannað að nota í hernaði samkvæmt efnavopnasamningnum.

Afvopnun og vígbúnaðartakmarkanir

Alþjóðlegt regluverk á sviði afvopnunar, vígbúnaðartakmarkana og eftirlits er ein af undirstöðum hnattræns öryggis. Í þjóðaröryggisstefnunni er skýr áhersla lögð á mikilvægi afvopnunar fyrir öryggi þjóðarinnar og alþjóðasamfélagsins. Virk þátttaka á vettvangi stofnana þar sem afvopnunarmál eru til umfjöllunar er jafnframt liður í viðleitni Íslands til að standa vörð um alþjóðakerfið sem byggist á virðingu fyrir reglum alþjóðalaga.

Sýrland er annað aðildarríki efnavopnasamningsins sem ljóst þykir að hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar um að upplýsa um og eyða með staðfestum hætti öllum birgðum af efnavopnum. Eftir fall Assad-stjórnarinnar í lok 2024 áréttaði OPCW að þær skuldbindingar væru í fullu gildi og kallaði eftir því að ný stjórnvöld í landinu sýndu fulla samvinnu varðandi upplýsingagjöf og eftirlit. Viðvarandi áskoranir sem þessar undirstrika mikilvægi þess að styðja við framkvæmd efnavopnasamningsins og starf OPCW.

Samningurinn um bann við útbreiðslu kjarnavopna og friðsamlega nýtingu kjarnorku (NPT) er einn af hornsteinum hins alþjóðlega regluverks um afvopnun og vígbúnaðartakmarkanir. Undirbúningsferli stendur yfir fyrir næstu ráðstefnu um endurskoðun samningsins, sem á að fara fram á næsta ári. Eins og sakir standa bendir fátt til þess að samstaða náist um framþróun hans, en brýnt er að standa vörð um samninginn og þrýsta á um hlítu við hann. Mikilvægi NPT-samningsins endurspeglast ekki síst í þeirri ógn sem felst í kjarnavopnauppbyggingu Norður-Kóreu og hraðri þróun kjarnorkuáætlunar Írans.

Flest af viðurkenndu kjarnavopnaríkjunum hafa á undanförunum árum unnið að því að uppfæra getu sína en uppbyggingin er talin hafa verið hröðust á kjarnavopnabúri Kína. Eina samkomulagið sem enn er við lýði milli Bandaríkjanna og Rússlands um takmörkun á fjölda kjarnavopna, New START, rennur formlega út í febrúar 2026. Rússar tilkynntu um frestun á framkvæmd samkomulagsins á árinu 2023 og ekki eru teikn á lofti um að það verði endurnýjað.



| Fulltrúar NB8-ríkjanna á sérfræðingafundi um útflutningseftirlit í Reykjavík.

Til viðbótar við fyrirliggjandi áskoranir á sviði afvopnunarmála fara áhyggjur vaxandi af þeim ógnum sem tækniframfarir í vígbúnaðargerð og hröð þróun gervigreindar kunna að hafa í för með sér. Var þetta ofarlega á baugi í umfjöllun um afvopnunarmál á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna síðastliðið haust, en þar voru samþykktar nýjar ályktanir um gjöreyðingarvopn í geimnum og um gervigreind í hernaði. Á leiðtogafundi við upphaf allsherjarþingsins í september var stigið jákvætt skref með samþykkt framtíðarsáttmálans (Pact for the Future), þar sem aðildarríkin hétu því meðal annars að stefna áfram að kjarnavopnalausum heimi og standa við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðlegum afvopnunar samningum. Af framansögðu má ráða að þau orð fari þó ekki að öllu leyti saman við reynd.

Ísland mun áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar og gagnkvæmrar afvopnunar með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og samráði við bandalagsþjóðir.

Útflutningseftirlit

Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sem grundvallast meðal annars á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum, vopnaviðskiptasamningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að ákveðnum eftirlitskerfum. Útflutningseftirlit varðar bæði vörur og þjónustu sem getur haft tvíþætt notagildi og varnartengda vöru (hergögn). Á árinu 2024 var reglverk um útflutningseftirlit uppfært þegar tvær nýjar reglugerðir um útflutningseftirlit tóku gildi,

ein um hvort svið. Reglugerðirnar fylgja í kjölfarið á nýjum lögum nr. 67/2023 um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit og breytingum á ákvæðum vopnalaga nr. 16/1998 um útflutning á varnartengdri vöru. Með þessum breytingum hefur útflutningseftirlit verið styrkt, skýrt og betur samræmt við framkvæmdina innan EES-svæðisins. Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um útflutningseftirlit og var meðal annars gestgjafi á fundi sérfræðinga NB8-ríkjanna um útflutningseftirlit í september.

Á fundinum var meðal annars rætt um framkvæmd eftirlits í ríkjum og samstillt alþjóðasamstarf um takmörkun vígbúnaðar. Á árinu voru veitt fimmtán einstök útflutningsleyfi, auk þess sem vörur og þjónustur sem geta haft tvíþætt notagildi voru fluttar út í um fimmtíu skipti á grundvelli almenns leyfis.

Hergagnaflutningar

Ísland hefur skuldbundið sig að þjóðarrétti til að hafa eftirlit með hergagnaflutningunum frá og um landið. Árið 2024 bárust 72 umsóknir um leyfi til flutninga hergagna um íslenska lofthelgi og í íslenskum loftförum. Samgöngustofa sér um umsýslu og samskipti við umsækjendur en meðferð og mat umsókna, umsagnir á grundvelli mannúðar, varnar- og öryggishagsmuna, alþjóðamála, afvopnunarmála, gildandi þvingunaraðgerða og annarra slíkra skuldbindinga fer fram í utanríkisráðuneytinu. 71 leyfi var veitt til hergagnaflutninga en ein umsókn var dregin til baka, þar af var 51 leyfi vegna hergagnaflutninga til ríkja sem Ísland á í öryggis- og varnarsamstarfi við.

2.7 Fjölþáttaógnir

Æ meiri athygli beinist að ógninni af fjölþáttaaðgerðum sem óvinveitt ríki eða aðilar þeim tengdir beita til að ná fram markmiðum sínum. Hugtakið vísar til aðgerða af fjölbreyttum toga – þar á meðal netárása, skemmdarverka og dreifingar falsfrétta – sem getur verið beitt í margvíslegum tilgangi, svo sem að hafa áhrif á ákvarðanatöku og lýðræðislega ferla, ýta undir sundrunu, draga úr trausti og veikja þannig stoðir samfélaga. Fjölþáttaógnir birtast iðulega með þeim hætti að erfitt er að draga gerendur til ábyrgðar og eru til þess fallnar að gera mörkin milli stríðs og friðar óskýrari.

Stóraukin áhersla hefur á síðustu árum verið lögð á samstarf um viðbúnað vegna fjölþáttaóagna og styrkingu áfallapols, meðal annars á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins og í svæðisbundinni og tvíhliða samvinnu. Innanlands hefur samstarf einnig verið eft milli ráðuneyta og stofnana á þessu sviði, og á utanríkisráðuneytið til dæmis í nánú samráði við embætti ríkislög-reglustjóra og netöryggissveit íslenskra stjórnvalda, CERT-IS.

Netöryggi

Áskoranir og ógnir á sviði netöryggis verða sífellt fjölbreytilegri í takt við hraða tækniþróun og kallar það á náið samráð og samstarf milli hlutaðeigandi ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda í netöryggi 2022-2027 eru skilgreindar alls 65 aðgerðir á ábyrgðar-sviðum flestra ráðuneyta, en þar af heyrta tuttugu aðgerðir undir utanríkisráðuneytið og unnið hefur verið markvisst að framkvæmd þeirra.

Ísland hefur tekið virkari þátt í samstarfi bandalagsríkja Atlantshafsbandalagsins á sviði netöryggismála, meðal annars í ráðstefnum, æfingum og gerð viðbúnaðaráætlana. Í síbreytilegu öryggislandslagi borgaralegra netvarna gegnir náið samstarf hins opinbera og einka-geirans lykilhlutverki. Þátttaka í netvarnar-æfingum er mikilvægur liður í að styrkja netöryggi en aðilar úr ýmsum geirum hafa tekið þátt fyrir hönd Íslands.

Netöryggisráðstefna á vegum Atlantshafsbandalagsins var haldin í Reykjavík í apríl í samstarfi við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og netöryggissveit íslenskra stjórnvalda, CERT-IS. Á ráðstefnunni var meðal annars rætt um óvinveittar aðgerðir ríkja og hópa sem ógnað geta öryggi bandalagsríkja. Um tvö hundruð

sérfræðingar frá ríkjum Atlantshafsbandalagsins tóku þátt, þar á meðal fulltrúar frá herstjórnum, greiningardeildum, netöryggissveitum og einkafyrirtækjum.

Fjölmennur hópur íslenskra sérfræðinga tók þátt í stærstu árlegu netvarnaræfingu Atlantshafsbandalagsins, Skjaldborg (Locked Shields), sem haldin var í lok apríl 2024. Íslenski hópurinn, sem myndaði lið með Svíþjóð, var skipaður sérfræðingum úr íslenska fjármálakerfinu og frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en fyrir hópnum fóru sérfræðingar varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og CERT-IS. Æfingin var sett upp sem keppni þar sem markmiðið var að verjast net- og tölvuárásam frá óvinveittum aðilum. Undirteymi íslensk-sænska liðsins, sem sá um ytri varnir netöryggis, var valið besta teymið á sínu sviði á æfingunni.

Áfallapol

Með áfallapoli er átt við getu samfélags til að forðast, draga úr eða komast yfir áföll. Mikilvægi þess að ríki tryggi áfallapol eigin samfélaga hefur verið í brennidepli í fjölþjóðlegu samstarfi á síðustu árum, bæði á vettvangi Atlantshafsbandalagsins en einnig Evrópusambandsins sem hefur lagt ríka áherslu á aukinn áfallapolsviðbúnað innan ýmissa geira á EES-svæðinu.

Atlantshafsbandalagið hefur samþykkt sjö grundvallarviðmið um áfallapol og ná þau til eftirfarandi þátta: 1) Samfella í stjórn-sýslu og lykilþjónustu stjórnvalda; 2) áfallapol orkuadöngengis; 3) skilvirk geta til að framkvæma ófyrirséðar fólksflutninga; 4) áfallapol matar- og vatnsaðfanga; 5) geta til að meðhöndla fjöldadauðsföll og heilbrigðisáföll; 6) áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi; og 7) áfallapolið borgaralegt samgöngukerfi.

Á grundvelli þessara viðmiða eru bandalagsríkin hvött til að móta stefnu til að stuðla að eflingu áfallapols eigin samfélaga. Utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og embætti ríkislög-reglustjóra hafa tekið höndum saman um að leggja mat á hvernig íslensk stjórnvöld mæti viðmiðum Atlantshafsbandalagsins og fer sú vinna fram í nánú samstarfi við önnur ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki. Meginmarkmið verkefnisins er að ná utan um þau svið samfélagsins þar sem þörf er á úrbótum en einnig að ná heildrænt utan um þau svið þar sem mikil vinna hefur nú þegar átt sér stað.



| Íslenski hópurinn á netvarnaræfingunni Skjaldborg.

Öryggi neðansjávarinnviða

Öryggi neðansjávarinnviða á borð við fjarskipta-strengi og orkuleiðslur hefur verið ofarlega á baugi allt frá eyðileggingu Nord-Stream gas-leiðslunnar í september 2022. Hefur athygli einna helst beinst að Eystrasaltinu, en í nóvember síðastliðnum voru tveir ljósleiðarar milli Svíþjóðar og Litáen annars vegar og Þýskalands og Finnlands hins vegar rofnir, og á jóladag urðu rafmagnsstrengur og tveir fjarskiptakaplar milli Finnlands og Eistlands fyrir skemmdum. Í báðum tilvikum eru flutningaskip grunuð um að draga akkeri sín eftir sjávarbotninum og valda þannig skemmdum á innviðunum en rannsókn málanna stendur enn yfir og því óstaðfest hvort um skemmdarverk eða slys var að ræða.

Íslenskt samfélag er afar háð fjarskipta-strengjum sem tengja landið við umheiminn. Innanlands hafa ráðuneyti, fyrirtæki og lykilstofnanir á borð við Landhelgisgæslu Íslands og embætti ríkislögreglustjóra átt í þéttruð samráði og samstarfi um öryggi þessara innviða. Fyrirnefndar stofnanir hafa á undanförunum árum treyst eftirlit og viðbragðsgetu hvað mikilvæga innviði varðar og eru þau mál í sífelldri skoðun. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur Ísland tekið virkan þátt í vinnu bandalagsríkja sem miðar að því að efla öryggi neðansjávarinnviða, til dæmis með skiptum á upplýsingum og bestu starfsvenjum. Bandalagið hefur sett upp samhæfingardeild og sérstaka miðstöð um öryggi lykilinnviða bandalagsríkja neðansjávar.

Ísland hefur meðal annars lagt sitt af mörkum í samstarfi grannríkja með því að standa fyrir vinnustofum um öryggi neðansjávarinnviða, nú síðast í desember í samvinnu við Írland og með fjárstuðningi Atlantshafsbandalagsins. Vinnustofan á Írlandi var sótt af um sextíu manns frá fjarskiptafyrirtækjum og samtökum þeirra, alþjóðastofnunum, embættismönnum og fulltrúum háskóla sem ræddu áskoranir á þessu sviði.

Upplýsingaóreiða

Í hinum stafræna og sífelldu tengdari heimi hefur aðgangur að upplýsingum aldrei verið meiri. Á sama tíma er upplýsingaóreiðu beitt af ásettu ráði í auknum mæli, svo sem með dreifingu falsfrétta eða villandi upplýsinga, og er það ört vaxandi ógn við lýðræðisríki. Afleiðingarnar geta komið fram í minnkandi trausti á aðgerðir lýðræðislega kjörinna stjórnvalda ásamt aukinni óeiningu og skautun í samfélögum.

Ísland starfar náið með öðrum ríkjum á sviði viðbragða við upplýsingaóreiðu, auk þess að vera þátttakandi í samstarfi á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þótt Íslendingar séu taldir standa tiltölulega vel á þessu sviði er nauðsynlegt að efla vitund og viðnámsþol til að vera búin undir frekari áskoranir, ekki síst í ljósi örrar þróunar gervigreindar.

³ Þróunarsamvinna

Þörn fá skólamáltíð í Bonthe en þar tekur sendiráð Íslands í Síerra Leóne þátt í skólamáltíðarverkefni með Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna.



3.1 Áherslur Íslands


Ísland deilir framtíðarsýn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra veröld þar sem hungri og sárafátækt hefur verið útrýmt, dregið hefur úr ójöfnuði innan og á milli ríkja, mannréttindi eru virt, allir eru jafnir fyrir lögum og lifa við frið og öryggi í daglegu lífi. Meginmarkmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands er útrýming fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði.

Alþingi samþykkti í desember 2023 stefnu stjórnvalda um markmið og áherslur Íslands í málaflöknum til árána 2024–2028 og veita aðgerðaáætlun og stefnumið frekari ramma um starfið. Lögð er áhersla á fjóra málaflökka: mannréttindi og jafnrétti kynjanna, mannauð og grunnstoðir samfélaga, loftslagsmál og náttúruauðlindir, og mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar. Auk þess eru mannréttindi, jafnrétti kynjanna og umhverfis- og loftslagsmál bæði sértæk og þverlæg markmið sem þýðir að þau eru lögð til grundvallar öllu starfi. Aðild að Sameinuðu þjóðunum, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Parísarsamkomulagið um aðgerðir til að sporna gegn og bregðast við loftslagsbreytingum, og aðrir alþjóðlegir sáttmálar sem Ísland á aðild að, varða veginn í stefnu stjórnvalda. Á

sama tíma er tekið mið af þeim áskorunum sem fátækari ríki heims standa frammi fyrir, styrkleikum og sérþekkingu Íslands og þeim gildum sem íslenskt samfélag hefur í heiðri, til að mynda mannréttindum, kynjajafnrétti og réttindum hinsegin fólks. Gert er ráð fyrir að framlög til þróunarsamvinnu aukist á gildistíma stefnunnar og nemi í lok gildistímans 0,47% af vergum þjóðartekjum.

Þróunarríkin standa nú frammi fyrir fjölmörgum og erfiðum áskorunum. Vaxandi ófriður og óstöðugleiki ásamt afleiðingum loftslagsbreytinga, náttúruhamfarir og hamfarir af mannavöldum valda efnahagsþrengingum og fæðuöryggi víða. Þá hefur orðið bakslag í mannréttindabaráttu, þar á meðal hvað varðar réttindi kvenna og stúlkna og hinsegin fólks. Veikir innviðir og takmörkuð atvinnutækifæri geta auk þess leitt til aukinnar hættu á uppgangi öfga-hópa og fólksflóttu. Fátækustu samfélögin, sem ekki búa yfir viðnámsþrótti til að takast á við slík áföll, hafa líka orðið enn viðkvæmari vegna áhrifa allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu á fæðuöryggi þeirra sem og getu framlagsríkja til að auka stuðning við fátækustu ríkin.

Skipting framlaga Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2024



* Bráðabirgðatölur. Uppgjöri vegna ársins 2024 var ekki lokið við útgáfu. Tölur í m.kr.

3.2 Tvíhliða þróunarsamvinna

Í tvíhliða þróunarsamvinnu er lögð áhersla á samstarf við fátæk ríki í Afríku og eru samstarfslönd Íslands líkt og fyrri ár þrjú: Malaví, Úganda og Síerra Leóne. Sendiráð Íslands í löndunum þremur hafa umsjón með framkvæmd þróunarverkefna í samstarfi við þróunarsamvinnuskrifstofu.

Góður árangur náðist í framkvæmd verkefna á árinu þrátt fyrir ýmsar áskoranir, einkum sökum stöðu efnahagsmála og verðbólgu í Malaví og Síerra Leóne. Þá eru samstarfsríki Íslands öll útsett fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga og illa í stakk búin til að takast á við þær. Bágborið ástand mannréttinda, ekki síst hinsegin fólks, í Úganda hefur einnig verið í brennidepli.

Helstu áfangar tvíhliða þróunarsamvinnu 2024

Sendiráð Íslands í Freetown var opnað í maí. Öflugt starf í Síerra Leóne í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna lýtur að bættum aðgangi að heilnæmu vatni og salernisaðstöðu, útrýmingu fæðingarfistils og auknum aðgangi barna að næringaríkum skólamáltíðum.

Samstarf í Malaví spannar nú 35 ár, sem fagnað var árinu. Stuðningur við verkefni á sviði félagslegra innviða í tveimur héruðum hélt áfram, þar á meðal bygging sjúkrahúss á afskekktu svæði í Makanjira, þar sem 62.000 konur fá bættan aðgang að mæðra-vernd og fæðingarþjónustu.

Í Úganda, þar sem mannréttindi hafa átt undir högg að sækja, hefur framlag Íslands til mannréttindasamtakanna DefendDefenders haft mikla þýðingu en samtökin veita baráttufólki fyrir mannréttindum í Austur-Afríku vernd.

Veitt voru framlög til þróunarsamvinnu- og mannúðarverkefna 13 innlendra félagsamtaka sem starfa í tólf löndum, og brugðist var við þrettán neyðarbeiðnum samtakanna.

Meginmarkmiðið í tvíhliða þróunarsamvinnu er að stuðla að bættum lífskjörum. Það er meðal annars gert með því að bæta aðgang að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu, uppbyggingu á sviði heilsu með áherslu á mæðra- og

ungbarnavernd og uppbyggingarstarfi í skólum fyrir börn og unglínga. Þá er lögð áhersla á uppbyggingu stofnana og eflingu mannauðs ásamt ríkri áherslu á mannréttindi og jafnrétti kynjanna sem og loftslagsmál. Aðferðafræðin er héraðsnálgun, sem hefur reynst vel til að efla getu héraðsstjórnvalda, skilað sýnilegum árangri við að draga úr fátækt og bætt lífskjör fjölda fólks. Þá hefur velgengni Íslands með þessari nálgun vakið áhuga annarra framlagsríkja í þróunarsamvinnu.

Í samræmi við staðlað verklag ráðuneytisins í tvíhliða þróunarsamvinnu fóru fram nokkrar úttektir á árinu, bæði á verkefnum frjálsra félagasamtaka, stofnana Sameinuðu þjóðanna á vettvangi og í héraðspróun. Niðurstöður úttekta voru heilt yfir jákvæðar og sýndu að stuðningur Íslands hefur skilað verulegum árangri:

- Héraðspróunarverkefni í Namayingo í Úganda hefur bætt líf fátæks fólks innan héraðsins með bættum aðgangi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu.
- Samstarfsverkefni með UNICEF í fiskimanna-samfélögum í Síerra Leóne hefur dregið úr smitum vegna vatnsborinna sjúkdóma, skólasókn hefur aukist og ágreiningur vegna aðgangs að vatni hefur minnkað.
- Ungmennni í Kampala hafa betri aðgang að kynfræðslu og getnaðarvörnum.
- Aðgangur að heilsugæslu, menntun og húsnæði á verkefnasvæðum í Epiópíu er mun betri vegna stuðnings við verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar.

Malaví

Þróunarsamvinna Íslands í Malaví byggist að stærstum hluta á nánun samstarfi við héraðsyfirvöld í tveimur héruðum, Nkhotakota og Mangochi. Á árinu var haldið uppá 35 ára samstarfsafmæli Íslands og Malaví og tók þáverandi forsætisráðherra Íslands þátt í hátíðahöldum í maí síðastliðnum sem haldin voru af því tilefni.

Í samstarfinu hefur verið lögð áhersla á menntun, aðgang að hreinu vatni, heilsu verðandi mæðra og ungabarna og jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna. Frá 2017 hefur betri aðgangur að hreinu vatni í Malaví dregið úr ungbarnadauða um 56% og mæðradauða um 34%. Komíð hefur verið upp vatnsveitum sem ganga fyrir sólarorku og þá voru fjórar nýjar heilsugæslustöðvar afhentar í nóvember.

Í Makanjira í Mangochi-héraði lýkur brátt byggingu sjúkrahúss en þar munu íbúar fá heilbrigðisþjónustu og 62 þúsund konur geta fengið mæðravernd og fæðingarþjónustu. Makanjira er einn afskekktasti hluti héraðsins og hingað til hafa barnshafandi konur þar þurft að ferðast yfir hundrað kílómetra leið til að sækja fyrrnefnda þjónustu.

Í samræmi við áherslur íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum var undir lok árs gert samkomulag um að bæta trjárækt inn í samstarfsverkefni í Mangochi-héraði. Trjáræktin hefur margvísleg jákvæð áhrif en auk þess að binda jarðveg og vinna að loftslagsmarkmiðum héraðsins auka ávaxtatré fæðuöryggi samfélaga þar sem þau eru gróðursett. Þá hélt sendiráðið áfram samstarfi við Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) um heimaræktaðar skólamáltíðir í Mangochi og viðræður eru hafnar um sambærilegt verkefni í Nkhotakota. Héraðsfyrirvöld bera ábyrgð á framkvæmd verkefnanna með stuðningi og eftirliti af hálfu Íslands.

Árangur í Mangochi 2024



5.000

Rúmlega 5.000 einstaklingar hafa fengið aðgang að vatni til heimilisnota með uppbyggingu vatnsveita sem nýta sólarorku.



13.000

13.000 nemendur í 10 grunnskólum fá næringarríka skólamáltíð vegna samstarfsverkefnis með WFP.

Samstarfið við Nkhotakota-hérað hófst í lok árs 2022 og á síðasta ári lauk svo framkvæmdum við átta grunnskóla í héraðinu og tvær heilsgæslur: í Kangozi þar sem um níu þúsund manns sækja þjónustu og í Benga sem þjónar tæplega 18 þúsund manns.

Árangur í Nkhotakota 2024



10.000

10.000 nemendur njóta góðs af byggingu og endurbótum á 8 grunnskólum.



64.560

64.560 tré gróðursett við grunnskóla og nærsamfélög.



35

35 konur undirgengist aðgerð vegna fæðingarfistils og fengið endurhæfingu.



10.000

Tæplega 10.000 manns með bættan aðgang að vatni vegna byggingar 12 nýrra vatnsveitna og endurgerðar á 25 veitum.

Í mars síðastliðnum lýsti forseti Malaví yfir neyðarástandi vegna fæðuskorts og tóku íslensk stjórnvöld, ásamt öðrum ríkjum, þátt í samhentun átaki Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) sem gerði stofnuninni kleift að kaupa og dreifa tvö hundruð tonnum af næringarbættum korngraut til þeirra sem á þurftu að halda.

Ísland vinnur einnig að því að auka vitund um og þekkingu á fæðingarfistli og að efla færni heilbrigðisstarfsfólks í að gera aðgerðir á konum sem þjást af fæðingarfistli. Það er gert í samstarfi við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og héraðsfyrirvöld í Nkhotakota. Einnig hefur verið útbúin sérhæfð skurðstofa á héraðssjúkrahúsinu og gengur verkefnið vel.

Á sviði mannréttindamála hefur Ísland ásamt Noregi stutt við verkefni á vegum Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) sem styður stofnanir og samtök sem standa vörð um mannréttindi í Malaví. Sérstök áhersla er lögð á hagsmuni og réttindi jaðarsettra hópa, svo sem hinsegin fólks og fatlaðra. Samhliða var veittur styrkur til jafnréttisskrifstofu Mannréttinda-stofnunar Malaví.



Ascent Soccer, með stuðningi Íslands, þjálfar ungur knattspyrnukonur.

Ísland hefur einnig unnið að valdeflingu kvenna í stjórnmálum í samstarfshéruðum Íslands með þátttöku í verkefni OXFAM og Center for Civil Society Strengthening.

Ein helsta menningarhátíð Malaví, tónlistarhátíðin Lake of Stars, var haldin í Nkhotakota í september síðastliðnum. Sendiráðið veitti hátíðinni styrk til uppsetningar á sviði, sem eftir hátíðina var tekið í sundur og efnið nýtt í skrifborð í skóla í héraðinu.

Valdefling ungs fólks í samstarfshéruðum Íslands hefur verið hluti af verkefnum sendiráðsins og undanfarin ár verið reynt að auka hana í gegnum samstarf við knattspyrnuakademíuna

Ascent Soccer. Stutt hefur verið við bæði drengja- og stúlknaíð til þess að ferðast til Íslands og taka þátt í alþjóðlega mótinu Rey Cup í Reykjavík.

Síerra Leóne

Sendiráð Íslands í Freetown í Síerra Leóne var formlega opnað í maí 2024. Helstu verkefni á árinu voru á sviði jafnréttis, lýðræðis og uppbyggingar mannauðs, þar á meðal á sviði menntunar og vatns- og hreinlætismála ásamt undirbúningi fyrir frekara samstarf á sviði bláa hagkerfisins og í loftslagsmálum. Einnig voru fyrstu skref tekin til að kanna möguleika þess að hefja héraðsnálgun í Síerra Leóne sambærilega við þá sem hefur verið beitt í öðrum tvíhliða samstarfslöndum Íslands með góðum árangri.

Stutt var við verkefni í samstarfi við UNDP og UN Women á sviði jafnréttismála á héraðsvísu, sem felur meðal annars í sér þarfagreiningu á getu héraðsyfirvalda til að innleiða nýlega jafnréttislöggjöf landsins, ásamt beinum stuðningi við fimm strand-héruð til að efla getu þeirra til að samþætta kynjasjónarmið í áætlanir og þjónustu til íbúa.

Ísland er stærsta framlagsríki í vatns- og hreinlætismálum í Síerra Leóne og fór seinni áfangi verkefnis á því sviði af stað á árinu í samstarfi við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Þegar því verkefni lýkur munu 55 þúsund einstaklingar í 17 afskekktum fiskveiðisamfélögum í Síerra Leóne njóta aðgangs að heilnæmu vatni og salernisaðstöðu í nærumhverfi sínu.

Samstarfsverkefni Íslands og Mannfjöldastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um útrýmingu fæðingarfistils skilaði góðum árangri á árinu. Stórum áfanga var náð þegar ný skurðstofa til meðhöndlunar fæðingarfistils var vígð á héraðs-sjúkrahúsinu í Bo en skurðstofan stóreykur getu sjúkrahússins til að þjónusta konur, meðal annars þær sem þjást af fæðingarfistli. Þessar aðgerðir efla almenna þjónustu á sviði mæðra- og ungbarnaverndar sem er mikilvægur þáttur verkefnisins. Þá var skrifað undir annan samning við Mannfjöldastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um nýtt samstarfsverkefni gegn kynfæralimlestingum kvenna og stúlkna. Kynfæralimlestingar eru útbreiddur vandi í landinu og baráttan gegn þeim flókið viðfangsefni sem krefst djúprar þekkingar á samfélaginu. Verkefnið, sem er til fjögurra


ára, beitir heildrænni nálgun þar sem rannsóknir, gagnasöfnun, stuðningur við grasrótina og valdefling kvenna og stúlkna er í forgrunni.

Samstarf við UNFPA í Síerra Leóne 2024



Framkvæmd samstarfsverkefnis Íslands og Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) um heimaræktaðar skólamáltíðir í grunnskólum í strandhéraðinu Bonthe hófst í byrjun árs og fór vel af stað. Undir lok árs var ákveðið að stækka verkefnið vegna góðs árangurs. Einnig var ákveðið að bjóða upp á fleiri matvæli ræktuð í nærumhverfi skólanna. Þannig er verkefninu ætlað að tryggja næringu skólabarna, stuðla að betri námsárangri, auka fjölbreytni í ræktun og bæta atvinnuöryggi smábænda.

Samstarf við WFP í Síerra Leóne 2024



Fiskveiðar eru mikilvægur þáttur í atvinnulífi og fæðuöryggi Síerra Leóne en Ísland og Alþjóðabankinn veita sjávarútvegsráðuneyti Síerra Leóne tæknilega aðstoð við gerð heildrænnar stefnu í sjávarútvegs málum. Íslenskir sérfræðingar tóku þátt í vinnustofu sem fór fram á seinni hluta 2024.

Áframhaldandi stuðningur var veittur við kosningaverkefni Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) sem hleypt var af stokkunum fyrir forseta- og þingkosningarnar árið 2023. Úrslit kosninganna voru umdeild og síðan hefur áherslan verið á að styðja alla aðila til að komast að samkomulagi um umbætur á kosningakerfi landsins og að innleiða þær.

Sendiráðið studdi við og tók virkan þátt í alþjóðlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við jafnréttismálaráðuneyti Sierra Leóne og landsskrifstofu UN Women. Árangurinn af því varð umtalsverður en alls sóttu 16.000 einstaklingar í 16 héruðum samfélagsfundi um kynbundið ofbeldi ásamt því sem 20.000 einstaklingar fengu upplýsingar í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla um skaðsemi kynbundins ofbeldis.

Ísland veitti félagasamtökunum Center for Memory and Reparations sérstakan styrk en þau minntust þess að í fyrra voru tuttugu ár liðin frá því að sannleiks- og sáttanefnd gerði upp hatrammt borgarastríð sem geisaði í landinu frá 1991-2002. Um hundrað nemendum og kennurum frá 18 almenningsskólum í borginni var gert kleift að heimsækja sýninguna þar sem þau fengu fræðslu um orsakir og afleiðingar stríðsins, en borgarastyrjöldin er ekki hluti af námsefni í skólum landsins.



| Ung stúlka nýtur skólamáltíðar í Bonthe, Sierra Leóne.

Að lokum fóru af stað tvö verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Annað þeirra snýr að nýtingu sólarorku til heimilislýsingar í jaðarsettum byggðum sem hafa ekki aðgang að hefðbundnum dreifikerfum. Hitt snýr að samfjármögnun loftslagsverkefna alþjóðlegu samtakanna Barnaheilla (Save the Children International) í Sierra Leóne en þeim er ætlað að efla viðnámsþrótt og vistkerfi strandbyggða í landinu. Verkefnið hlaut einnig styrk frá Græna loftslagssjóðnum.

Úganda

Á árinu 2025 verður aldarfjórðungur liðinn frá upphafi samstarfs Íslands og Úganda og hefur frá upphafi verið lögð áhersla á fátæk fiskveiðisamfélög. Samstarfið nær nú til tveggja héraða við Víktoriúvatn, Buikwe og Namayingo. Meginmarkmiðið er að stuðla að bættum lífskjörum, annars vegar með því að bæta aðgang að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu og hins vegar með uppbyggingarstarfi í skólum fyrir börn og unglinga.

Ísland hefur einnig komið að uppbyggingu héraðsstofnana og mannaúðs þeirra, efna- hagslegri valdeflingu kvenna, aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og loftslagsmálum. Framkvæmd verkefnanna er undir forystu héraðsyfirvalda með stuðningi og eftirliti af hálfu Íslands.

Verulegur árangur náðist á þremur fyrstu árum samstarfsins í Namayingo-héraði, ekki síst á sviði menntamála.

Árangur í Namayingo 2022-24



8.784

8.784 nemendur í átta grunnskólum með bætta aðgang að menntun og bættu skólaumhverfi.



8.500

8.500 manns njóta góðs af 17 almenningssalernum í þéttbýliskjörnum sem bæta aðgang fólks að hreinlætisaðstöðu.



17.400


17.400 manns njóta góðs af 62 endurbættum vatnsbólum.

Í Buikwe-héraði líður að lokum 12 ára samstarfs og mun Ísland kveðja héraðið á árinu 2025. Sérstök áhersla var lögð á uppbyggingu sólarknúinna vatnsveitukerfa og uppsetningu vatnssjálfsala ásamt heildstæðum stuðningi við grunnskóla í héraðinu.



| Vatnspóstur í Namayingo.

Árangur í Buikwe 2024



Auk héraðsverkefnanna fer fram margvíslegt samstarf við fjölbjóðlegar stofnanir og félaga-samtök. Þar má meðal annars nefna verkefni í samstarfi við Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) sem miðar að því að bæta aðgang að heilnæmu drykkjarvatni og aðstöðu í salernis- og hreinlætismálum í skólum og heilbrigðisstofnunum í flóttamannabyggðum og viðtökusamfélögum í norðvesturhluta landsins.

Þá var samstarfi við Mannfjöldastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í Namayingo formlega ýtt úr vör í febrúar 2024. Verkefnið tekur á heildstæðan hátt á orsökum og afleiðingum fæðingarfistils. Unglingsstúlkur eru sérstaklega útsettar fyrir fæðingarfistli en tíðni þungana hjá þeim er há í héraðinu.

Samstarfinu við Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) á sviði loftslagsmála var haldið áfram en markmið verkefnisins er að draga úr kolefnislosun skólamáltíða með uppsetningu á orkusparandi eldunaraðstöðu í skólum og trjá-rækt í Karamoja, einu fátækasta svæði Úganda. Skólunum sem verkefnið nær til var fjölgað um tæplega helming á árinu og ræktun hafin á sætum kartöflum. Þar með er stuðlað enn frekar að fæðuöryggi barna á svæðinu.

Árangur af samstarfsverkefnum með Sameinuðu þjóðunum í Úganda 2024



Ísland styður við mannréttindasamtökin DefendDefenders sem styðja við grasrótarsamtök og standa vörð um réttindi baráttufólks fyrir mannréttindum í Austur-Afríku. Ástandið er víða

bágborið í álfunni en ólögin gegn hinsegin fólki sem samþykkt voru í Úganda vorið 2023 eru ein helsta ástæða þess að ákveðið var að gerast bakhjarl samtakanna. Framlag Íslands til DefendDefenders hefur verulega þýðingu og fengu fimmtán einstaklingar sérstaka neyðarvernd á fyrri helmingi ársins 2024. Verkefnið þykir hafa gefist vel og verður því fram haldið til 2026.

Valdefldar unglingsmæður

Nýtt samstarfsverkefni með Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) sem samþykkt var haustið 2024 markar tímamót í starfi sendiráðsins í Kampala. Í fyrsta sinn fá unglingsmæður beinan fjárstuðning til að komast úr þeirri fátæktargildru sem þessum hópi er svo hætt við auk þess sem börn þeirra á forskólaaldri njóta sérstakrar þjónustu. Verkefnið nær til rúmlega þúsund unglingsmæðra og barna þeirra í tveimur héruðum í vesturhluta Úganda.

Þá má nefna nýtt verkefni með Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) um stuðning við unglingsmæður og börn þeirra í tveimur héruðum í vesturhluta landsins, viðgerð og endurbætur á vatnsveitu í flóttamannabyggð í norðurhluta landsins í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og tvö samstarfsverkefni um kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi þar að lútandi í suður- og austurhluta landsins. Þróunarsamvinna Íslands í Úganda teygir sig þannig til allra landshluta og nær til sífellt fleiri sviða þótt megináherslan sé eftir sem áður á héraðsnálgunina.

3.3 Fjölbjóðleg þróunarsamvinna

Sérstök áhersla er lögð á samstarf við fjórar alþjóðastofnanir í þróunarsamvinnu: Alþjóðabankann, Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Virku aðhaldi og eftirfylgni með framlögum Íslands er sinnt með þátttöku í framkvæmdastjórnnum áherslustofnana, samráði og reglulegri skýrslugjöf einstakra verkefna, sem og úttektum og vettvangsferðum.

Helstu áfangar fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2024

Stuðningur við bættu lagalega og félagslega stöðu hinsegin fólks hefur verið aukinn, meðal annars með framlögum til félagasamtakanna Outright International og alþjóðlegu félagasamtakanna ILGA, sem vinna að mannréttindabaráttu hinsegin fólks í þróunarríkjum, og stuðningi við teymi Alþjóðabankans sem sinnir mála-flokknum í verkefnum bankans.

Ísland veitti öflugan stuðning við 21. endurfjármögnun IDA, stofnunar Alþjóðabankans sem veitir 78 fátækustu ríkjum heims stuðning, en stofnunin er meðal þeirra sem hefur náð hvað mestum árangri á sviði þróunarsamvinnu.

Þá er áframhaldandi öflug aðstoð við aukið kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi þar að lútandi og málefni barna með stuðningi við UN Women, UNFPA og UNICEF.

Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er öflugasta einstaka stofnunin sem vinnur að því að bæta lífskjör fólks í þróunar-arríkjum. Stjórn bankans er skipt í 25 kjördæmi sem hvert hefur eitt stjórnarsæti en Ísland er aðili að kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasalts-ríkjanna. Árið 2024 leiddi Ísland þátttöku kjördæmisins í Þróunarnefnd bankans (Development Committee) sem er sameiginleg ráðherranefnd Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndin fundar á vorfundum og ársfundum bankans og sjóðsins og flutti utanríkisráðherra ræðu kjördæmisins á vorfundum bankans.

Alþjóðabankinn hefur undanfarin misseri veitt hnattrænum áskorunum á borð við loftslagsmál, verndun líffræðilegrar fjölbreytni, fæðuöryggi, óstöðugleika og átök talsverða athygli, til viðbótar við hið upprunalega hlutverk um útrýmingu fátæktar. Þessi áhersla var samþykkt af hluthöfum bankans á síðasta ári en hann gaf þá út sérstök skuldabréf til að fjármagna nýtt hlutverk. Ísland samþykkti í ágúst 2024 að kaupa skuldabréf fyrir sex milljónir bandaríkjadala en alls hafa fimmtán ríki gert hið sama fyrir samtals 11,7 milljarða bandaríkjadala. Það gerir bankanum kleift að auka útlán um rúmlega 72 milljarða næsta áratuginn. Skuldabréfakaupin teljast sem framlag til opinberrar þróunaraðstoðar. Í tvihiðla

samstarfi við Alþjóðabankann er unnið eftir áherslusviðum Íslands og sérþekkingu, svo sem í jarðhita, fiskimálum og jafnrétti. Á árinu 2024 fjármögnuðu íslensk stjórnvöld ráðningu jarðhitasérfræðings hjá orkusjóð bankans, sjávarútvegssérfræðings hjá viðeigandi teymi hans ásamt ungliðastöðu með áherslu á jafnréttismál í Women, Business and the Law-teymi bankans. Þá veitir Ísland árleg fjárfraðslög til sjóða bankans á sviði jafnréttis-, mannréttinda- og orkumála og málefna hafsins, en á árinu 2024 hófst samstarf við teymi bankans sem vinnur að málefnum hinsegin fólks.

Þá styður Ísland við starfsemi Alþjóðabankans á áttaksvæðum og hefur umtalsverður hluti af stuðningi Íslands við enduruppbyggingu í Úkraínu farið í gegnum Úkraínusjóði bankans. Á árinu 2024 var einnig veittur stuðningur til Palestínusjóðs bankans sem vinnur að enduruppbyggingu og viðhaldi á grunninnviðum.

Árangur Alþjóðaframfarastofnunarinnar 2024



Alþjóðaframfarastofnunin

Á árinu 2024 fóru fram samningaviðræður vegna 21. endurfjármögnunar IDA, stofnunar Alþjóðabankans sem veitir 78 fátækustu ríkjum heims stuðning í formi hagstæðra lána, styrkja og ráðgjafar. Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi lagt ríka áherslu á starf IDA. Starfið samræmist vel áherslum í þróunarsamvinnu Íslands, meðal annars uppbyggingu mennta- og heilbrigðisinnviða, aðgangi að grunnþjónustu, kynjajafnrétti og aðgerðum vegna loftslagsbreytinga, meðal annars hvað varðar nýtingu endurnýjanlegrar orku. Í samræmi við fjármálaáætlun Alþingis voru framlög Íslands til IDA hækkuð um 24%, en þau eru hluti af framlögum Íslands til alþjóðlegrar

þróunarsamvinnu. Heildarframlög framlagsríkja til IDA21 munu nema tæpum 24 milljörðum króna sem skilar sér í sögulega hárrí upphæð til lántökuríkja, eða 100 milljörðum króna. IDA er meðal þeirra stofnana sem hafa náð hvað bestum árangri í að veita fátækustu ríkjum heims stuðning.

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna

Árangur UN Women vegna 2023



2.800.000.000

Um 2,8 milljarðar kvenna og stúlkna í 78 löndum fengu aukna vernd í kjölfar breytinga á lagaumhverfi.



9.500.000

Yfir 9,5 milljónir bágstaddra kvenna í 79 löndum, þar á meðal flóttakonur og konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi, fengu aðgang að viðeigandi upplýsingum og þjónustu.

Samstarf Íslands og stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) hefur styrkst á undanförunum árum. Ísland er næststærsta framlagsríki UN Women miðað við höfðatölu og hefur stutt stofnunina frá því hún var sett á fót árið 2010. Nýr rammasamningur Íslands og UN Women til næstu þriggja ára tók gildi á árinu.

Stór hluti stuðnings Íslands felst í kjarnaframlögum en auk þeirra var veittur stuðningur við ákveðin verkefni stofnunarinnar. Þar á meðal var veitt framlag til verkefnis UN Women í Jórdaníu sem snýr að vernd gegn kynbundnu ofbeldi og valdeflingu sýrlenskra flóttakvenna og jórdanskra kvenna í viðkvæmri stöðu með því að auka tækifæri til atvinnusköpunar. Ísland hefur stutt við verkefnið um árabil, og er íslenskur ungliði (Junior Professional Officer) nú á sínu öðru ári að störfum við verkefnið. Þá er áframhaldandi stuðningur Íslands við starfsemi UN Women í Afganistan afar þýðingarmikill en konur og stúlkur eru útilokaðar frá nær öllum sviðum samfélagsins og brotið á þeirra mannréttindum með kerfisbundnum hætti.

Á árinu héldu íslensk stjórnvöld áfram virkri þátttöku í aðgerðabandalagi gegn kynbundnu ofbeldi með þátttöku í átaksverkefninu Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum) sem er leitt af UN Women. Þá starfaði útsendur íslenskur sérfræðingur áfram við verkefni stofnunarinnar er snýr að þátttöku drengja og karla í

jafnréttismálum. Ísland endurnýjaði enn fremur stuðning sinn við tengslanet kvenleiðtoga, UN Women Leaders Network.

Þessu til viðbótar hefur landsnefnd UN Women á Íslandi notið stuðnings íslenskra stjórnvalda en hún heldur úti málsvarastarfi á Íslandi um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna á heimsvísu ásamt því að vinna að fjáröflun fyrir UN Women. Þess ber að geta að íslenska landsnefndin skilar hærri kjarnaframlögum til stofnunarinnar en nokkur önnur landsnefnd, óháð höfðatölu.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna

Árangur UNICEF vegna kjarnaframlaga árið 2023



70%

Yfir 70% af börnum undir 5 ára aldri fengu aðhlynningu vegna vannæringar í 47 löndum sem glíma við háa tíðni barnadauða.



6.200.000

6,2 milljónum skammta af fyrsta bóluefninu gegn malaríu var dreift í sjö löndum Afríku.



5.400.000

5,4 milljónir manna fengu aðgang að heilnæmu vatni og 4,8 milljónir fengu aðgang að hreinlætisaðstöðu.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) vinnur að því að efla og verja réttindi allra barna, bæta lífsgæði þeirra og veita aðgang að þjónustu, auk þess sem stofnunin sinnir umfangsmiklu mannúðarstarfi á vettvangi. Rammasamningur Íslands við UNICEF veitir samstarfinu umgjörð og tók nýr samningur gildi á árinu 2024. Kjarnaframlög Íslands til stofnunarinnar eru umtalsverð og hafa farið hækkandi en auk þeirra er veittur stuðningur við sértæk verkefni, þar á meðal í tvíhliða samstarfsríkjunum þremur.

Stærstu samstarfsverkefni Íslands við UNICEF eru vatns- og hreinlætisverkefni og má þar helst nefna nýtt samþætt verkefni um bætt lífskjör í sjávarþorpum í Síerra Leóne auk verkefnis í Úganda. Ísland hefur einnig stutt starfsemi UNICEF þar sem þörf er á mannúðaraðstoð, til að mynda í Úkraínu. Þá hefur Ísland frá árinu 2011 veitt framlög til samstarfsverkefnis UNFPA og UNICEF sem miðar að því að útrýma limlestingum á kynfærum kvenna og stúlkna í samstarfi við stjórnvöld, félaga-samtök, trúarleiðtoga, þorpsleiðtoga og þolendur í 17 ríkjum þar sem þessi skaðlega venja er enn við lýði. Þá veitti Ísland áfram framlag til jafnréttissjóðs UNICEF, en hann vinnur að því að efla menntun stúlkna á unglingsaldri í þróunarríkjum.

Sumarið 2024 tók til starfa íslenskur sérfræðingur í jafnréttisteymi UNICEF í New York, en þar að auki styðja íslensk stjórnvöld stöðu ungs sérfræðings hjá UNICEF í Síerra Leóne, en annar ungliði hjá UNICEF í Kenía lauk störfum 2024.

Auk framangreinds styðja íslensk stjórnvöld við starf Landsnefndar UNICEF á Íslandi sem sinnir málsvaustarfi og fjárflyun fyrir UNICEF, sem skilar sér í kjarnaframlögum sem eru með þeim hæstu í heimi miðað við höfðatölu.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna

Árangur UNFPA vegna kjarnaframlaga 2022-23



2.400.000

Dauðsföllum vegna vandamála í fæðingu hefur fækkað um þriðjung á síðustu fjórum árum. 2,4 milljónir kvenna fengu aðstoð í fæðingu í löndum þar sem neyðarástand ríkir.



18.600

18.600 stúlkur og konur fengu meðferð vegna fæðingarfistils. Sameiginlegt verkefni UNFPA og UNICEF um að útrýma limlestingum á kynfærum kvenna náði til 18 landa. Yfir 273 þúsund stúlkum var bjargað á einu ári.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) leiðir vinnu innan Sameinuðu þjóðanna í þágu kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda þar að lútandi og gegnir einnig lykilhlutverki í þjónustu við þolendur kynbundins og kynferðislegs ofbeldis á átakasvæðum. Kjarnaframlög Íslands til UNFPA hafa hækkað mikið á undanföllum árum auk þess sem stutt er við ýmis tiltekin verkefni stofnunarinnar á vettvangi. Þar ber helst að nefna verkefni sem snúa að baráttunni gegn fæðingarfistli í tvíhliða samstarfsríkjum Íslands: Malaví, Síerra Leóne og Úganda, sem og samstarfsverkefni með UNICEF um útrýmingu limlestinga á kynfærum kvenna sem nefnt er hér að ofan. Þar að auki veitti Ísland stuðning á árinu til mannúðarstarfs stofnunarinnar á vettvangi í Afganistan, Úkraínu og Sýrlandi. Fulltrúar UNFPA komu einnig til Íslands í október 2024 og stóðu fyrir viðburði í Veröld – húsi Vigdísar til að kynna árlega skýrslu um mannfjöldamál og kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi þar að lútandi, State of the World Population Report.

Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar

Virk þátttaka íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC) tryggir faglega umgjörð í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Nefndin er vettvangur framlagsríkja til mótunar bestu starfshátta og skilvirkni í þróunarsamvinnu og veitir framlagsríkjum aðhald og stuðning ásamt því að halda utan um alla tölfræði aðildarríkja varðandi framlög. Fyrir utan virka þátttöku í nefndinni sjálfri taka íslensk stjórnvöld þátt í ýmsum vinnuhópum hennar, meðal annars á sviði jafnréttismála (GENDERNET), loftslags- og umhverfismála (ENVIRONET), tölfræði (WP-STAT), eftirlits og úttekta (EVALNET) og félagasamtaka (CoP on Civil Society). Jafningjarýni nefndarinnar, sem felst í úttekt á þróunarsamvinnu einstakra framlagsríkja, veitir ríkjunum aðhald og nýttist til umbóta við stefnumótun og umgjörð þróunarsamvinnu þeirra. Jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands fór síðast fram haustið 2022 og hafa tilmæli hennar verið nýtt við stefnumótun og áætlanagerð.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna

Ísland var kjörið til setu í framkvæmdastjórn Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá 1. júlí 2024 til tveggja ára og er það í þriðja sinn sem Ísland á sæti í stjórninni. Í aðdraganda þess var unnin sérstök stefnumörkun um áherslur Íslands og er þar einkanlega horft til málefna hafsins, fiskveiða, fiskveiðistjórnunar og fæðukerfa, kynjajafnréttis og heimsmarkmiða sem lúta að útrýmingu hungurs og vistkerfis heimshafanna.

Ný undirnefnd fiskveiðinefndar FAO um fiskveiðistjórnun tók til starfa og verður hún undir forystu íslensks formanns næstu tvö árin á meðan verkefni og starfsemi nefndarinnar eru í mótun.

Þá tók Ísland virkan þátt í fundi Alþjóðlegu fæðuöryggisnefndarinnar (CFS) hjá FAO, meðal annars með sérstökum hliðarviðburði um bláfæðu undir forystu Bláfæðubandalagsins sem Ísland leiðir, en í umræðu um fæðuöryggismál hefur Ísland lagt áherslu á að auka fæðuhlutfall úr höfum og vötnum. Þá hefur farið fram undirbúningur að auknum stuðningi við stofnunina á sviði jafnréttismála í sjávarútvegsgeiranum,

endurgerð eldri samninga um starfsmanna-skipti og einstökum verkefnum í samstarfi við fiskimáladeildina.

Skýrsla um veiðiheimildir í lögsögum fjarlægra ríkja

Á árinu kom út hjá fiskimáladeild FAO skýrsla sem Ísland kostaði, Institutional and economic perspectives on distant-water fisheries access arrangements, um aðgang og veiðiheimildir í lögsögum fjarlægra ríkja. Í skýrslunni er mismunandi fiskveiðistjórnunaraðferðum, stofnana-uppbyggingu og efnahagslegum hvötum lýst nánar með þremur ítarlegum raundæmum frá þróunarríkjum (Gana, Namibíu og Suðurhafseyjum) auk þess sem gefin er innsýn í kjör fólks og forsendur fiskveiða þróaðra ríkja innan erlendra efnahagslög-sagna og dæmi tekin af Japan, ESB og Kína. Skýrslan varpar ekki síst ljósi á hagsmunarárekstra sem geta komið upp til dæmis milli innlendra smáútgerða og fiskimanna annars vegar og erlendra útgerða hins vegar eða milli ósamræmanlegra markmiða innlendra stjórnvalda og erlendra fjárfesta. Auk þess sem bent er á að ef ríkin gera opinberar upplýsingar um hvað þau fá fyrir að veita aðgang að lögsögu sinni geti það hjálpað til að draga úr spillingu en á sama tíma geti þau haldið trúnað um einstaka samninga. Atvinnusköpun er stór hvati til veitinga veiðiheimilda en fram kemur að vísbendingar séu um að samfélagsleg og umhverfisleg sjálfbærni veiða erlendra útgerða innan lögsögu fái nú aukið vægi þegar ákvarðanir eru teknar, þó að pólitík, saga og efnahagsávinningur skipti meginmáli.

Áhersla alþjóðasamfélagsins á starfsemi og verkefni FAO hefur aukist umtalsvert undanfarin misseri. Ljóst er að heimsmarkmið um útrýmingu hungurs fyrir 2030 mun ekki nást. Er áætlað að þá muni enn um hálfur milljarður jarðarbúa glíma við hungur, fæðuöryggi og næringarskort. Árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hafa mjög sett svip sinn á öll samskipti innan Rómarstofnananna. Á vettvangi stjórnar FAO eru vandasöm verkefni framundan sem snúa að endurskoðun og umbótum á skipulagi og starfsemi stofnunarinnar.

Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna

Samstarfið við Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) fór vaxandi á liðnu ári. Vorið 2024 var skrifað undir samstarfssamning við hana um verkefni sem lúta að eflingu réttarríkisins í þróunarríkjum. Einnig hafa verið veitt framlög til verkefnis UNDP í Úkraínu á sviði orkumála, sem er viðbragð við þeirri neyð sem skapast hefur sökum kerfisbundinna árása Rússlands á úkraínska orkuinnviði. Þá voru veitt framlög til sjóðsins Loftslagsloforð Sameinuðu þjóðanna (Climate Promise) sem styður þróunarríki við gerð áætlana og framkvæmd skuldbindinga þeirra samkvæmt Parísarsamningnum. Í tvíhliða þróunarsamvinnu veita stjórnvöld framlög til verkefna UNDP í mannréttindamálum í Malaví og til kosningaverkefnis í Síerra Leóne.

Ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna

Íslensk stjórnvöld héldu áfram þátttöku í ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna (Junior Professional Officer Programme), en þar fá ungir, háskólamenntaðir sérfræðingar starfsreynslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Samstarfið styrkir starfsemi Sameinuðu þjóðanna á vettvangi með beinum hætti og sú reynsla sem ungliðar öðlast skilar sér margfalt í mannauði og sérfræðipækkingu. Á liðnu ári voru þrír ungliðar ráðnir í tengslum við verkefnið, hjá Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Síerra Leóne, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) í Malaví og Mannfjöldasjóði Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í Úganda.

3.4 Mannúðaraðstoð

Fimmta hvert barn í heiminum býr á átaka-svæðum eða er á flótta frá þeim. Um mitt ár 2024 voru alls um 123 milljónir á flótta í heiminum og talan fer hækkandi. Átök valda neyð og fólksflótta á mörgum stöðum og loftslagsbreytingar ýta undir átökin og neyðina auk þess sem sjúkdómar breiðast auðveldlega út. Með framlögum til mannúðaraðstoðar leggur Ísland sitt af mörkum svo hægt sé að veita lífsbjargandi aðstoð þar sem neyðin er mest og léttu undir með fólki á sínum erfiðustu stundum. Ísland leggur sem fyrr áherslu á fyrirsjáanleg kjarnaframlög til mannúðarmála í fjölþjóðlegu samstarfi. Fjármagninu er fylgt eftir með virku samráði við viðkomandi stofnanir og aðhaldi í samvinnu við önnur framlagaríki.

Áhersla á kjarnaframlög

Ísland leggur sem fyrr áherslu á fyrirsjáanleg og sveigjanleg framlög til mannúðarmála, því þannig framlög koma að mestu gagni. Kjarnaframlög til alþjóðastofnana gera einmitt þetta. Þau voru veitt samkvæmt langtímasamningum við áherslustofnanir í mannúðarmálum en framlög voru að auki veitt til mannúðaraðstoðar í Afganistan, Sýrlandi, Jemen og á Mið-Sahelsvæðinu auk í Palestínu á grundvelli fyrirsjáanlegra áheita og viðbótarframlaga. Á árinu bættust við framlög úr neyðarsjóði utanríkisráðuneytisins til Súdan og Líbanon, vegna alvarlegs mannúðarástands í þeim ríkjum.

Um leið og fólki á flótta fjölgar og neyð eykst víða um heim, lækkaði OCHA tölu sína yfir fólk í þörf fyrir mannúðaraðstoð milli árána 2023 og 2024. Skýringuna má að einhverju leyti rekja til bætts mannúðarástands í einhverjum ríkjum, meðal annars af því að mannúðaraðstoð var veitt á réttum tíma til dæmis í Sómalíu árið 2023. Lækkunin kemur þó mestmegnis til vegna þess að með vaxandi neyð og minnkandi heildarfjármagni til mannúðarmála verður þörfin á sársaukafullri forgangsroðun enn brýnni. Mat OCHA í ársbyrjun 2024 var að 300 milljónir yrðu í þörf fyrir mannúðaraðstoð og af þeim ætti að forgangsraða 180 milljón manns.

Fæðuöryggi og jafnvel hungursneyð voru því miður áberandi í fréttaflutningi frá Súdan, Gaza og Haítí. Skoðunarnefnd um hungursneyð (IPC Famine Review Committee) komst að þeirri niðurstöðu í ágúst að ströngum skilyrðum um hvort flokka megi ástand fæðuöryggis sem hungursneyð hefði nú verið mætt í Zamzam-búðunum í Norður-Darfúr í Súdan. Í desember sagði nefndin hungursneyð ríkja á fimm svæðum í landinu en það má rekja til borgarastyrjaldarinnar sem þar geisar. Í takt við áherslu á fæðuöryggi í þróunarsamvinnustefnu veitti Ísland framlög úr neyðarsjóði mannúðar til aðgerða Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) í Súdan.


Stuðningur Íslands við starf WFP, sem er skilgreind sem áherslustofnun í mannúðaraðstoð í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, hefur verið aukinn markvisst, sem er vel metið því föst framlög hafa lækkað þrátt fyrir vaxandi þörf fyrir bráðaaðstoð víða um heim.



CERF sá fólki sem þurfti að yfirgefa heimili sín vegna ástandsins í Líbanon á síðasta ári, fyrir tímabundnu skjóli, heilsugæslu, andlegum stuðningi og fjárstuðningi.

Grunur lék á að á Gaza ríkti líka hungursneyð en erfitt var að sannreyna það vegna alvarlegra takmarkana á mannúðaraðgengi allt árið 2024. Ísland veitti engu að síður framlög til lífsbjargandi aðstoðar í Palestínu og jók við þau jafnt og þétt allt frá upphafi stríðsins í október 2023. Meirihluti framlaga rann til Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) sem hefur mesta getu til þess að veita aðstoð á svæðinu. Í október samþykkti Ísraelsþing löggjöf sem hindrar starf UNRWA og mótmælti Ísland því, meðal annars með norrænni ráðherrayfirlýsingu.

Mannúðarframlög til einstakra ríkja 2024




Þegar átökin breiddust yfir til Líbanon tilkynnti Ísland um framlög úr neyðarsjóði mannúðar til Líbanon vegna mikils fjölda flóttafólks. Til marks um ástandið flúði yfir hálf milljón manns til Sýrlands þar sem afar bágborið ástand hafði ríkt um árabil. Ísland veitti á árinu hlutfallslega há framlög til mannúðaraðstoðar í Sýrlandi enda uppsöfnuð þörf mikil. Í kjölfar falls Assad-stjórnarinnar þann 8. desember er Sýrland á miklum krossgötum en ljóst að þörfin fyrir mannúðaraðstoð hefur síst minnkað. Sama má segja um Afganistan þar sem talibanar hafa unnið skipulega að því að draga úr réttindum kvenna. Íslensk stjórnvöld viðurkenna ekki talibanastjórnina

en veita þrátt fyrir það aðstoð til stofnana og samtaka þar í landi sem vinna að því að bæta hag kvenna, að mannúðaraðstoð berist konum og stúlkum og að konur séu meðal starfsfólks sem dreifir henni. Ísland veitti einnig eyrnamerkt framlög til verkefna mannúðarstofnana á Sahel-svæðinu í Afríku og til Jemen á Sádi-Arabíu-skaga. Þá ber að nefna framlög til Neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (CERF) sem gegnir mikilvægu hlutverki við að fjármagna neyðarviðbrögð samtakanna í krísum og aðstæðum þar sem neyð eykst skyndilega og hratt. Árið 2024 var meðal annars úthlutað úr sjóðnum til Mjanmar, Eþíópíu og Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó.

Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna, CERF, var aðeins 16 mínútur að bregðast við flóðaviðvörðun í Bangladesh þann 4. júlí 2024. Innan þess tíma hafði sjóðurinn úthlutað 6,2 milljónum bandaríkjadala til WFP, FAO, UNICEF og UNFPA sem gátu strax veitt lífsbjargandi aðstoð í formi reiðufjár til matarkaupa og annars, auk aðstoðar við að forða tjóni í landbúnaði og stuðnings við frjósemisheilbrigði.

Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar eftir samstarfsstofnunum 2024



Bráðabirgðatölur. Uppgjöri vegna ársins 2024 var ekki lokið við útgáfu. Tölur í m.kr. Framlög til Úkraínu innifalin.

3.5 GRÓ

GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu er sjálfstæð miðstöð sem starfar undir merkjum Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og miðar að því að koma íslenskri sérþekkingu sem stuðlar að framgangi heimsmarkmiðanna á framfæri við þróunarríkin. GRÓ-skólarnir eru fjórir – Jafnréttis-skólinn, Jarðhitaskólinn, Landgræðsluskólinn og Sjávarútvegsskólinn – og hafa starfað um áratugaskeið. Þeir hafa frá upphafi verið mikilvægur þáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Alls sóttu 96 sérfræðingar fimm til sex mánaða þjálfunarnám á vegum GRÓ árið 2024 og var helmingur þeirra konur. Allir starfa sérfræðingarnir hjá samstarfsstofnunum skólanna í heimalöndum sínum.

GRÓ styrkir einnig útskrifaða nemendur til framhaldsnáms og nutu 30 einstaklingar slíkra styrkveitinga á árinu, 16 til doktorsnáms og 14 til meistaranáms. Alls útskrifuðust sjö styrkþegar á árinu, tveir með doktorsgráðu og fimm með meistaragráðu.

Ýmis stutt námskeið voru haldin árið 2024. Jafnframt var nýju netnámskeiði um karlmenn, drengi og karlmennsku hleypt af stokkunum en það fjallar um mikilvægt hlutverk karla og drengja í að stuðla að auknu jafnrétti.

Góður árangur staðfestur í óháðri úttekt

Viðamikil óháð úttekt fyrirtækisins GPA á starfi GRÓ á árunum 2018–2023, sem utanríkisráðuneytið lét gera árið 2024, staðfesti góðan árangur af starfinu. Helsta niðurstaða úttektarinnar er að skólarnir hafi með skilvirkum hætti náð tilætluðum árangri með stuðningi við ungt fagfólk og samstarfsstofnanir í 76 ríkjum á tímabilinu og þannig gert þeim kleift að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þá hafi þjálfun sem nemendur hlutu skapað grundvöll fyrir þá til að tileinka sér nýja þekkingu, hæfni og aðferðir.



| Framkvæmdastjóri UNESCO og nemendur Jarðhitaskóla GRÓ.

GRÓ - lykiltölur í lok árs 2024

1.767

hafa útskriftast frá
GRÓ-skólunum fjórum.



111

hafa lokið
meistaránámi.



24

hafa lokið
doktorsnámi.



5.494

hafa lokið styttri
námskeiðum.



Samstarf GRÓ við útskrifaða nemendur eftt

GRÓ hefur á árinu unnið að því að efla tengslin við útskrifaða nemendur. Í febrúar komu útskrifaðir nemendur frá öllum skólunum fjórum í Úganda saman á skrifstofu UNESCO í landinu og vinna þeir nú að stofnun samtaka. GRÓ-skólarnir héldu einnig viðburði þar sem útskrifaðir nemendur komu saman. Einnig studdu þeir nemendur til að sækja ráðstefnur og fleira. Þá fjármagnaði GRÓ stöðu sérfræðings í jafnréttismálum á svæðisskrifstofu UNESCO í Nýju Delí sem ráðinn var úr hópi útskrifaðra nemenda Jafnréttisskólans í gegnum UNV, Sjálfbóðaliða Sameinuðu þjóðanna.


3.6 Frjáls félagasamtök

Nálægð við grasrótina og fjölbreytt verkefni á vettvangi gera félagasamtök að mikilvægum samstarfsaðilum í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. Í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 er tekið fram að félagasamtök gegni veigamiklu hlutverki við að standa vörð um mannréttindi þeirra fátækustu og þeirra sem búa við mismunun. Í samræmi við það og rammasamninga við félagasamtök voru veittir styrkir til alls þrettán félagasamtaka til verkefna í tólf löndum og var einnig brugðist við þrettán neyðarákóllum. Stærstur hluti verkefna félagasamtaka er styrktur á grundvelli fyrrnefndra rammasamninga en utan þeirra fengu tíu verkefni á vegum átta félagasamtaka styrkveitingu á árinu. Samstarf við félagasamtök er í samræmi

við verklagsreglur og er því ætlað að falla að áherslum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og mynda samlegðaráhrif við tvíhliða og fjölþjóðlegt starf Íslands á þessu sviði.


Utanríkisráðuneytið hefur átt farsælt samstarf við fjögur stærstu íslensku félagasamtökin í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð – Rauða krossinn á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, SOS Barnaþorpin á Íslandi og Barnaheill – Save the Children á Íslandi, en rammasamningar til þriggja ára runnu sitt skeið í lok árs 2024. Markmið samstarfsins er að auka árangur og skilvirkni verkefna og veita félagasamtökunum fjárhagslegan fyrirsjáanleika. Niðurstöður innri rýni utanríkisráðuneytisins um framkvæmd rammasamninga staðfestir að þeim markmiðum var náð. Auk þess kom þar fram að hagkvæmni verkefna sé í hávegum höfð, enda takmörkuð yfirbygging vegna verkefna á vettvangi. Úttektir á verkefnum félagasamtakanna sýna fram á haldberan árangur og að áherslur þeirra rími vel við stefnu Íslands.

Verkefni félagasamtaka 2024



- Afganistan ● Búrkiná Fasó ● Eþíópía ● Kenía
- Líbanon ● Líbería ● Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
- Malaví ● Pakistan ● Palestína ● Suður-Súdan
- Síerra Leóne ● Sómalía ● Súdan ● Sýrland
- Tógó ● Úganda ● Úkraína

Styrkveitingar til verkefna íslenskra félagasamtaka 2024



Með stuðningi íslenskra stjórnvalda lagði Rauði krossinn á Íslandi áherslu á seiglu og samfélagslega drifin þróunarsamvinnuverkefni, sjálfbæra endurheimt skóglendis og verkefni á sviði jafnréttismála í Malaví, Sómalíu, Síerra Leóne og Líbanon. Mannúðaraðstoð á vegum Rauða krossins á Íslandi rann til neyðaraðgerða vegna stríðsátaka í Súdan, Sýrlandi og á Gaza og Vesturbakkanum, en samtökin fengu viðbótarframlag í gegnum rammasamning um mannúðaraðstoð til að bregðast við stríðsástandinu á Gaza. Einnig var brugðist við neyðarbeiðni vegna ástandsins í Afganistan og kynferðislegs ofbeldis í Suður-Súdan.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vann áfram að verkefnum sem lúta að forvörnum gegn ofbeldi gagnvart börnum og þjónustu við þolendur á mjög afskekktum svæðum í Síerra Leóne, Líberíu og Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Á sviði mannúðaraðstoðar leggja samtökin áherslu á uppbyggingu barnvænna svæða í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó en að auki voru framlög greidd í alþjóðlegan viðbragðssjóð Save the Children sem styður meðal annars viðbrögð samtakanna á Gaza, í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og í Mongólíu.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að bæta lífsafkomu fólks, auka seiglu samfélaga gagnvart loftslagsbreytingum, stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu ungmenna. Á árinu vann Hjálparstarfið áfram að þremur verkefnum í Eþíópíu, Úganda og Malaví. Á sviði mannúðaraðstoðar studdi Hjálparstarf kirkjunnar neyðaraðgerðir vegna stríðsátaka í Úkraínu, Súdan og í Palestínu.

SOS Barnaporpin á Íslandi unnu áfram að verkefnum í Malaví og Eþíópíu með áherslu á fjölskylduefningu, þar sem sárafatækar barnafjölskyldur fengu stuðning til að auka sjálfbærni og seiglu. Samtökin styðja forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, einkum stúlkum í Tógó, og lauk verkefni SOS í Sómalíu um valdeflingu og atvinnutækifæri fyrir ungumenni í lok árs 2024 með góðum árangri.

Á grundvelli rammasamninga á sviði kynningar- og fræðslumála við landsnefndir UN Women, UNICEF á Íslandi og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi styður utanríkisráðuneytið verkefni sem stuðla að vitundarvakningu, kynningu og fræðslu á Íslandi um þróunarsamvinnu, mannúðarmál, starfsemi Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðin.

Undirbúningur vegna nýrra rammasamninga á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar hófst á árinu og var auglýst eftir umsóknum frá félagasamtökum. Samstarf á grundvelli rammasamninga krefst þess að félagasamtök séu öflug, hafi sterka umgjörð um starfið og reynslu af alþjóðastarfi. Ráðuneytinu bárust fimm umsóknir en fjögur félagasamtök stóðust formkröfur: Rauði krossinn á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, SOS Barnaporpin á Íslandi og Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Samhliða umsóknarferlinu voru stefnumið um samstarf við félagasamtök uppfærð og nýjar verklagsreglur um samstarf á grundvelli rammasamninga samþykktar. Nýir rammasamningar við framangreind fjögur samtök voru undirritaðir í byrjun mars 2025.

3.7 Atvinnulífið

Heimsmarkmiðasjóður

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins um þróunarsamvinnu hefur hægt en örugglega fest sig í sessi frá því að fyrstu styrkjum var úthlutað árið 2019. Markmið sjóðsins er að fá íslenskt atvinnulíf til að koma að sjálfbærri uppbyggingu í þróunarríkjum, til dæmis með tekju- og atvinnuskapandi verkefnum og fjárfestingum sem stuðla að aukinni hagsæld og draga úr fátækt. Verkefni geta fengið styrk fyrir allt að 50% af heildarkostnaði verkefnisins en að hámarki 30 milljónir króna á þriggja ára tímabili. Úthlutað var til sjö nýrra verkefna á árinu en sjóðurinn hefur veitt styrki til 39 verkefna frá upphafi. Styrkirnir byggjast á að framlag fyrirtækjanna sé að minnsta kosti jafnhátt framlagi sjóðsins, að unnið sé með innlendum aðilum í þróunarríkjunum, í samræmi við þróunaráætlun viðkomandi ríkis og stefnu íslenskra stjórnvalda, og hafi mælanleg þróunaráhrif.

Styrkþegar 2024

Íslenski sjávarklasinn ehf. - Þróun sjávarklasa á Kiribati

Hananja ehf. - Áframhald undirbúnings að stofnun lyfjaverksmiðju í Malaví

VAXA Technologies Iceland ehf. - Næringaraukandi fæðuverkefni í Tansaníu

Kerecis hf. - Verkefni til meðhöndlunar brunasára hjá börnum í Afganistan

Anna Rósa grasalæknir ehf. - Efnahagsleg valdefling kvenna í flóttamannabúðum í Úganda

Warm heart ehf. - Efling kaffiframleiðlu í Malaví

Pólar toghlerar ehf. - Nútímavæðing fiskveiða í Kenía

Nýsköpun

Þróunarfræ er sjóður sem ætlað er að styðja nýsköpun í þróunarríkjum og er áhersla lögð á að styrkirnir geti leitt til stærri verkefna og annarra fjárfestinga. Hámarksstyrkur er tvær milljónir króna án kröfu um mótframlag. Eini umsækjandinn þetta árið var Warm Heart ehf. sem hlaut styrk til að vinna að aukinni líffræðilegri fjölbreytni plantna á kaffiekrum í Malaví.

Skrifað var undir tveggja ára samning um þátttöku í íslensku nýsköpunarvikunni sem haldin er í maí ár hvert. Á Nýsköpunarvikunni er jafnan einn dagur helgaður umhverfis- og orkumálum. Markmið ráðuneytisins er að vekja athygli

fjárfesta og nýsköpunarfyrirtækja á mikilli þörf fyrir fjárfestingar og nýskapandi lausnir í orkumálum þróunarríkja. Kynnt voru verkefni Hananja um lyfjaverksmiðju í Malaví sem styrkt hefur verið af Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífsins í þróunarsamvinnu og verkefni Broskalla sem miðar að því að undirbúa nemendur í fátækrahverfum í Afríku fyrir háskólanám þar sem framförum er umbunað með rafmynt sem meðal annars nýtist til að kaupa ýmis aðföng fyrir heimilið.

Aðgerðabandalag um örvun fjárfestinga í þróunarríkjum

Ísland gekk í nóvember 2024 til liðs við IMCA, sem er aðgerðabandalag Norðurlanda og Bandaríkjanna um blendingsfjármögnun (blended finance) til að auka fjárfestingar í þróunarríkjum. IMCA-samstarfinu er einkum ætlað að hraða fjárfestingum sem hafa veruleg samfélagsleg áhrif, til að mynda á sviði orku- og loftslagsmála. Á síðustu áratugum hafa framlagsríki lagt aukna áherslu á fjárfestingar einkageirans í þróunarríkjum, enda ljóst að hagur fátækustu ríkjanna vænkast ekki af þróunarsamvinnu einni saman. Samstarfið miðar að því að nýta opinbert þróunarfé til að taka fyrstu áhættu af fjárfestingum og gera þær þannig að álitlegri kosti, þar á meðal fyrir lífeyrissjóði og aðra fjárfesta. Með aðildinni tekur Ísland þátt í að auka fjárfestingar einkageirans í þróunarríkjum í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024–2028.



| Fulltrúar IMCA á COP29 í Bakú, Aserbaísjan, nóvember 2024.

Tæknileg ráðgjöf

Alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðabankann og FAO hafa reglulega óskað eftir liðsinni íslenskra sérfræðinga við ýmis verkefni. Frá árinu 2018 hefur utanríkisráðuneytið því haldið utan um lista yfir íslenska sérfræðinga sem eru tilbúnir að veita alþjóðastofnunum aðstoð. Målefnið eru meðal annars nýting jarðhita og vatnsafls, målefni

hafsins, sjálfbær landnýting og jafnréttismál. Þá hafa þessir sömu sérfræðingar einnig nýst í tvíhliða þróunarsamvinnuverkefni Íslands. Á liðnu ári komu íslenskir ráðgjafar að verkefnum á sviði jarðhita, málefna hafsins og sjávarútvegs í Bútan, Djíbútí, El Salvador, Hondúras, Kíríbatí, Kólumbíu, Síerra Leóne og Sómalíu.

3.8 Þróunarsamvinnunefnd

Þróunarsamvinnunefnd starfar samkvæmt lögum nr. 121/2018 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og sinnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands ásamt því að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Utanríkisráðherra skipar fulltrúa og varamenn til fjögurra ára í senn. Núverandi þróunarsamvinnunefnd var skipuð árið 2021 og samanstendur af fimm fulltrúum íslenskra félagasamtaka sem starfa á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar, tveimur fulltrúum skipuðum í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins og tveimur fulltrúum skipuðum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Að auki sitja í nefndinni fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi en formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra. Á árinu fjallaði nefndin meðal annars um jafnréttismál í þróunarsamvinnu, starf í brothættum ríkjum, mannúðaraðstoð Íslands og íslenskra félagssamtaka á alþjóðlegum vettvangi, jafnréttisskuldabréf, ársskýrslu GRÓ og framboð Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna 2025–2027 og áherslur Íslands hvað það varðar.

4 Utanríkisviðskipti og Evrópusamstarf

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra og Maros Šefčovič, framkvæmdastjóri hjá Evrópusambandinu sem er ábyrgur fyrir utanríkisviðskiptum og samskiptum við Ísland.



4.1 Áherslur Íslands

Forgangsmál utanríkisþjónustunnar og eitt af hennar lögbundnu hlutverkum er að vernda hagsmunum Íslands í alþjóðaviðskiptum og stuðla að efnahagslegri hagsæld þjóðarinnar með greiðum aðgangi útflutnings að erlendum mörkuðum. Að sama skapi þarf að tryggja stöðugt framboð á innfluttum vörum og þjónustu. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir opið hagkerfi eins og það íslenska sem byggir afkomu sína á stöðugum og traustum viðskiptasamböndum við önnur ríki.

Allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar hefur alþjóðasamfélagið unnið að auknu viðskiptafrelsi milli ríkja og að mótun regluverks sem tryggir sanngirni og jafnan ávinning ríkja af alþjóðlegum viðskiptum. Á grundvelli þessa hafa íslensk stjórnvöld um áratuga skeið lagt ríka áherslu á gerð viðskiptasamninga. Þannig nýtur íslenskt atvinnulíf góðs af fríverslunarsamningum sem gerðir hafa verið bæði innan ramma Fríverslunar-samtaka Evrópu (EFTA) og með tvíhliða samningum. Stærsti samningurinn, EES-samningurinn, gegnir lykilhlutverki í að tryggja íslenskum fyrirtækjum markaðsaðgang og efla samkeppnishæfni þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Á undanförunum árum hefur tíðarandinn verið frekar hallur undir verndarhyggju sem er meðal annars sprottin af togstreitu stórvelda og áherslu á öryggismál. Tækniþekking, framleiðslugeta og auðlindir teljast í vaxandi mæli meginstöðir efnahagslegs öryggis ríkja, ekki síst í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19, árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu og aukinnar samþjöppunar á eignarhaldi lykilhráefna sem styðja við græn umskipti.


Evrópusambandið (ESB) gaf nýverið út efnahagsöryggisstefnu og hefur síðan gripið til aðgerða til að auka aðfangaöryggi aðildarríkja sambandsins. Þá hafa verið samþykktar reglugerðir til þess að sporna við óeðlilegum afskiptum þriðju ríkja af efnahagslífi aðildarríkjanna. Reglur um innri markað EES beinast þannig í auknum mæli að alþjóðlegum áskorunum fremur en viðskiptum innan svæðisins og vert að huga að þeim áhrifum sem þær hafa á Ísland. Bandaríkin hafa einnig gripið til aðgerða í þessu tilliti og því gæti togstreitan milli stórvelda aukist í framtíðinni og umhverfi alþjóðaviðskipta þannig flækst enn frekar, með mögulegum áhrifum á Ísland.

Því er mikilvægt að kortleggja stöðu Íslands með tilliti til utanríkisviðskipta og efnahagslegs öryggis í ljósi þeirrar þróunar sem nú á sér stað, ekki síst til að tryggja samkeppnishæfni Íslands og hagsæld á sama tíma og stutt er við þjóðaröryggi.


4.2 Vöru- og þjónustuviðskipti – helstu tölur

Í eftirfarandi kafla má finna tölulegar upplýsingar um vöru- og þjónustuviðskipti Íslands, þar með talið heildarútflutning, skiptingu eftir vörutegundum og viðskiptalöndum, og þróun útflutningstekna. Hafa ber í huga að stór hluti útflutnings til meginlands Evrópu fer um Holland, þar sem stærsta uppskipunarhöfn álfunnar er staðsett, en óljóst er hversu mikið af varningi heldur áfram til annarra ríkja. Sama getur einnig átt við um hafnir annarra Evrópuríkja.

Útflutningur vöru og þjónustu 2014-2024



Vöruútflutningur eftir vörutegundum 2014-2024




Upphæðir í milljónum króna

Vörutegundir	2023		2024	
Sjávarafurðir	352.186	38%	346.048	36%
Afurðir áls	323.723	35%	312.665	33%
Iðnaðarvörur, aðrar	174.410	19%	201.116	21%
Landbúnaðarvörur	54.645	6%	62.580	7%
Aðrar vörur	32.749	3%	36.008	4%
Vöruútflutningur alls	937.711	100%	958.416	100%

Heimild: Hagstofan 16.02.2025

Þjónustuútflutningur eftir flokkum 2014-2023



Upphæðir í milljónum króna

Þjónustuflokkur	2022		2023	
Farþegaflutningar með flugi	118.348	15,6%	173.095	18,6%
Ferðalög	336.173	44,3%	430.439	46,2%
Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a.	11.735	1,5%	12.024	1,3%
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	65.708	8,6%	74.848	8,0%
Önnur viðskiptaþjónusta	70.042	9,2%	77.499	8,3%
Önnur þjónusta	157.668	20,8%	164.681	17,7%
Þjónustuútflutningur alls	759.674	100%	932.586	100%

Heimild: Hagstofan 16.02.2025

Vöruútflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum

Land/ríkjahópur	2023	2024	Breyting milli ára	Hlutfall af heildarútfll. 2023	Hlutfall af heildarútfll. 2024
Evrópa	738.767	766.008	3,7%	78,8%	79,9%
 ESB (27)	667.114	583.370	-12,6%	65,8%	62,2%
 EFTA	57.339	62.499	9,0%	5,7%	6,7%
 Holland	335.799	314.238	-6,4%	35,8%	32,8%
 Bretland	81.623	92.066	12,8%	8,7%	9,6%
 Frakkland	60.258	67.504	12,0%	6,4%	7,0%
 Noregur	55.229	51.930	-6,0%	5,9%	5,4%
 Þýskaland	44.735	47.664	6,5%	4,8%	5,0%
 Spánn	36.888	43.830	18,8%	3,9%	4,6%
 Danmörk	25.411	23.306	-8,3%	2,7%	2,4%
 Pólland	15.354	22.769	48,3%	1,6%	2,4%
 Portúgal	15.804	21.044	33,2%	1,7%	2,2%
 Litáen	9.044	13.793	52,5%	1,0%	1,4%
 Sviss	7.222	11.728	62,4%	0,8%	1,2%
 Svíþjóð	7.622	11.554	51,6%	0,8%	1,2%
 Belgía	8.274	9.172	10,9%	0,9%	1,0%
 Færeyjar	5.848	5.351	-8,5%	0,6%	0,6%
 Ungverjaland	6.497	3.785	-41,7%	0,7%	0,4%
Norður- og Suður-Ameríka	118.381	127.608	7,8%	12,6%	13,3%
 Bandaríkin	91.031	110.393	21,3%	9,7%	11,5%
 Kanada	10.078	8.029	-20,3%	1,1%	0,8%
 Grænland	10.027	4.166	-58,5%	1,1%	0,4%
Afríka	10.835	10.795	-0,4%	1,2%	1,1%
 Nígíría	9.467	7.043	-25,6%	1,0%	0,7%
Asía	50.071	50.668	1,2%	5,3%	5,3%
 Kína	20.505	19.870	-3,1%	2,2%	2,1%
 Japan	16.682	12.251	-26,6%	1,8%	1,3%
Eyjaálfa og Suðurskautslandið	4.995	3.337	-33,2%	0,5%	0,3%
 Ástralía	4.391	3.226	-26,5%	0,5%	0,3%
Heildarvöruútflutningur	937.710	958.416	2,2%	100%	100%

Upphæðir eru í milljónum króna. / Heimild: Hagstofan 16.02.2025

Inn- og útflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum 2023 og 2024

Land/ríkjahópur	VÖRUVIÐSKIPTI 2024				ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI 2023			
	Útflutningur fob		Innflutningur cif		Útflutningur fob		Innflutningur cif	
1  Holland*	314.238	32,8%	84.048	6,2%	34.704	3,7%	59.697	9,5%
2  Bandaríkin	110.393	11,5%	116.631	8,6%	306.011	32,6%	77.851	12,4%
3  Bretland	92.066	9,6%	52.266	3,9%	98.206	10,5%	72.972	11,6%
4  Frakkland	67.504	7,0%	35.366	2,6%	28.908	3,1%	11.481	1,8%
5  Noregur	51.930	5,4%	147.047	10,8%	20.335	2,2%	26.816	4,3%
6  Þýskaland	47.664	5,0%	108.739	8,0%	64.788	6,9%	33.727	5,4%
7  Spánn	43.830	4,6%	26.073	1,9%	16.631	1,8%	45.896	7,3%
8  Danmörk	23.306	2,4%	86.492	6,4%	32.653	3,5%	40.754	6,5%
9  Pólland	22.769	2,4%	32.705	2,4%	6.838	0,7%	15.171	2,4%
10  Portúgal	21.044	2,2%	4.638	0,3%	3.232	0,3%	4.978	0,8%
11  Kína	19.870	2,1%	146.467	10,8%	6.447	0,7%	1.954	0,3%
12  Litháen	13.793	1,4%	23.619	1,7%	2.184	0,2%	6.693	1,1%
13  Japan	12.251	1,3%	16.780	1,2%	5.056	0,5%	942	0,1%
14  Sviss	11.728	1,2%	11.842	0,9%	20.385	2,2%	11.239	1,8%
15  Svíþjóð	11.554	1,2%	56.146	4,1%	17.484	1,9%	26.273	4,2%
16  Belgía	9.172	1,0%	20.162	1,5%	17.764	1,9%	12.958	2,1%
17  Kanada	8.029	0,8%	8.597	0,6%	36.123	3,8%	7.158	1,1%
18  Nígería	7.043	0,7%	4.885	0,4%	82	0,0%	85	0,0%
19  Færeyjar	5.351	0,6%	4.669	0,3%	4.757	0,5%	13.294	2,1%
20  Ítalía	5.088	0,5%	35.936	2,6%	15.641	1,7%	11.712	1,9%
21  Grænland	4.166	0,4%	9.089	0,7%	7.528	0,8%	5.674	0,9%
24  Írland	3.553	0,4%	18.073	1,3%	47.733	5,1%	50.126	8,0%
35  Finnland	1.578	0,2%	15.277	1,1%	6.549	0,7%	4.503	0,7%
EES	662.217	69,1%	770.927	56,8%	380.083	40%	412.595	65,5%
 ESB (27)	598.559	62,5%	612.006	45,1%	338.999	36%	374.530	59,4%
 Norðurlönd**	97.885	10,2%	318.721	23,5%	89.306	10%	112.811	17,9%
 Fríverslunarnet EFTA***	29.699	3,1%	98.602	7,3%	69.175	7,4%	25.998	4,1%

* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

** Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Ålandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

*** Miðast við fríverslunarsamninga sem EFTA ríkin hafa gert og tekið hafa gildi 01.01.2025.

Upphæðir eru í milljónum króna.

Heimild: Hagstofan 16.02.2025

4.3 Evrópska efnahagssvæðið

30 ára afmæli EES-samningsins var fagnað 2024. Í ljósi þeirrar ólgu sem ríkir í alþjóðamálum má færa rök fyrir því að samningurinn hafi aldrei verið Íslandi mikilvægari enda heldur hann áfram að skila samfélaginu þeim ávinningi sem upphaflega var lagt upp með. Pólitískt samstarf í tengslum við samninginn hefur aukist síðustu ár og mikilvægt er að stjórnámamenn veiti áfram pólitíska leiðsögn og efla þau samskipti sem samstarfið býður upp á.

Í tilefni afmælisins sóttu forsætisráðherrar Íslands, Noregs og Liechtenstein sérstakan leiðtogafund EES-ríkjanna í Brussel í mars 2024. Þáverandi utanríkisráðherra tók einnig þátt í afmælisfundi EES-ráðsins í maí 2024 og afmælisviðburði um samninginn af því tilefni. Ísland fór með formennsku í samstarfi EFTA-ríkjanna innan EES á fyrri hluta ársins og leiddi því undirbúning vegna fjölmargra atburða sem haldnir voru í tengslum við afmælið.



Dominique Hasler, utanríkisráðherra Lichtenstein, Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, Hadja Lahbib, utanríkisráðherra Belgíu, og Maroš Šefčovič, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB, í pallborðsumræðum á ráðstefnu í tilefni 30 ára afmælis EES-samningsins.

Innanlands var afmæli EES-samningsins minnst með eflingu umræðu um samninginn og mikilvægi hans. Þannig var samningurinn eitt af umræðuefnum á Alþjóðasamvinna á krossgötum, árlegri ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, sem haldin var á vordögum. Í maíbyrjun tók utanríkisráðuneytið þátt í skipulagningu málfundar um ávinninginn sem þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB í gegnum EES-samninginn hefur skilað íslensku samfélagi. Á fundinum deildu mörg fyrirtæki og aðilar, sem hlotið hafa stuðning úr áætlunum, reynslu sinni. Jafnframt var starfsemi Uppbyggingarsjóðs EES kynnt, með áherslu á hvernig sjóðurinn hefur stuðlað að auknu samstarfi Íslands við viðtökuríki sjóðsins. Í

september stóð utanríkisráðuneytið fyrir málþingi um framtíð innri markaðarins, þar sem Enrico Letta, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu og höfundur skýrslu um framtíð innri markaðarins, var meðal þátttakenda. Þáverandi utanríkisráðherra tók virkan þátt í öllum þessum viðburðum.

EES-samningurinn hefur áhrif á fjölmörg svið samfélagsins. Lykilþáttur í samstarfinu er sú skuldbinding EFTA-ríkjanna innan EES að innleiða í landsrétt reglur innri markaðarins sem teknar hafa verið upp í samninginn. Undanfarin ár hafa komið upp staðfest tilvik svokallaðrar gullhúðunar, þar sem EES-reglur hafa verið innleiddar með lagasetningu sem gengur lengra en krafist er samkvæmt EES-samningnum, oft án nægjanlegs rökstuðnings eða áhrifamats. Á síðasta ári skilaði starfshópur um aðgerðir gegn gullhúðun skýrslu til þáverandi utanríkisráðherra með tillögum að úrbótum til að fyrirbyggja slíka gullhúðun. Þegar var hafist handa við að hrinda þessum úrbótum í framkvæmd og er sú vinna vel á veg komin.


ESB beitir innri markaðnum í auknum mæli til að bregðast við áskorunum í alþjóðaumhverfinu með því að efla hagvarnir og efnahagslegt öryggi sambandsins. Þetta skapar áskoranir fyrir EES-samstarfið, þar sem málaflokkar eins og utanríkisviðskiptastefna, utanríkisstefna og iðnstefna falla almennt utan gildissviðs EES-samningsins.

Að sama skapi er samningurinn mjög mikilvægur fyrir hagvarnir og efnahagslegt öryggi EFTA-ríkjanna innan EES. Því er brýnt að ný löggjöf ESB, sem jafnvel fellur að stórum hluta utan gildissviðs samningsins, leiði ekki til nýrra viðskiptahindrana á innri markaðnum eða valdi því að hann gliðni gagnvart EFTA-ríkjunum innan EES-samstarfsins.

Í sumar skilaði starfshópur EFTA-ríkjanna innan EES skýrslu um áhrif nýrrar löggjafar ESB, sem oft nær yfir málaflokka þvert á ráðuneyti, á hagsmuni ríkjanna. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur um það hvernig ríkin geti brugðist við þessari þróun, meðal annars með því að víkka út hagsmunagæslu sína í EES-samstarfinu. Þessi þróun á innri markaðnum kallar einnig á umræðu á pólitískum vettvangi um hvernig Ísland lagar sig að breyttum aðstæðum.

Á árinu 2024 var haldið áfram að vinna ötullega að hagsmunagæslu innan EES-samstarfsins. Í þeirri vinnu gegna ráðuneytin hvert á sínu sviði og sendiráð Íslands í Brussel lykilhlutverki, undir samræmingu utanríkisráðuneytisins í samstarfi við forsætisráðuneytið.

Fríverslunarsamningar Íslands



Í kjölfar kosninga til Evrópuþingsins í júní og skipunar nýrrar framkvæmdastjórnar ESB fyrsta desember síðastliðinn hefur verið unnið að því að kortleggja hagsmuni Íslands í tengslum við stefnumótun sambandsins til næstu ára og móta forgangslista fyrir hagsmunagæsluna gagnvart ESB á komandi misserum.

Návar verður fjallað um EES-málefni í skýrslu utanríkisráðherra um framkvæmd ESS-samningsins.


4.4 Fríverslunarsamtök Evrópu

Markmið fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna er að tryggja útflytjendum hagstæðan aðgang að erlendum mörkuðum. Samningarnir fela í sér niðurfellingu tolla, bætt kjör í þjónustuviðskiptum, fjárfestingum og opinberum útboðum, ásamt skuldbindingum í samkeppnis- og hugverkamálum. Nýir samningar taka einnig á rafrænum viðskiptum og hvetja til utanríkisverslunar með áherslu á sjálfbærni.

Í gegnum EFTA-samstarfið hafði Ísland undirritað 33 fríverslunarsamninga við 44 ríki og landssvæði utan ESB í lok árs 2024 en á árinu var undirritaður nýr fríverslunarsamningur við Indland. Uppfærður fríverslunarsamningur við Síle var jafnframt undirritaður. Einnig lauk viðræðum um nýja fríverslunarsamninga við Taíland og Kósovó auk uppfærðs fríverslunarsamnings við Úkraínu.

Á vefsíðu EFTA er að finna efni allra fríverslunarsamninga, umfjöllun og fréttir af starfsemi, auk niðurstöðu greininga á nýtingu tollfríðinda í samstarfi við samstarfsríki. Greining sem gerð var á árinu 2024 sýnir að þeir fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna sem greiningin náði til skiluðu

Íslenskum útflytjendum 1,3 milljörðum í beinan tollsparnað árið 2023. Greiningin náði til fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við eftirfarandi samstarfsríki: Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Kanada, Síle, Kosta Ríka, Ekvador, Hong Kong, Indónesíu, Marokkó, Norður-Makedóníu, Panama, Perú, Filippseyjar, Suður-Kóreu, Serbíu og Tyrkland.



Þáverandi utanríkisráðherra Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir undirritar uppfærðan fríverslunarsamning við Chile.

Árlegur ráðherrafundur EFTA-ríkjanna fór fram í Genf í júní 2024 þar sem staðan var tekin á yfirstandandi viðræðum og línur lagðar fyrir næsta starfsár. Samningalotur fóru fram um gerð fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við Malasíu og Víetnam, sem og við Mercosur, tollabandalag Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Samningaviðræður við Singapúr um samkomulag um rafræn viðskipti þokuðust áfram og fundað var í sameiginlegri fríverslunarnefnd EFTA-ríkjanna og Túnis. EFTA bauð sérfræðingum frá Perú til fræðslu um matvælaöryggi og hollustuhætti í fiskeldisframleiðslu. Að lokum má nefna að ráðherrar og embættismenn EFTA-ríkjanna eiga reglulegt samtal við þingmannanefnd EFTA og ráðgjafarnefnd EFTA en þar eiga sæti haghafar úr atvinnulífi og samtökum launþega.

4.5 Samningur um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun

Í nóvember 2024 undirrituðu Ísland, Sviss, Nýja-Sjáland og Kosta Ríka samning um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun (Agreement on Climate Change, Trade and Sustainability, ACCTS). Viðræður um samninginn hófust árið 2019.

Samningurinn er nýstárlegur en með honum eru töl og tæki hefðbundinna viðskiptasamninga nýtt til að styðja við baráttuna gegn loftslagsbreytingum. Samningurinn felur í sér niðurfellingu á tollum á umhverfisvænar iðnaðarvörur, aukið frelsi í viðskiptum með umhverfisvæna þjónustu og leiðbeinandi viðmið um umhverfismerkingar. Einnig er markvisst dregið úr ríkisstyrkjum og niðurgreiðslum til framleiðslu og notkunar jarðfænaeldsneytis, sem bætir samkeppnisstöðu endurnýjanlegra orkugjafa.

Samningurinn felur í sér viðurkenningu á sjálfbærni hreinnar orkunýtingar Íslands sem og kolefnisföngunar og styður við tækifæri íslenskra fyrirtækja til að flytja út sína þjónustu á þessum sviðum. Samningurinn verður opinn öllum aðildarríkjum WTO sem vilja undirgangast skuldbindingar hans og vonast er til að fleiri ríki gerist aðilar eftir gildistöku hans.

4.6 Aðrir samningar

Loftferðasamningar

Utanríkisráðuneytið annast gerð loftferðasamninga Íslands í samvinnu við innviðaráðuneytið og Samgöngustofu og í samráði við íslensku flugfélögin. Flugíðnaðurinn er ein af lykilatvinnugreinum Íslands og gegnir veigamiklu hlutverki í íslenskri þjóðarframleiðslu. Loftferðasamningar eru grundvöllur fyrir starfsemi íslenskra flugfélaga og forsenda farþega- og farmflutninga á alþjóðavísu.

Í lok árs 2024 voru í gildi loftferðasamningar við tæplega 130 ríki og sjálfsstjórnarsvæði. Loftferðasamningar við Rússland eru óvirkir vegna Úkraínustríðsins. Viðræður fóru fram á árinu um loftferðasamninga við Georgíu, Moldóvu, Nýja-Sjáland og Suður-Kóreu. Einnig fóru fram viðræður um gerð samninga við Argentínu og Túnis og um uppfærslur eldri samninga við Indónesíu, Taíland og Hong Kong.

Tvísköttunarsamningar

Tvísköttunarsamningar og fjárfestingasamningar styðja við fríverslunarsamninga Íslands með því að bæta skilyrði fyrir viðskipti og fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis og styrkja þannig samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðavettvangi.

Þeir eiga einnig að koma í veg fyrir tvísköttun og draga úr undanskotum frá skattlagningu á tekjur og eignir. Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við 47 lönd. Markmið samninganefndar um tvísköttunarsamninga er að ljúka samningagerð við öll aðildarríki OECD, Evrópuríki og þau ríki sem Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við.

Samningar við Andorra og Ástralíu tóku gildi á árinu en samningar við Brasilíu, Sádi-Arabíu, Katar, Kenía og Kúveit bíða gildistöku. Viðræður standa yfir við Nýja-Sjáland, Singapúr, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Þýskaland (uppfærsla) og undirbúningur er hafinn fyrir samningaviðræður við Malasíu og Marokkó.

Fjárfestingasamningar

Fjárfestingasamningar tryggja íslenskum fjárfestum og fjárfestingum þeirra á erlendri grundu lögbundin réttindi í viðkomandi ríki og gera þeim kleift að gæta hagsmuna sinna fyrir dómstólum. Í dag eru í gildi tvíhliða fjárfestingasamningar við átta lönd, og sjö samningar til viðbótar bíða gildistöku, þar á meðal samningur við Kúveit frá 2024. Að auki eru frekari viðræður í undirbúningi við Georgíu, Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmin.

Samningar um vinnudvöl

Utanríkisráðuneytið gerir samninga um vinnudvöl ungs fólks við ríki utan Evrópska efnahags-svæðisins. Þeir gera ungu fólki mögulegt að búa og starfa í allt að tvö ár í samningsríkjum. Ísland hefur gert slíka samninga við Bretland, Japan, Kanada og Andorra. Á árinu 2024 kláruðust viðræður við Síle og Ástralíu.

4.7 Schengen-samstarfið

Schengen-samstarfið felst í afnámi persónubundins eftirlits á innri landamærum aðildarríkjanna, sem ætlað að greiða fyrir frjálsri för fólks innan EES-svæðisins og samvinnu evrópskra lögregluembættanna til að tryggja öryggi borgara innan svæðisins.

Schengen-samstarfið hefur efst og umfang þess aukist verulega á undanförunum árum. Búlgaría og Rúmenía hlutu fulla aðild að Schengen-samstarfinu 1. janúar 2025 og taka nú 29 ríki þátt í því.

Árásarstríð Rússlands í Úkraínu og ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs hefur ógnað innra öryggi svæðisins og leitt til nýrra áskorana. Eitt af aðalmarkmiðum Schengen-ráðsins fyrir árið 2024 var því að styrkja viðnámsþol ytri landamæra, svo sem með samhæfingu upplýsingatæknikerfa aðildarríkjanna og innleiðingu rafræns verklags.


Umfangsmikil löggjöf um hælisleitendur var samþykkt í maí 2024 og á að koma til framkvæmda í júní 2026. Markmiðið er að ná betri yfirsýn og stjórn á málefnum einstaklinga í ólögumætri för innan Schengen-svæðisins og bæta og hraða málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd. Í landsáætlun Íslands um innleiðingu löggjafarinnar verður lögð áhersla á þær meginstöðir sem rúmast innan skuldbindinga Íslands samkvæmt Schengen-samningnum en einnig þarf að móta afstöðu til þeirra gerða sem Ísland er ekki skuldbundið til að innleiða til að tryggja samræmi í allri framkvæmd. Leiðir að aukinni skilvirkni endursendingarkerfis ESB var einnig til umfjöllunar á árinu. Skilvirkt endursendingarkerfi er almennt talið lykilforsenda trúverðugrar fólksflutningastefnu ESB og talið er að veruleg tækifæri séu til umbóta á kerfinu. Jafnframt var lögð áhersla á að efla samstarf við þriðju ríki um endurviðtöku eigin ríkisborgara.

Nokkur töf hefur orðið á innleiðingu komu- og brottfarakerfis Schengen-svæðisins (Entry/Exit System) en nú er stefnt að sveigjanlegri innleiðingu þess árið 2025. Á árinu var einnig fjallað um varnir gegn fjölþáttaógnum, misnotkun á flótt- og farandfólki og vopnvæðingu fólksflutninga, sérstaklega af hálfu Rússlands og Belarús. Stefnt er að því að auka rafrænt eftirlit við landamæri sem liggja að þessum ríkjum og styrkja varnir gegn drónaárásum. Í desember afgreiddi ráðherraráðið tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um lágmarksreglur til að koma í veg fyrir smygl á farandfólki í ESB en ekki liggur enn fyrir hvenær þríhliða viðræður Evrópuþingsins og ráðsins hefjast.

Æ fleiri þátttökuríki tóku á árinu upp tíma-bundið eftirlit á innri landamærum Schengen-samstarfsins en í lok árs voru þau orðin níu, það er Austurríki, Danmörk, Frakkland, Holland, Ítalía, Noregur, Slóvenía, Svíþjóð og Þýskaland. Í viðleitni til að sporna gegn þessu hefur

framkvæmdastjórn ESB lagt til ýmsar aðgerðir til að styrkja ytri landamæri svæðisins og lagt áherslu á að upptaka eftirlits á innri landamærum eigi að vera algjört lokaúrræði sem aðildarríkin eigi einungis að grípa til ef aðrar aðgerðir hafa ekki dugað.

Að hve miklu eða litlu leyti telur þú að hagsæld Íslands byggi á alþjóðlegum viðskiptum?



Heildarfjöldi svarenda: 981. Svöruðu ekki: 22. Heimild: Maskína (apríl, 2025)

4.8 Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf

Alþjóðaviðskiptastofnunin

Markmið Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) er að efla alþjóðaviðskipti með því að lækka tolla og takmarka aðrar viðskiptahömlur. Bann við mismunun milli viðskiptaríkja, gagnkvæmni og gagnsæi eru grunnildir í samningum stofnunarinnar. Þrjár meginstöðirnar í starfsemi WTO eru samningaviðræður um nýjar og uppfærðar viðskiptareglur, eftirlit með viðskiptastefnu aðildarríkjanna og úrlausn deilumála.

Ísland hefur mikla hagsmuni af því að viðhalda því regluverki alþjóðaviðskipta sem byggst hefur upp á vettvangi WTO. Með því er skapaður fyrirsjáanleiki í viðskiptum og möguleikar stærri aðildarríkja til að nota afl sitt gegn þeim smærri takmarkaðir.

Stofnunin hefur ekki farið varhluta af aukinni togstreitu innan alþjóðaviðskiptakerfisins undanfarin ár. Þar spilar stórveldasamkeppni Kína og Bandaríkjanna stórt hlutverk en einnig ólík framtíðarsýn hátekjuríkja annars vegar og lágtekjuríkja hins vegar á hlutverk stofnunarinnar. Helstu samningaviðræður hafa litlu skilað og deiluúrlausnakerfi stofnunarinnar er lamað sökum andstöðu Bandaríkjanna við skipun nefndarmanna við áfrýjunarnefnd hennar.

Eftirlitshlutverk stofnunarinnar með framfylgd aðildarríkja á samningum hennar þjónar þó enn tilætluðu hlutverki og undirgekkst Ísland slíka úttekt á árinu 2024. Meginniðurstaða úttektarinnar var sú að viðskiptastefna Íslands væri í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og að viðskiptaumhverfið hér á landi væri opið og gagnsætt. Íslandi var sérstaklega hrósað fyrir viðleitni til að auka vægi jafnréttis- og umhverfismála í starfsemi stofnunarinnar og fyrir leiðandi hlutverk í samningaviðræðum um takmörkun ríkisstyrkja í sjávarútvegi.

Þrettándi ráðherrafundur WTO fór fram í Abu Dhabi um mánaðamótin febrúar-mars 2024. Samningaviðræðurnar um ríkisstyrki í sjávarútvegi voru í kastljósi á þeim fundi enda ljós punktur í starfsemi stofnunarinnar. Fastafulltrúi Íslands hefur leitt samningaviðræðurnar í Genf en ráðuneytissjóri utanríkisráðuneytisins var beðinn um að miðla málum og freista þess að ná samkomulagi á ráðherrafundinum. Aðildarríkin höfðu áður náð samkomulagi um bann við allra skaðlegustu tegundum ríkisstyrkja sem veittir eru til fiskveiða á tólfta ráðherrafundi stofnunarinnar árið 2022. Þrátt fyrir að andstaða örfárra ríkja hafi komið í veg fyrir samkomulag í Abu Dhabi náðust engu að síður stór skref í áttina að heildstæðu samkomulagi um takmörkun ríkisstyrkja sem leiða til ofveiða og umframveiðigetu. Ísland er eitt fárra ríkja á heimsvísu sem niðurgreiðir ekki sjávarútveg og því þjóna frekari takmarkanir á ríkisstyrkjum viðskiptahagsmunum Íslands ásamt því að styðja við sjálfbærni fiskistofna á heimsvísu.

Meðal niðurstaða ráðherrafundarins í Abu Dhabi var ákvörðun um að framlengja bann við innheimtu tolla af rafrænum sendingum, vinnuáætlun um umbætur á deiluúrlausnakerfi stofnunarinnar auk þess sem Tímor-Leste og Kómoreyjar gerðust fullgild aðildarríki stofnunarinnar.

Efnahags- og framfarastofnunin

Afar viðamikil starfsemi fór fram á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á árinu 2024. Starfsemi stofnunarinnar nær til flestra sviða Stjórnarráðsins og er þátttaka Íslands á fundum hennar umfangsmikil, með virkri þátttöku bæði ráðuneyta og stofnana.

Aðildarríkjum OECD hefur farið fjölgandi á undanförunum árum og eru nú 38 talsins. Á ráðherrafundi OECD í maí var meðal annars samþykkt að hefja aðildarviðræður við Argentínu

og Indónesíu. Önnur umsóknarríki eru Brasilía, Búlgaría, Króatía, Perú, Rúmenía og Taíland. Þá var samþykkt aðgerðaáætlun um samstarf við ríki á Indó-Kyrrahafssvæðinu og að gerð yrði stefnu-mörkun um þróunarmál auk þess sem lýst var yfir stuðningi við samstarf við alþjóðastofnanir og ríkjahópa, svo sem Sameinuðu þjóðirnar, G7, G20, ASEAN og APEC.

Á ráðherrafundi OECD síðasta vor lagði Ísland áherslu á styrka stjórn efnahagsmála, nauðsyn þess að sýna aðhald í ríkisfjármálum á tímum aukins slaka í peningamálum og leiðir til að auka hagvöxt á sjálfbæran hátt.

Þáverandi utanríkisráðherra sótti stjórnarfund þróunarseturs OECD í desember þar sem fjármögnun þróunarsamvinnu var í brennidepli. Lagði ráðherra áherslu á nauðsyn þess að takast á við áskoranir þróunarríkja í kjölfar aukinna átaka, vaxandi viðskiptahindrana og sífellt meira álags vegna loftslagsbreytinga sem bitna hvað harðast á fátækustu ríkjum heims.

Fastanefnd Íslands í París, í samstarfi við OECD, stóð fyrir jafnlaunaviðburði í september í tilefni af alþjóðlega jafnlaunadeginum. Var þetta í fimmta sinn sem slíkur atburður er haldinn í samstarfi þessara aðila, en að þessu sinni var fjallað um jöfn laun og jafnrétti í íþróttum.

Málefni gervigreindar voru ofarlega á dagskrá OECD á árinu. Þáverandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sótti ráðherrafund samtakanna um vísindi og tækni í maí, þar sem meðal annars var rætt um sameiginlegar áskoranir og tækifæri þegar kemur að tækniframförum, þar á meðal varðandi gervigreind. Málefni gervigreindar voru einnig á dagskrá á fundi háttsettra embættismanna OECD í október.

Alþjóðahugverkastofnunin

Ísland hefur á undanförunum árum unnið að því með fleiri ríkjum innan Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) að styrkja vörumerkjavernd landaheita sem tengjast markaðssetningu á sviði vöru og þjónustu. Þrátt fyrir það hefur ekki náðst samkomulag í vörumerkjanefnd WIPO um að veita landaheitum aukna vörumerkjavernd. Þetta átak Íslands innan WIPO er meðal annars sprottið af málaferlum bresku matvörukeðjunnar Iceland Foods Limited (IFL) gegn Íslandi og íslenskum fyrirtækjum. Málið er nú á áfrýjunarstigi hjá dómstól Evrópusambandsins. Niðurstaða málsins er ekki aðeins mikilvæg fyrir Ísland heldur mun hún einnig skýra rétt ríkja til eigin auðkenna í

samkeppni á markaði og er fordæmisgefandi fyrir vörumerkjarétt í Evrópu og alþjóðlegan viðskiptarétt. Í kjölfar Iceland-málsins hefur utanríkisráðuneytið um nokkurra ára skeið vaktað skráningar vörumerkja sem innihalda landaheitið Ísland hjá hugverkastofum um allan heim og andmælt þeim þegar við á.

Í nóvember 2024 lauk samningaviðræðum milli aðildarríkja WIPO um nýjan alþjóðlegan samning um vernd hönnunar. Með samningnum er stefnt að því að samræma reglur um hönnunarvernd og auðvelda hönnuðum að vernda sköpun sína. Stefnt er að undirritun samningsins sumarið 2025.

Alþjóðaflugmálastofnunin

Ísland á sæti í ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sem fer með stjórn stofnunarinnar en í ráðinu sitja 36 ríki. Ísland fer fyrir hópi sjö ríkja og hefur nú yfirumsjón með skrifstofu NORDIACO, þar sem Norðurlöndin, Eistland og Lettland eiga fulltrúa.

Fastafulltrúi Íslands hjá ICAO gegnir formennsku í stjórnkerfisnefnd stofnunarinnar (Committee on Governance) sem ásamt formennsku í fjármálanefnd er talin ein mikilvægasta nefndarformennska í aðdraganda aðalþings ICAO haustið 2025.

ICAO-ráðið fjallar meðal annars um lausn deilumála milli aðildarríkja. Nú er þar til umfjöllunar kæra Rússlands gegn 37 vestrænum ríkjum, þar á meðal Íslandi, vegna viðskiptahindrana og lokunar lofthelgi fyrir flugvélum sem skráðar eru í Rússlandi vegna allsherjarnrásar Rússlands í Úkraínu. Í kjölfarið lokaði Rússland sinni lofthelgi fyrir vestrænum flugvélum, þar með talið íslenskum.

Innan ICAO er einnig til umfjöllunar ákvörðun Danmerkur um að koma á fót flugstjórnarmiðstöð á Grænlandi með það að markmiði að sinna eigin flugleiðsöguþjónustu frá og með árinu 2031.

Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu

Stuðningur við íslenskt atvinnulíf er mikilvægt verkefni ráðuneytisins og á sendiskrifstofum Íslands erlendis. Unnið er eftir framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning, í nánú samstarfi við Íslandsstofu, en vinna við endurskoðun hennar stendur nú yfir. Sendiskrifstofur veita íslenskum fyrirtækjum ráðgjöf og þjónustu allt árið um kring með öflugu neti viðskiptafulltrúa.

Íslandsstofa sér um almenna verkstjórn viðskiptafulltrúa í samstarfi við skrifstofu prótókolls, menningar og viðskiptaþjónustu með það að markmiði að efla íslenskan útflutning og laða ferðamenn og erlenda fjárfestingu til landsins. Á árinu hefur áfram verið unnið að því að styrkja og þetta samstarf ráðuneytisins og Íslandsstofu. Árlegar heimsóknir viðskiptafulltrúa hingað til lands voru teknar upp að nýju, auk þess sem samstarf um viðskipta- og menningaráætlanir sendiskrifstofa var styrkt.

Í lok árs skrifuðu menningar- og viðskiptaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, utanríkisráðuneytið og Íslandsstofa undir endurnýjaðan þjónustusamning um starfsemi Íslandsstofu, sem gildir frá 1. janúar 2025 til ársloka 2029. Samningurinn byggist á þeim grunni sem lagður hefur verið síðustu ár en felur í sér nokkrar breytingar sem styrkja enn frekar getu Íslandsstofu til að leiða samræmt kynningar- og markaðsstarf á alþjóðamörkuðum. Starfsemi Íslandsstofu byggist á útflutningsstefnu Íslands og er lögð áhersla á þjónustu við fimm geira atvinnulífsins; orku og grænar lausnir, hugvit og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónustu og sjávarútveg og matvæli.

Viðskiptaviðburðir

Á árinu fóru fram yfir 300 viðskipta- og menningarviðburðir á vegum íslenskra sendiskrifstofa erlendis víðs vegar um heiminn með beina tengingu við áherslur í útflutningsstefnu Íslands. Áfram er mest um menningartengda viðburði en hér að neðan gefur að líta nokkur dæmi um viðskiptaviðburði sem fram fóru á árinu.

Í febrúar stóð sendiráð Íslands í Washington fyrir viðburði hjá Motion Picture Association í Washington DC í tilefni af sýningu lokapáttar True Detective: Night Country sem tekinn var upp á Íslandi. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við HBO og mættu margir góðir gestir, meðal annars Deb Haaland, innanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Í mars stóð sendiráð Íslands í Osló fyrir viðburði í samstarfi við Íslandsstofu, Icelandair og Bæjarins Beztu þegar lykilaðilum úr norska ferðaiðnaðinum var boðið til Íslandskvölds í embættisbústaðnum.

Í maí stóð sendiráð Íslands í Peking fyrir málstofu um fríverslunarsamning Íslands og Kína í samvinnu við Icelandic Business Forum. Á árinu voru tíu ár liðin frá því að samningurinn tók gildi. Málstofuna sóttu fulltrúar íslenskra fyrirtækja í Kína, viðskiptavinir þeirra og fulltrúar kínverskra stjórnvalda.

Í júní var íslenskt hugvit kynnt í sendiráði Íslands í Berlín þegar staðgengill sendiherra tók á móti Þýskalandsskrifstofu Tixly, sem kynnti starfsemi sína fyrir menningar- og viðburðarhúsum hjá norrænu sendiráðunum. Skrifstofan sér um markaðssvæðið Þýskaland, Austurríki og Sviss, en auk mögulegra viðskiptavina tóku þátt stór menningarhús frá Austurríki og Þýskalandi sem þegar hafa stofnað til viðskipta við Tixly.

Í júní stóðu sendiráðið í Washington og Íslandsstofa sömuleiðis fyrir vel sótttri ráðstefnu, Our Climate Future: Colorado-Iceland Clean Energy Summit, í Denver þar sem lykilaðilar á sviði orkumála og grænna lausna frá Íslandi, Colorado-fylki og víðar frá Bandaríkjunum tóku þátt. Ráðstefnunni var ætlað að skapa vettvang til að deila þekkingu og reynslu á sviði jarðvarmanýtingar og kolefnislausna og stofna til tengsla íslenskra og bandarískra aðila, bæði stjórnvalda og einkaaðila á þessu sviði.

Í september var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf Íslands og Indónesíu í jarðhitamálum á árlegu jarðhitapiþingi (IIGCE) sem fram fór í Jakarta, höfuðborg Indónesíu. Samstarfið lýtur að endurnýjanlegri orku, með áherslu á þróun jarðhita, en jarðhitapiþingið var sótt af fulltrúum átta íslenskra fyrirtækja og átti sendinefndin fundi með indónesískum fyrirtækjum, en þátttaka þeirra var skipulögð í samstarfi við Íslandsstofu og sendiráð Íslands í Tókýó.

Samstarf Íslandsstofu og sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn var fyrirferðarmikið í september í tengslum við nýsköpunarviðburðinn Tech BBQ, en yfir fjörutíu íslensk fyrirtæki og fimm sjóðir tóku þátt í sendinefnd Íslands á viðburðinum. Tech BBQ-ráðstefnan tengir saman sprotafyrirtæki og fjárfesta með það að leiðarljósi að aðstoða næstu kynslóð efnilegra sprotafyrirtækja að komast á laggirnar og auka sýnileika þeirra og stærð á heimsmælikvarða.

4.9 Menningarmál

Ísland er þekkt á alþjóðavettvangi fyrir fjölbreytt menningarlíf og sköpunarkraft. Íslenskt listafólk ber hróður landsins víða og listir og skapandi greinar eru veigamikill og sívaxandi hluti utanríkisviðskipta. Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt leggur utanríkisráðuneytið því ríka áherslu á að gæta hagsmuna Íslands á sviði menningarmála. Öflugt samstarf er á milli utanríkisþjónustunnar, miðstöðva lista og skapandi greina, Íslandsstofu og ráðuneytis menningarmála. Slíkt samstarf er

leiðarstefið í menningarhandbók utanríkisþjónustunnar og lykillinn að því að tryggja árangur og fagleg gæði íslenskrar menningarkynningar erlendis.

Með nýjum þjónustusamningi stjórnvalda og Íslandsstofu, sem undirritaður var í nóvember 2024, er áframhald verkefnisins Skapandi Ísland tryggt til næstu fimm ára. Markmið verkefnisins, sem hófst síðla árs 2021, er að efla vitund um íslenskar listir og skapandi greinar á erlendum mörkuðum, auka þekkingu alþjóðlegs fagfólks á listum og skapandi greinum hér á landi og styðja við útflutning. Íslandsstofa og stjórnvöld leggja verkefninu til 90 m.kr. árlega. Íslandsstofa hefur umsjón með verkefninu í samráði við markaðsráð lista og skapandi greina en í því eiga sæti fulltrúar listamiðstöðvanna, Íslandsstofu og viðkomandi ráðuneyta.

Utanríkisþjónustan gegnir lykilhlutverki í Skapandi Ísland-verkefninu og nýtist reynsla, sambönd og staðarþekking starfsfólks sendiskrifstofanna við undirbúning og framkvæmd viðburða auk þess sem utanríkisþjónustan leggur til húsnæði þegar við á. Fjölmörg menningarverkefni sendiskrifstofa eru unnin innan ramma Skapandi Íslands, einkum á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og Þýskalandi, sem markaðsráðið hefur skilgreint sem forgangsmarkaði. Verkefnið skilaði yfir 1.200 ókostuðum umfjöllunum í erlendum fjölmiðlum, auk 1.300 kostuðum birtingum. Umfjöllun á samfélagsmiðlum snerti rúmlega 1,5 milljónir manna. Haldnir voru yfir fjörutíu tengslamyndunar- og kynningarviðburðir og þá sóttu yfir 1.500 listrænir stjórnendur og fagaðilar innan lista og skapandi greina.

Menningarviðburðir

Á árinu 2024 komu sendiskrifstofur Íslands með beinum hætti að framkvæmd um 200 menningarviðburða í samstarfi við listamiðstöðvarnar og menningarstofnanir í viðkomandi ríkjum.

Sendiráðin á Norðurlöndunum hafa undanfarin ár staðið fyrir viðburðum til að kynna íslenska hönnun og Hönnunarmars í góðu samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Skapandi Ísland. Í júní opnuðu þrjár sýningar í sendiráðinu í Kaupmannahöfn í tengslum við hátíðina 3DaysofDesign; Pítsastund, sem hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2023, Hæ/Hi og Snúningur. Sýningarnar voru vel sóttar, meðal annars af fjölmiðlafólki og birtist umfjöllun um þær víða

í hönnunartímaritum. Einnig kynnti íslenska fyrirtækið Fólk Reykjavík nýjar vörur á hátíðinni, í eigin sýningarrými í miðborg Kaupmannahafnar.



Frá sýningunni Pitsastund sem sett var upp í sendiráðinu í Kaupmannahöfn í tengslum við hönnunarhátíðina 3DaysofDesign.

Afmæli Felleshus

Í október var haldið upp á 25 ára afmæli Felleshus, sameiginlegs sendiráðssvæðis Norðurlandanna í Berlín. Þjóðhöfðingjar Norðurlandanna ásamt forseta Þýskalands sóttu viðburðinn ásamt um 350 gestum, einkum tengiliðum Norðurlandanna í stjórnmálum og stjórnsýslu, viðskiptum, menningu og fjölmiðlum. Í tilefni afmælisins var opnuð myndlistarsýningin Summation með verkum eftir tíu norræna listamenn, í sýningarstjórn Margrétar Áskelsdóttur. Sýningin dregur nafn sitt af hugleiðingum Margrétar Þórhildar Danadrottningar sem lýsti norræna samstarfinu í Felleshus árið 1999 með orðunum „Hver fyrir sig, en samt saman“. Þessi orð eru leiðarstef sýningarinnar, þar sem samspil einstaklings og samfélags er skoðað.

Taste of Iceland-hátíðir

Á árinu 2024 voru haldnar Taste of Iceland-hátíðir í fjórum borgum í Bandaríkjunum; Washington, Denver, Seattle og New York. Alls voru haldnar 53 viðburðir í þessum borgum, sem samanlagt skiluðu yfir 170 umfjöllunum í fjölmiðlum og 767 milljónum birtinga. Markmið hátíðanna er að gefa almenningi á völdum markaðssvæðum smjörþefinn af íslenskri menningu og var meðal annars boðið upp á íslenskar kvikmyndir, tónleika, myndlistar- og hönnunarsýningar, bókmenntakynningar og íslenskan mat. Hátíðirnar eru haldnar á vegum Inspired by Iceland-verkefnisins og skipulagðar af Íslandsstofu í samvinnu við sendiskrifstofur, og eftir atvikum ræðismenn á viðkomandi stöðum.

Ísland í öndvegi á Les Arcs-kvikmyndahátíðinni

Íslensk menning var í öndvegi á evrópsku kvikmyndahátíðinni Les Arcs sem fór fram í frönsku Ölpunum í desember. Tuttugu íslensk kvikmynda- verk voru sýnd á hátíðinni og tónlistarfólkið Högni Egilsson og Lúpína komu fram á tónleikum. Sendiráðið í París vann að undirbúningi hátíðarinnar ásamt Kvikmyndamiðstöð og Tónlistarmiðstöð.

Outside Looking In, Inside Looking Out

Utanríkisþjónusta Íslands tekur virkan þátt í ferðasýningunni Outside Looking In, Inside Looking Out sem hefur verið sett upp í ýmsum sendiskrifstofum síðustu tvö árin. Um er að ræða samstarfsverkefni Myndlistarmiðstöðvar, Íslandsstofu og utanríkisráðuneytisins sem ætlað er að kynna nýja kynslóð myndlistarmanna frá Íslandi en á hverjum stað er lögð sérstök áhersla á einn listamann úr hópnum. Heiðar Kári Rannversson er sýningarstjóri en listamennirnir Una Björg Magnúsdóttir, Arnar Ásgeirsson, Emma Heiðarsdóttir, Fritz Hendrik IV, Hildigunnur Birgisdóttir, Melanie Ubaldo og Styrmir Örn Guðmundsson eiga verk á sýningunni. Á árinu 2024 var sýningin sett upp í sendiráðunum í París og Osló og gert er ráð fyrir að næsti viðkomustaður verði í Tókýó í maí 2025.

80 ára afmæli lýðveldisins

Sendiskrifstofur Íslands erlendis stóðu fyrir ýmsum viðburðum í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins á árinu 2024. Sérstök áhersla var lögð á kynningu á íslenskri menningu, meðal annars með myndlistarsýningum, tónleikum og bókmenntaviðburðum, ásamt því að vekja athygli á sögu þjóðarinnar og arfleifð. Í Svíþjóð efndi sendiráðið ásamt Sænsk-íslenska samstarfs- sjóðnum og Norðurlandafélaginu til fjölbreyttrar íslenskrar menningardagskrár, Ísländska kultur- dagar. Fjölmarginir viðburðir fóru fram um allt land, meðal annars tónlistarhátíð í Stokkhólmi í samstarfi við Iceland Airwaves og sérstök íslensk dagskrá á bókamessunni í Gautaborg þar sem ný vefsíða um íslenskar bækur, Läs ísländska böcker, var formlega kynnt. Sendiráðið í Osló stóð fyrir tveimur viðburðum með menningarfélaginu

Isdager; vinnustofu um þýðingar á íslenskum bókum á norsku og tónleikum í tengslum við Jazz-fest-hátíðina í Osló. Þá efndi sendiráðið í Helsinki til tveggja myndlistarsýninga í samvinnu við Myndlistarmiðstöð og Skapandi Ísland.

Stuðningur við þýðendur íslenskra bókmennta

Íslenskar bókmenntir njóta sífellt meiri vinsælda erlendis og gegna þýðendur lykilhlutverki í útbreiðslu þeirra. Utanríkisþjónustan leggur áherslu á að rækta tengslin við þennan mikilvæga hóp og stuðla að því að hann vaxi í takt við aukna eftirspurn eftir þýðingum á önnur mál. Borið hefur á því að þýðendur eigi erfitt með að nálgast íslenskar bækur, sem er meðal annars bagalegt í ljósi þess að þeir eru oft í góðri aðstöðu til að benda erlendum útgefendum á verk sem þeir telja vænleg til þýðingar og útgáfu. Á síðasta ári hófu Félag íslenskra bókaútgefenda og utanríkisráðuneytið því þriggja ára tilrauna-verkefni þar sem hópi þýðenda er boðið að velja sér bækur af Bókamarkaði félagsins. Útgefendur gefa allt að 150 bækur til verkefnisins árlega og utanríkisþjónustan aðstoðar við dreifingu og afhendingu þeirra auk þess að tilnefna þýðendur. Á árinu 2024 voru bækur sendar til fjórtán þýðenda á ellefu málsvæðum og mæltist framtakið vel fyrir.

Hönnun og myndlist á sendiskrifstofum

Mikilvæg tækifæri felast í að nýta sendiskrifstofur og embættisbústaði til að kynna íslenska hönnun og myndlist. Í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs hafa verið sett viðmið um hönnun, húsbúnað og myndlist í sendiskrifstofum með það fyrir augum að tryggja að þær séu vel búnaðar íslenskrar hönnun og myndlist og að þær nýtist sem best til að kynna íslenska menningu, vöru og þjónustu. Viðmiðin gera meðal annars ráð fyrir að sendiskrifstofur hafi ljóst og stílhreint norrænt yfirbragð og endurspegli Ísland með tilvísunum í menningu og náttúru landsins. Jafnframt skal stefnt að því að á öllum sendiskrifstofum og embættisbústöðum verði áberandi íslenskar hönnunarvörur og að íslensk list prýði

opinber rými embættisbústaða. Sérstök áhersla er lögð á hönnun og myndlist á sendiskrifstofum sem eru á forgangsmörkuðum fyrir kynningu á íslenskum listum og skapandi greinum og hýsa reglulega menningarviðburði. Þá er miðað við að fagfólk sé fengið til ráðgjafar í hönnunarverkefnum og stærri innkaupum. Viðmiðin hafa reynst vel og hafa þau meðal annars verið höfð til hliðsjónar við hönnun nýrra bústaða í London, Washington og Nýju Delí.



Íslensk hönnun og verk frá Listasafni Íslands í sendiherrabústað Íslands í Washington.

Þáverandi utanríkisráðherra og safnstjóri Listasafns Íslands undirrituðu nýjan samstarfssamning um kynningu á íslenskri myndlist í júlí 2024. Með samningnum er tryggt að íslensk myndlist verði áfram í öndvegi á sendiskrifstofum erlendis og grunnur lagður að framtíðarsamstarfi utanríkisráðuneytisins og listasafnsins.

Fyrsti samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og Listasafns Íslands var gerður árið 2021. Markmið samstarfsins er að vekja athygli á íslenskri myndlist erlendis og miðað er við að allt að 150 verk úr safneign Listasafnsins séu að jafnaði til sýnis á sendiskrifstofum Íslands hverju sinni.

Við val á verkunum horfir Listasafnið meðal annars til tengsla íslensks listafólks við viðkomandi ríki og mikilvægi hvers markaðssvæðis fyrir íslenska myndlist. Myndlistarmiðstöð veitir ráðgjöf varðandi áherslumarkaði og hvar mikilvægast sé að kynna verk íslenskra samtímalistamanna.

5 Borgarapjónusta og upplýsingamál

Borgarapjónustan teygir anga sína víða um heim í gegnum þétt net sendiskrifstofa og kjöræðismanna.



5.1 Borgaraþjónusta og áritanamál

Borgaraþjónusta er ein af grunnstoðum utanríkisþjónustunnar og felst í að aðstoða íslenska ríkisborgara í neyð erlendis. Gildi borgaraþjónustunnar eru þjónustulund, lipurð og lausnir. Íslendingar í neyð erlendis geta treyst því að borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins sé ávallt reiðubúin til aðstoðar allan sólarhringinn árið um kring.

Íslendingar búsettir erlendis 2024



Helstu verkefni árið 2024

Borgaraþjónustu utanríkisþjónustunnar og sendiskrifstofum bárust samtals um tíu þúsund fyrirspurnir og erindi árið 2024. Auk reglubundinna verkefna skipulagði borgaraþjónustan og hélt utan um utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis vegna forsetakosninganna í júní og alþingiskosninganna í nóvember. Samtals kusu um níu þúsund Íslendingar utan kjörfundar erlendis hjá kjörræðismönnum og sendiskrifstofum Íslands. Þá fór fram viðbragðsæfing á árinu með sendiráði Íslands í París vegna Ólympíuleikanna. Í lok ársins hófst endurskoðun á stefnu borgaraþjónustunnar vegna tímabilsins 2025–2029.

Borgaraþjónusta 2024



5.2 Borgaraþjónustumál

Hlutverk borgaraþjónustunnar er ein af grunnstoðum utanríkisþjónustu Íslands. Hlutverk hennar er að veita Íslendingum vernd og aðstoð þegar í nauðir rekur erlendis, til dæmis vegna veikinda, slysa, andláta, sakamála, afplánunar refsíðoma eða mannshvarfa á erlendri grundu. Þá vaktar borgaraþjónustan hættu- og hamfarasvæði erlendis, miðlar upplýsingum og skipuleggur nauðsynlegar aðgerðir til hjálpar Íslendingum á hættustundu.

Utanríkisráðuneytið starfrækir neyðarvakt borgaraþjónustu (sími 545-0112) allan sólarhringinn og er þannig ávallt til staðar fyrir Íslendinga í neyð erlendis.

Borgaraþjónustan sinnir einnig útgáfu vegabréfa eða neyðarvegabréfa erlendis, vottun skilríkja og skjala, yfirsetu í prófum og framkvæmd utan- kjörfundaratkvæðagreiðslna erlendis. Umfang verkefnanna hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum.

Utanríkisráðuneytið heldur úti víðtæku neti kjörræðismanna sem aðstoða Íslendinga í þeim löndum þar sem ekki eru íslenskar sendiskrifstofur. Kjörræðismenn Íslands voru í lok árs 209 talsins (fjölgaði um þrjá á milli ára). Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands gáfu kjörræðismenn og sendiskrifstofur Íslands út 433 neyðarvegabréf á árinu 2024. Sótt var um 3.939 almenn vegabréf og 243 nafnskírteini á sendiskrifstofum Íslands.

Apostille-vottun skjala, sem eingöngu fer fram í utanríkisráðuneytinu, telst til verkefna borgaraþjónustu. Einnig fer fram í ráðuneytinu vottun sem kölluð er keðjustimplun. Í báðum tilvikum er um að ræða upprunastaðfestingu íslenskra

skjala (stimplun) sem nota á erlendis. Árið 2024 voru tæplega 7000 skjöl keðjustimpluð eða Apostille-vottuð.

Á árinu 2024 fór fram viðbragðsæfing með sendiráði Íslands í París vegna Ólympíuleikanna. Slíkar æfingar fyrir neyðartilvik Íslendinga erlendis eru virkur liður í samstarfi borgarabjónustu ráðuneytisins og sendiskrifstofa og æfingar eru haldnar með sendiskrifstofum til að tryggja og skýra hlutverk hvers viðbragðsaðila. Samhæfð og örugg viðbrögð utanríkisþjónustunnar við umfangsmiklum neyðartilvikum erlendis eru eitt af meginmarkmiðum borgarabjónustunnar.

Umfang borgarabjónustuverkefna er mest á sendiskrifstofum og hjá kjörræðismönnum á stöðum þar sem Íslendingar eru fjölmennir. Það á einkum við í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Spáni. Ísland starfrækir sendiráð á Norður-löndunum en ekki á Spáni og því þarf borgarabjónustan að treysta mjög á aðstoð kjörræðismanna Íslands. Má í þessu samhengi nefna að óformlega er metið að yfir fjögur þúsund Íslendingar búi á Alicante-svæðinu hluta úr ári og þá er einnig töluverður fjöldi á Kanaríeyjum. Þörf fyrir borgarabjónustu á Spáni hefur stórauðist ár hvert. Mörg þeirra sem dveljast langdvölum á Spáni nýta talsvert þjónustu kjörræðismanna og borgarabjónustu. Hér undir falla eldri borgarar og skjólstæðingar félagsþjónustu. Huga þarf sérstaklega að þörfum þess hóps þegar kemur að til að mynda útgáfu skilríkja, upplýsingagjöf um aðgengi að opinberri þjónustu, utankjörfundaratkvæðagreiðslum og fleiru.

Tvennar kosningar fóru fram á árinu 2024. Forsetakosningar voru haldnar í júní og alþingiskosningar í nóvember. Borgarabjónustan skipulagði og hélt utan um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis í góðu samstarfi við Landskjörstjórn. Utankjörfundaratkvæðagreiðslurnar fóru fram hjá öllum kjörræðismönnum og sendiskrifstofum Íslands. Auk þess fóru starfsmenn frá ráðuneytinu til Spánar fyrir báðar kosningarnar og héldu þar kjörfundi. Á fjórða tug kjósenda kusu í forsetakosningunum en í alþingiskosningunum í nóvember kusu tæplega 1.500 manns hjá starfsmönnum ráðuneytisins á kjörfundi á Tenerife og á Orihuela Costa. Hausti-ferðin var einnig nýtt til að gefa Íslendingum á Spáni kost á að sækja um vegabréf og nafnskírteini. Tæplega hundrað slíkar umsóknir bárust.

5.3 Áritanamál

Áritanamál eru ört vaxandi málaflokkur innan utanríkisþjónustu Íslands en þau felast í afgreiðslu umsókna ríkisborgara þriðju landa um vegabréfsáritanir til Íslands. Samkvæmt spá Ferðamálastofu fyrir næstu þrjú árin má búast við fjölgun ferðamanna til Íslands, á milli 4–5% aukningu eða um 100.000 ferðamönnum árlega, og samhliða því eykst þörfin fyrir útgáfu vegabréfsáritana.

Alls starfa 34 starfsmenn í áritanadeild utanríkisþjónustunnar. Hún afgreiðir umsóknir frá Bandaríkjunum og Bretlandi miðlægt auk þess að hafa yfirumjón með málaflokknum, samræma verklag sendiskrifstofa og aðstoða við afgreiðslu umsókna erlendis á álagstímum. Sendiráð Íslands í Peking og Nýju Delí afgreiða umsóknir frá Kína, Indlandi og Malasíu. Á öðrum stöðum hafa verið gerðir fyrirvarssamningar við níu ríki um útgáfu vegabréfsáritana fyrir hönd Íslands. Á grundvelli slíkra samninga má sækja um vegabréfsáritun til Íslands í um það bil 120 borgum víðsvegar um heim.

Í ársbyrjun 2024 var hrint af stað átaki í áritanamálum á grundvelli fjármálaáætlunar 2024–2029. Starfsfólki var fjölgað í sendiráðunum í London, Nýju Delí og Peking sem og í áritanadeild ráðuneytisins. Þá var verklag uppfært með það fyrir augum að auka afköst. Þá stendur yfir endurskoðun fyrirvarssamninga með það fyrir augum að fjölga umsóknarstöðum og þar með tækifærum til tekjuöflunar. Fjármálaáætlun kallaði á hækkun fjárframlaga yfir fimm ára tímabil sem nemur 200 m.kr. árin 2025 og 2026 en 100 m.kr. árlega fyrir árin 2027–2029. Í tillögunni var lagt upp með að fjölga umsóknum í um 35 þúsund árið 2025 og allt að 90 þúsund árið 2029. Hluti þessara tillagna var samþykktur í fjárlögum vegna ársins 2025. Áætlað er að aukning ríkistekna vegna átaksins verði umtalsvert meiri en sem nemur aukinni fjárheimild.


Metár í fjölda umsókna

Markmiðið sem stefnt var að árið 2025 náðist strax árið 2024. Þannig voru innlagðar umsóknir um 35 þúsund á árinu og fjölgaði um 55% á milli ára. Hlutfallslega hefur fjölgunin verið mest í Bretlandi og Indlandi þar sem aukning er yfir 70% á milli ára en rúmlega helmingur allra umsókna var lagður inn í Kína. Gert er ráð fyrir að umsóknum fjölgi áfram í Kína, Indlandi og Bretlandi. Þá er áformað að taka við fyrirsvári á

afgreiðslu umsókna í Ástralíu, Írlandi, Kanada og Singapúr á fyrrihluta árs 2025 og á Filippseyjum, Indónesíu og Tailandi síðar á árinu. Þær breytingar gætu skilað um 10–15 þúsund umsóknum á ári með tilheyrandi tekjuaukningu fyrir ríkissjóð.

Gróflega áætlaðar beinar tekjur af umsóknargjöldum árið 2024 nema rúmlega 400 m.kr. miðað við 35.000 umsóknir.

Innlagðar umsóknir 2019–2024



5.4 Upplýsingamál

Utanríkisráðuneytið hefur líkt og aðrar opinberar stofnanir ríka upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Upplýsingamiðlun ráðuneytisins tekur mið af upplýsingastefnu utanríkisþjónustunnar sem og upplýsingastefnu stjórnvalda frá 2022 sem leggur áherslu á gagnsæi í störfum stjórnvalda, öfluga miðlun upplýsinga og greiðum aðgangi að upplýsingum.

Ráðuneytið á frumkvæði að því að birta eftir föngum tiltækar upplýsingar um starfsemi sína sem eiga erindi við almenning. Árið 2024 birtust þannig 185 fréttatilkynningar á vef ráðuneytisins, þar af 56 á ensku. Þá heldur ráðuneytið úti sérstökum upplýsingasíðum um viðbrögð Íslands vegna átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs sem og um viðbrögð íslenskra stjórnvalda við innrásinni í Úkraínu. Á síðunum er að finna upplýsingar um afstöðu Íslands, yfirlit yfir mannúðaraðstoð og varnartengda aðstoð í tilfelli Úkraínu og ræður og ályktanir sem Ísland hefur flutt eða tekið undir á vettvangi alþjóðastofnana. Þá var nýlega birt sérstök upplýsingasíða í tengslum við frumvarp utanríkisráðherra um breytingar á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, eða bókun 35.

Utanríkisráðuneytið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um miðlun upplýsinga um þróunarsamvinnu og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um viðbrögð við upplýsingaóreiðu og dreifingu falsfrétta. Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins sér jafnframt um að koma boðum og leiðbeiningum hratt og örugglega til íslenskra borgara sem eru

staddir erlendis þar sem hættuástand skapast, til dæmis vegna náttúruhamfara eða öryggis-ögnna, í náinni samvinnu við borgarþjónustuna og sendiskrifstofur Íslands. Ráðuneytið notar samfélagsmiðla í auknum mæli til þess að koma upplýsingum, fréttum og fróðleik á framfæri við almenning. Utanríkisráðuneytið ber einnig ábyrgð á vöktun umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum með framvirkum hætti í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands og stefnu stjórnvalda eftir því sem þörf krefur.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabíl átt í góðu samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem miðar að því að stuðla að aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi. Árið 2024 stóð Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og fleiri samstarfsaðila, að tveimur árlegum ráðstefnum, annars vegar Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland? sem haldin var á síðasta vetrardegi og hins vegar árlegu friðarráðstefnunni Imagine Forum sem ætíð fer fram 10. október. Auk þess var á grundvelli þessa samstarfs efnt til ýmissa funda um alþjóðamál, gjarnan í tengslum við komu erlendra gesta hingað til lands, til að mynda í tengslum við 30 ára afmæli EES-samningsins á árinu. Í tilefni af 75 ára afmæli Atlantshafssáttmálans á síðasta ári gerði utanríkisráðuneytið samstarfssamning við Varðberg, félag um vestræna samvinnu og alþjóðamál, um kynningu og fræðslu á sviði öryggis- og varnarmála.

Undanfarin ár hefur ráðuneytið fengið rannsóknafyrirtækið Maskínu til þess að kanna viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs. Þannig segist yfirgnæfandi meirihluti landsmanna, eða 81 prósent, skipta miklu máli að orðspor Íslands sé gott. Alls segja 72 prósent hagsæld Íslands byggjast að miklu leyti á alþjóðlegri samvinnu og 80 prósent segja hagsæld Íslands byggjast á alþjóðlegum viðskiptum. Hátt hlutfall landsmanna segist hins vegar hafa miklar áhyggjur af þróun alþjóðamála, eða 72 prósent, á meðan einungis níu prósent segjast hafa litlar eða engar áhyggjur.

Upplýsingamál í tölum 2024

151

svör við skriflegum fyrirspurnum frá innlendum og erlendum fjölmiðlum.

185

fréttatilkynningar á íslensku og 56 á ensku á vef Stjórnarráðsins.

1.039

svör við almennum fyrirspurnum.

⁶ Rekstur utanríkis- ráðuneytisins

| Nýtt húsnæði utanríkisráðuneytisins við Austurhöfn.




26
sendi-
skrifstofur í

22
löndum

209
kjöræðismenn
Íslands í

102
ríkjum

Útgjöld til utanríkismála 2024



6.1 Utanríkisráðuneytið

Í árslok 2024 störfuðu í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík 163 starfsmenn að meðtöldum tíma-bundið ráðnum starfsmönnum, þar af starfsfólk í 12 stöðugildum sem sinna útgáfu Schengen vegbréfsáritana og 28 sem sinna þýðingum. Útsendir starfsmenn á sendiskrifstofum Íslands eru 68 og þar af sjö sem sinna vegabréfs-áritunum. Staðarráðnir starfsmenn sem starfa á sendiskrifstofunum eru 82 og þar af fimmtán sem sinna vegabréfsáritunum.

Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttis-málum. Karlar eru um þriðjungur starfsfólks og konur tveir þriðju hlutar. Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra full-trúa. Í yfirstjórn ráðuneytisins ríkir kynjajafnvægi. Þá gegna átján karlar og átta konur forstöðu á sendiskrifstofum. Ráðuneytið er jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Óútskýrður launamunur var innan við 1%.



6.2 Sendiskrifstofur Íslands

Ísland starfrækir 26 sendiskrifstofur í 22 ríkjum, og skiptast þær í sendiráð, fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur. Í forsetaúrskurði frá 2022 um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur segir til um staðsetningu íslenskra sendiskrifstofa en á árinu 2024 var sendiráð Íslands í Freetown í Síerra Leóne formlega opnað.

Ísland er með 209 ólaunaða kjöræðismenn í 102 ríkjum. Rík áhersla er lögð á að viðhalda neti kjöræðismanna og fjölga þeim eftir því sem kostur er. Árið 2024 voru tíu nýir kjöræðismenn skipaðir og ellefu létu af störfum.

Ísland erlendis: Helstu tölur

Íslendingar búsettir erlendis

Heildarfjöldi	50.923
Búsettir í umdæmisríkjum	49.174
þar af í gistiríki	45.394

Viðskipti¹³

í milljónum kr.

Vöruútflutningur (2024)	501,1
Vöruinnflutningur (2024)	883,3
Þjónustuútflutningur (2023)	689,0
Þjónustuinnflutningur (2023)	367,0

Starfsfólk

Útsent starfsfólk	68
Staðarráðið starfsfólk	82

13 Upplýsingar teknar af vef Hagstofunnar, um vöruviðskipti 31.1.2025 og þjónustuviðskipti þann 7.2.2025.

Sendiráð í Berlín

Öflug samskipti við Þýskaland

Meginverkefni sendiráðsins á árinu 2024 lutu að því að hlúa að stjórnmalasamskiptum Íslands og Þýskalands, efla viðskipta- og menningarsamstarf fyrirtækja og listamanna og veita þeim fjölmörgu Íslendingum sem búa í Þýskalandi og umdæmisríkinu Tékklandi borgarþjónustu.

Sendiráð í Berlín	
Sendiherra: Auðunn Atlason	
Íslendingar í umdæmisríkjum	1.897
þar af í gístiríki	1.878
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	47,7
Vöruinnflutningur (2024)	108,7
Þjónustuútflutningur (2023)	64,8
Þjónustuinnflutningur (2023)	33,7
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	2
Staðarráðið starfsfólk	4
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	180,4
Umdæmisríki: Tékkland	

Utanríkisráðherra og fjármálaráðherra sóttu öryggisráðstefnuna í München í febrúar á síðasta ári og tók utanríkisráðherra þátt í hringborðsumræðum um öryggismál á norðurslóðum. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins heimsótti Berlín í maí og fundaði með ráðuneytisstjóra varnarmálaráðuneytisins. Í maí fór Arctic Circle Forum fram í Berlín í fyrsta sinn þar sem þáverandi ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála hélt ávarp.

Stærsta verkefni ársins var 25 ára afmæli sendiráða Norðurlandanna í Berlín í lok október að viðstöddum þjóðhöfðingjum og utanríkisráðherrum ríkjanna. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, átti tvíhliða fund með forseta Þýskalands og heimsótti fyrirtæki, menningar- og menntastofnanir í Berlín og nýtti heimsóknina einnig til margvíslegrar tengslamyndunar. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins tók þátt í fundi norrænna utanríkisráðherra með utanríkisráðherra Þýskalands í tengslum við afmælið. Kjöræðismenn Íslands sóttu afmælishátíðina og funduðu með framkvæmdastjóra Íslandsstofu og formanni Þýsk-Íslenska viðskiptaráðsins (ÞÍV).

Sendiráðið sinnti fjölbreyttri viðskiptaþjónustu og menningarverkefnum á árinu. Í upphafi árs fór þáverandi fjármálaráðherra fyrir viðskiptanefnd

sem heimsótti München en heimsóknin var samvinnuverkefni sendiráðsins, ÞÍV og Íslandsstofu og tengdist EM í handbolta. Samskiptum á sviði orkumála og jarðvarmasamstarfs var fylgt eftir með margvíslegum hætti á árinu, þar með talið á ársfundi Uppbyggingarsjóðs EES í Prag. Sendiráðið og Íslandsstofa studdu í mars við þátttöku íslenskra fyrirtækja á ITB Berlin, einni stærstu ferðaþjónustukaupstefnu heims, og vann með kynningarmiðstöðvum listgreina á menningarhátíðum í Þýskalandi, þar með talið í Frankfurt, Leipzig, Lübeck, Hamborg og í Berlín þar sem Egill Eðvarðsson tónskáld fékk norrænu kvikmynda-verðlaunin. Norræna húsið í Berlín nýttist vel en Margrét Áskelsdóttir var sýningarstjóri norrænu myndlistarsýningarinnar Summation sem opnaði í október en þar voru meðal annars verk Ragnars Kjartanssonar og Ástu Fanneyjar Sigurðardóttur. Samstarfið við Gallerý Guðmundsdóttur um kynningu á íslenskri myndlist hélt áfram og lauk því vel heppnaða verkefni um mitt ár. Menningarverkefnaröðinni Sögur var hleypt af stokkunum í lok árs.

Sendiherraskipti urðu í ágúst og afhenti nýr sendiherra einnig trúnaðarbréf í Tékklandi í lok árs.

Sendiráð í Brussel

EES-samningurinn 30 ára

30 ára afmæli EES-samningsins var fagnað á miklu umbrotaári innan Evrópusambandsins. Hátíðarhöld í tengslum við afmælið voru nýtt til að ræða framtíð innri markaðarins og áhrif breyttrar heimsmyndar á EES-samstarfið. Ísland fór með formennsku í samstarfi EFTA-ríkjanna innan EES á fyrri hluta ársins og leiddi því undirbúning vegna fjölmargra atburða sem haldnir voru í tengslum við afmælið. Sendiráðið stóð einnig fyrir ráðstefnu um áhrif plastmengunar í hafi og skipulagði sýningu á verkum íslenskra listamanna sem sérstaklega voru gerð af þessu tilefni.

Í tilefni af 30 ára afmæli EES-samningsins var forsætisráðherrum EFTA-ríkjanna innan EES boðið að ávarpa fund leiðtoga ráðs Evrópusambandsins í mars. Í ávarpi sínu á fundinum lagði Katrín Jakobsdóttir þáverandi forsætisráðherra áherslu á að EES-samstarfið byggðist á sameiginlegum gildum, virðingu fyrir lýðræði, mannréttindum, jafnrétti og réttarríkinu.

Framtíð innri markaðarins og samkeppnishæfni Evrópusambandsins voru í brennidepli 2024 og var meðal annars fyrrum forsætisráðherra Ítalíu, Enrico Letta, falið að gera um hana skýrslu. Að frumkvæði sendiráðs Íslands sendu EFTA-ríkin innan EES sameiginlegt erindi til Letta þar sem þau lögðu áherslu á mikilvægi þess að þróun innri markaðarins leiddi ekki til nýrra hindrana innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá tók Letta þátt í 30 ára afmælisráðstefnu sem skipulögð var í tengslum við fund EES-ráðsins í maí ásamt þáverandi utanríkisráðherra.

Sendiráð í Brussel	
Sendiherra: Kristján Andri Stefánsson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	1.226
þar af í gístiríki	172
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	9,2
Vöruinnflutningur (2024)	20,2
Þjónustuútflutningur (2023)	17,8
Þjónustuinnflutningur (2023)	13,0
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	5
Staðarráðið starfsfólk	4
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	518,1
Umdæmisríki: Holland, Lúxemborg, San Marínó, Evrópusambandið	

Í umræðum á ráðstefnunni lagði þáverandi utanríkisráðherra áherslu á þýðingu þess að EFTA-ríkin og Evrópusambandið ættu með sér náið samstarf í ljósi flókinna stöðu í alþjóðamálum. Þessi staða ásamt árásarstríði Rússa í Úkraínu og vaxandi spennu milli helstu viðskiptavelda heims hefur vaxandi áhrif á EES-samstarfið. Sendiráðið fylgist náið með þróun þvingunaraðgerða Evrópusambandsins gegn Rússlandi og tók meðal annars á árinu í fyrsta skipti þátt í samráðsvettvangi Evrópusambandsins og fleiri ríkja um þvingunaraðgerðir. Þá hafa þessar áskoranir haft vaxandi áhrif á þróun innri markaðslöggjafar ESB. Í júlí 2024 skilaði sérstakur vinnuhópur skýrslu til fastanefndar EFTA um þessa þróun og hvatti til þess að áhrif slíkra gerða yrðu metin á breiðari grundvelli.

Samskipti Íslands og ESB á sviði alþjóða- og öryggismála hefur einnig aukist og átti æðsti embættismaður utanríkisþjónustu ESB, Stefano Sannino, fund með ráðuneytisstjóra í sumar. Þá fór annar samráðsfundur Íslands og ESB um öryggis- og varnarmál fram í september.

Tekist hefur að auka skilvirkni í hagsmunagæslu í EES-samstarfinu á fyrri stigum. Öll ráðuneytin eiga fulltrúa í sendiráðinu sem taka virkan þátt í að gæta hagsmuna Íslands. Meginverkefni sendiráðsins á nýju ári verður að kortleggja og vakta helstu hagsmunamál Íslands á undirbúnings- eða forstigi hjá nýrri framkvæmdastjórn ESB og fylgja þeim eftir á vinnslustigi í ráðinu og Evrópuþinginu. Löggjafarþróun ESB endurspeglar breytta sýn ESB á innri markaðinn vegna breytinga í alþjóðasamskiptum og -viðskiptum á liðnum árum og þeim krísum sem riðið hafa yfir.

Í september voru undirritaðir samningar um næsta tímabil Uppbyggingarsjóðs EES. Samhliða var samið um aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir og undirrituð yfirlýsing um heildarendurskoðun á viðskiptakjörum Íslands og Evrópusambandsins. Er stefnt að því að viðræður um það geti hafist árið 2025.

Síðari fundur EES-ráðsins á árinu var haldinn hinn 25. nóvember og snérist umræðan meðal annars um það hvernig efla mætti samkeppnishæfni á Evrópska efnahagssvæðinu. Í því samhengi var einnig rætt um möguleg áhrif forsetaskiptanna í Bandaríkjunum á þróun milli-ríkjaviðskipta. Lögðu EFTA-ríkin áherslu á mikilvægi þess að þau yrðu undanskilin hugsanlegum mótaðgerðum af hálfu ESB.

Sendiráð í Freetown

Sendiráð opnað í Síerra Leóne

Sendiráð Íslands í Freetown í Síerra Leóne var opnað í maí 2024. Töluverð vinna fór í að gera húsnæðið starfhæft og ráðningarkerfi staðar-ráðsins starfsfólks. Sendiráðið hefur lagt áherslu á að styrkja tengsl sín við stjórnvöld og aðra samstarfsaðila í Síerra Leóne og heimsóttu sendiráðið tveir meðlimir utanríkismálanefndar Alþingis, þar á meðal þáverandi formaður hennar, í tilefni af opnuninni.

Meginhlutverk sendiráðsins er að sinna samstarfi í þróunarsamvinnu þar sem jafnrétti, mannréttindi og umhverfis- og loftslagsmál eru bæði sértæk og þverlæg áhersluatriði en jafnrétti og valdefling kvenna voru í öndvegi í verkefnum sendiráðsins á árinu. Áfram var unnið að því að útrýma fæðingarfistli (Obstetric fistula) auk þess sem nýtt verkefni sem snýr að upprætingu kynfæralímlestingar kvenna og stúlkna var samþykkt. Sendiráðið studdi og tók virkan þátt í alþjóðlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi

Í samstarfi við jafnréttis- og barnamálaráðuneyti landsins og UN Women og sótti viðburði á vegum átaksins víða um land. Þá var nýtt samstarfsverkefni um eflingu jafnréttismála á héraðsstigi í Síerra Leóne samþykkt og hefst framkvæmd þess á næsta ári.

Eitt af meginverkefnum Íslands í Síerra Leóne er samstarf með UNICEF á sviði vatns- og hreinlætismála sem snýr að því að bæta lífskjör íbúa, einkum kvenna og barna, í sjávarbyggðum landsins. Annar áfangi verkefnisins sem hófst 2022 fór af stað á árinu og nær verkefnið nú til rúmlega 55.000 manns í 17 afskekktum fiskimannasamfélögum.



Frá opnun skurðstofu í Bo, hluti af fæðingarfistilsverkefninu með UNFPA.

Sendiráðið fjármagnar einnig samstarfsverkefni með Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) um heimaræktaðar skólamáltíðir í grunnskólum í einu strandhéraða landsins og njóta 40.000 skólabörn góðs af verkefninu.

Sendiráð í Freetown

Forstöðumaður: Ásdís Bjarnadóttir

Starfsfólk

Útsent starfsfólk 3
Staðarráðið starfsfólk 2

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 97,4

Á árinu hófst undirbúningur fyrir tvö ný samstarfsverkefni í umhverfis- og loftslagsmálum, annars vegar sólarorkuverkefni með sendiráði Írlands og hins vegar loftslagsverkefni í sjávarbyggðum í samstarfi við Save the Children International, auk þess sem fyrstu skrefin voru tekin undir lok árs við að kanna möguleika þess að hefja héraðsnálgun í Síerra Leóne, líkt og tíðkast í öðrum tvíhliða samstarfslöndum Íslands í Afríku.

Sendiráð í Helsinki

Öryggis- og varnarmál og aðstoð NB8-ríkjanna við Úkraínu eftir á baugi

Fjögur umdæmisríki sendiráðsins eiga landamæri að Rússlandi og því hefur innrásarstríð Rússlands í Úkraínu haft talsverð áhrif á störf þess. Innganga Finnlands í Atlantshafsbandalagið setti öryggis- og varnarmál á oddinn og í takt við það hefur samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) einnig aukist umtalsvert.

Í kjölfarið hafa fleiri fundir í umdæmi sendiráðsins verið sóttir frá Íslandi og meiri tími farið í undirbúningsvinnu þeim tengdum, ekki síst þegar um háttsetta embættismenn eða ráðherra er að ræða. Íslenskir ráðherrar sóttu umdæmislönd sendiráðsins oft heim á árinu 2024 og þá heim sóttu finnskir ráðherrar Ísland, meðal annars vegna formennsku Íslands í Norðurlandaráði.

Sendiráð í Helsinki

Sendiherra: Harald Aspelund

Íslendingar í umdæmisríkjum 417
Þar af í gistiríki 337

Viðskipti í milljörðum kr.

Vöruútflutningur (2024) 1,6
Vöruinnflutningur (2024) 15,3
Þjónustuútflutningur (2023) 6,5
Þjónustuinnflutningur (2023) 4,5

Starfsfólk

Útsent starfsfólk 1
Staðarráðið starfsfólk 4

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 129,4

Umdæmisríki: Eistland, Lettland, Litáen

Fyrrverandi forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fór til Eistlands, tók þátt í Lennart Meriráðstefnunni og heimsótti landamæraborgina Narva. Í sömu ferð átti hann hádegisverð í Helsinki með forseta Finnlands, Alexander Stubb, og tók við heiðurdoktorsnafnbót frá Háskólanum í Oulu.

Þáverandi mennta- og barnamálaráðherra heimsótti Litáen þar sem hann fundaði með kollegum sínum, meðal annars um barnahús að íslenskri fyrirmynd sem hefur starfað í Litáen frá 2016 með góðum árangri.

Sendiráðið vann einnig með íslenskum fyrir-tækjum. Þar bar hæst sprota- og tækniráðstefnuna Slush hvar fleiri en 60 íslensk fyrir-tæki tóku þátt, kynningar á vörum Bioeffect og

Collab-drykknum, ferðaviðburð með Icelandair, markaðssetningu á ferskum íslenskum laxi og margt fleira.

Mikið var um að vera í menningarmálum en meðal annars var tekið þátt í Helsinki Design Week, íslenskar kvikmyndir voru sýndar á kvikmyndahátíðum og rithöfundar tóku þátt í spjalli við aðdáendur. Víkingur Heiðar hélt tónleika á Helsinki Festival með hinni heimsfrægu Cleveland Orchestra, Sigur Rós hélt ógleymanlega tónleika með sinfóníuhljómsveit Vantaa og sendiráðið stóð fyrir tíu myndlistarsýningum og tveimur tónleikum í Gallerie Käytävä í sendiherrabústaðnum. Ræðismaður Íslands í Víníus opnaði íslenska myndlistarsýningu og sendiherra tók virkan þátt í Takk Ísland-hátíðarhöldunum í Víníus.

Sendiráð í Kampala

Aldarfjórðungur árangursríkrar samvinnu

25 ár eru frá því tvíhliða þróunarsamvinna Íslands og Úganda hófst. Héraðsverkefni í fiskimannasamfélögum við Viktoríuvatn hafa ávallt verið hornsteinninn samstarfsins en nú standa þau á tímamótum. Fyrsta áfanganum í öðru þeirra, Namayingo-héraði, er lokið og aðeins verður unnið að afmörkuðum verkefnum uns ný verkefnastöð hefst, helst á sviði mennta-, vatns- og hreinlætismála á afskekktum eyjum. Undir lok næsta árs lýkur svo samvinnu við hitt héraðið, Buikwe-hérað, sem staðið hefur í rúman áratug. Greining og val á nýju samstarfs-héraði er yfirstandandi. Þar er sem fyrr horft til fiskimannasamfélaga og aðstæðna íbúa en líka getu héraðsyfirvalda til að framkvæma byggðaðþróunarverkefni.

Mannréttindi, kynjajafnrétti og umhverfis- og loftslagsmál eru þverlæg áhersluatriði í allri þróunarsamvinnu Íslands og verkefni sem Ísland styður í Úganda taka mið af þeim. Árið 2024 hóf Ísland samstarf við tvær stofnanir Sameinuðu þjóðanna, annars vegar Mannfjölda-sjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um aðgerðir gegn fæðingarfistli í Namayingo-héraði og hins vegar Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) um uppbyggingu sparneytinnar eldunaraðstöðu í skólum í Karamoja, fátækasta svæði landsins. Í skugga strangrar lagasetningar gegn hinsegin fólki í Úganda hefur Ísland stutt mann-réttindasamtökin DefendDefenders, sem meðal annars berjast fyrir réttindum hinsegin fólks í heimshlutanum.

Undir lok árs 2024 var stuðningur við WFP og DefendDefenders aukinn um leið og undirritaðir voru samningar um ný verkefni, meðal annars við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) um sértækan stuðning við unglingsmæður og börn þeirra, og annars vegar sendiráð Hollands og hins vegar samtökin Ipas um verkefni á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda.

Sendiráð í Kampala	
Forstöðumaður: Hildigunnur Engilbertsdóttir	
Íslendingar í umdæmisríkjum	4
Þar af í gístiríki	4
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	0
Vöruinnflutningur (2024)	0
Þjónustuútflutningur (2023)	0
Þjónustuinnflutningur (2023)	0,1
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	3
Staðarráðið starfsfólk	1
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	91,2

Ekkert ríki Afríku tekur á móti jafn mörgu flóttafólki og Úganda en hátt í tvær milljónir frá grannríkjum þess hafa leitað þar skjóls. Ísland hefur um árábil verið bakhjarl verkefnis Barna-hjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) á sviði vatns- og hreinlætismála í skólum og heilbrigðis-stofnunum í flóttamannabyggðum og viðtöku-samfélögum í norðurhluta Úganda. Ísland styður einnig við endurbætur og stækkun á vatnsveitu í flóttamannabyggð á þessum slóðum í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).

Þróunarsamvinnuverkefni Íslands í Úganda hafa því sjaldan verið jafn fjölbreytt og á þessu afmælisári.

Sendiráð í Kaupmannahöfn

Fyrsta opinbera heimsókn forseta

Árið var viðburðaríkt hjá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn, meðal annars vegna utankjörfundar til forseta- og alþingiskosninga, sendi-herraskipta og formennsku Íslands hjá Norður-landaráði. Þar að auki komu forsetahjón Íslands í fyrstu opinberu heimsókn sína til Danmerkur.

Borgarþjónusta er umfangsmesta verkefni sendiráðsins enda áætlað að um 15 þúsund Íslendingar, búsettir í Danmörku og á Skáni, sækji þjónustu til sendiráðsins. Sendiráðið afgreiddi

yfir 1.500 vegabréfaumsóknir á árinu, yfir 150 íslenskir nemendur þreyttu fjarpróf og ríflega tvö þúsund Íslendingar kusu utan kjörfundar.

Sendiráðið tók þátt í fjölmörgum menningarviðburðum en í ljósi þeirrar hylli sem íslensk menning nýtur í Danmörku hefur verið lögð sérstök áhersla á að styðja við skapandi greinar. Auk viðskiptahagsmuna liggja þar mikilvæg tækifæri til landkynningar. Fyrst ber að nefna þríþætta hönnunarsýningu sem sendiráðið setti á laggirnar í samvinnu við Hönnunarmiðstöð og Íslandsstofu á hönnunarhátíðinni 3daysofDesign en hún er ein stærsta hönnunarhátíð Norðurlandanna. Aðkoma sendiráðsins á sviði myndlistar var viðamikil og bar hæst opnun veglegrar myndlistarsýningar á verkum Hallgríms Helgasonar á Norðurbryggju og í anddyri sendiráðsins og opnun sendiherra á sýningu í Thorvaldsensafninu. Sendiráðið studdi við fjölmörg bókmennta- og kvikmyndakvöld og kom að skipulagningu menningardagskrár í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslands í Tívolígarðinum. Í fyrsta sinn voru Nordic Pioneer Prize-verðlaunin afhent í sendiráðsbústað Íslands en þau eru veitt ungu fólki sem hefur með verkum sínum og störfum stuðlað að umburðarlyndi og dregið úr hvers konar félagslegri útskúfun og hatri.



Pétur Ásgeirsson sendiherra ásamt sendiherra Finnlands og fleiri diplómötum í Copenhagen Pride göngu.

Sendiráðið veitti íslenskum fyrirtækjum ráðgjöf og stuðlaði að auknu samstarfi og tengslamyndun á danska markaðnum en rík áhersla er lögð á að aðstoða frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki. Í september mættu 40 íslensk fyrirtæki á sprota- og nýsköpunarviðburðinn TechBBQ sem hefur skapað sér mikilvægan sess í nýsköpunarumhverfinu á Norðurlöndunum. Í tengslum við það hélt sendiráðið stóran tengslamyndunarviðburð í sendiráðsbústaðnum.

Nýr sendiherra afhenti Danakonungi trúnaðarbréf sitt í september en umdæmi sendiráðsins nær einnig til Tyrklands og Ástralíu.

Sendiráð í Kaupmannahöfn	
Sendiherra: Pétur Ásgeirsson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	13.024
Þar af í gistiríki	12.449
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	23,3
Vöruinnflutningur (2024)	86,5
Þjónustuútflutningur (2023)	32,7
Þjónustuinnflutningur (2023)	40,8
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	5
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	157,2
Umdæmisríki: Ástralía, Tyrkland	

Sendiráð í Lilongwe

35 ára samstarfi fagnað

Á árinu 2024 var því fagnað að 35 ár eru liðin frá upphafi samstarfs ríkjanna á sviði þróunarsamvinnu. Það byggist að mestu leyti á héraðsnálgun í tveimur héruðum, Mangochi og Nkhotakota, einkum hvað varðar grunnþjónustu, menntun, heilsu og vatns- og hreinlætismál. Mannréttindi, jafnrétti kynjanna og umhverfis- og loftslagsmál eru lögð til grundvallar öllu starfi.

Þáverandi forsætisráðherra kom til Malaví í maí í boði forseta Malaví til að fagna 35 ára starfsafmælinu. Það var fyrsta heimsókn forsætisráðherra til samstarfslands Íslands í þróunarsamvinnu. Í heimsókninni átti forsætisráðherra fundi með forseta Malaví, Dr. Lazarus Chakwera, og ýmsum ráðherrum sem Ísland starfar með. Þá sótti hann níundu mannfjöldaráðstefnu Afríku og fór í vettvangsheimsókn til Mangochi-héraðs þar sem hann kynnti sér árangur þróunarsamvinnu Íslands í héraðinu. Lokapunktur heimsóknarinnar var sérstök hátíðarmóttaka þar sem þáverandi varaforseti Malaví, Saulos Chilima, var á meðal gesta. Þar komu fram skólakór Koche-grunnskóla sem hefur notið góðs af stuðningi Íslands við Mangochi, kór Music Crossroads sem flutti „Ísland ögrum skorið“ auk Ngoni-danshópa.

Sendiráðið stóð einnig fyrir vikulangri boðsferð fyrir íslenska fjölmiðla í marsmánuði. Markmiðið var að upplýsa um samstarfið í Malaví, hvaða árangur hefði náðst af því og auka almenna þekkingu á helstu málefnum þróunarríkja og baráttuna gegn fátækt. Upp úr heimsókninni voru unnin margvísleg innsög sem birtust á heimasíðu Vísis, í fréttum Stöðvar 2 og tölublaði Heimildarinnar um nokkurra mánaða tímabil.

Verkefnum í öðrum áfanga samstarfsáætlunar við Mangochi, Mangochi Basic Service Programme (MBSP), lýkur á fyrri hluta ársins 2025 og undir lok árs 2024 hófst undirbúningur að þriðju og síðustu samstarfsáætluninni. Þegar henni lýkur er ætlunin að velja nýtt samstarfshérað en grein-ingarvinnan við það er þegar hafin.

Sendiráð í Lilongwe	
Forstöðumaður: Davíð Bjarnason	
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	2
Staðarráðið starfsfólk	7
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	89,5

Stjórn málaástandið í Malaví hefur verið storma-samt og hafa margvíslegar samsæriskenningar sett mark sitt á umræðuna í kjölfar þess að Saulos Chilima varaforseti lést í flugslysi ásamt átta öðrum í júní. Gengið verður til kosninga í Malaví í september 2025 og töluverð pólitísk spenna og togstreita er í aðdraganda þeirra.


Sendiráð í Lundúnum

Aukin samvinna á óvissutímum

Líkt og undanfarin ár hefur samstarf á sviði öryggis- og varnarmála verið áberandi í starfsemi sendiráðsins, ekki síst í tengslum við þátttöku Íslands í sameiginlegu viðbragðssveitinni (Joint Expeditionary Force, JEF) og ýmsa viðburði og heimsóknir ráðamanna. Þar bar hæst að leiðtogar 44 Evrópuríkja sóttu fund hins pólitíska banda-lags Evrópuríkja (European Political Community, EPC) í Blenheim-höll í júlí þar sem öryggismál voru í brennidepli. Þáverandi forsætisráðherra sótti fundinn fyrir hönd Íslands.

Sendiráð í Lundúnum	
Sendiherra: Sturla Sigurjónsson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	2.671
þar af í gístiríki	2.526
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	92,1
Vöruinnflutningur (2024)	52,3
Þjónustuútflutningur (2023)	98,2
Þjónustuinnflutningur (2023)	73,0
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	3
Staðarráðið starfsfólk	5
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	249,2
Umdæmisríki: Írland, Malta, Gíbraltar	

Í febrúar flutti þáverandi forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, opunarerindi á málstofu í London um landafræðilegt mikilvægi Íslands allt frá síðari heimsstyrjöld til dagsins í dag. Í nóvember tók þáverandi utanríkisráðherra þátt í hringborðsumræðum um öryggisáskoranir á norðurslóðum ásamt því að funda með tveimur breskum ráðherrum, en sendiráðið skipulagði báða viðburðina í samstarfi við hina virtu bresku hugveitu í öryggis- og varnarmálum, RUSI.



Sturla Sigurjónsson, sendiherra, skoðar flugvélamóðurskipið HMS Prince of Wales.

Írland er umdæmisríki sendiráðsins í London en íslensk og írsk stjórnvöld hlutu styrk frá Atlants-hafsbandalaginu til að skipuleggja sameigin-lega vinnustofu á Írlandi í desember um öryggi neðansjávarinnviða þar sem sendiherra hélt opunarávarp.

Sendiráðið hélt upp á 80 ára afmælishátíð lýðveldisins með glæsilegri móttöku í London og meðal gesta voru þeir fjölmörgu sendiherrar gagnvart Íslandi sem hafa aðsetur í Bretlandi. Forsetahjónin heimsóttu einnig Edinborg í apríl ásamt þáverandi menningar- og viðskiptaráð-herra, í aðdraganda þess að Þjóðminjasafn Skotlands lánaði Þjóðminjasafni Íslands lögrétu-tjöldin í tilefni afmælishátíðarinnar. Um haustið voru haldnir norrænir músíkdagar í Glasgow þar sem flutt voru verk fjölda íslenskra tónskálda.

Þáverandi forseti Alþingis fundaði um vorið með forsetum beggja deilda breska þingsins þar sem sterk tengsl ríkjanna voru rædd og þáverandi fjármálaráðherra opnaði fyrir viðskipti á verð-bréfamarkaðnum í London í lok maí en hann var staddur í Bretlandi til að kynna útgáfu grænna ríkisskuldabréfa.

Útgáfa vegabréfsáritana til áritunarskyldra einstaklinga sem ferðast til Íslands frá Bret-landi margfaldaðist á árinu en sendiráðið annast afgreiðslu þeirra. Sendiráðið hélt tvær

utankjörfundaratkvæðagreiðslur, vegna forseta- og alþingiskosninga, og sinni fjölda annarra borgarþjónustuverkefna ásamt því að gæta hagsmuna Íslands á sviði utanríkis-, viðskipta- og menningarmála.

Sendiráð í Nýju Delí

Fríverslunarsamningur EFTA og Indlands undirritaður

Mikilvægir áfangar náðust í samskiptum Íslands og Indlands og ber þar án efa hæst undirritun fríverslunarsamnings EFTA við Indland. Samningurinn var undirritaður þann 24. mars af þáverandi utanríkisráðherra. Samningurinn markar tímamót í gerð fríverslunarsamninga því eins og nafn samningsins bendir til (Trade and Economic Partnership Agreement) þá er hér um samning að ræða sem nær til efnahagssamstarfs og fríverslunar, sem er nýmæli því í honum er meðal annars kveðið á um að EFTA-ríkin stuðli að beinni fjárfestingu á Indlandi sem nemi 100 milljónum bandaríkjadollara, sem skili um einni milljón nýrra starfa á Indlandi á næstu 15 til 20 árum. Reiknað er með staðfestingu samningsins fyrir mitt ár 2025 og þá kemur hann til framkvæmda.

Indverskum ferðamönnum til Íslands fjölgaði mikið 2024 en um 10.000 ferðamenn komu þá frá Indlandi og er því unnið að styrkingu starfsemi áritunardeildar sendiráðsins. Mikil von er bundin við þennan vöxt en unnið er að gerð tillagna um aukna markaðssetningu á Indlandi á næsta ári í samstarfi við Íslandsstofu og umboðsfyrirtæki Icelandair á Indlandi.

Önnur verkefni sem mikilvægt er að nefna er samstarf ríkjanna á sviði orku- og loftslagsmála. Bæði verkefnin eru í Himalajafjallgarðinum, annað í Puga, Ladakh og hitt í Kinnaur, Himachal Pradesh. Það fyrra snýr að borunum eftir háhita til raforkuframleiðslu og hitt um lághitanýtingu til þurrkunar og kælingar á eplum, en verkefnið er í eigu Geotrophy og naut í upphafi stuðnings Heimsmarkmiðasjóðs utanríkisráðuneytisins. Bæði verkefnin njóta velvildar indverskra yfirvalda.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna voru sérstakir gestir indverskra stjórnvalda á Raisina Dialogue-ráðstefnunni í Nýju Delí 21.-23. febrúar 2024. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sótti ráðstefnuna fyrir

Íslands hönd og tók meðal annars þátt í pallborðsumræðu um áhrif síbreytilegs alþjóðapólitíks landslags, loftslagsbreytinga og tækniþróunar á aðfangakeðjur.

Á menningarsviðinu má nefna að haldin var einkasýning Guðjóns Bjarnasonar, ÍSLANDS, sem var opnuð 24. maí 2024 í Habitat Centre í Nýju Delí á Indlandi. Þá kynnti Rósa Gísladóttir myndlistarkona verk sín í Þjóðarlistasafninu (National Gallery of Modern Art) í Nýju Delí 23. apríl 2024.

Sendiráð í Nýju Delí	
Sendiherra: Benedikt Höskuldsson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	4
Þar af í gistiríki	1
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	1,4
Vöruinnflutningur (2024)	6,0
Þjónustuútflutningur (2023)	3,2
Þjónustuinnflutningur (2023)	1,0
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	2
Staðarráðið starfsfólk	6
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	162,5
Umdæmisríki: Nepal, Sri Lanka	

Þáverandi sendiherra heimsótti Nepal í júní 2024 og átti fundi með International Centre for Integrated Mountain Development (ICIMOD). Viðstödd voru einnig Rahul Chongtham, viðskiptafulltrúi, Vidushi Rana, kjöræðismaður Íslands í Nepal, og Prasoon Dewan, formaður Indversku íslensku viðskiptasamtakanna.

Sendiráð í Osló

Mikill áhugi á íslenskri menningu

Sendiráðið stóð fyrir vel heppnaðri viðburðaviku dagana 11.-15. nóvember. Farandsýningin Outside Looking In, Inside Looking Out var í sendiherrabústaðnum yfir vikuna og var hún kynnt fyrir sendiherrum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Osló, sem og fulltrúum norskra fjölmiðla. Sérstök móttaka var haldin fyrir íslenskar konur í nýsköpun meðan verðlaunahátíðin Women in Tech stóð yfir en þar unnu bæði Sígyn Jónsdóttir (Alda) og Edda Aradóttir (CarbFix) til verðlauna. Sendiráðið, í samstarfi við Háskólann í Osló, hélt einnig vel sótt málþing um landnámið á Íslandi en hápunktur vikunnar var dagur íslenskrar tungu sem haldinn var í samstarfi við

Bókmenntamiðstöð Noregs og Skapandi Ísland. Þar komu um hundrað manns saman í sendi-herrabústaðnum til að hitta rithöfundana Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring og njóta íslenskra veitinga.

Alls sóttu á annað þúsund gestir viðburði sendi-ráðsins 2024, á annan tug viðburða voru haldnir í sendiherrabústaðnum og þar að auki kom sendi-ráðið að um fimmtíu menningar- og viðskiptavið-burðum víðsvegar í Noregi og öðrum umdæmis-ríkjum sendiráðsins. Mikill áhugi er á íslenskri menningu og listum í Noregi og hefur sendiráðið byggt upp víðfemt tengslanet og á til að mynda í góðu samstarfi við norska og íslenska aðila innan bókmennta- og kvikmyndageirans.



Sendiráð Íslands í Osló stóð fyrir vel sóttri málstofu um landnám Íslands í samvinnu við Háskólann í Osló í nóvember 2024.

Sem dæmi mætti nefna opnun sýningar Hauks Halldórssonar í apríl, Ferðalag um list og tíma, þar sem mátti sjá fjölbreytta blöndu af verkum hans allt frá málverkum, teikningum og skúlp-túrum til skartgripa. Sendiráðið hélt í samstarfi við Íslandsstofu, Icelandair og Bæjarins Beztu Íslandskvöld fyrir lykilaðila í norskri ferða-þjónustu í sendiherrabústaðnum í mars. Einnig mætti nefna þátttöku í Nýsköpunarviku Oslóar, ferðaþjónustusýningunni Antor Norway Press og tónlistarhátíðinni Lýðveldisdjass sem var hluti af Ísdögum, menningarhátíð Íslendingafélagsins í Noregi.

Á liðnu ári tók sendiráðið á móti um 800 umsóknum um vegabréf, veitti námsmönnum í fjarnámi frá íslenskum námsstofnunum aðbúnað til að þreyta próf, afgreiddi ótal fyrirspurnir og aðstoðaði Íslendinga sem til sendiráðsins leituðu. Íslendingar búsettir í Noregi eru 9.402 og hefur stór hluti þeirra verið búsettur þar í lengri tíma.

Sendiráð í Osló

Sendiherra: Högni Kristjánsson

Íslendingar í umdæmisríkjum 9.402
þar af í gístíríki 9.357

Viðskipti í milljörðum kr.
Vöruútflutningur (2024) 51,9
Vöruinnflutningur (2024) 147,0
Þjónustuútflutningur (2023) 20,3
Þjónustuinnflutningur (2023) 26,8

Starfsfólk
Útsent starfsfólk 2
Staðarráðið starfsfólk 3

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 134,4

Umdæmisríki: Grikkland, Pakistan

Sendiráð í Ottawa

Aukin áhersla á viðskipti og samstarf í öryggis- og varnarmálum

Annað tvíhliða pólitískt samráð Kanada og Íslands var haldið í Ottawa í byrjun árs 2024 og sneri það meðal annars að öryggis- og varnarmálum, viðskiptum, samstarfi á alþjóðavettvangi og vísindasamstarfi. Stefnt er að næsta samráði í október 2025 á Íslandi.

Vegna aukins mikilvægis öryggis- og varnarmála undanfarin misseri stóð sendiráðið, ásamt fleirum, fyrir þriðju málstofu Íslands og Kanada um öryggis- og varnarmál á norðurslóðum. Á meðal þátttakenda voru fulltrúar frá strand-gæslum landanna, og varnarmála-, utanríkis- og sjávarútvegsráðuneytum Kanada.

Utanríkisráðherra Kanada tók á móti utanríkisráðherrum Norðurlandanna í september síðastliðnum til að ræða málefni norðurslóða (Canada-Nordic Strategic Dialogue) og aukið samstarf milli ríkjanna. Utanríkisráðuneytið og sendiráðið tóku þátt í fundunum sem voru haldnir í New York og Iqaluit í Nunavut í Kanada.

Sendiráðið vinnur náið með Íslandsstofu að opnun nýrra markaða fyrir íslensk fyrirtæki. Áherslan var á bláa hagkerfið, endurnýjanlega orku, tækni og nýsköpun og samvinnu við norðurhéruð Kanada. Sendiráðið skipulagði tvær sendinefndir frá Kanada til Íslands á árinu. Fyrri ferðin var með heilsutækniyrirtækjum frá Nýfundnalandi og Labrador á Nýsköpunarvikuna í maí og sú síðari í september með

samtökum eignarhaldsfyrirtækja í eigu inúíta á norðurslóðum Kanada með áherslu á sjávarútveg, endurnýjanlega orku, fjárfestingar og ferðapjónustu.

Sendiráð í Ottawa	
Sendiherra: Hlynur Guðjónsson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	937
þar af í gistiríki	937
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	8,0
Vöruinnflutningur (2024)	8,6
Þjónustuútflutningur (2023)	36,1
Þjónustuinnflutningur (2023)	7,2
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	2
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	84,0
Umdæmisríki: Kosta Ríka	

Í samstarfi við Planet Youth á Íslandi skipulagði sendiráðið ráðstefnu í Ottawa um forvarnir gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu með þátttöku rúmlega 200 fagaðila. Sendiráðið stóð fyrir markaðsaðgangsverkefni fyrir fyrirtæki í heilsutækni en átta íslensk fyrirtæki hafa komið sér fyrir í Kanada á síðastliðnum þremur árum eftir þátttöku í verkefninu. Þá hélt sendiráðið margvíslega viðburðir til að kynna íslenska sérþekkingu, meðal annars á sviði kolefnisföngunar, endurnýjanlegrar orku, sjávarútvegs og sjávartækni, heilsugæslu og tvínóta tækni í varnarmálum víðsvegar um Kanada.

Sendiráð í París

Böndin treyst á viðsjárverðum tímum

Í ljósi núverandi stöðu heimsmála hefur áhersla sendiráðsins verið á tengslamyndun, greiningar og vöktun, með vaxandi áherslu á tvíhliða samband við Frakkland og Spán á sviði alþjóða-, varnar- og öryggismála. Reglubundið samráð við Frakkland á sviði Evrópusamvinnu og efnahags- og alþjóðapolítískra málefna fór fram í Reykjavík í júní og á sviði öryggis- og varnarmála í París og Brest í desember. Árlegt samráð við Spán fór fram í annað sinn í Madrid í nóvember en á sama tíma var efnt til glæsilegrar Íslandskynningar og heimsóknar viðskiptasendinefndar í samstarfi við Íslandsstofu og Spænsk-íslenska viðskiptaráðið í tilefni af 75 ára afmæli stjórnmálasambands ríkjanna.

Eitt stærsta verkefni ársins var samstarf við Íþróttasamband Íslands, Íþróttasamband fatlaðra og frönsk stjórnvöld vegna undirbúnings og þátttöku fulltrúa Íslands á Ólympíuleikum og í Ólympíumóti fatlaðra. Þáverandi Forseti Íslands, þáverandi forsætisráðherra, þáverandi barna- og menntamálaráðherra og þáverandi félags- og vinnumálaráðherra tóku öll þátt í dagskrá í tengslum við leikana og hvöttu íslenska íþróttafólkið til dæða. Þá stóð sendiráðið fyrir viðburði í samstarfi við stoðtækjafyrirtækið Össur sem meðal annars var sóttur af íþróttamönnum úr teymi þess. Árlegur jafnlaunadagsviðburður Íslands og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) var haldinn í fjórða sinn en að þessu sinni var lögð áhersla á jafnrétti og jöfn laun í íþróttum. Metþátttaka var í viðburðinum í ár en hann sóttu um 1.400 manns.

Sendiráð í París	
Sendiherra: Unnur Orradóttir-Ramette	
Íslendingar í umdæmisríkjum	1.880
þar af í gistiríki	508
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	67,5
Vöruinnflutningur (2024)	35,4
Þjónustuútflutningur (2023)	28,9
Þjónustuinnflutningur (2023)	11,5
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	5
Staðarráðið starfsfólk	4
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	318,2
Umdæmisríki: Andorra, Ítalía, Líbanon, Mónakó, Portúgal, Spánn	

Sendiráðið stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum með íslensku listafólki í Frakklandi. Sérstök áhersla var lögð á kynningu íslenskra kvikmynda í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð og kvikmynda-hátíðina Les Arcs sem haldin er í desember ár hvert. Ísland var þar í heiðurssæti og hátíðin var vel sótt af íslensku kvikmyndagerðarfólki, framleiðendum og tónlistarmönnum. Í samstarfi við Myndlistarmiðstöð og Íslandsstofu var ferðasýningin Outside Looking In, Inside Looking Out sett upp í embættisbústaðnum í nóvember. Sendiherra tók jafnframt þátt í Feneyjatvíæringnum í samstarfi við miðstöðina. Á viðskiptasviðinu bar hæst þátttaka Íslandsstofu í fjárfestingaráðstefnu í Suður-Frakklandi þar sem tengsl við stærsta vísinda- og tæknigarð Evrópu voru virkjuð en þáverandi forsetafrú tók þátt í dagskránni.

Sendiráð í Peking

Tíu ára fríverslun við Kína

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína tók gildi fyrir tíu árum, 1. júlí 2014. Af því tilefni stóð sendiráð Íslands í Peking fyrir málstofu um ávinning og framkvæmd samningsins í samvinnu við samstarfsvettvang íslenskra fyrirtækja í Kína. Auk fulltrúa íslenskra fyrirtækja sóttu ráðstefnuna helstu viðskiptavinir þeirra og fulltrúar opinberra stofnana, tæplega 100 þátttakendur. Það var almennt álit þeirra sem til máls tóku að fríverslunarsamningurinn hafi verið viðskiptum landanna til góðs, enda hafa þau rúmlega tvöfaldast á þessum tíu árum. Þó megi leggja meiri áherslu á markaðssetningu og stuðning við íslenskan útflutning til Kína, enda viðskiptajöfnuðurinn Kínverjum töluvert hagstæðari.



Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Kína, á ráðstefnu sem íslenska sendiráðið stóð fyrir af tilefni 10 ára afmælis fríverslunarsamningsins.

Endurkoma kínverskra ferðamanna eftir COVID19-faraldurinn óx hratt á árinu. Til að bregðast við þessari aukningu og væntingum ferðapjónustuaðila, var áritunardeild sendiráðsins stækkuð og skerpt á verkferlum til að auka skilvirkni í afgreiðslu áritana. Þess er vænst að fjöldi ferðamanna í ár verði sá sami og þegar hann var hvað mestur fyrir faraldurinn og að hann aukist enn frekar á komandi ári. Þá aðstoðaði sendiráðið sendinefndir víðsvegar að í Kína sem sóttu Ísland heim til að kynna sér jarðhitanotkun og mynda tengsl á því sviði.

Á árinu voru 50 ár liðin frá því að Ísland hóf stjórnmálasamstarf við Mongólíu. Af því tilefni aðstoðaði sendiráðið ræðismann Íslands í Ulaanbaatar við að skipuleggja sendinefnd frá Mongólíu til að kynna sér reynslu Íslands af sjálfbærri þróun á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, ferðapjónustu og landbúnaðar.

Sendiráð í Peking

Sendiherra: Þórir Ibsen	
Íslendingar í umdæmisríkjum	79
Þar af í gístíríki	27
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	19,9
Vöruinnflutningur (2024)	146,5
Þjónustuútflutningur (2023)	6,4
Þjónustuinnflutningur (2023)	2,0
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	5
Staðarráðið starfsfólk	11
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	240,1
Umdæmisríki: Mongólía, Víetnam, Taíland	

Sendiráðið fylgist náið með stjórnmála- og efnahagsþróun í Kína sem og utanríkisstefnu kínverskra stjórnvalda, og á náið samráð við sendiráð líkt þenkjandi ríkja í Peking. Landkynning fór fram með stuðningi við menningarviðburði, fyrirlestrum á ráðstefnum og viðtölum í kínverskum fjölmiðlum. Færslur sendiráðsins á Weibo-síðu þess hlutu tæplega átta milljónir innlita á árinu og voru fylgjendur síðunnar rúmlega 122 þúsund. Jafnframt aðstoðaði sendiráðið sem fyrr fyrirtæki með þátttöku í ferða- og kaupstefnum. Sendiráðið var upplýst með roðagylltri lýsingu í byrjun desember til að vekja athygli á öfbeldi gegn konum. Athygli var vakin á málefni á Weibo-síðu sendiráðsins.

Sendiráð í Stokkhólmi

Íslensk menning í aðalhlutverki

Meginhlutverk sendiráðs Íslands í Stokkhólmi er að gæta hagsmuna Íslands í Svíþjóð og efla samband ríkjanna á sviði stjórnmála, menningar og viðskipta auk þess að veita Íslendingum í Svíþjóð margvíslega þjónustu. Vöruútflutningur til Svíþjóðar hefur tvöfaldast á undanförnum árum. Fiskur og önnur matvæli nema um rúmlega þriðjungi vöruútflutnings og ál rúmlega fjórðungi. Um 70% heildarútflutnings eru vegna þjónustuviðskipta.

Menningartengd verkefni voru sérstaklega áberandi í starfi sendiráðsins árið 2024 og bar þar hæst íslenska menningardaga – Ísländska kulturdagar – sem skipulagðir voru í samstarfi sendiráðsins, Norræna félagsins í Svíþjóð og Sænsk-íslenska samstarfssjóðsins í tilefni af 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins og 30 ára afmæli samstarfssjóðsins. Á þriðja tug íslenskra

menningarviðburða fóru fram af þessu tilefni um land allt með áherslu á Gautaborg, Umeå, Karlstad og Stokkhólm. Viðburðirnir voru haldnir í samstarfi við menningarstofnanir á hverjum stað, svo sem söfn, kvikmyndahús, tónleikahús og fleira og var samanlagður fjöldi þátttakenda á annað þúsund. Sem dæmi um viðburði má nefna tónlistarhátíðina Reykjavík Rising sem haldin var í samstarfi við Iceland Airwaves þar sem ungt íslenskt tónlistarfólk á uppleið fékk tækifæri til að spila fyrir fagaðila úr sænsku tónlistarlífi jafnt sem almenning. Þá var íslenska barnabókin Eldgos eftir Rán Flygenring gefin út á sænsku í tengslum við barnabókaviðburð í Gautaborgarsafninu og hönnunarverk eftir Brynjar Sigurðarson urðu hluti af nýrri grunnsýningu í hönnunarsafninu Röhsska Museet í Gautaborg. Auk þessa var meðal annars boðið upp á dans, kvikmyndir, kórsöng, myndlist og fyrirlestra um íslenska sögu.

Sendiráð í Stokkhólmi	
Sendiherra: Bryndís Kjartansdóttir	
Íslendingar í umdæmisríkjum	9.315
þar af í gístiríki	9.111
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	11,6
Vöruinnflutningur (2024)	56,1
Þjónustuútflutningur (2023)	17,5
Þjónustuinnflutningur (2023)	26,3
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	4
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	76,7
Umdæmisríki: Kýpur, Nýja-Sjáland	

Þá voru íslenskir menningardagar jafnframt nýttir til að kynna bókmenntavefsíðuna Läs isländska böcker sem sendiráðið hefur komið á fót í samstarfi við þýðandann John Swedenmark. Á síðunni má nálgast upplýsingar um 350 íslenskar bækur sem komið hafa út á sænsku í árunna rás og upplýsingar um íslenska bókmenntaviðburði. Verkefnið er afrakstur vinnu sem ráðist var í eftir samráð sendiráðsins við bókaútgefendur, þýðendur, rithöfunda og aðra sem bera hag íslenskra bókmennta fyrir brjósti, og er því ætlað að stuðla að aukinni útgáfu íslenskra bóka í Svíþjóð með því að styðja við kynningarstarf og skapa grundvöll fyrir stór sem smá forlög til að koma útgefnum bókmenntum á framfæri.

Sendiráð í Tókýó

Jarðhiti og jafnrétti

Sendiráðið hefur verið mjög virkt í fjölmiðlum, á ráðstefnum og ýmsum viðburðum tengdum jafnréttismálum. Það stóð ásamt hinum Norðurlöndunum að viðburði í tilefni alþjóðadags kvenna og um stöðu kvenna í vísinda- og tæknigreinum, þar sem þáverandi orkumálastjóri var aðalræðumaður. Einnig tók orkumálastjóri þátt í sérstökum viðburði í sendiráðinu með japönskum konum og konum af ýmsu þjóðerni um jafnréttismál auk þess að eiga fundi með lykilaðilum í orkumálum.

Í september 2024 var skrifað undir nýja viljayfirlýsingu um samstarf í jarðhitamálum við orkumálaráðuneyti Indónesíu, en íslensk fyrirtæki hafa síðustu ár haslað sér völl á ört stækkandi markaði jarðhitafyrirtækja þar í landi.

Shinako Tsuchiya, þáverandi ráðherra enduruppbyggingar, heimsótti Ísland í júlí en samstarf þjóðþinganna, jafnréttismál, jarðhræringar á Reykjanesskaga og staðan í Grindavík voru rædd. Tsuchiya, sem er formaður vinahóps Íslands á japanska þinginu, hitti forseta Alþingis, heimsótti Vigdísí Finnbogadóttur, fékk kynningu hjá Almannavörnum og heimsótti Grindavík enda var hún ábyrg fyrir enduruppbyggingu Tohoku-svæðisins sem fór mjög illa út úr jarðskjálftanum mikla árið 2011.

Íslenska kvikmyndin Snerting var sýnd á kvikmyndahátíð í Hiroshima í nóvember þar sem þemað var friður. Kvikmyndin byggist á reynslu hibakusha, þeirra sem lifðu af kjarnorkuárásina í Hiroshima og Nagasaki. Baltasar Kormákur leikstjóri var viðstaddur sýninguna og ræddi við áhorfendur og fjölmiðla um kvikmyndina að sýningu lokinni. Sendiráðið notaði tækifærið og bauð fulltrúa grasrótarsamtakanna Nihon Hidankyo, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels í ár, til málsverðar með Baltasar ásamt borgarstjóra Hiroshima og forstöðumanni friðarsafns Hiroshima. Varamaður sendiherra sótti minningar- og friðarathafnir í Hiroshima og Nagasaki sem haldnar voru í byrjun ágúst.

Ísland verður hluti af norræna skálanum á Heimssýningunni í Osaka, en reiknað er með tæplega 30 milljónum gesta. Sendiráðið hefur sinnt vinnu við undirbúning viðburða á næsta ári í samstarfi við Íslandsstofu og ráðuneytið, en þjóðardagur Íslands á sýningunni verður 29. maí 2025.

Sendiráð í Tokyo	
Sendiherra: Stefán Haukur Jóhannesson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	130
þar af í gístiríki	64
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	12,3
Vöruinnflutningur (2024)	16,8
Þjónustuútflutningur (2023)	5,1
Þjónustuinnflutningur (2023)	0,9
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	2
Staðarráðið starfsfólk	3
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	110,8
Umdæmisríki: Filippseyjar, Indónesía, Singapúr, Suður-Kórea, Tímor-Leste	

Sendiráð í Varsjá

Vaxandi umsvif

Bæði þáverandi utanríkisráðherra og þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra heimsóttu Pólland á árinu. Utanríkisráðherra tók þátt í Warsaw Security Forum og menningar- og viðskiptaráðherra fundaði með pólskum starfsbræðrum og -systrum og sótti menningarviðburð í Kraká þar sem íslensk tónlist og tunga voru í hávegum. Kennsla í íslenskum bókmenntum og íslensku nýtur töluverðrar hylli í pólskum háskólum og sóttu um 80 háskólanemar víðsvegar að frá Póllandi íslenskunámskeið í sendiráðinu sem tengdist degi íslenskrar tungu mánudaginn 18. nóvember 2024 og komust færri að en vildu, en þetta var í annað sinn sem slíkt námskeið var haldið.

Sendiráðið í Varsjá leggur áherslu á að kynna íslenska menningu ásamt því að stuðla að vandaðri upplýsingamiðlun á pólsku um Ísland og íslensk málefni. Pólitísk og efnahagsleg samskipti aukast enn og styður sendiráðið við íslenskt atvinnulíf í sókn á Póllandsmarkað eftir bestu getu. Þannig var síðastliðið haust boðið upp á fundi með sendiherra fyrir milligöngu Íslandsstofu þar sem færri komust að en vildu.

Sendiráðið í Varsjá sinnir einnig Búlgaríu, Rúmeníu og Úkraínu og hefur öll umsýsla vegna þess síðastnefnda verið vaxandi á árinu, ekki síst eftir samþykkt Alþingis á sérstakri Úkraínustefnu í apríl 2024 og undirritun tvíhliða samnings í lok maí sama ár. Volodómír Selenski, forseti Úkraínu, heimsótti Ísland í lok október og tók þátt í leiðtogafundi Norðurlandanna og Úkraínu ásamt því að ávarpa Norðurlandaráðsþing sem haldið var í Reykjavík á sama tíma.

Sendiráð í Varsjá	
Sendiherra: Friðrik Jónsson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	463
þar af í gístiríki	405
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	22,8
Vöruinnflutningur (2024)	32,7
Þjónustuútflutningur (2023)	6,8
Þjónustuinnflutningur (2023)	15,2
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	4
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	90,3
Umdæmisríki: Búlgaría, Úkraína, Rúmenía	

Segja má að Pólland gegni lykilhlutverki bæði innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins en það leiðir ráðherraráð þess síðarnefnda á fyrri hluta árs 2025. Vegna nálægðar sinnar við Úkraínu er landið miðstöð margvíslegrar aðstoðar Vesturlanda og hefur vægi þess aukist í samræmi við það hlutverk. Ísland og Pólland eiga því sameiginlega hagsmuni í varnar- og öryggismálum en pólskar flugsveitir hafa tekið þátt í loftrýmisgæslu við Ísland og pólsk hersveit tók þátt í varnaræfingunni Norður-Víkingur haustið 2024.

Pólland, ásamt Búlgaríu og Rúmeníu, eru mikilvæg samstarfsríki Uppbyggingarsjóðs EES og sinnir sendiráðið verkefnum hans eftir þörfum. Verkefni á sviði sjálfbærni og endurnýjanlegra orkugjafa, lýðræðispróunar og jafnréttismála verða áfram meðal helstu áherslumála Íslands á vettvangi hans.

Sendiráð/fastanefnd í Vín

Áhersla á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Ríkjandi spenna á ÖSE-svæðinu og áhrif af stríðsrekstri Rússlands í Úkraínu eru meginviðfangsefni Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í öllum þremur sviðum hennar, sem lúta að öryggis-, efnahags- og umhverfismálum og mannréttindamálum. Frá allsherjarinnrás Rússlands hefur afdráttarlaus stuðningur við Úkraínu og fordæming á henni verið þungamiðjan í málflutningi Íslands. Jafnframt hefur Ísland lýst áhyggjum af stöðu mála á öðrum átakasvæðum sem ÖSE fjallar um, það er í Belarús, Georgíu, Ngorno-Karabakh og Transnistríu. Í málflutningi sínum á vettvangi ÖSE leggur Ísland áherslu á lýðræði,

réttarríkið, mannréttindi, jafnrétti og friðsamlega lausn deilumála ásamt því að taka mið af sérstöðu Íslands sem herlausu bandalagsríki Atlants-hafsbandalagsins, samstöðu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og Helsinki-lokaskjalinu, stofnsáttmála ÖSE sem samþykktur var 1975. Þrátt fyrir ótryggt ástand í Evrópu er samtakamáttur ÖSE-ríkjanna sterkur og eru þau nær öll einhuga um að standa vörð um öryggi og fjölþjóðasamvinnu á ÖSE-svæðinu og tryggja virðingu allra aðildarríkja fyrir þjóðréttarskuldbindingum.



Fastafulltrúi Íslands gagnvart ÖSE ásamt nöfnum sinni, Helgu Mariu Schmid, framkvæmdastjóra ÖSE 2020-2024, á norrænni ráðstefnu um kynjajafnrétti og loftslagsmál.

Sendiskrifstofan í Vín er ein sú fámennasta í utanríkisþjónustunni, með aðeins þrjá starfsmenn. Hún gegnir stóru og fjölbreyttu hlutverki og er bæði tvíhliða sendiráð gagnvart fimm ríkjum og fastanefnd gagnvart fjórum alþjóðastofnunum.

Störf fastanefndar gagnvart ÖSE ganga fyrir í starfi sendiskrifstofunnar í Vín. Aðrar alþjóðastofnanir í Vín eru Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA), Undirbúningsnefnd Samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn (CTBTO) og stofnanir Sameinuðu þjóðanna í Vín (UNOV/UNODC).

Auk Austurríkis hefur sendiráðið fjögur önnur ríki í umdæmi sínu, Króatíu, Slóvakíu, Slóveníu og Ungverjaland. Umdæmisríkin fjögur eru jafnframt viðtökuríki Uppbyggingarsjóðs EES, sem er að hefja nýtt fjárveitingatímabil um þessar mundir. Verkefni uppbyggingarsjóðsins veita gott tækifæri til að styrkja tvíhliða samskipti við umdæmisríkin. Auk hans leggur sendiráðið áherslu á að fylgjast með stjórnmálum í Austurríki og umdæmisríkjum og sinna borgarþjónustu sem fær ávallt nauðsynlegan forgang. Áhersla á menningar- og viðskiptamál er minni en á önnur tvíhliða verkefni og tekur mið af langtímastefnu stjórnvalda fyrir íslenskan útflutning.

Sendiráð/fastanefnd í Vín	
Sendiherra/fastafulltrúi: Helga Hauksdóttir	
Íslendingar í umdæmisríkjum	354
Þar af í gístíríki	286
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	0,4
Vöruinnflutningur (2024)	9,1
Þjónustuútflutningur (2023)	6,0
Þjónustuinnflutningur (2023)	3,1
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	2
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	88,5
Umdæmisríki: Króatía, Slóvenía, Slóvakía, Ungverjaland	

Sendiráð í Washington

80 ára afmæli stjórnmálasambands og þétt samstarf á sviði orkumála

80 ára afmæli stjórnmálasambands Bandaríkjanna við Ísland var fagnað 2024. Þau voru fyrst til að viðurkenna fullveldisfirlýsingu Íslands og hefur samstarf ríkjanna vaxið og dafnað æ síðan, ekki síst á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu. Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins fór einmitt fram í Washington á 75 ára afmæli bandalagsins.

Samstarf í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á undanförnum árum vegna aukinna áskorana í öryggisumhverfinu og í byrjun 2024 tók sérstakur varnarmálafulltrúi til starfa í sendiráðinu. Árlegt tvíhliða samráð um öryggis- og varnarmál fór fram á Íslandi í maí og var aukin varnarsamvinna, stuðningur við Úkraínu, Mið-Austurlönd og öryggi á norðurslóðum í brenni-depli. Þáverandi utanríkisráðherra fundaði í tvígang með Kurt Campbell, varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, og voru málefni Indó-Kyrrahafssvæðisins, tækni, nýsköpun og tvíhliða samskipti efst á baugi. Ráðherra fundaði einnig með þingmönnum í Íslandsvinahópi fulltrúadeildar Bandaríkjaþings sem stofnsettur var 2023 og formönnum hans, Chellie Pingree frá Maine og Greg Murphy frá Norður-Karólínu.

Viðskipta- og efnahagsmál eru veigamikill þáttur í hagsmunagæslu sendiráðsins enda á Ísland mest viðskipti við Bandaríkin. Reglubundið samráð um efnahagsmál, sem fór fram í Washington í apríl, er vettvangur til að skiptast á upplýsingum, skilgreina sameiginlega hagsmuni og efla tvíhliða samskipti á þessu sviði. Bandaríkin

eru áherslusvæði í útflutningsstefnu Íslands og snemma árs hóf viðskiptafulltrúi á vegum sendiráðsins og Íslandsstofu störf í New York.

Samstarf og tengsl við Maine voru í forgrunni heimsóknar sendiherra þangað í október síðastliðnum. Eimskip fluttu höfuðstöðvar sínar í Bandaríkjunum til Portland árið 2013. Starfsemin hefur skipt sköpum við að efla tengsl á fjölmörgum sviðum sem áhugi er á að styrkja enn frekar.

Sendiráð í Washington	
Sendiherra: Svanhildur Hólm Valsdóttir	
Íslendingar í umdæmisríkjum	6.699
Þar af í gístiríki	6.640
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	110,4
Vöruinnflutningur (2024)	116,6
Þjónustuútflutningur (2023)	306,0
Þjónustuinnflutningur (2023)	77,9
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	5
Staðarráðið starfsfólk	3
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	268,4
Umdæmisríki: Argentína, Brasilía, Síle, Mexíkó	

Sendiráðið hefur markvisst unnið að því að koma íslenskum orku- og loftslagslausnum á framfæri. Efnt var til ráðstefnu um orkuskipti og sjálfbæra auðlindanýtingu í Colorado með öflugri þátttöku frá Íslandi og grunnur var lagður að samstarfi við fleiri ríki í vesturhluta Bandaríkjanna. Áfanga var náð þegar Jennifer Granholm, orkumálaráðherra Bandaríkjanna, og þáverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, ýttu úr vör samstarfi ríkjanna í orku- og loftslagsmálum.

Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu

Atlantshafsbandalagið og sameiginlegt öryggi á ófriðartímum

Atlantshafsbandalagið fagnaði 75 árum í skugga allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu, átaka fyrir botni Miðjarðarhafs og aukinnar spennu í alþjóðasamskiptum. Bandalagið hefur aðlagð sig að breyttu öryggisumhverfi og á leiðtoga-fundi þess í Washington í júlí síðastliðnum voru teknar ákvarðanir sem áfram munu móta störf bandalagsins. Nýjar varnaráætlanir hafa verið samþykktar, netöryggi og fjölþáttaógnir fengið hærri sess og viðnám samfélaga styrkt. Herstjórnarskipulagi bandalagsins hefur verið breytt og

Norður-Atlantshaf og norðurslóðir fengið aukið vægi. Svíþjóð fékk fulla aðild að bandalaginu á síðasta ári.

Í Washington var ákveðið að styðja við Úkraínu sem nemur að lágmarki 40 milljörðum evra á ári. Þá hefur ný þjálfunar- og samræmingaraðgerð bandalagsins fyrir Úkraínu, NSATU, verið starfandi frá upphafi 2024. Unnið er að mótun nýrrar Rússlandsstefnu fyrir leiðtogafundinn í Haag, sem haldinn verður í lok júní næstkomandi. Málefni Kína og Indó-Kyrrahafssvæðisins taka sömuleiðis sífellt meira rými í umfjöllun Atlantshafsbandalagsins, sem og suðurjaðar þess.



Fundarhamarinn góði sem Ísland gaf á sínum tíma og skipti um hendur við embættistöku Mark Rutte þann 1. október.

Mark Rutte, fyrrverandi forsætisráðherra Hollands, tók við embætti framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins 1. október síðastliðinn og skipaði undir lok árs Radmilu Shekerinsku, fyrrverandi varnarmálaráðherra Norður-Makedóníu, sem varaframkvæmdastjóra. Rutte hefur lagt mikla áherslu á áframhaldandi stuðning við Úkraínu og er vel tengdur innan Evrópu og gagnvart Norður-Ameríku, þar með talið við ríkjandi valdhafa í Bandaríkjunum.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins er mikils metið og hefur vaxið undanfarin ár samhliða auknum skuldbindingum og framlögum til varnarmála. Varnarskuldbindingar Íslands felast meðal annars í rekstri ratsjárkerfisins og varnartengdra innviða á Íslandi. Þá leggur Ísland áfram sitt af mörkum í stuðningi við Úkraínu.

Fastanefnd hjá Altanshafsbandalaginu	
Fastafulltrúi: Jörundur Valtýsson	
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	6
Staðarráðið starfsfólk	3
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	185,6

Fastanefnd sinnir daglegri hagsmunagæslu Íslands við stefnumótun bandalagsins og mála-rekstur, meðal annars vegna fjármögnunar á varnartengdum innviðum á Íslandi. Lykilþáttur starfsins snýr jafnframt að málafylgju vegna utan-ríkispólitískra áherslumála Íslands og tekur Ísland afdráttarlausa afstöðu með alþjóðalögum og varn-arbaráttu Úkraínu gegn innrásarstríði Rússlands. Aðrar áherslur Íslands lúta meðal annars að öryggi á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum, áfallaþoli samfélaga, loftslagsmálum og framkvæmd öryggis-ráðsályktunar um konur, frið og öryggi.

Fastanefnd/sendiráð í Genf

Aukin vinna við mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Fastanefndin í Genf fer með fyrirvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf (UNOG), Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og öðrum alþjóðastofnunum sem hafa aðsetur í Genf. Þá er fastanefndin einnig sendiráð Íslands gagnvart Sviss, Liechtenstein og Páfagarði.

Verkefni tengd Sameinuðu þjóðunum, ásamt alþjóðaviðskiptamálum, eru þeir málaflokkar sem sérstök áhersla er lögð á í Genf. Auk þess sinnir sendiskrifstofan tvíhliða samskiptum við umdæmisríki sín ásamt því að veita íslenskum ríkisborgurum mikilvæga borgarapjónustu.

Árið 2024 færðist aukinn þungi í vinnu tengda mannréttindaráðinu en í október síðastliðnum var Ísland kjörið til setu í því 2025–27. Í aðdrag- anda kosninganna hefur verið lögð rík áhersla á virka áheyrnaraðild og sýnileika Íslands í störfum ráðsins en þar leggur Ísland áherslu á jafnrétti kynjanna, réttindi hinsegin fólks og afnám dauða- refsingar. Ísland hefur jafnframt verið leiðandi í málefnum Íran.

Á árinu lauk samningaviðræðum EFTA-ríkjanna um gerð fríverslunarsamninga eða uppfærslu á eldri samningum við Indland, Kósovó, Taíland, Síle og Úkraínu. Miðar þessi vinna að því að bæta aðgengi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum og stuðlar að auknu samkeppnishæfi Íslands.

Fastafulltrúi Íslands leiddi samningaviðræður innan WTO um bann við skaðlegum ríkisstyrkjum í sjávarútvegi en um er að ræða viðbót við samning

sem samþykktur var á þrettánda ráðherrafundi WTO í lok febrúar 2024. Til þess að geta betur sinnt nýju hlutverki í mannréttindaráðinu hefur fastafulltrúi sagt sig frá formennskuhlutverkinu.

Fastanefnd/sendiráð í Genf	
Fastafulltrúi/sendiherra: Einar Gunnarsson	
Íslendingar í umdæmisríkjum	672
Þar af í gistiríki	692
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	11,7
Vöruinnflutningur (2024)	11,8
Þjónustuútflutningur (2023)	20,4
Þjónustuinnflutningur (2023)	11,2
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	6
Staðarráðið starfsfólk	1
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	242,6

Mannúðarmál skipa stóran sess í störfum fasta- nefndarinnar. Á árinu skrifuðu íslensk stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) undir rammisamning til fimm ára og gerður var þriggja ára samstarfssamningur við Alþjóðaráð Rauða krossins. Þá undirrituðu íslensk stjórnvöld og Rauði kross Íslands sameiginleg heit á sviði mannúðarréttar og mannúðarmála í tengslum við 34. ríkjaráðstefnu Alþjóðaráðs Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem fór fram í Genf í nóvember.

Í störfum sendiráðsins bar hæst framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna forseta- kosninga í júní og þingkosninga í lok nóvember.

Fastanefnd í New York

Framtíðarsáttmáli samþykktur

Árið 2024 einkenndist af stórveldaspennu vegna stríðsins í Úkraínu og átaka fyrir botni Miðjarðar- hafs. Í brennidepli voru hörmulegar aðstæður óbreyttra borgara á Gaza, Vesturbakkanum og í Líbanon. Átök víðar um heim voru ofarlega á dagskrá, meðal annars skelfilegar aðstæður vegna átaka í Súdan og á þriðja ári árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu var samstöðu með úkraínsku þjóðinni gert hærra undir höfði. Þó þurfti að heyja ákveðna varnarbaráttu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna vegna tilrauna nokkurra ríkja til að að draga úr gildi skuldbindinga á alþjóðavettvangi.

Þrátt fyrir vaxandi skautun meðal aðildarríkja og breikkandi bil á milli vestrænna ríkja og þróunarríkja tókst að ljúka strembnum og löngum viðræðum um Framtíðarsáttmála sem var samþykktur af leiðtogum aðildarríkja í september. Einstök ríki settu þó margháttaða fyrirvara við efni hans, þar á meðal Rússland og Argentína. Sáttmálanum er ætlað að styðja við innleiðingu heimsmarkmiðanna með því að gera alþjóðastofnanir og alþjóðarsamfélagið allt í stakk búin til að taka á þeim fjölþættu áskorunum sem blasa við. Þar eru í forgrunni loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun, áhersla á framtíðarkynslóðir og stafræna þróun og ekki síst friður og öryggi.

Togstreita milli stórveldanna kristallaðist í öryggisráðinu þar sem Bandaríkin, Rússland og Kína beittu neitunarvaldi sínu samtals átta sinnum en því hefur ekki verið beitt svona oft síðan 1986. Í hvert sinn sem neitunarvaldinu er beitt í öryggisráðinu hittist allsherjarþingið og ræðir þær ályktanir sem neitunarvaldi var beitt gegn til þess að reyna að þoka málum áfram. Þá hefur allsherjarþingið síðan á leiðtogafundi sínum í haust verið kallað reglulega saman til neyðarumræðu um Gaza.

Fastanefnd í New York

Fastafulltrúi: Anna Jóhannsdóttir

Starfsfólk

Útsent starfsfólk	6
Staðarráðið starfsfólk	1

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 366,7

Umdæmisríki: Dóminíkanska lýðveldið, Kúba

Átökin í Mið-Austurlöndum og staða mála á Gaza hafa valdið spennu í samskiptum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og ráðamanna í Ísrael. Í lok árs sett ísraelska þingið lög sem banna starfsemi UNRWA, stofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínuflóttamenn, og henni gert erfiðara að sinna hlutverki sínu á hernumdu svæðunum frá lokum janúar, meðal annars í heilbrigðismálum, menntun og mannúðarstuðningi. Í lok desember gjörbreyttist staðan í Sýrlandi þegar Assad forseta var steypt af stóli og hann flúði land. Ljóst er að mikil uppbyggingarvinna er þar á næsta leiti.

Ísland átti einn varaforseta 78. allsherjarþingsins sem lauk í september og á því 79. sem hófst í kjölfarið tók Ísland að sér varaformennsku

í 2. nefnd um efnahags- og þróunarmál. Þá átti Ísland sæti í stjórnnum UNDP, UNFPA, UNOPS og UNICEF. Fastanefndin tók virkan þátt í umræðum og atkvæðagreiðslum um afvopnunar-, þróunar-, mannréttinda- og alþjóðalagamál í allsherjarþinginu og nefndum þess. Fastanefnd leiddi tvær ályktanir í gegnum nefndarstarfið, um styrkingu mannréttindakerfis Sameinuðu þjóðanna og um landgræðslu. Auk þess tóku fulltrúar utanríkisráðuneytis með stuðningi fastanefndar þátt í árlegum viðræðum um gerð hafréttar- og fiskveiðiályktana, auk almennrar hafmálaumræðu.

Fastanefnd í Róm

Aukið mikilvægi Rómarstofnana Sameinuðu þjóðanna

Fastanefnd Íslands í Róm sinnir fyrirsvári gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóði um þróun landbúnaðar (IFAD) og gætir hagsmuna Íslands á þeim vettvangi. Náð samstarf á sér stað við fulltrúa annarra ríkja, einkanlega Norðurlandanna og Evrópuríkja.

Ísland var kjörið til setu í FAO-ráðinu frá 1. júlí 2024 til tveggja ára og er það í þriðja sinn sem Ísland á sæti í stjórninni. Í aðdraganda þess var unnin sérstök stefnumörkun um áherslur Íslands og er þar einkanlega horft til málefna hafsins, fiskveiða, fiskveiðistjórnunar og fæðukerfa, kynjajafnréttis og heimsmarkmiða sem lúta að útrýmingu hungurs og vistkerfis heimshafanna.

Ný undirnefnd fiskveiðinefndar FAO um fiskveiðistjórnun tók til starfa og verður hún undir forystu íslensks formanns næstu tvö árin á meðan verkefni og starfsemi nefndarinnar eru í mótun.

Stuðningur Íslands við starf WFP, sem skilgreint er sem mannúðarstarfsemi, hefur verið aukinn markvisst, sem er vel metið því föst framlög hafa lækkað þrátt fyrir vaxandi þörf fyrir bráðaaðstoð víða um heim.

Þátttaka Íslands í starfi IFAD hefur verið takmörkuð síðastliðinn áratug en unnið hefur verið að athugun og mati á því hvernig tengslum Íslands og aðild þess að stofnuninni verði best háttað til framtíðar.

Fastanefnd í Róm

Fastafulltrúi: Guðmundur Árnason

Starfsfólk

Útsent starfsfólk 2

Staðarráðið starfsfólk 0

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 95,6

Áhersla alþjóðasamfélagsins á starfsemi og verkefni Rómarstofnana Sameinuðu þjóðanna hefur aukist umtalsvert undanfarin misseri. Ljóst er að heimsmarkmið um útrýmingu hungurs fyrir 2030 muni ekki nást. Er áætlað að þá muni enn um hálfur milljarður jarðarbúa glíma við hungur, fæðuöryggi og næringarskort. Árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hafa mjög sett svip sinn á öll samskipti innan Rómarstofnananna. Á vettvangi stjórnar FAO eru vandasöm verkefni framundan sem snúa að endurskoðun og umbótum á skipulagi og starfseminni og mikilvægt að þau gangi vel.

Fastanefnd í Strassborg

Jafnréttis- og lýðræðismál

Þáttaskil urðu þann 1. september 2020 þegar Ísland opnaði á ný fastanefnd hjá Evrópuráðinu í Strassborg. Fastanefndin sinnir ýmsum verkefnum og samræði á vegum Evrópuráðsins og vinnur að framgangi þeirra gilda sem liggja til grundvallar störfum ráðsins sem stofnað var í kjölfar hörmunga síðari heimsstyrjaldarinnar. Markmiðið er að efla samvinnu aðildarríkjanna og standa vörð um mannréttindi, lýðræði og grundvallarreglur réttarríkisins í álfunni. Fastafulltrúi Íslands situr allt árið í ráðherranefndinni og utanríkisráðherra sækir árlega ráðherrafundi stofnunarinnar, í maí ár hvert. Undir Evrópuráðið heyra Mannréttinda-dómstóll Evrópu, þing Evrópuráðsins (PACE) og samráðsvettvangur sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu (Congress of Local and Regional Authorities) auk fjölmargra sérfræðinganefnda með þátttöku um 50 íslenskra sérfræðinga. Þátttaka annarra ráðuneyta og þingmanna er því alla jafna meiri í störfum Evrópuráðsins en flestum öðrum alþjóðastofnunum.

Fastanefnd í Strassborg

Fastafulltrúi: Ragnhildur Arnljótsdóttir

Starfsfólk

Útsent starfsfólk 1

Staðarráðið starfsfólk 1

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 68,7

Allsherjarinnrás Rússa í Úkraínu er stöðugt umfjöllunarefni á vettvangi Evrópuráðsins, sem er eina alþjóðastofnunin sem hefur vikið Rússum af vettvangi. Umfangsmesta aðgerðaáætlun Evrópuráðsins er í þágu Úkraínu. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins átti fund með Volodómír Selenský, forseta Úkraínu, í Kænugarði í desember og Evrópuráðið er vettvangur áframhaldandi vinnu við ábyrgðarskylduna og sérstaka bóta-nefnd (claims commission) og sérstakan dómstól (special tribunal) í kjölfar allsherjarinnrásar Rússa.

Kósovó hefur sótt formlega um aðild að Evrópuráðinu en ekki hefur enn náðst fullur stuðningur fyrir aðildinni, enda þótt Ísland hafi sett aðildarferlið formlega af stað í formennskutíð sinni. Pólitísk staða í Georgíu er líka harðlega gagnrýnd af forystu Evrópuráðsins og varað við brotum á mannréttindum þar. Þá má nefna að Evrópuráðið styður lýðræðisöfl og stjórnarandstöðuna í Belarús með markvissum hætti, bæði formlegum og óformlegum.

Fastanefnd Íslands í Strassborg átti frumkvæði að því að halda þrjá tengda jafnréttisviðburði á árinu 2024 í samvinnu við önnur Norðurlönd og fékk svonefndan NEP-styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til þess. Ísland stóð jafnframt að ýmsum öðrum jafnréttisviðburðum á árinu í samvinnu við Evrópuráðið, meðal annars með þátttöku í verkefni um 75 áhrifakonur í 75 ára sögu ráðsins en Vigdís Finnbogadóttir og Katrín Jakobsdóttir voru þar á meðal. Fastanefnd Íslands hóf árið 2024 þátttöku í umfangsmiklu samstarfsverkefni Uppbyggingarsjóðs EES og Evrópuráðsins. Þar er unnið að ýmsum verkefnum meðal annars tengdum baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, eflingu lýðræðis og stuðningi við uppbyggingu réttarríkisins, svo sem í Póllandi.

Aðalræðisskrifstofa í Nuuk

Á árinu 2024 hafa íslensk stjórnvöld haldið áfram að leggja áherslu á að efla tengslin við Grænland og byggt á yfirlýsingu forsætisráðherra landanna frá október 2022. Helstu áherslur eru meðal annars efnahagslegt og menningarlegt samstarf, loftslagsmál, sjávarútvegur, menntun og jafnrétti kynjanna.

Sjálfstæðisumræðan hefur verið fyrirferðarmikil á Grænlandi undanfarin misseri. Grænlenskir stjórnámálamenn leggja áherslu á nýtingu auðlinda landsins og að auka efnahagslega

sjálfbærni jafnframt því sem þeir vinna að því að styrkja sjálfstæði Grænlands án þess að slíta tengslin við Danmörku.

Grænensk stjórnvöld hafa undanfarin ár unnið að uppbyggingu innviða til að efla ferðaþjónustu og laða að erlenda fjárfestingu. Undir lok árs var opnaður nýr alþjóðaflugvöllur í Nuuk, höfuðborg Grænlands, sem gerir stærri flugvélum kleift að lenda þar í fyrsta sinn. Þetta er fyrsti áfangi þriggja flugvallarverkefna sem vonast er til að muni efla efnahag landsins. Grænenskir stjórn-málamenn vonast til að sterkari innviðir stuðli að fjölbreyttari efnahagsgrunni, þar á meðal í námuvinnslu og ferðaþjónustu. Efnahagur Græn-lands byggist að mestu á opinberri starfsemi og sjávarútvegi en flestar vörur þarf að flytja inn.

Aðalræðisskrifstofa í Nuuk

Aðalræðismaður: Þórður Bjarni Guðjónsson

Viðskipti í milljörðum kr.

Vöruútflutningur (2024)	4,2
Vöruinnflutningur (2024)	9,1
Þjónustuútflutningur (2023)	7,5
Þjónustuinnflutningur (2023)	5,7

Starfsfólk

Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	0

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 46,2

Grænland tekur virkan þátt í alþjóðlegum samtökum og samningum, og hefur lagt áherslu á aukið hlutverk hvað varðar málefni norðurskautsins og verið þátttakandi í Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Hins vegar tilkynnti formaður heimastjórnar Grænlands á árinu 2024 að hann myndi gera hlé á þátttöku sinni í störfum Norðurlandaráðs til að mótmæla mismunun innan þess. Á 76. þingi Norðurlanda-ráðs í Reykjavík valdi grænenska landsstjórnin að sniðganga fundinn með því að senda ekki sinn fulltrúa þar sem Grænland og önnur sjálfstjórnar-svæði væru útilokuð frá mikilvægum fundum.

Utanríkis- og varnarmálstefna Grænlands, Grønland i Verden – Intet om os, uden os, sem var lögð fram í upphafi árs 2024, kallar eftir því að Grænland verði virkur þátttakandi á alþjóða-vettvangi. Markmið hennar er meðal annars að tryggja að Grænland taki þátt í öllum ákvörðunum sem varða norðurslóðir og Grænland.

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg

Aðalræðisskrifstofan í Winnipeg var formlega opnuð 1999 og varð því 25 ára á árinu. Þess var minnst á degi Jóns Sigurðssonar, 17. júní, og flutti Stefan Jonasson, ritstjóri Lögbergs-Heimskringlu, ræðu þar sem hann rakti mikilvægi skrifstofunnar fyrir samfélag fólks af Íslenskum ættum í Mani-tóba og færði hann Íslenskum stjórnvöldum þakkir fyrir að halda úti sendiskrifstofu í Winnipeg.

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg

Aðalræðismaður: Vilhjálmur Wíium

Starfsfólk

Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	1

Rekstrarkostnaður í milljónum kr. 56,5

Eins og undanfarin 134 ár var haldið upp á Íslendingadaginn í Manitóba á árinu. Mikill fögnuður er þá fjóra daga sem Íslendingadags-hátíðin varir og margfaldast íbúafjöldi Gimli á meðan. Fjallkonan var sérstaklega heiðruð en fjallkona ársins í Manitóba var sú hundraðasta frá upphafi. Heiðursgestur hátíðarinnar var þáver-andi dómsmálaráðherra, sem flutti minni Kanada eins og venja er að heiðursgesturinn frá Íslandi geri. Ráðherra tók þátt í skrudgöngunni og fór í dagsferð um Íslendingaslóðir. Þá tók ráðherra þátt í árlegri Íslendingahátíð í bænum Mountain í Norður-Dakóta en sú hátíð var haldin í 125. skipti.

Ýmsir listamenn sóttu Manítóba heim með stuðningi aðalræðisskrifstofunnar. Má þar nefna tónlistarkonuna Sigurðísi Söndru Tryggvadóttur sem hélt þrenna tónleika í samstarfi við Winnipeg Jazz Orchestra. Þrír tónlistarmenn frá Íslandi tóku þátt í Íslendingadagshátíðinni í ár, þau Axel Flóvent, Pétur Ben og Rakel Sigurðardóttir, og vakti flutningur þeirra lukku. Einnig má nefna að Jón Kalman Stefánsson kom til Winnipeg undir lok árs til að kynna bókina Fjarvera þín er myrkur en hún kom út í enskri þýðingu fyrr á árinu.

Aðalræðisskrifstofan tók þátt í málþingi Mani-tóbaháskóla um 75 ára afmæli Atlantshafs-bandalagsins og ræddi þar um þátttöku Íslands í bandalaginu. Á árinu hélt Winnipeg upp á 150 ára afmæli sitt og var með viðburð til að vekja athygli á systraborgum sínum, en Reykjavík er ein þeirra, og var aðalræðisskrifstofan með upplýsingabás um Reykjavík meðan á hátíðahöldunum stóð.

Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn

Í maí sótti þáverandi utanríkisráðherra fund varnarmálaráðherra Norðurlanda í Þórshöfn þar sem meðal annars voru rædd öryggismál á norðurslóðum og þéttara samstarf við Bandaríkin. Færeyingar hafa eftt samstarf við Bandaríkin á sviði öryggis- og varnarmála á síðustu árum, meðal annars með þjónustu við bandaríska kafbáta í færeyskri lögsögu. Þáverandi utanríkisráðherra tók einnig þátt í dagskrá í tengslum við fyrsta áætlunarflug Icelandair til Færeyja eftir tuttugu ára hlé. Mikill vöxtur er í færeyskri ferðaþjónustu og vonir bundnar við að nýr samstarfs-samningur Icelandair og Atlantic Airways auki enn við vöxt og stöðugleika í greininni. Færeyingar líta mjög til Íslands þegar kemur að ferðaþjónustu og telja sig geta lært ýmislegt af nágrönnum sínum. Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki voru í miklum meirihluta á árlegri Vestnorden-ferðakaup-stefnu sem að þessu sinni var haldin í Þórshöfn í september.

Þáverandi utanríkisráðherra heimsótti Færeyjar að nýju í ágúst ásamt fjölmennri viðskipta-sendinefnd íslenskra fyrirtækja. Íslandsstofa og Íslensk-færeyska viðskiptaráðið ásamt aðal-ræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn skipulögðu dagskrá viðskiptasendinefndar sem meðal annars heimsótti fyrirtæki í laxeldi, sjávarútvegi, mjólkur-iðnaði, orkuframleiðslu og fjarskiptum, auk þess að eiga fundi með forystumönnum í samtökum iðnaðar og atvinnulífs. Veruleg gróska er í viðskiptum Íslands við Færeyjar og hefur orðið veruleg aukning í útflutningi á íslenskum afurðum og þjónustu til Færeyja eftir gildistöku Hoyvíkur-fríverslunarsamningsins, víðtækasta fríverslunar-samnings sem Ísland hefur gert.

Meginþáttur í starfi aðalræðisskrifstofunnar tengist blómlegu menningarstarfi en heimsóknir fulltrúa íslensks lista- og menningarlífs eru tíðar. Norðurlandahúsið í Þórshöfn er hér í aðalhlut-verki enda glæsileg miðstöð og samnefnari menningarstarfs Norðurlanda. Íslenskt tónlistar-fólk tekur reglulega þátt í færeyskum tónlistar-hátíðum og eftirspurn er eftir rithöfundum frá Íslandi til þátttöku í bókmenntaviðburðum. Aðalræðisskrifstofan tekur reglulega þátt í Bókadögum Norðurlandahússins og skipuleggur dagskrá með íslenskum gestum í tengslum við Dag íslenskrar tungu. Í ár tóku rithöfundarnir Rán Flygenring og Halldór Guðmundsson þátt í

fjölsóttri og vel heppnaðri dagskrá í Þórshöfn. Einar Már Guðmundsson rithöfundur tók einnig þátt í bókmenntakvöldi í Rúnavík. Fjölmenni fagnaði upphafi aðventu í miðbæ Þórshafnar þegar kveikt var á Heiðmerkurjólatrénu, árlegri gjöf Reykjavíkur til Þórshafnar.

Alræðisskrifstofa í Þórshöfn	
Aðalræðismaður: Hannes Heimisson	
Viðskipti í milljörðum kr.	
Vöruútflutningur (2024)	5,4
Vöruinnflutningur (2024)	4,7
Þjónustuútflutningur (2023)	4,8
Þjónustuinnflutningur (2023)	13,3
Starfsfólk	
Útsent starfsfólk	1
Staðarráðið starfsfólk	1
Rekstrarkostnaður í milljónum kr.	
	57,4

Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja: Hoyvíkursamningurinn

Hoyvíkursamningurinn svokallaði er víðtækasti fríverslunarsamningur sem þjóðirnar hafa undir-ritað og leggur grunn að góðu viðskiptasambandi Íslands og Færeyja sem hefur vaxið jafnt og þétt frá gildistöku hvað varðar vörur og þjónustu. Í tengslum við ferð þáverandi utanríkisráðherra til Færeyja á fund um varnarmál var haldinn fundur í Hoyvíkurráðinu svokallaða, eða ráðherrafundur um fríverslunarsamning Íslands og Færeyja. Á fundinum ræddu ráðherrarnir tveir framkvæmd samningsins og önnur brýn málefni er varða viðskipti landanna, svo sem um samstarf á sviði sjávarútvegsmála og fiskveiða.

Nefnd um fríverslunarsamninginn hélt árlegan fund sinn í Reykjavík á vormánuðum þar sem fjallað var um viðskiptasamband landanna og framkvæmd samningsins.

6.3 Ræðismannaráðstefna

Ráðstefnur fyrir kjöræðismenn Íslands erlendis eru að jafnaði haldnar á fimm ára fresti, en sú fyrsta var haldin árið 1971. Ráðstefnur þessar eru vettvangur til að fræða ræðismenn Íslands um áherslumál Íslands í alþjóðasamstarfi, viðskipta- og menningarmálum (í samstarfi við Íslandsstofu) og til þess að fara yfir verklag og þjónustu sem ræðismenn veita íslenskum ríkisborgurum erlendis, ekki síst á vettvangi borgarþjónustu.



Þáverandi utanríkisráðherra ásamt aðalræðismanni Íslands í Færeyjum og viðskiptasendinefnd fyrir utan Bakkafrost, stærsta fyrirtæki Færeyja.

Að þessu sinni fór ræðismannaráðstefnan fram dagana 30. september til 1. október og sóttu hana 128 ræðismenn frá 73 löndum. Dagskrá ráðstefnunnar var unnin í samstarfi við Íslandsstofu og skrifstofu forseta Íslands auk aðila í atvinnulífi, miðstöðvar lista og skapandi greina og félagasamtaka. Hátíðarkvöldverður ráðstefnunnar fór fram í nýjum höfuðstöðvum ráðuneytisins í Austurhöfn.

Ræðismenn gæta hagsmuna Íslands og Íslendinga í umdæmi sínu sem oftast er afmarkaður hluti viðkomandi ríkis. Ræðismenn Íslands eru í dag 209 talsins. Eitt helsta hlutverk þeirra er að aðstoða Íslendinga í vanda eða neyð svo sem í sambandi við slys, veikindi, andlát og fangelsanir. Net ræðismanna er ómissandi hlekkur til þess að Ísland geti veitt Íslendingum erlendis sambærilega borgarþjónustu og stærri ríki. Ræðismennirnir eru þannig burðarás borgarþjónustu utanríkisþjónustunnar og gera ráðuneytinu kleift að veita Íslendingum fyrirgreiðslu, aðstoð og þjónustu um allan heim.

6.4 Samskipti við sendiskrifstofur erlendra ríkja

Skrifstofa prótókolls, menningar og viðskiptaþjónustu hefur umsjón með samskiptum við sendiskrifstofur erlendra ríkja gagnvart Íslandi en um 140 erlend ríki eru með sendiskrifstofur gagnvart Íslandi. Nítján sendiskrifstofur eru staðsettar

á Íslandi; fimmtán sendiráð auk fyrirsvars Evrópusambandsins, Atlantshafsbandalagsins, Grænlands og Færeyja.

Skrifstofan annast einnig umsjón með dvalarleyfum, persónuskilríkjum, kennitölum og atvinnuleyfum fyrir erlenda sendierindreka. Þá sér skrifstofan um reglulega uppfærslu á handbók um þær reglur er varða erlenda diplómata á Íslandi.

Á vef ráðuneytisins er að finna lista þar sem erlendir sendierindrekar (diplómatar) gagnvart Íslandi eru skráðir, auk kjörræðismanna erlendra ríkja á Íslandi. Alls starfa um 75 diplómatar erlendra ríkja hér á landi en yfir 600 ef sendiráð erlendis gagnvart Íslandi eru meðtalin.

Afhending trúnaðarbréfa

Alls afhentu 26 sendiherrar erlendra ríkja forseta Íslands trúnaðarbréf árið 2024. Þar af afhentu sendiherrar eftirfarandi ríkja, með aðsetur á Íslandi, trúnaðarbréf sín; Danmerkur, Svíþjóðar, Kanada, Evrópusambandsins og Indlands.

Ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi

Á Íslandi starfa 66 kjörræðismenn fyrir hönd 54 ríkja, flestir íslenskir ríkisborgarar. Þeir gæta hagsmuna viðkomandi ríkja og ríkisborgara þeirra á Íslandi auk þess að starfrækja Félag kjörræðismanna á Íslandi, sem fagnaði 60 ára afmæli á árinu.



| Frá ræðismannaráðstefnu 2024.

6.5 Heiðursmerki utanríkisþjónustunnar

Heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar var gert að beiðni utanríkisráðherra og var stofnað til þess með forsetabréfi 1. júlí 2024. Heiðursmerkið má sæma íslenska einstaklinga og erlenda sem inna af höndum störf sem mikils þykir um vert á málefnasviði utanríkisráðuneytisins. Um er að ræða þrjú stig en það fyrsta er merki úr gulli, annað stig er úr silfri og það þriðja úr bronzi. Á framhlið merkisins er skjaldarmerki Íslands og á bakhlið þess er mynd þjóðarblómsins, holtasóleyjar, en guli litur silkiborðans vísar til hennar.

Fyrsta stig merkisins má veita þeim sem hafa unnið Íslandi verulegt gagn þannig að skipt hafi sköpum um framgang og þróun íslenskra utanríkismála. Almennt er gert ráð fyrir að einum sé veitt merkið á ári hverju. Annað stig merkisins má veita þeim sem hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, lagt verulega af mörkum til stuðnings málefnasviðum utanríkisráðuneytisins og forstöðumönnum erlendra sendiráða á Íslandi. Þriðja stig má veita fyrir sérstakan árangur ræðismanna, starfsfólks íslenska ríkisins eða samstarfsaðilum utanríkisráðuneytisins sem viðurkenningu fyrir þeirra framlag til málefnasviða þess. Merkið má einnig veita erlendum sendimönnum gagnvart Íslandi ef tilefni er til.

Heiðursmerkin voru afhent í fyrsta sinn á liðnu ári og varð Thor Thors sá fyrsti sem var sæmdur fyrsta stigs heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar en það fékk hann fyrir að vinna Íslandi verulegt gagn þannig að skipt hafi sköpum um framgang og þróun íslenskra utanríkismála með starfi sínu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, fastanefndar Íslands í New York og með stuðningi við tvíhliða viðskipti og menningarsamskipti Íslands og Bandaríkjanna.

Einnig var fráfarandi sendiherra Japan á Íslandi, Ryotaro Suzuki, fyrsti erlendi sendiherrann sem sæmdur var heiðursmerkinu, annarri gráðu. Í tilefni af ræðismannaráðstefnu sem haldin var á árinu voru tólf ræðismenn sæmdir heiðursmerkinu af annarri eða þriðju gráðu. Viðskipta- fulltrúi Íslands í Þýskalandi var sæmdur heiðursmerkinu, annarri gráðu í tengslum við starfslok.

Auk Thors hlutu þrettán manns heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar á síðastliðnu ári.

Ingibjörg Árnadóttir var sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Melbourne.

Ryotaro Suzuki sendiherra var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir framlag til tvíhliða samskipta Íslands og Japan, með störfum sínum sem sendiherra Japan á Íslandi.



Frá afhendingu heiðursmerkis til Thor Thors á 79. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári.

Ruth Bobrich var sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í Berlín.

Chamnarn Marksean Viravan var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Bangkok.

Kazim Münir Hamamcioglu var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Istanbul.

Greg J. Beuerman var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í New Orleans.

Jörgen Hammer var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Rönne.

Tom Mboya Wambua var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Naíróbí.

Astrid Helgadóttir var sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Barcelona.

Jörgen Enggaard var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Álaborg.

Wolf-Rüdiger Dick var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Cuxhaven.

Friedrich N. Schwarz var sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í München.

Bettina Adenauer-Bieberstein var sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Köln.

6.6 Rekstrarmál

Húsnæðismál

Starfsemi ráðuneytisins hefur á undanförunum árum rúmast í tveimur byggingum við Rauðararstíg 25 og 27. Árið 2022 var ákveðið að flytja starfsemi ráðuneytisins í nýbyggingu í Norðurhúsi við Austurhöfn. Þeir flutningar hófust 2024 og meirihluti starfsfólks flutti í Austurhöfn á tímabilinu frá maí og fram til loka ágúst. Flest starfsfólk ráðuneytisins hafði flutt í nýbygginguna í lok desember.

Skjalastjórn

Skjalastjórnun í utanríkisráðuneytinu felur í sér umsjón skjalavörslu í allri utanríkisþjónustunni auk frágangs skjala vegna lögmætra skylduskila til þjóðskjalasafns Íslands. Vegna flutningsskyldu starfsfólks í utanríkisþjónustunni og árlegra starfsmannaskipta henni tengdri er afar mikilvægt að starfsfólk geti lagt traust sitt á skjalastjórnun ráðuneytisins og skilvirkt aðgengi að gögnum. Í febrúarbyrjun á þessu ári var innleitt nýtt skjalakerfi (Örk) í utanríkisráðuneytinu sem var umfangsmikið verkefni og mikil breyting á starfsumhverfi starfsfólks. Fræðsla til starfsfólks um notkun Arkar og vinnulag er yfirstandandi. Reynslan af innleiðingunni sýnir að þörf verður á virkri fræðslu næstu misseri.

Tölvu-, tækni- og öryggismál


Tölvudeild ráðuneytisins sinnir allri tækniþjónustu við ráðuneytið og sendiskrifstofur Íslands erlendis. Deildin þjónustar rúmlega 300 notendur á 27 starfseiningum um heim allan. Rík áhersla er lögð á að sendiskrifstofur séu ætíð starfhæfar þótt samband við Ísland kunni að rofna. Til að tryggja samfellu í rekstri heldur tölvudeildin úti neyðarsímavakt allan sólarhringinn en opið er á einhverri starfsstöð utanríkisþjónustunnar nánast allan sólarhringinn (22 af 24 klst.)

Tölvudeild vinnur jafnt og þétt að innleiðingu nýrra þjónustubátta sem Microsoft Office 365 hefur upp á að bjóða, í takt við samning ríkisins við Microsoft. Síðustu tvö ár hefur verið unnið að innleiðingu Teams-símkerfis sem teygir sig

út í allar sendiskrifstofur. Vinna vegna flutninga ráðuneytisins í nýtt húsnæði hefur verið fyrirferðarmikil í starfsemi deildarinnar. Nýlega hófst vinna við uppsetningu öruggra samskiptarýma á sendiskrifstofum. Verkefnið er umfangsmikið og mun taka nokkur ár í framkvæmd.

Reglulegir flutningar starfsfólks milli starfsstöðva kalla á mun meiri vinnu tölvudeildar en gerist í öðrum ráðuneytum. Á árinu 2024 bárust tölvudeild um 4.450 verkbeiðnir. Skráð verkefni vegna flutninga starfsfólks voru tæplega 200 talsins.

6.7 Skipurit utanríkisráðuneytisins



Skammstafanir

AIRCOM	Allied Air Command, Flugherstjórn Atlantshafsbandalagsins	CoE	Council of Europe, Evrópuráðið
AMMR	Asylum Migration Management Regulation, Reglugerð um málsmeðferðarreglur umsókna um alþjóðlega vernd	COP	Conference of the Parties
APR	Asylum Procedure Regulation, Reglugerð um forgangsmeðferð á landamærum	CTBT	Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty, Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn
BBNJ	Agreement under the United Nations Convention on the Law of the Sea on the conservation and sustainable use of marine biological diversity of areas beyond national jurisdiction	DNS	Domain Name System, Nafnaþjónn léns
BEAC	Barents Euro-Arctic Council, Barentsráðið	EBU	European Broadcasting Union, Samband evrópskra sjónvarpsstöðva
BFC	Blue Food Coalition, Bláfæðubandalagið	ECB	European Central Bank, Seðlabanki Evrópu
BIS	Bank for International Settlements, Alþjóðagreiðslubankinn	ECOSOC	United Nations Economic and Social Council, Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna
BMVI	Border Management and Visa Policy Instrument, Landamærasjóður Evrópusambandsins um innra öryggi, landamæri og útgáfu vegabréfsáritana	EES	Evrópska efnahagssvæðið
CAFF	Conservation of Arctic Flora and Fauna	EFTA	European Free Trade Association, Fríverslunarsamtök Evrópu
CapED	The Capacity Development for Education	EIB	European Investment Bank, Evrópski fjárfestingarbankinn
CBD	Convention on Biological Diversity, Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni	ESA	European Space Agency, Geimvísindastofnun Evrópu
CBSS	Council of the Baltic Sea States, Eystrasaltsráðið	ESB	European Union, Evrópusambandið
CCDCOE	NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence, Öndvegissetur Atlantshafsbandalagsins um netvarnir	ESTA	Electronic System for Travel Authorization, Rafræn ferðaheimild
CEDAW	Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum	ETIAS	European Travel Information and Authorisation System, Evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið
CERF	Central Emergency Response Fund, Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna	EUIPO	European Union Intellectual Property Office, Hugverkastofa Evrópusambandsins
CFE	Conventional Armed Forces in Europe Treaty, Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu	FAO	Food and Agriculture Organization, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
CITES	Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora, Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu	FATF	Financial Action Task Force, Fjármálaaðgerðahópurinn
		GCF	Green Climate Fund, Græni loftslagssjóðurinn
		GRÓ	Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu
		HCCH	The Hague Conference on Private International Law, Haag-ráðstefnan um alþjóðlegan einkamálarétt
		IAEA	International Atomic Energy Agency, Alþjóðakjarnorkumálastofnunin
		ICAO	International Civil Aviation Organization, Alþjóðaflugmálastofnunin

ICC	International Criminal Court, Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn	NB8	Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna
ICJ	International Court of Justice, Alþjóðadómstóllinn í Haag	NCIA	NATO Communications and Information Agency, Netöryggismiðstöð Atlantshafsbandalagsins
ICRC	International Committee of the Red Cross, Alþjóðaráð Rauða krossins	NDF	Nordic Development Fund, Norræni þróunarsjóðurinn
IDA	International Development Association, Alþjóðaframfarastofnunin	NORDEFCO	Nordic Defence Cooperation, Norrænt varnarsamstarf
IDAHOT	International Day Against Homophobia, Transphobia and Biphobia, Alþjóðlegur dagur gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki	NPT	Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons, Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum
IFAD	International Fund for Agricultural Development, Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar	OCHA	United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs, samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
IIBA	Indo-Icelandic Business Association, Íslensk-indversku viðskiptasamtökin	ODIHR	Office for Democratic Institutions and Human Rights, Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu
ILO	International Labour Organization, Alþjóðavinnuumálastofnunin	OECD	Organisation for Economic Co-operation and Development, Efnahags- og framfarastofnunin
IMF	International Monetary Fund, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	OECD DAC	OECD Development Assistance Committee, Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar
IMO	International Maritime Organization, Alþjóðasiglingamálastofnunin	OPCW	Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons, Efnavopnastofnunin í Haag
INC	Intergovernmental Negotiating Committee on Plastic Pollution, Milliríkjaviðræðunefnd um gerð lagalega bindandi alþjóðlegs sáttmála um plast og plastmengun	PACE	Parliamentary Assembly of the Council of Europe, Þing Evrópuráðsins
INTERPOL	Interpol, Alþjóðasamband sakamálaögreglu	Rannís	Rannsóknamiðstöð Íslands
IOC-UNESCO	Intergovernmental Oceanographic Commission, Alþjóðahaffræðinefnd Mennta-, vísinda-, og menningarmálastofnunar	SACEUR	Supreme Allied Commander Europe, Yfirmaður herafla Atlantshafsbandalagsins
IPDC	International Programme for the Development of Communication, Milliríkjjaráð alþjóðaaætlunar um þróun fjölmiðlunar	SEforALL	Sustainable Energy for All, Sjálfbær orka fyrir alla
IRENA	International Renewable Energy Agency, Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa	SOFF	Systematic Observations Financing Facility, Fjármögnunarstofnun um kerfisbundnar veðurathuganir
ISA	International Seabed Authority, Alþjóðahafsbotnsstofnunin	UDCG	Ukraine Defense Contact Group, Ríkjahópur sem styður varnarbaráttu Úkraínu
ITU	International Telecommunication Union, Alþjóðafjarskiptasambandið	UN Women	The United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women, Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
JEF	Joint Expeditionary Force, Sameiginlega viðbragðssveitin	UNDP	United Nations Development Programme, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna
JPOP	Junior Professional Officer Programme, Ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna		
N5	Samstarf Norðurlandanna		
NATO	The North Atlantic Treaty Organization, Atlantshafsbandalagið		

UNEA	The United Nations Environment Assembly, Umhverfisskiping Sameinuðu þjóðanna	UNRWA	The United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East, Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna
UNECE	United Nations Economic Commission for Europe, Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu	UPR	Universal Periodic Review, Jafningarýni
UNEP	United Nations Environment Programme, Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna	UPU	Universal Postal Union, Alþjóðapóst sambandið
UNESCO	The United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna	USAFE	United States Air Forces in Europe, Flugher Bandaríkjanna í Evrópu
UNFCCC	United Nations Framework Convention on Climate Change, Ramm samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar	VLF	Verg landsframleiðsla
UNFPA	United Nations Population Fund, Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna	VÞT	Vergar þjóðartekjur
UNHCR	United Nations High Commissioner for Refugees, Flóttamanna fulltrúi Sameinuðu þjóðanna	WCO	World Customs Organization, Alþjóðatollastofnunin
UNICEF	The United Nations International Children's Emergency Fund, Barnahjál Sameinuðu þjóðanna	WEOG	Western European and Others Group, Vesturlandahópurinn
UNIDO	United Nations Industrial Development Organization, Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna	WFP	World Food Programme, Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna
UNITAR	United Nations Institute for Training and Research, Mennta- og rannsóknastofnun Sameinuðu þjóðanna	WHO	World Health Organization, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
		WIPO	World Intellectual Property Organization, Alþjóðahugverkastofnunin
		WMO	World Meteorological Organization, Alþjóðaveðurfræðistofnunin
		WTO	World Trade Organization, Alþjóðaviðskiptastofnunin
		ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Atriðisorðaskrá

Aðalræðisskrifstofa: 99, 116-118

Nuuk: 116, 117

Winnipeg: 117

Þórshöfn: 54, 118

Afganistan: 18-23, 70-73, 76

Afríka: 19, 20, 27-29, 64, 74, 77, 102-104

Afvpönnunarmál: 20, 58, 59

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna: 17-21, 26, 42, 115

Alþingi: 8, 12-17, 24, 30, 38, 41, 63, 69, 78, 101, 105, 110, 111

Alþjóðabankinn: 12, 13, 66-69, 77

Alþjóðadómstóllinn í Haag, ICJ: 17, 42, 124, 130

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF: 69, 124

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO: 125

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA: 112, 123

Alþjóðalög: 3, 11, 14-20, 30, 35, 39, 42, 50, 58, 114

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands: 49, 84, 96

Alþjóðasamband sakamálaögreglu, INTERPOL: 124

Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA: 27, 28, 124

Alþjóðatollastofnunin, WCO: 125

Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO: 26, 86-88, 114, 125

Alþjóðlega hugverkastofnunin, WIPO: 88, 89, 125

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, ICC: 42, 124

Argentína: 19, 85-88, 115

Asía: 40

Atlantshafsbandalagið, NATO: 3-7, 11-15, 27-37, 41, 46-57, 60, 61, 102, 105, 111-113, 117, 119, 123, 124, 130

Atvinnulíf: 32, 43, 77, 80, 89, 111

Auðlindamál: 25, 42, 80, 116, 132

Ábyrgðarskylda: 13, 16, 23

Ástralía: 51, 86, 96, 104

Átök fyrir botni Miðjarðarhafs: 3, 16-21, 29, 32, 35, 41, 72, 87, 96, 113-116

Bandaríkin: 14, 20, 21, 26, 31, 32, 37, 38, 44-48, 52-54, 58, 77, 80, 87-91, 95, 101, 112-115, 118, 120, 125

Barentsráðið: 31, 123

Barnaheill: 75, 76

Barnahjál Sameinuðu þjóðanna, UNICEF: 64-76, 102, 103, 115, 125

Belarús: 15, 21, 24, 29, 30, 50, 51, 87, 111, 116

Berlín: 17, 33, 35, 57, 90, 91, 100, 121

Borgarþjónusta: 9, 93-95, 100, 103, 112, 114, 118, 119

Bosnía-Herzegovína: 51, 85

Brasilía: 85-88

Bretland: 14, 25, 27, 32, 38, 39, 44, 56, 57, 86

Buikwe: 67, 68

Búlgaría: 87, 88, 111

Danmörk: 25, 30-33, 55, 56, 87, 89, 103, 119

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD: 4, 86, 88, 108, 124

EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu: 4, 42, 80, 85, 101, 106, 114, 123, 130

Eistland: 33, 61, 89, 102

Embætti ríkislögreglustjóra: 48, 49, 53, 60, 61

Endurnýjanleg orka: 28, 124

Evrópa: 4-6, 11, 14, 24, 35, 39, 44-47, 50-58, 80, 85, 89, 108, 111-116, 123-125, 130

Evrópska efnahagssvæðið, EES: 4, 38, 42-44, 80, 84, 100, 101, 111, 112, 116, 123

Evrópuráðið, CoE: 4, 16, 23, 24, 116, 123, 124, 130

Evrópusambandið, ESB: 3-4, 12-16, 24, 26, 35, 39, 43-46, 52, 56, 60, 72, 80, 84-88, 100, 101, 111, 119, 123, 130

Eystrasaltsríkin: 11, 12, 29, 32, 33, 40, 48, 55, 56, 69, 102, 106, 112, 124

Epíópía: 64, 74, 76

Fastanefnd: 20, 23, 88, 99, 101, 111-116, 120

Fátækt: 18, 63, 64, 69, 77, 104

Ferðamenn: 40, 89, 95, 106, 109

Ferðþjónusta: 32, 89, 107-109, 117, 118

Félagasamtök: 13, 14, 21, 26-31, 64, 68-71, 75-78, 119

Félag Sameinuðu þjóðanna: 76

félags- og vinnumarkaðsráðherra: 18, 23

Finnland: 21, 24, 30-33, 48, 54-57, 61, 102

Fiskistofnar: 25, 26, 88

Fiskveiðisamningar: 25, 26

Fjárfestingar: 38, 39, 77, 85, 86, 108

Fjárfestingasamningar: 86

Fjölmiðlafrelsi: 17, 22

Fjölþáttaógnir: 31, 46-50, 56, 60, 87, 113

Flóttafólk: 14, 73

Flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, UNHCR: 14, 20, 68, 103, 114, 125

Forseti Íslands: 11, 23, 24, 31-33, 100, 102, 105, 108, 119

Forsætisráðherra: 11, 12, 17, 19, 29, 33, 38, 50-52, 64, 84, 100, 101, 104, 105, 108, 113, 116

Fólksflutningar: 50, 60, 87

Frakkland: 32, 35, 36, 47, 53, 57, 87, 108

Freetown: 64, 66, 99, 101

Fríðar- og öryggismál, sjá einnig öryggismál: 50, 54, 60, 63

Fríverslunarsamningur: 38-40, 44, 80, 85, 86, 89, 106, 109, 114, 118

Fullveldi: 11, 14, 17, 19, 46

Færeyjar: 25, 26, 29, 30, 33, 34, 54, 57, 118, 119

Gana: 29, 72

Gaza: 16, 19-23, 73, 76, 114, 115

Georgía: 17, 23, 24, 29, 86, 111, 116

Gervigreind: 19, 22, 24, 59, 61, 88

GRÓ - þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu: 18, 22, 74, 75, 78, 123, 130

Jafnréttisskóli GRÓ, GEST: 18, 74, 75

Jarðhitaskóli GRÓ, GTP: 22, 74

Landgræðsluskóli GRÓ, LRT: 74

Sjávarútvegsskóli GRÓ, FTP: 74

- Grænar lausnir: 32, 89
- Græni loftslagssjóðurinn, GCF: 123
- Grænland: 26, 29, 30, 33, 34, 44, 57, 89, 116-119
- Hafréttarmál: 25, 42
- Hafréttarmál, BBNJ: 25, 123
- Hagsmunagæsla: 25, 32, 42, 84, 101, 112, 114
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 19, 22, 42, 63, 71-76, 115, 116
- Hjálparstarf kirkjunnar: 75, 76
- Hreinlætismál: 64, 67, 104
- Indland: 40, 44, 85, 95, 106, 114, 119
- Indónesía: 85-90, 96, 110
- Innrásarstríð Rússlands: 14, 15, 19, 56, 58, 102, 114
- Íran: 16, 21, 51, 58, 114
- Íslandsstofa: 32, 37, 40, 43, 89-91, 100, 104-113, 118, 119
- Íslenskar bókmenntir: 91, 92, 103, 110
- Íslensk hönnun: 90, 92, 104
- Íslensk myndlist: 92, 100, 110
- Íslensk tónlist: 91, 103, 111, 117, 118
- Ísrael: 16, 17, 29, 115
- Ítalía: 47, 84, 87, 101
- Jafnrétti: 22, 56, 63, 64, 69, 74, 76, 88, 100, 101, 104, 108-116
- Japan: 40, 41, 51, 72, 86, 120
- Jarðhiti: 25, 69, 77, 78, 90, 110
- Jemen: 16, 73, 74
- Jórdanía: 51, 70
- Kanada: 24, 29-32, 41, 42, 50, 57, 85, 86, 96, 107, 108, 117, 119
- Keflavíkurlugvöllur: 32, 47, 48, 52-55
- Kína: 15, 20, 30, 39, 40, 51, 58, 72, 87, 89, 95, 109, 113, 115
- Kjarnaframlög: 17, 70-73
- Kjarnavopn: 51, 53, 58, 123
- Kjöræðismenn: 35, 94, 95, 99, 100, 118, 119
- Kósovó: 23, 24, 51, 52, 85, 114, 116
- Króatía: 44, 88, 112
- Kynjajafnrétti, sjá einnig jafnrétti: 13, 18, 22, 28, 63, 68-70, 103, 124
- Kyn- og frjósemsheilbrigði: 68-71
- Landgrunsmál: 25
- Landgræðsla: 20, 27, 115
- Landhelgisgæsla Íslands: 14, 15, 47-49, 53, 61, 130
- Leiðtogafundur Evrópuráðsins: 16, 23
- Lettland: 55, 89
- Liechtenstein: 39, 42, 44, 84, 114
- Listir, sjá einnig menningarmál: 15, 77, 90-92, 107, 117, 119
- Litáen: 14, 23, 33, 56, 61, 102
- Líffræðileg fjölbreytni: 26, 123
- Loftrýmisgæsla: 46
- Loftslagsbreytingar: 27, 52, 57, 72, 86, 115, 125
- Lýðræði: 3, 11, 21-24, 66, 100, 111, 116
- Malasía: 85, 86, 95
- Malaví: 29, 64, 65, 71, 72, 76, 77, 104, 105
- Mangochi, samstarfshérað Íslands: 64, 65, 104, 105
- Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA: 14, 65-74, 103, 115, 125
- Mannréttindamál: 3, 11, 17-24, 63-65, 75, 101-104, 111, 112, 116
- Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE, ODIHR: 24, 124
- Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna: 3, 19-22, 71, 114
- Mannúð: 3, 11, 19, 42
- Mannúðaraðstoð: 12, 13, 16, 63, 70-78, 96
- Mannúðarmál: 14, 72, 73, 76, 114, 124
- Mansal: 31, 52
- Markaðssetning: 39, 40, 88, 103, 106, 109
- Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP: 14, 65-68, 73, 74, 102, 103, 115, 125
- Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO: 26, 71-74, 77, 115, 116, 123
- Matvæli: 28, 32, 66, 89, 109
- Málefni hafsins: 20, 25, 26, 42, 77
- Málþing: 26, 49, 106
- Menningarmál, sjá einnig listir: 22, 32, 90-92, 103, 106-110, 118, 132
- Menningar- og viðskiptaráðherra: 105, 111
- Menntamál: 13, 22, 39, 64-67, 70, 102, 104, 115, 116
- Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO: 22, 23, 26, 74, 75, 125
- Mið-Austurlönd: 37, 112
- Moldóva: 14, 29, 44, 86
- Mongólía: 76, 109
- Mæðravernd: 64, 65
- N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna: 29, 30, 124
- Namayingo, samstarfshérað Íslands: 64, 67, 68
- Namibía: 20, 72
- Náttúruauðlindir: 25, 63
- NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja: 29, 30, 102, 124
- Netárásir: 15, 60
- Netöryggi: 13, 46, 50, 56, 60, 113
- Netöryggismál: 48, 60, 123
- Neyðaraðstoð, sjá einnig mannúðaraðstoð: 16
- Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna, CERF: 74, 123
- Neyðarsjúkrahús: 64-66
- Neyðarvegabréf: 94
- Nkhotakota: 64, 65, 104
- Norðurhópurinn: 55, 56
- Norður-Kórea: 51, 58
- Norðurlönd: 14, 21, 29, 56, 77, 116, 118
- Norður-Makedónía: 52, 85, 113
- Norðurskautsráðið: 30, 31
- Norðurslóðir: 22, 28-32, 37, 38, 41, 46, 50-57, 100, 105-108, 112-114, 117, 118
- Noregur: 21, 26, 29-34, 39, 42-44, 53, 57, 58, 65, 84, 87, 95, 107
- Norræna varnarsamstarfið, NORDEFCO: 46, 54, 55, 124
- Norrænt samstarf: 8, 30, 32
- Nýja-Sjáland: 51, 86

Nýsköpun: 26, 29, 32, 37, 41, 52, 77, 106, 107, 112	Síerra Leóne: 64-67, 70-72, 76, 78, 99-102	Útflutningseftirlit: 59
Orkumál: 13, 27, 35, 38, 41, 69, 72, 77, 90, 100, 110, 112	Sjálfbærni: 30, 72, 76, 85-88, 111, 117	Útflutningsmarkaðir: 80, 85, 90, 114
Orkuskipti: 32, 38, 113	Sjávarútvegur: 26, 32, 42, 78, 88, 89, 108, 114-118	Útflutningur, sjá einnig utanríkisviðskipti: 14, 32, 35, 39, 59, 80, 83, 118
Palestína: 16, 17, 20, 29, 32, 73, 76	Skapandi greinar: 32, 89-92, 104	Úttekt: 71, 74, 88
Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNRWA: 16, 22, 73, 115, 125	Slóvenía: 87, 112	Varnarmál, sjá einnig öryggismál: 4, 9, 12-14, 30-38, 41, 42, 45-60, 87, 96, 101, 102, 105-108, 112, 113, 118, 132
Parísarsamningurinn: 27, 72	SOS Barnabörpin á Íslandi: 75, 76	Varnaræfing: 35, 47, 53, 57
Plastmengun: 28, 100, 124	Sómalía: 73, 76, 78	Varsjá: 35, 58, 111
Pólland: 35, 36, 53-58, 111, 116	Spánn: 21, 32, 35, 36, 95, 108	Vatnsmál: 47, 64-67, 70
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar: 26, 27, 71, 123	Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women: 66-70, 76, 102, 124	Vegabréf: 94, 95, 107
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, UNFCCC: 27, 125	Strassborg, sjá einnig Fastanefnd, Strassborg: 23, 24, 116	Vegabréfsáritanir: 37, 94, 95, 98, 105, 109, 123
Ratsjárkerfi: 49, 113	Sviss: 21, 23, 27, 86, 90, 114	Vesturlönd: 17, 19, 111
Réttindi barnsins: 21, 31	Svíþjóð: 29-34, 47, 50, 60, 87, 91, 95, 109, 110, 113	Viðskiptafulltrúi: 37, 39, 89, 106, 113, 120, 121
Réttindi hinsegin fólks: 3, 15, 17, 21-24, 63-65, 68, 69, 103, 114, 124	Svæðasamstarf: 31	Viðskiptaþjónusta: 89, 100, 119
Rússland: 11-24, 29-32, 39, 41, 46, 47, 50-58, 63, 72, 80, 86-89, 101, 102, 111-116	Sýrland: 16, 21, 58, 71, 73, 76, 115	Vistkerfi: 27, 67, 71, 115
Salernismál: 64, 66	Tjónaskrá fyrir Úkraínu: 16, 23	Vísindasamstarf: 31, 41, 107
Sameiginlega viðbragðssveitin, JEF: 38, 46, 48, 54-56, 105, 124	Trúnaðarbréf: 100, 104, 119	Vöruviðskipti: 38, 99
Sameinuðu þjóðirnar: 12, 16, 19, 25, 28, 88	Tvísköttunarsamningar: 86	Þjónustuviðskipti: 33-41, 80, 99
Samfélagsmiðlar: 67, 90, 96	Tyrkland: 85, 104	Þróunarsamvinna: 8, 13, 17, 20, 27, 32, 62-64, 68-78, 88, 96, 101-104, 123, 130
Samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum, OCHA: 14, 73, 124	Umhverfismál: 21, 23, 71, 88, 111	Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC: 124
Schengen: 4, 98	Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, UN Environment: 27, 125	Þvingunaraðgerðir: 11-16, 20, 35, 51, 59, 101
Sendiráð: 32-37, 41, 53, 57, 64, 66, 84, 89, 90, 94, 95, 99-114, 119-121	Uppbyggingarsjóður EES: 84, 100, 101, 111, 112, 116	Þýskaland: 17, 21, 33-36, 50, 53-58, 61, 86, 87, 90, 91, 100, 120
Sendiskrifstofur, sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa: 18, 30, 89-99, 119, 122	Upplýsingamiðlun: 13, 48, 96, 111	Öryggi neðansjávarinnviða: 55, 61, 105
	Upplýsingaóreiða: 18, 19, 61, 96	Öryggismál: 35, 38, 46, 51-58, 80, 100, 101, 105, 108, 111, 118, 122
	Utanríkismálanefnd: 11, 15, 101	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE: 4, 24, 111, 112, 125, 130
	Utanríkisviðskipti: 79, 80, 90, 132	Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna: 20, 115
	Úganda: 64, 67-72, 75, 76, 103	
	Úkraína: 9-16, 19-25, 28-32, 35, 37, 40, 41, 44, 46, 49-58, 63, 69-72, 76, 80, 85-89, 96, 101, 102, 111-116, 124, 130	



Stjórnarráð Íslands Utanríkisráðuneytið

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Utanríkisráðuneytið
Austurhöfn, 101 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Maí 2025

Ábyrgðarmaður: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Umsjón: Utanríkisráðuneytið

Ljósmyndir: Alþjóðadómstóllinn í Haag, Arno Mikkor, Aron Urb,
Atlantshafsbandalagið, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, Bernhard Ludewig, Egill
Aðalsteinsson, Evrópuráðið, Evrópusambandið, Flóttamannastofnun Sameinuðu
þjóðanna/Houssam Hariri, Freydís Heiðarsdóttir, Fríverslunarsamtök Evrópu,
GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, Hildur María, Jónas Haraldsson,
Landhelgisgæsla Íslands/Anton Brink, Landhelgisgæsla Íslands/Gunnar Flóvenz,
LGH, Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, Matvælaáætlun Sameinuðu
þjóðanna/Mohamed Bah, Njabulo Dzonzi, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu,
Rafnar, Ræðad Ekbærli, Sigurjón Ragnar, Skrifstofa forseta Úkraínu, Slökkvilið
höfuðborgarsvæðisins, Sveinn H. Guðmarsson, Swedish Armed Forces, Unsplash,
Utanríkisráðuneytið.

Prentun: Pixel prentþjónusta

@ 2025 – Utanríkisráðuneytið

stjornarradid.is



Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2024

Hlutverk utanríkisþjónustunnar er að gæta í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum samkvæmt lögbundnu hlutverki, einkum er snertir stjórnsmál, öryggis- og varnarmál, utanríkisviðskipti og menningarmál. Ísland fái aukna hlutdeild í alþjóðaviðskiptum, varnir landsins séu tryggðar og ríkisborgarar njóti verndar og aðstoðar gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum og að í öllu alþjóðlegu samstarfi verði réttindi Íslands yfir hafsvæðum sínum og auðlindum tryggð.